# Gjörðabók bæjarstjórnar 1903-1908 I

Aðfnr. 4622 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók bæjarstjórnar

1903-1905 (5)

I.

.077.5:025.26 - .075.1

Aðfnr. 4621 A
4622 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
4622 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible] gjörðabókarinnar:

Bók þessi, sem er 606 blaðsíður, gegnumdregin og innsigluð með innsigli landshöfðingjadæmisins, löggildist hér með til að vera:

<u>G J Ö R Ð A B Ó K</u>

<u>Bæjarstjórnar Reykjavíkur</u>

Reykjavík, 14. [illegible] 190[illegible]

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tililblað gjörðabókarinnar:

Bók þessi, sem er 406 blaðsíður, gegnumdregin og innsigluð með innsigli landshöfðingjadæmisins, löggilsist hér með til að vera:

GJORÐABOK

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

Reykjavík, 14. janúar 1903

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, fimmtudaginn hinn 16. apríl var reglulegur fundur í bæjarstjórninni:

1. Frumvarp til byggingarsamþykktar fyrir Reykjavíkurkaupstað. Kosnir 5 manna nefnd til að íhuga frumvarpið. Kosnungu Hlutu:

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Björnsson | 10 | atkv. |
| Jón Magnússon | 9 | - |
| Kr. Jónsson | 8 | - |
| Þórh. Bjarnason | 8 | - |
| Sig Thoroddsen | 6 | - |

2. Nefndarálit um kjördæmaskipun í Reykjavík. Nefndin lagði til að farið væri fram á það, byggða á fólksfjölda, að 3 yrðu þingmenn fyrir kaupstaðinn. Var það álit hennar, að þeir skyldu allir kosnir í einu lagi, þannig að hver kjósandi kysi þá alla 3. En ef skipta ætti kaupstaðnum í 3 kjördæmi, þá nefndi hún til að 1 kjördæmi (Vesturkjördæmið) takmarkaðist að austan af(~~Skólavörðu-stíg~~) Aðalstræti og Suðurgötu, 2. kjördæmi (Miðkjördæmið) takmarkist að austan af Skólavörðustíg og Bankastræti, og 3. kjördæmi (Austurkjördæmi) hinn annar austurhluti bæjarins.
Bæjarstjórnin samþykkti þessar tillögur nefndarinnar óbreyttar.

3. Um kaup á Klapparlóð. Bæjarstjórnin vildi ekki nota heimild laganna til að kaupa lóðina fyrir það verð, sem metið hafði verið (65 a. feralin) að svo stöddu.

4. Veganefndarmál.

a. Út af beiðni frá Lárusi Lúðvíkssyni o.fl. um breikkun á Ingólfsstræti hafði veganefndin reiknað, að það mundi kosta um 500 kr. enda þótt Vald. kaupm. Ottesen bjóði lóð ókeypis, og Jón kaupm. Þórðarson lóðarsneið sína fyrir 50 aura, og Lárus Lúðviksson býður 50 kr. tillag. Bæjarstjórnin vildi ekki framkvæma verkið á þessu ári.

b. Út af beiðni um veg milli Bókahlöðustígs og Skálholtskotsstígs, gat veganefnd þess, að sá vegur með lóðarkaupum meðfram Bókahlöðustíg mundi kosta beinn rúmar 600 kr. með grjótkanti, en 450 kr. með torfkanti. Bæjarstjórnin vildi ekki byggja veginn þetta ár.

c. Út af beiðni búenda í Sauðagerði um ofaníburð að Kaplaskjólsvegi, lagði veganefnd til að það yrði gjört, og samþykkti bæjarstjórnin það.

d. Út af beiðni um steinlímda rennu frá Brunnhúsalind lagði veganefnd til, að beiðninni væri ekki sinnt. Samþykkti bæjarstjórnin þá tillögu.

e. Út af beiðni um vegagerð á Spitalastig lagði veganefnd til, að henni væri ekki sinnt, og samþykkti bæjarstjórnin þá tillögu.

f. Út af beiðni um framhaldsveg af Lágholtsvegi lagði veganefnd til að beiðninni væri ekki sinnt, og samþykkti bæjarstjórnin þá tillögu.

g. Út af beiðni um veg milli Laufásvegar og Bergstaðastrætis beindi veganefnd til byggarnefndar, hvort ekki væri ástæða til að breyta legu samtengingarvegarins.

5. Byggingarnefndargjörð frá 4. þ.m. lesnar upp og samþykktar með þeirri ákvörðun, að sjóvarnargarður er Bjarna Jónssyni og Þorsteini Þorsteinssyni var leyft að gjörða, skemmi ekki lendingu í Miðhúsa- og Móhúsavör.

6. Beiðni frá Leikfélagi Reykjavíkur um 150 krþ styrk eins og að undanförnu samþykkti bæjarstjórnin.

7. Um malarburð úr fjörunni í miðbænum. Málinu frestað til næsta fundar.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| Húseign Sigurðar Jónssonar við Grettisgötu | Kr. | 6305.oo |
| - Stefáns B. Jónssonar við Laugaveg | - | 4850.oo |
| - Bjarna Jónssonar við Vitastíg | - | 37693.oo |

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson og Hannes Hafliðason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Tryggvi Gunnarsson. Ólafur Ó,afsson. Jón Magnússon. Þórhallur Bjarnas. G. Björnsson. Sig. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, fimmtudaginn 7. maí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Um erfðafestuútmælingar. Nefndin kom með álit sitt um ýmsar bænir um erfðafestulönd. Lagði hún til að Jóhann Teitur Egilsson og Baldur Benediktsson fengju það, sem þeir beiddu um, en að Guðmundur Guðmundsson fái þá ræmu, sem hann bið ur um, þannig, að Sveinn Jónsson, sem á þar tún fái að sitja fyrir, ef hann vill stækka tún sitt.

Bæjarstjórnin samþykkti að mæla út til erfðafestu Jóh. T. Egilssyni og Baldri Benediktssyni c. 5 dagsláttur norðan við Hafnfjarðarveg, 10 al. frá þeim vegi, austan við útmælingu Lárusar Pálssonar, norður undir útmælingu Bjarna á Bergi, þó þannig, að ræma 16-20 al. verði milli túns þeirra og túns Bjarna, fyrir veg, og verði þannig norðurjaðar tún þeirra í beinu áframhaldi af norðurjaðri túns Lárusar Pálssonar. Erfðafestugjald ákveðið 8 álnir fyrir dagsláttuna.

Bæjarstjórnin vildi ekki fyrst um sinn útvísa erfðafestulönd norðan við Laugaveg ofan við Laugatún og þær mýrar.

Bæjarstjórnin samþykkti, að útvísa ekki erfðafestulönd í Rauðarárholti (Rauðarárdalnum) norðan en lína takmarkar, sem liggur í austur frá norðurjaðri túns Sveins Jónssonar.

Nefndinni var falið, að afmarka óútvísað og uppgrafið mógrafaland í Rauðarárdalnum í hæfilega stóra erfðafestubletti og gjöra uppdrátt af. Voru veittar allt að 30 kr. til kostnaðar.

2. Beiðni frá Ara Antonssyni um erfðafestuland austan og sunnan síðustu útmælingar Sveins Jónssonar snikkara, vísað til erfðafestunefndarinnar.

3. Um kaup á húseigninni nr. 7 við Smiðjustíg. Útnefndir matsmenn höfðu virt húseignina og lóðina. Bæjarstjórnin samþykkti að fá yfirmat á eigninni, þar sem hún áleit mat það, sem fyrir lá óhæfilega hátt.

4. Byggingarnefndargjörðir frá 18. apríl og 2. maí lesnar upp og samþykktar.

5. Jóni Ásmundssyni í Mjóstræti leyft að hafa til bráðabirgða trétröppur við húsdyr sínar í Mjóstræti þangað til bæjarstjórn eða byggingarnefnd kregjast, að þær séu teknar burtu.

6. Beiðni frá Bjarna Jónssyni um lenging Klapparstígs milli Laugavegar og Grettisgötu, vísað til veganefndar.

7. Beiðni frá Birni Guðmundssyni um aðgerð á veginum frá Læknum niður að Timbur- og Kolaverzluninni vísað til veganefndar til framkvæmda.

8. Beiðni frá Guðmundi Þorleifssyni og Gísla Jóhannessyni um veg að húsi því, sem þeir eru að byggja í Thoroddsenstúni. Bæjarstjórnin samþykkti að fela veganefnd að leggja veg frá húsum þeim, sem verið er að byggja í miðju túninu, suður á Skálholtskotsstíg, þó þannig að það kostað í bæjarsjóð lítið eða ekkert.

9. Bæjarstjórnin gat ekki tekið til greina beiðni Jóns Hannessonar í Austurkoti í Kaplaskjóli um veg heim að túni hans sakir vegalengdar og kostnaðar.

10. Kosnir í kjörstjórn við alþingismannskosning 5. júní n.k.
2) Hannes Thorsteinsson cand jur. með 13 atkv. og
1) Guðm. Björnsson bæjarfulltrúi - 10 -

11. Franz Ziemsen fyrrv. sýslumanni veitt eftirgjöf á skólagjaldi fyrir 2 börn sín, sakir veikinda þeirra að tiltölulegum hlut frá 20. og 24. febrúar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Beiðni frá Kristjáni O. Kristjánssyni skipstjóra um lækkun á útsvari hans úr 40 kr. í 20 kr. sakir atvinnumissis. Samþykkti bæjarstjórnin að fella burtu síðari hluta.

13. Beiðni frá vindlagerðarfélaginu um lækkun á útsvari þess, með því að það hætti störfum, sakir óhappa í síðari hluta aprílmánaðar, samþykkti bæjarstjórnin.

14. Í nefndina til að koma með tillögur um girðing og aðgerð Austurvallar var bætt Sigurði Thoroddsen.
Veganefnd falið að gera dálítið til bráðabirgða við girðing vallarins, svo að vörn verði fyrir gripum.

15. Samþykkt var að hafa vörzlu á bæjarins landi eins og að undanförnu.

16. Einar Finnsson tilkynnir, að hann vilji selja Steinsstaðablett fyrir 2100 kr. og vildi bæjarstjórnin ekki nota forkaupsrétt, en áskilur sér rétt sinn óskertan, til ókeypis vegarstæðis gegn um blettinn.

17. Beiðni frá H.Th.A.Thomsen um stækkun erfðafestulands vísað til erfðafestunefndar.

18. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Húseign | Pálma Sigurðssonar við Grettisgötu kr. | 2197.oo |
| 2. | - | Rannveigar Gísladóttur við Laufásveg - | 2652 .oo |
| 3. | - | Slippfélagsins við Nýlendugötu | 3359.oo |
| 4. | - | Jóns Sigurðssonar við Hverfisgötu | 6991.oo |
| 5. | - | Þorl. Halldórssonar o.fl. við s. g. | 6721.oo |
| 6. | - | Bjarna Þorlákssonar við Grettisgötu | 5242.oo |
| 7. | - | Benedikts Benediktssonar við Skólavörðustíg | 3853.oo |
| 8. | - | Guðm. Þórðarson v. Laugaveg | 6411.oo |
| 9. | - | Ingvars Guðmundssonar v. Vitastíg | 1374.oo |
| 10. | - | Friðriks Sigurðssonar v. Bergstaðast. | 3010.oo |
| 11. | - | Tómasar Jónssonar o.fl. v. Kaplaskjólsv. | 4429.oo |
| 12. | - | Jóns Einarssonar við Nýlendugötu | 3730.oo |
| 13. | - | Hróbjartar Péturssonar v. Spítalastíg | 6324.oo |

19. Ný gata innan við Rauðará í suður frá Laugavegi skírð Rauðarárstígur.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Halldór Jónswon. Jón Magnússon. Magnús Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Björn Kristjánsson. Hannes Hafliðason. Sig. Thoroddsen. Kristján Jónsson. G.Björnsson. Þórh.Bjarnason. Sighvatur Bjarnason. Ólafur Ólafsson. Tryggvi Gunnarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 22. maí var fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Beiðni frá Sveini Ingimundarsyni um girðingu meðfram Lágholtsvegi. Vísað til veganefndar.

2. Erindi frá Pétri Péturssyni bæjargjaldkera um rennu, vísað til veganefndar.

3. Beiðnir um erfðafestulönd:
a. Beiðni frá Erl. Sakaríassyni um erfðafestuland í brekkunni fyrir austan og sunnan Steinkudys var synjað.
b. Beiðni frá Thomsen konsúl. Bæjarstjórn veitir honum viðbót við erfðafestuland sitt Smiðjublettinn, renning með norðausturhlið c. 30 f. langa, 11 f. að ofan og 9 f. að neðan, en að stærð um 300 fer.faðma. Árgjald ákveðið 3 álnir.
c. Beiðni frá Sigurði Thoroddsen um erfðafestuland sunnan og vestan við Hafnarfjarðarveg. Bæjarstjórnin veitti honum til erfðafestu land vestan við Hafnarfjarðarveg með honum 90 f. langa og 60 f. breiða skák niður og suður til Vatnsmýrarinnar, 20 álnir frá veginum. Norðurhorn útmælingarinnar gegnt suðurhorni Eskihlíðar austan vegarins. Útmælingin fylgir beinni vegarstefnunni gömlu eftir að vegirnir greinast. Erfðafestugjald ákveðið 7 álnir pr. dagsláttu.

4. Bæjarstjórnin vildi ekki að sinni kaupa lóð og leggja framhaldsveg af Klapparstíg milli Laugavegs og Grettisgötu.

5. Byggingarnefndargjörðir frá 16. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

6. Jóhannesi Hjartarsyni leyft að leggja lokræsi frá húsi sínu út í Landakotsspítala lokræsið undir umsjón verkfræðings Kn. Zimsen.

7. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Húseign | Þorsteins Þorsteinssonar við Laugaveg | 3056- |
| 2. | - | Ögmundar Guðmundssonar við Grettisgötu | 4045- |
| 3. | - | Péturs Hjaltested við Klapparstíg | 12197- |
| 4. | - | Eyj.Ófeigssonar, Egils Eyjólfssonar v.Laugaveg | 11827- |
| 5. | - | Jóhannesar Lárussonar við Laugaveg | 5171- |
| 6. | - | Ól. Th. Guðmundssonar við Grettisgötu | 2715- |
| 7. | - | G. Zöega kaupm. við Vesturgötu | 6910- |
| 8. | - | (skúr) sama við brunabóta nr. 75 | 574- |
| 9. | - | (bakhús) Sig.Jónssonar járnsmiðs í Aðalstræti | 1364- |

8. Frumvarp til byggingarsamþykktar ásamt áliti nefndar úr bæjarstjórninni kom til fyrstu umræðu. Frekari umræðum frestað.

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson, Hannes Hafliðason og Jón Magnússon.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson.
Halldór Jónsson. Magnús Einarsson. Sighvatur Bjarnason.
Sig. Thoroddsen. Ólafur Ólafsson. G.Björnsson. Þórh.Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn hinn 4. júní var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Byggingarnefndarsamþykktir. Málið var tekið út af dagskrá.

2. Beiðni frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, um 200 kr. styrk úr bæjarsjóði. Bæjarstjórnin vísaði málinu til 2. umræðu, þar sem um fjárveiting er að ræða.

3. Bréf brunabótafélags hinna dönsku kaupstaða. Formanni bæjarstjórnarinnar falið að svara bréfi þessu, að því er snertir það atriði sem bæjarstjórninni viðkemur.

4. Erindi frá Sveini kaupmanni Sigfússyni um vatnsból og vegarlagning. Veganefnd var falið að sjá um að sett verði girðing með gangstíg niður að Frostastaðabrunninum, og fram með Frostastaðabletti meðfram framhaldi Lindargötu.

5. H. Th. A. Thomsen tilkynnir að hann vilji selja erfðafestuland sitt og húseign "Smiðjuna". Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt en áskildi sér rétt sinn óskertan til ókeypis vegarstæðis gegn um erfðafestulandið.

6. Erindi frá Guðm. Björnssyni og Ingibjörgu Jóhannsdóttur um lagfæring á rennu meðfram Skólastræti. Bæjarstjórn samþykkti að verja 60 kr. til þessara aðgerða á móti 40 kr. tillagi frá beiðendunum.

7. Veganefnd var falið að gera þann umbúnað við hliðið á Lágholtsveg, að það geti fallið sjálft aftur.

8. Bæjarstjórn samþykkti lóðarkaup undir framhald Hverfisgötu milli Vatnsstígs og Klapparstígs eftir samningum og tilboði sem veganefnd hafði fengið af Ásgeiri Sigurðssyni kaupmanni fyrir 30 a. ferhyrningsalin og og 40 a. fer.al. frá eigendum þar fyrir vestan; ennfremur lítinn hluta af stétt tilheyrandi Höltersbæ fyrir 6 kr.

9. Bæjarstjórnin samþykkti að skora á lögreglustjórnina að sjá um að stakkstæðin, sérstaklega við Hafnarstræti, verði ekki framvegis notuð til annars en heimillt er, og þannig að ekki komi í bága við lögreglusamþykktina.

10. Veganefnd var veitt heimild til að gjöra rennu meðfram lóð Andrésar Bjarnasonar - verja til þess c. 30 kr. - gegn því, að bærinn fái ókeypis það af lóð hans, sem er fyrir utan götujaðar.

11. Fellt var burtu útsvar Sigurjóns Jónssonar skipstjóra er drukknaði í marzmánuði.

12. Fellt burtu skólagjald fyrir Lúðvík son Einars Árnasonar frá nýári, sakir þess hann gat ekki verið í barnaskólanum vegna veikinda.

Sömuleiðis fellt burtu skólagjald fyrir Ingibjörgu Jónsdóttur fyrir sama tíma af sömu ástæðum.

Sömuleiðis eftirgefið Jóni Guðmundssyni skólagjald fyrir 2 börn hans, sakir veikinda á heimili hans og þröngra kringumstæðna.

13. Bæjarstjórnin samþykkti þessar útmælingar erfðafestulanda, samkvæmt tillögu erfðafestunefndar:

a. Guðmundi Ingimundarsyni 3-4 dagsláttur fyrir norðan erfðafestuland Bjarna á Bergi, jafn langt austur og Bjarna land og norður að Miðstíg. Milli Bjarna og Guðmundar verður þó eftir óútvísað gamall móvegur og lítið óútgrafið móland. Eftirgjald 7 al. dagsl.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

b. Ara Bergþ. Antonssyni 4-5 dagsl. fyrir ofan og austan Guðm. Ingimundarson (þó 20 ál. óútmæld á milli þeirra, vegarstæði) sunnan við Miðstíg og suðurtakmörk framhaldslína af suðurtakmörkum Guðm. Ingimundarsonar. Eftirgjald 7 ál. af dagsl.

c. Sveini Jónssyni 4-5 dagsl. erfðafestuland austur af eldra landi sínu, að sunnan 60 faðm. í austur frá suðurtakmörkum eldra lands hans og norðurtakmörkin verða framlenging skurðs þess, sem nú skiptir erfðafestulandi hans í tvo hluti. Erfðafestugjald 7 ál. af dagsl.

d. Guðmundi Jafetssyni 4-5 dagsláttur norður af síðastnefndri útmælingu og jafnlangt norður og eldri útmæling Sveins. Erfðafestugjald 7 ál. af dagsl.

14. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Jóns Þórðarsonar við Bankastræti | 12802.oo |
| b. | Skúr Jakobs Jósefssonar við Laugaveg | 154.oo |
| c. | Útihús Ásgeirs Sigurðssonar Suðurgötu | 1360.oo |
| d. | Húseign Guðmundat Guðmundssonar Grettisgötu | 3705.oo |
| e. | - Rögnvalds Þorsteinssonar Laugaveg | 5633.oo |
| f. | - Þorl. Jónssonar og Sigurðar Guðlaugss. við Hverfisgötu | 4110.oo |
| g. | Útihús Jóns Tómassonar í Grímsstaðaholti | 770.oo |
| h. | Húseign Ragnhildar Briem við Laufásveg | 2135 .oo |
| i. | Útihús Stefáns B. Jónssonar við Laugaveg | 220.oo |

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson og Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. Kristján Þorgrímsson. G.Björnsson. Sig. Thoroddsen. Sighvatur Bjarnason. Hannes Hafliðason. Magnús Einarsson. Jón Magnússon. Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 12. júní var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Frumvarp til byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík.
   1. gr. frv. sþ. í e hlj.
   2. gr.
      a. 1.liður sþ. í e. hl.
      b. br. till. (af... nefnd) við 2. lið sþ. í e. hl. (nr.1
   3. gr. sþ. e. hl.
   4. gr. - " -
   5. gr. 1. málsgrin (frv. bygg. nefndat) sþ. e.hl.
   - 2. - (frá bygg. nefnd) sþ. í e. hl.
   - 2. - (frá H.J.) sþ. m. 8 atkv.
   - 3. - (sþ) (2 ár) sþ. 9 atkv.
   5. gr. þannig saþ e. hl.
   6. gr. sþ. e. hl.
   7. gr. a (viðauki bygg. nefndar) sþ. e. hl.
      b. 2. málsgr. sþ. e. hl.
      c. 3. - sþ. e. hl.
   8. gr. viðauki frá nefnd sþ. e. hl. nr. 3.
   8. gr. þannig samþ. e. hl.
   9, gr. óbr. sþ. e.hl.
   10. gr. br. n. "opnast" sþ. 6:5
   10. gr. þannig sþ. e. hl.
   11. gr. 1. br. bygg. n. sþ. e. hl.
      2. br. ("en alin") sþ. e. hl. (nr. 2)
   11. gr. þannig sþ. e. hl.
   12. gr. sþ. e. hl.
   13. gr. a. 1. br. bygg. nefnd sþ. e. hl.
      b. br. H.J. (14/ áln) sþ. 8 atkv.
      c. 3. málsgr. þannig samþ. 15 -
   13. gr. þannig sþ. s. hl.
   14. gr. 1. br. bygg. n. sþ. í e. hl.
      2. br. (B. Kr. sþ.) (nr. 4.
   14. gr. þannig sþ. í e. hl.
   15. gr. óbr. sþ. í e. hl.
   16. gr. br. nefnd sþ. e. hl.
   16. gr. þannig sþ. í e. hl.
   17. gr. br. nefnd. bæj.st. sþ. e. hl. (nr. 5).
   17. gr. þannig sþ. e. hl.
   18. gr. br. nefnd. sþ. e. hl.
      b. br. - sþ. e. hl.
      c. br. - 9 atkv.
      d. br. - nr. 26 Bárujárn sþ. 6-2 (nr. 6)
      e. br. H.J. sþ. 10 atkv. (nr. 7)
   18. gr. þannig sþ. e. hl.
   19. gr. sþ. e. hl.
   20. gr. ~~a. br. nefndarinnar~~ sþ. með meiri hl. atkv.
   21. gr. a. br. nefndarinnar sþ. e. hl.
      b. - - - - -
      c. - - - - -
   21. þannig sþ. e. hl.
   22. gr. br. nefndar sþ. e. hl.
   22. gr. sþ.
   23. gr. sþ.
   24. gr. 1. málsgr. (með 3/4) sþ. (nr. 8)
   25. gr. br. till. nefndarinnar sþ. með meiri hl. nefd.
   25. gr. þannig samþ. e. hl.
   26. gr. sþ. e. hl.
   27. gr. (Er í upphafl. frv. fyrsti hluti 23. gr. þar)
      a. 1.br. nefndarinnar sþ. 7-5 meiri hl. nefnd (nr.9)
   27. gr. þannig sþ. e.hl.
   28. gr. sþ. í e. hl.
   29. gr. sþ. í e. hl.
   30. gr. sþ. í e. hl.
   31. gr. br. nefn. sþ. meiri hluti.
   31. gr. þannig sþ. í e. hl.
   32. gr. br. bæj. nefnd. sþ. (nr. 10).
      Fyrirsögnin samþykkt í e. hl.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin gat þess að lokum, að hún mundi koma með frumvarp til alþingis um, að leggja mætti gjald á til borgunar byggingarfulltrúa.

Allir á fundi.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Jón Magnússon. Kristján Jónsson. Sig. Thoroddsen. Magnús Einarsson. Þórh. Bjarnason. G.Björnsson. Björn Kristjánsson. Hannes Hafliðason. Sighvatur Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn hinn 18. júní var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Styrkbeiðni frá Skógræktarfélaginu. Samþykkt við síðari umræðu að veita félaginu 200 kr. styrk fyrir yfirstandandi ár.

2. Erindi frá Pétri Hjaltested úrsmið um vegarlagning. Bæjarstjórnin vildi ekki afgera nú um kaup á lóð undir framhaldsveg frá Klapparstíg milli Laugavegs og Grettisgötu.

Bæjarstjórnin heimilaði Pétri Hjaltested úrsmið að gjöra í samkomulagi við lóðareiganda að austan, vegarspotta á lóð sinni (privatveg) upp frá Laugavegi meðfram húsi, sem hann nú byggir þar, undir eftirliti veganefndar móti því, að gjald það falli niður, er þeir annars eiga að greiða til vegalagninga þar á sínum tíma.

3. Sesselja Sigvaldadóttir yfirsetukona segir af sér starfinu. Bæjarstjórnin fól formanni sínum ásamt héraðslæknunum, að ráða því máli til lykta.

4. Ekkjufrú Leópoldína Frederiksen skýrir frá að hún ætli að selja erfðafestuland sitt við Laugaveg. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt, en áskildi sér rétt sinn óskertan til ókeypis vegarstæðis um erfðafestulandið.

5. Þorlákur Ó. Johnsson og Vilh. Bernhöft skýra frá, að þeir ætli að selja dr. Jóni Þorkelssyni 5 álna breiða spildu, nyrzt á erfðafestutúni sínu.

Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt, en áskildi sér rétt sinn óskertan til ókeypis vegarstæðis yfir ræmu þessa.

6. Brunabótamál. Bæjarstjórnin samþykkti að útnefna sérstakan mann til þess að vera fyrir bæjarstjórnarinnar hönd útistaddir brunabótavirðingar og láta bæjarstjórninni í té álit sitt í hverju einstöku tilfelli. Samþykkt var einnig að fela formanni bæjarstjórnarinnar að útnefna mann þennan fyrst um sinn. Loks var samþykkt, að leggja ekki undir ~~bæjarstjórnina~~ samþykki bæjarstjórnarinnar brunabótavirðingar á annan hátt en á bæjarstjórnarfundum.

Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Guðm. Sigurðssonar við Bankastræti | 4922- |
| b. | - Jóns Jónssonar við Lindargötu | 1636- |
| c. | - Jóns Eiríkssonar við Laufásveg | 6439- |

7. Byggingarnefndargjörðir frá 9. þ.m. samþykktar með þeirri athugasemd, að Guðjóni Sigurðssyni úrsmið var leyft að láta kjallara)háls) og tröppusteina við hús það, sem hann er að byggja við Hafnarstræti ná svo marga þumlunga út á gangstéttina, sem heimilit er eftir ákvæðum byggingarsamþykktar þeirrar, er bæjarstjórnin hefur nýlega samið.

8. Bæjarstjórnin samþykkti að kaupa húseignina og tilheyrandi lóð nr. 7 við Smiðjustíg fyrir 4300 krónur.

9. Erindi frá sóknarnefndinni um bygging kirkjugarðsins og stefnu hans.

Bæjarstjórnin vildi ekki færa kirkjugarðinn lengra út, en áður hafði verið ákveðið.

10. Kristján Jónsson var kosinn til að taka sæti í nefnd þeirri, sem hefur með höndum breytingar á lögum bæjarmálum viðkomandi.

Allir á fundi nema Magnús Einarsson og Hannes Hafliðason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Þórh. Bjarnason. Halldór Jónsson. Tryggvi Gunnarsson. Sighvatur Bjarnason. Kristján Jónsson. Björn Kristjánsson. Sig. Thoroddsen. Jón Magnússon. Kristján Þorgrímsson. Ólafur Ólafsson. G.Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, 20. júní á hádegi var framtalsþing fyrir Reykjavík haldið á bæjarþingstofunni af Halldóri Daníelssyni bæjarfógeta með undirskrifuðum vottum.

Þessir menn komu á framtalsþingið og töldu fram:

1. Kjartan Runólfsson á Jaðri: 3 ær með lömbum, 5 lambsgotur, 6 gemlingar.

2. Sigurður Jónsson fangavörður: 2 kýr.

3/ Halldór Daníelsson bæjarfógeti: 1 kýr.

4. A.Thorsteinsson : 2 kýr leiguf.

Fleiri mættu ekki.

Var svo framtalsþinginu slitið.

Halldór Daníelsson.

Vottar:
Þ.Björnsson.
Páll Árnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, laugardaginn þann 27. júní var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

Út af tillögum meiri hluta hafnarnefndar um að bærinn kaupi fyrir fé hafnarsjóðs, húseign þrotabús Helga kaupmanns Helgasonar nr. 2 við Pósthússtræti fyrir allt að því 4500 kr. lýsti bæjarstjórnin því yfir að hún vildi ekki nú kaupa hús þetta.

Tillaga um að kaupa húsið var felld með 6 atkv. á móti 6.

2. Samþykkt var að veita meðmæli með því, að Vilhjálmur Bjarnason á Rauðará fengi verðlaun af ræktunarsjóði Íslands.

Allir á fundi nema Sigurður Thoroddsen og Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Halldór Jónsson. G.Björnsson. Kristján Þorgrímsson. Kristján Jónsson. Tr.Gunnarsson. Björn Kristjánsson. Ólafur Ólafsson. Sighvatur Bjarnason. Magnús Einarsson. Hannes Hafliðason. Jón Magnússon.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

År 1903, fimmtudaginn hinn 2. júlí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Frumvarp til laga um heimild fyrir Reykjavíkur kaupstað til að selja lóðir undir hús:
1. gr. frv. sþ. í e. hl.
Br. tilll. við 2. gr. um að "2 ár" komi fyrir "1 ár" var samþ. með 6 atkv. gegn 5.
2. gr. þannig samþ. í e. hl.
3. gr. sþ. í e. hl.
Fyrirsögnin orðist þannig: "Frumvarp til laga, sem heimili lóðarsölu fyrir Reykjavíkurkaupstað sþ. í e. hl.

2. Frumvarp til viðaukalaga við lög nr. 17, 13. sept. 1901, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872.
Frv. var óbreytt samþ. í e. hl.

3. Frumvarp til laga um stækkun kaupstaðarlóðarinnar. Bæjarstjórnin samþykkti þessi takmörk fyrir kaupstaðarlóðina:
AUSTURMÖRK: Skúrður og garður austan Félagstúns upp að Laugavegi.
SUÐURTAKMÖRK: Lína þaðan frá Laugavegi í suðurhorn Grænuborgartúns, þaðan í suðurjaðar Sauðagerðistúns yfir á Kaplaskjólsveg og þaðan til sjáfar í enda Framnesvegar í Grandabót.
Samþykkt var og, að merkisteinar skuli settir fyrir þessum mörkum verzlunarlóðarinnar.
Bæjarstjórnin fól þingmanni kaupstaðarins að flytja þessi 3 lagafrumvörp nú á þinginu í sumar.

4. Beiðni frá Jóni Ólafssyni á Bústöðum um styrk til bæjarbyggingar. Samþykkt var að fela Ólafi Ólafssyni bæjarfulltrúa að rannsaka um fyrirætlanir Jóns Ólafssonar á Bústöðum með byggingar þar og um ástand jarðarinnar, svo og um hvort Jón ætlar að fella jarðarhús niður, eða viðhalda þeim eins á eftir að hið nýja hús er byggt.

5. Um blómsveigasjóð Þorbjargar Sveinsdóttur: Bæjarstjórninni barzt skipulagsskrá frá þeim konum í bænum fyrir sjóðnum, og var þar skýrt frá, að sjóðurinn væri 1500 kr. og væri ætlunin að bæjarstjórnin hefði stjórn hans.
Bæjarstjórnin samþykkti að veita sjóðnum viðtöku, og kusu þær sömu konur, sem bréfið sendu, til að sjá um styrks útbýting úr sjóðnum, ni.
frú Jarðþrúði Jónsdóttur
frú Katrín Magnússon og
frú Sovie Jensson.

6. Beiðni frá Jóni Valdasyni um breikkun á vegi heim til hans. Bæjarstjórnin vildi ekki taka beiðni þessa til greina.

7. Beiðni frá Knid Zimsen ingeniör o.fl. um útivinnu á grjótlandi. Málinu var vísað til erfðafestunefndarinnar.

8. Ítrekuð beiðni frá Sveini Ingimundarsyni á Seli um girðingu. Veganefnd falið að setja gripshelda girðingu meðfram Lágholtsvegi að norðan meðfram túninu á sem kostnaðarminnstan hátt.

9. Beiðni frá Jóh. Þ. Guðmundssyni um undanþágu frá aukaútsvari. Bæjarstjórnin felldi burtu útsvarið sakir stöðugra veikinda beiðandans.

10. Magnúsi Einarssyni bæjarfulltrúa var bætt í nefndina, sem semja skal frumvarp til heilbrigðissamþykktar fyrir kaupstaðinn.

11. Erindi frá Knud Zimsen um kirkjugarðsgirðinguna. Bæjarstjórnin samþykkti kirkjugarðsskipun þá, sem K. Zimsen fór fram á.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Bæjarfógeti skýrði frá að hann hefði kvatt Guðmund Jakobsson snikkara til þess að ~~vera~~ hafa fyrir bæjarstjórn eftirlit með brunabótarvirðingum fyrst um sinn.

13. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign D. Thomsen nr. 17 Hafnarstræti | | 17927.00 |
| b. | - | Erl. Guðmundssonar við Vesturgötu | 5714.00 |
| c. | - | Guðm. Jakobssonar við Barónsstíg | 4313.00 |
| d. | - | Þórðar Ólafssonar við Spítalastíg | 4465.00 |
| e. | - | Baldurs Benediktssonar við Bergstaðastræti | 10225.00 |
| f. | - | Jóh. P. Guðmundsson við Vatnsstíg | 5811.00 |
| g. | - | Gríms Grímssonar við Bergstaðastræti | 1896.00 |
| h. | Bær Árna Jónassonar við Holtsgötu | | 1453.00 |

14. Byggingarnefndargjörðir frá 20. júní lesnar upp og samþykktar.

Allir á fundi nema Sigurður Thoroddsen.

Fundi slitið.

HHalldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Halldór Jónsson. Jón Magnússon. Kristján Þorgrímsson. Sighvatur Bjarnason. Hannes Hafliðason. Ólafur Ólafsson. Björn Kristjánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, fimmtudaginn 16. júlí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Erindi frá Knud Zimsen o.fl. um útvísun á grjótlandi. Erfðafestunefndin kom með álit sitt.
Bæjarstjórnin samþykkti að útvísa félagi þessu til grjóttöku hið umbeðna hið umbeðna svæði, c. 13 dagsláttur, til allt að 30 ára. Að þeim árum liðnum fellur landið aftur til bæjarins. Landið fellur og til bæjarins jafnskjótt sem grjóttökufyrirtæki þetta leggst niður, þótt það kunni að verða áður en 30 ár eru liðin. 45 álana breiða ræmu meðfram Laugavegi að ofan skal bæjarstjórninni heimillt að mæla út til bygginga, hvenær sem um er beðið og bæjarstjórnin óskar þess.

2. Beiðni frá Jóni Ólafssyni á Bústöðum um styrk til húsabóta. Bæjarstjórnin vildi ekki ábyrgjast lán, er ábúandinn á Bústöðum hyggst að taka til bygginga þar, en bæjarstjórnin samþykkti að ábyrgjast honum kaup á steinhúsi allt að 6x12 ál á stærð, sem hann ætlar að byggja á jörðinni /þegar hann fer frá jörðinni/ þó svo að frá kaupverðinu dragist andvirði niðurfelldra bæjarhúsa, eins og þau verða nú metin.

3. Erindi frá Sigurði Briem póstmeistara um merkjagirðing. Vísað til erfðafestunefndarinnar.

4. Byggingarnefndargjörðir frá 4. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

5. Bæjarstjórn vildi ekki fyrst um sinn útmæla til bygginga óútvísaða lóðarræmu, sem er milli Laugavegs og Hverfisgötu.

6. Bæjarstjórn samþykkti að kaupa 26 ferálnir af lóð Sveins Sveinssonar snikkara fyrir 70 a. feralin.

7. Erindi um afhlaupsrennu frá Sigurði Jónssyni vísað til veganefndar.

8. Erindi frá Jóni Sveinssyni um veg frá Vesturgötu niður að Nýlendugötu vísað til veganefndar.

9. Bæjarfógeti skýrði frá að nál. 300 kr. af alþýðustyrktarsjóðsfé yrði nú í ár útbýtt, og mundi það verða auglýst á venjulegan hátt.

10. Bæjarstjórnin felldi burtu þessa árs útsvar, 14 kr., Guðrúnar Finnsdóttur, með því að hún hefur misst á síðastliðnu vori 3 sonu sína, sem drukknuðu á fiskiskipinu "Orient".

Allir á fundi nema Sigurður Thoroddsen, Kristján Þorgrímsson og Hannes Hafliðason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Björn Kristjánsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Magnús Einarsson. Ólafur Ólafsson. Sighvatur Bjarnason. G.Björnsson. Þórh. Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, fimmtudaginn 6. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Um girðingu frá "Benevent" niður að Fossvogi. Erfðafestunefnd hafði rannsakað málið. Bæjarstjórnin samþykkti að taka að hálfu leyti þátt í kostnaðinum við girðinguna, sem nú er verið að setja þar.

2. Erindi frá W. O. Breiðfjörð um lýsingu með accetylingasi. Málinu var vísað til brunamálanefndarinnar.

3. Um þurfamannaflutningsgjald úr Reykjavík 1902. Bæjarstjórnin lét það álit í ljósi, að hæfilegt væri að Reykjavíkurkaupstaður greiddi 95 kr. af þeirri 322 kr. 58 a. upphæð, sem þurfamannaflutningur í Kjósar- og Gullbringusýslu og Reykjavíkurkaupstað hefur orðið árið 1902.

4. Magnúsi Jónssyni í Garðbæ var leyft að nota sér slægjur í mógröfunum meðfram Meistaravelli að sunnanverðu.

5. Byggingarnefndargjörðir frá 1. ágúst lesnar upp og samþykktar.

6. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Sveinbjörns Stefánssonar Skólavörðustíg | 3445.00 |
| b. | - | Geirs Zöegs kaupmanns í stað húss er brann 18. apríl þ.á. | 4550.00 |
| c. | - | Ingiríðar Jónsdóttir Kaplaskjóls vegi ........ | 2812.00 |
| d. | - | Vald. Ottesen, Laugavegi | 9134.00 |
| e. | - | Ólafs Ólafssonar, Bergstaðastræti | 5176.00 |
| f. | - | Þorsteins Jónssonar, Vesturgötu 33 | 12139.00 |
| g. | - | Björns Guðmundssonar og Jes Zimsen (fiskigeymsluhús) á Kirkjusandi .................. | 3075.00 |
| h. | - | Bjargar Jónsdóttur (Doktorshús) | 3860.00 |

Brunabótavirðing húss Th. Thinleinsen kaupmanns var frestað um samþykki að sinni.

7. Aukin var fjárveiting til rennulagningar meðfram Skólastræti um 71 kr. sbr. bæjarstjórnarfund 6. júní 6. mál.

8. Halldór Jónsson í Bráðræði tilkynnir að hann vilji selja erfðafestuland sitt "Votavöll".
Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt, en áskilur sér rétt sinn óskertan til ókeypis vegarstæðis ef á þarf að halda síðarmeir.

Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson, Þórh. Bjarnason og Sigurður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Jónsson. G.Björnsson. Halldór Jónsson. Björn Kristjánsson. Magnús Einarsson. Ólafur Ólafsson. Sighvatur Bjarnason. Hannes Hafliðason. Jón Magnússon.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903 fimmtudaginn 27. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Úrskurður lag ur á bæjarreikninginn 1902, og hafnarsjóðsreikninginn fyrir s.á. samkvæmt tillögum, er endurskoðendur og fjárhagsnefnd höfðu samið.

2. Landshöfðingi hefur bent á að gjöra þurfi nokkrar(breyt-) smá breytingar á byggingarsamþykktinni til þess hún geti fengið staðfestingu. Samkvæmt þeim ábendingum voru eftirnefndar breytingar samþykktar:

Viðbót við 1.gr. svolátandi: Þó getur landshöfðingi veitt undanþágu frá ákvæðum hennar (samþykkktar þessarar) fyrir hús og önnur mannvirki á verzlunarlóðinni þegar byggingarnefnd og bæjarstjórn mælir með því. Utan verzlunarlóðarinnar getur byggingarnefnd veitt slíkar undanþágur. Við 7.gr. í stað: "sem lóðir eiga" komi: "sem óbyggðar lóðir eiga". Við 18.gr. í stað: "4 þuml" í 5. málsgrein, komi: "2 1/2 þuml". Við sömu gr. í 9. málsgrein: orðin: "og skal hnykkja naglana, sem bárujárnið er neglt með innan á þilinu" falli burt.

Við 21. gr. í stað: "Gólf" í upphafinu komi: "Trégólf".

Við 22. gr. Orðin í 4. málsgrein: "Hnykkja skal naglana, sem bárujárnið er neglt með" falli burtu.

3. Samþykkt var að fara þess á leit við stjórna brunabótafélags kaupstaðanna, að staðfest verði reglugjörð um almennt eftirlit með accetylingasljósi fyrir Reykjavík.
Áætlun um 664 kr. 14 aur. kostnað við bygging nýs slökkvitólahúss var samþykkt.

Samþykkt var að kaupa þessi verkfæri fyrir fé af brunabótasjóði:
1. Sogdælu fyrir 125 kr.
250 fet af strigaslöngum fyrir um 150 kr.
3 ítalska stiga, hvern um 30 kr.
10 járnhlera til að setja fyrir glugga á húsum, sem eru í hættu þá er eldsvoðia ber að höndum.

Skipaður var sveitarhöfðingi: Ásgeir Sigurðsson kaupmaður.

Skipaðir stigaliðsforingjar: Jul Jörgensen veitingarmaður, Gísli Finnsson þingmaður og Eiríkur Hjaltsted járnsmiður og Þorsteinn Jónsson járnsmiður.

Yfirmaður vatnsburðarliðs skipaður Caspar Hertervig og deildarstjórar í sama liði:

Björn Rósenkranz. Jón Þórðarson kaupmaður. Páll Stefánsson verzlunarmaður. Davíð Jóhannesson Stuðlakoti. Gunnar Þorbjarnarson kaupmaður, Benedikt Sveinsson cand. phil. Lúðvík Hafliðason verzlunarmaður, Sigurður Waage verzlunarmaður. Magnús Ólafsson, ljósmyndari.

4. Samþykkt var að fela hafnarnefnd að útvega áætlun yfir kostnað við að breikka hafnarbryggjuna til helminga og kostnað við að lengja og hækka hana svo, að 100 tonna seglskip geti lagzt við hana.

5. Lesnar upp og samþykktar byggingarnefndargjörðir frá 15. þ.m.

6. Kosnir í kjörstjórn við kosning í niðurjöfnunarnefnd 2 menn: Kristján Jónsson og Jón Magnússon.

7. Samþykkt var að færa útsvar Andrésar Johnson niður í 50 kr.

8. Fellt var burtu 12 kr. útsvar Magnúsar heitins Snorrasonar.

9. Ólafía Jóhannsdóttir óskar að bæjarstjórnin afsali sér forkaupsrétti að erfðafestulandi hennar við Skólavörðustíg. Bæjarstjórnin samþykkti það, en áskildi sér rétt sinn óskertan til ókeypis vegarstæðis á sínum tíma.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Gísli Þorbjörnsson skýrir frá, að hann ætli að selja erfðafestuland sitt í Norðurmýri fyrir 700 kr. Bæjarstjórnin samþykkti að nota ekki forkaupsrétt sinn, en áskilur sér óskertan rétt sinn til ókeypis vegarstæðis á sínum tíma.

11. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign Th. Thorsteinssonar við Vesturgötu | kr. | 5400.00 |
| b. | - Magnúsar Stephensen í Þingholtsstræti | - | 13388.00 |
| c. | - Magnúsar Jónssonar við Brunnstíg | - | 5475.00 |

12. Formaður bæjarstjórnar skýrði frá, að amtmaður hefði ákveðið hlutdeild Reykjavíkur í fátækraflutningskostnaði árið 1902 95 kr. , sem og bæjarstjórn hefði álitið hæfilegt á fundi 6. þ.m.

13. Samþykktur reikningur verkfræðings Kn. Zimsen yfir sorpræsi frá Landakotsspítala kr. 116.15.

14. Bæjarstjórnin samþykkti reikning styrktarsjóðs handa alþýðufólki árið 1902, er endurskoðaður hafði verið og fundinn réttur vera.

Allir á fundi nema Hannes Hafliðason.

Fundi slotið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Jón Magnússon. Kristján Jónsson. G.Björnsson. Sighvatur Bjarnason. Þórh.Bjarnason. Björn Kristjánsson. Magnús Einarsson. Sig. Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson. Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, fimmtudaginn hinn 3. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins 1904, fyrri umræða.

Áætlunin eins og fjárhagsnefnd hefir samið hana, verður látin ganga á milli bæjarfulltrúanna til næsta fundar.

2. Byggingarnefndargjörð frá 1. þ.m. lesin upp og samþykkt.

3. Beiðni kom frá ekkjufrú Joh. Frederiksen um lækkun á útsvari með því að maður hennar dó eftir að útsvarinu hafði verið jafnað niður. Bæjarstjórnin felldi burtu 40 kr. af útsvarinu, er verður þá 80 kr. í stað 120 kr.

4. Anna Benidiktsdóttir tilkynnir að hún hafi í hyggju að selja erfðafestuland sitt, Suðurholt á Bráðræðisholti fyrir 150 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt, en áakildi sér rétt sinn óskertan, til ókeypis vegarstæðis gegn um erfðafestulandið, þá er á þarf að halda.

5. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Gunnars Björnssonar við Skólavörðustíg | 11419- |
| b. | Geymsluhús Péturs Þórðarsonar við Hverfisgötu | 720- |
| c. | Húseign Magnúsar G. Guðnasonar við Grettisgötu | 5370- |
| d. | Geymsluhús Guðm. Björnssonar við Amtmannsstíg | 2284- |
| e. | - Jóns Magnússonar við Laugaveg | 1212- |
| f. | Húseign nr. 8 í Suðurgötu eign séra Jóhanns Þorkelssonar og skraddara Fr. Eggertssonar. Norðurhlutinn egn sr. Jóhanns Þorkelssonar . . ................. | 8121- |
| | Suðurhlutinn eign Friðriks Eggertssonar | 9224- |

Allir á fundi nema Jón Magnússon, Tr. Gunnarsson, Þóhallur Bjarnason. Sighvatur Bjarnason og Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. Halldór Jónsson. G.Björnsson. Kristján Jónsson. Magnús Einarsson. Hannes Hafliðason. Ólafur Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, fimmtudaginn 17. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Áætlun um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1904, 2. umræða. Áætlunin í heild sinni var samþykkt með þessum breytingum:
Gjöld II. 4. a. Til vegabóta í stað 6000 kr. komi 6500 kr.
- 8. - að lýsa götur bæjarins ístað 1600 kr. komi 1800 kr.
IV. 1. b. til aðstoðarkennara í sta 700 krþ komi 900 kr.
V. Til kvennaskóla 100 kr. falli burtu.

2. Umsóknir um ókeypis kennslu: Samþykkt var að fela skólanefnd í samráði við formann ~~skólanefndar~~ bæjarstjórnarinnar að ráða þessum málum til lykta.

3. Beiðni frá Leikfélagi Reykjavíkur um styrk úr Bæjarsjóði. Bæjarstjórn lofaði að veita félaginu 300 kr. styrk á sínum tíma fyrir næsta ár, og lofaði að veita félaginu á sínum tíma eftirgjöf á gjaldi fyrir leikkvöldin til bæjarsjóðs.

4. Landshöfðingi tilkynnir að hann hafi staðfest byggingarsamþykktina þann 7. þ.m..

5. Kosnir brunabótavirðingarmenn: Hjörtur Hjartarson og Sigvaldi Bjarnason.

6. Erindi frá Halldóri Þórðarsyni um að kaupa af sér lóð undir lenging Ingólfsstrætis.

7. Erindi frá sama um tröppuflutttning. Vísað til byggingarnefndar.

8. Beiðni frá M. Th. Jensen um viðbót við erfðafestuland og beiðni frá Jóni Valdasyni um sama. Vísað til erfðafestulandanefndar.

9. Beiðni frá M. Th. Jensen um fluttning á girðingu. Vísað til byggingarnefndar.

10. Beiðni um að leggja Vonarstræti. Vísað til veganefndar.

11. Beiðni frá Ingibjörgu Guðbrandsdóttur um lán á leikfimishúsi barnaskólans til leikfimiskennslu. Vísað til skólanefndarinnar.

12. Erindi frá W. O. Breiðfjörð um accetylingasverk. Beiðanda var heimilað að byggja nauðsynlegar byggingar og setja upp lýsingarfæri, með því skilyrði, að hann breyti aftur því ásinn kostnaðl sem nauðsynlegt kann að reynast, þá er reglugjörð um þetta kemur í gildi.

13. Beiðni frá Jósef Jónssyni um eftirgjöf á lóðargjaldi og hagatolli. Bæjarstjórnin samþykkti að gefa honum eftir hagatoll 6 kr. í þetta sinn.

14. Byggingarnefndargjörðir frá 7. þ.m. lesnar upp og samþykktar..

15. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Guðlaugs Þorbergssonar við Frakkastíg | 287.- |
| b. | - Tryggva Árnasonar trésmiðs | 6009.- |
| c. | Geymsluhús Björns Stefánssonar við Nýlendugötu | 357.- |
| d. | Húseign Ketils Bjarnasonar við Grundarstíg | 4919.- |
| e. | - Jóns Stefánssonar og Vilh. Jakobss. við Laugav. | 11652.- |
| f. | Útihús Gunnars Gunnarssonar í Hafnarstræti | 850.- |
| g. | Húseign Bjorns Jenssonar Félagsgarði | 1771.- |
| h. | - Benedikts Stefánssonar við Laugaveg | 9796.- |
| i. | - Hjörleifs Þórðarsonar, Hverfisgötu | 6804.- |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

j. Húseign Gísla Helgasonar við Stýrimannaskólastíg 7898.-
k. - Bjarna Jónssonar Grettisgötu 5154.-
l. - Guðm. Hannessonar við Hverfisgötu 8228.-

16. Tilboð kom frá Eiríki Bjarnasyni að selja kaupstaðnum eignarjörð sína Eiði.
Bæjarstjórnin fól formanni sínum að kaupa jörðina fyrir 3800 krónur með ýmsum nákvæmari skilyrðum, sem tekin voru fram.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson, Sighvatur Bjarnason og Guðmundur Björnsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Halldór Jónsson. Björn Kristjánsson. Sig. Thoroddsen. Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Hannes Hafliðason. Ólafur Ólafsson. Jón Magnússon. Þórh. Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á Æ T L U N
UM
tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar fyrir árið 1904 - - -

| Tekjur: | Al. | Kr. | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|---|---|
| A. Sérstakar tekjur kaupstaðarins: | | | | | |
| 1. a. Leigur af túnum og lóðarblettum eftir samningi 3850 álþ á 55 a. = kr. | 2117.50 | | | | |
| og í peningum ............ | 341.00 | | 2458.50 | | |
| nefnilega: | | | | | |
| Skálholtskots og Stöðlakotstún: | | | | | |
| 1. Miðvöllur og Suðurvöllur - - | 27 | | | | |
| 2. Útnorðurvöllur | 28 | | | | |
| 3. Útsuðurvöllur | 43 2/3 | | | | |
| Vesturtún bæjarins: | | | | | |
| 4. Ullarstofutún | 97 | | | | |
| 5. Biskupsstofutún | 63 | | | | |
| 6. Melshúsatún | 95 | | | | |
| 7. Melkotstún | 110 | | | | |
| Hlíðarhús og Ánanaust: | | | | | |
| 8. Bletturinn nr. 1 | 60 | | | | |
| 9. - - 2 | 92 1/2 | | | | |
| 10. - - 3 | 88 | | | | |
| 11. - - 4 | 43 | | | | |
| 12. - - | 20 | | | | |
| Ýms tún og blettir: | | | | | |
| 13. Sefið á tjarnarenda | 25 | | | | |
| 14. Móhúsatún með viðauka | 86 | | | | |
| 15. Thomsenstún | 60 | | | | |
| 16. Grænuborgarblettur | 10 | | | | |
| 17. Efraholt | 40 | | | | |
| 18. Viðaukablettur við Grund | 4 | | | | |
| 19. Litlaholtsvlettur | 18 | | | | |
| 20. Neðraholtsblettur | 29 | | | | |
| 21. Viðaukablettur við Sauðagerði | 17 | | | | |
| 22. Stekkjarkotstún | | 40 | | | |
| 23. Viðaukablettur við Garðana | 20 | | | | |
| 24. Melblettur nrþ 1 | | 10.oo | | | |
| 25. Nýjabæjarblettur | 4 | | | | |
| 26. Gamli kirkjugarðurinn | | 23.50 | | | |
| 27. Móakotsblettur | | 10.oo | | | |
| 28. Grímsbæjarblettur | 17 | | | | |
| 29. Pálsbæjarblettur | 12 | | | | |
| 30. Garðhúsablettur | 5 | | | | |
| 31. Steimsstaðablettur | 2 | | | | |
| 32. Bræðrablettur | 20 | | | | |
| 33. Norðurgarður og Suðurgarður | | 5.oo | | | |
| 34. Hjallalandsblettur | 20 | | | | |
| 35. Steinsholtsblettur eystri | 10 | | | | |
| 36. Grænuborgarblettur nr. 2 | 20 | | | | |
| 37. Mógrafarblettur | 20 | | | | |
| 38. Þorvaldarblettur | 5 | | | | |
| 39. Bráðræðisblettur | | 14.50 | | | |
| 40. Garðamýri | | 10.oo | | | |
| 41. Helgastaðablettur | 8 | | | | |
| 42. Frostastaðablettur | 10 | | | | |
| 43. Norðurmýrarblettur nr. 1 | 40 | | | | |
| 44. - - 2 | 12 | | | | |
| 45. Garðaholtsblettur - 1 | 21 | | | | |
| 46. Tjarnarendablettur - 1 | 23 | | | | |
| 47. Bjarna Gunnlaugssonar blettur | 32 | | | | |
| 48. Viðauki við Rauðarártún | 82 1/2 | | | | |
| 49. Póstblettur | 30 | | | | |
| 50 Kaupmannstún | 25 | | | | |
| 51. Rauðarármýri | 100 | | | | |
| 52. Norðurmýrarblettur nr. 3 | 29 | | | | |
| 53. - - 4 | 56 | | | | |
| 54. - - 5 | 50 | | | | |
| 55. Hallsbæjartún | 20 | | | | |
| Flyt | | 117.oo | 2458.50 | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tekjur:

| | Al. Kr. | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|---|
| Flutt | | | | |
| 56. Tjarnarendablettur | 28 | | | |
| 57. Bjarna Grímssonar blettur | 30 1/2 | | | |
| 58. Stekkjarholtsblettur | 46 1/2 | | | |
| 59. Sandvíkurblettur | 10 | | | |
| 60. Signýjarblettur | 12 | | | |
| 61. Jaðarstún | 16 | | | |
| 62. Schaustún | 129 | | | |
| 63. Selsmýri | 58 | | | |
| 64. Melstaðablettur | 10 | | | |
| 65. Steinsholtsblettur vestri | 10 | | | |
| 66. Elsumýrarblettur - | 13 1/3 | | | |
| 67. - eystri | 13 1/5 | | | |
| 68. Þorsteinstún | 15 | | | |
| 69. Suðurholtsblettur | 13 1/5 | | | |
| 70. Norðurholtsblettur | 24 | | | |
| 71. Hólstún | 24 | | | |
| 72. Sauðagerðisblettur nyrðri | 22 2/5 | | | |
| 73. Byggðarendablettur | 16 | | | |
| 74. Guðmundarblettur | 10 | | | |
| 75. Félagstún | 16 1/5 | | | |
| 76. Sauðagerðisblettur syðri | 17 1/3 | | | |
| 77. Meistaravöllur | 75 | | | |
| 78. Norðurmýrarblettur nr. 6 | 57 | | | |
| 79. Skólavörðublettur | 12 1/2 | | | |
| 80. Sandvíkurblettur nyrðri | 77 5/9 | | | |
| 81. Syðstigar ur | 5 | | | |
| 82. Melblettur nr. 2 | 10 | | | |
| 83. Hólabrekkutún | 19 2/3 | | | |
| 84. Melbæjarblettur | 10 | | | |
| 85. Garðaholtsblettur nr. 2 | 10 | | | |
| 86. Björns Sveinssonar blettur | 15. | | | |
| 87. Skothúsblettur nr. 1 | 10 | | | |
| 88. Smiðjublettur | 10 | | | |
| 89. Þormóðsstaðablettur | 18 2/3 | | | |
| 90. Litlubrekkublettur | 7 | | | |
| 91. Melblettur nr. 3 | 6 | | | |
| 92. Austurholtsblettur | 17 | | | |
| 93. Bergsblettur | 5 | | | |
| 94. Skothúsblettur nr. 2 | 5 | | | |
| 95. - - 3 | 5 | | | |
| 96. Garðaholtsblettur nr. 3 | 10 | | | |
| 97. - - 4 | 10 | | | |
| 98. Vatnsmýrarblettur nr. 1 | 55 | | | |
| 99. Viðauki við þennan blett | 10 | | | |
| 100. Garðbæjarblettur | 22 2/9 | | | |
| 101. Votivöllur | 23 1/3 | | | |
| 102. Arablettur | 20 | | | |
| 103. Félagsgarður | 75 | | | |
| 104. Holtastaðablettur nr. 1 | | 22.oo | | |
| 105. Rauðará | | 120.oo | | |
| 106. Lækjarbakki | | 20.oo | | |
| 107. Melblettur nr. 4 | 7 | | | |
| 108. Norðurmýrarblettur nr. 7 | 20 | | | |
| 109. - - 8 | 18 | | | |
| 110. - - 9 | 23 | | | |
| 111. Sauðagerðisblettur vestri | 16 | | | |
| 112. Laufásblettur | 40 | | | |
| 113. Eiríksblettur | 5 | | | |
| 114. Norðurmýrarblettur nr. 10 | 51 | | | |
| 115. - - 11 | 28 5/12 | | | |
| 116. - - 12 | 28 5/12 | | | |
| 117. Spítalalóðin | 186 | | | |
| 118. Vatnsmýrarblettur - 2 | 30 | | | |
| 119. Viðauki við þennan blett (Þ.J) | 5 | | | |
| 120. Grafarblettur eystri | 34 1/2 | | | |
| Flytt | | | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tekjur-
6

| | Al. | Kr. | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|---|---|
| Flutt | | | | | |
| 121. Grafarblettur vestri | 24 | | | | |
| 122. Lækjarbakkablettur vestri | 19 1/2 | | | | |
| 123. Holtastaðablettur nr. 2 | 13 1/5 | | | | |
| 124. Lambhólsblettur 10 | 10 | | | | |
| 125. Kirkjusandur vestri(30 ár frá 15/3 1900) | | 20.00 | | | |
| 126. Viðauki við Tjarnarendabl. nr. 1 | 4 1/2 | | | | |
| 127. Norðurmýrarblettur nr. 13 | 12 | | | | |
| 128. Kirkjusandur eystri (30 ár frá 1/10 1900) | | 20.00 | | | |
| 129. Viðauki við Kaupmannstún | 28 2/5 | | | | |
| 130. Melblettur nr. 5 | 25 | | | | |
| 131. Viðauki við Stekkjarholtstún | 5 | | | | |
| 132. - - Sandvíkurblett | 80 | | | | |
| 133. Norðurmýrarblettur nr. 14 | 22 | | | | |
| 134. Einholtsblettur | 9 | | | | |
| 135. Lauganesblettur | 100 | | | | |
| 136. Samtún (J.J. og V.Bj.) | 57 | | | | |
| 137. Norðurmýrarblettur nr. 15 (S.J.) | 32 | | | | |
| 138. Lækjarbakkabl. eystri (M.V.) | 40 | | | | |
| 139. Fúlutjarnargrandi(leiga í 10 ár frá 1903) | | 10.00 | | | |
| 140. Bráðræðisgrandi(leiga frá 1903 í 5 ár) | | 6.00 | | | |
| | 3850 | 341.00 | | | |
| Bæjarsjóður á í vændum afgjald af: | | | | | |
| a. Laugahúsabletti, sem er leigulaus í 15 ár frá fardögum 1892 | | | | | |
| b. Viðauka við Austurkotsblett, sem er leigulaus til 1905 | 3 | | | | |
| c. Melbletti nr. 6(Sv.Sv.), sem er leigulaus til 1905 | 5 | | | | |
| d. Viðauki við Bjarna Grímssonarbl, sem er leigulaus til 1905 | 10 2/3 | | | | |
| e. Norðurmýrarbletti nr. 16, sem er leigulaus til 1905 | 24 5/9 | | | | |
| f. Viðauki við Norðurmýrarblett nr. 6, gelzt í fyrsta sinn við árs: lok 1905 | 26 2/3 | | | | |
| g. Viðauki við Vatnsmýrarblett nr. 1, gelzt í fyrsta sinn v. ársl 1905 | 25 3/5 | | | | |
| h. Melbletti nr. 7, gelzt í fyrsta sinn við árslok 1905 | 25 | | | | |
| i. Viðauka við Norðurmýrarblett nr.15, gelzt í fyrsta sinn við árslok 1905 | 26 2/3 | | | | |
| j. | | | | | |
| k. Viðauka við Smiðjublett, gelzt í fyrsta sinn við árslok 1905 | 3 | | | | |
| l. Vatnsmýrarbletti nr. 3, gelzt í fyrsta sinn við árslok 1905 | 48 | | | | |
| m. Vatnsmýrarbletti nr. 4, gelzt í fyrsta sinn við árslok 1905 | 42 | | | | |
| n. Norðurmýrarbletti nr. 17, gelzt í fyrsta sinn við árslok 1905 | 42 2/3 | | | | |
| o. Norðurmýrarblettur nr. 18, gelzt í fyrsta sinn við árslok 1905 | 30 1/5 | | | | |
| p. Norðurmýrarblettur nr. 19, gelzt í fyrsta sinn við árslok 1905 | 53 2/3 | | | | |
| q. Norðurmýrarblettur nr. 20, gelzt í fyrsta sinn við árslok 1905 | 35 | | | | |
| b. Laugarnes og Kleppur: | | | | | |
| 1. Landskuld af Laugarnesi kr. | | 75.00 | | | |
| 2. - - Kleppi - | | 60.00 | | | |
| 3. Hagatollur | | 400.00 | | | |
| 4. Seglfestugjald - | | 80.00 | | | |
| Flyt | | | | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tekjur

| | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| Flutt kr. | | | |
| 5. Laugatollur 40.00 | 655.00 | | |
| c. Eftirgjald af Seli | 70.00 | | |
| d. Eftirgjald af Bústöðum | 60.00 | | |
| e. Tollur af mó | 50.00 | | |
| f. Tekjur af vatnsbólum bæjarins | 10.00 | 3303.50 | |
| 2. Sótaragjald | | 1700.00 | |
| 3. Óvissar tekjur bæjarsjóðs | | 1200.00 | |
| B. Sérstakar tekjur fátækrasjóðsins: | | | |
| 1. Tíund til fátækra: | | | |
| a. Fasteignatíund | 50.00 | | |
| b. Lausafjártíund | 130.00 | 180.00 | |
| 2. Hundaskattur | | 50.00 | |
| 3. Endurgoldin lán af innansveitarmönnum | | 1000.00 | |
| 4. Endurgjald frá öðrum sveitum | | 600.00 | 8033.50 |
| C. Sérstakar tekjur barnaskólans: | | | |
| Væntanlegir skólapeningar | | ~~4000.00~~ | 4000.00 |
| D. Niðurjöfnuð gjöld á lögákveðna fjárstofna: | | | |
| 1. Lóðargjald samkv. lögum 9/10 1877 og 19/7 1897: | | | |
| a. Af byggðri lóð | 5300.00 | | |
| b. - óbyggðri lóð | 2500.00 | 7800.00 | |
| 2. Gjöld eftir efnum og ástæðum jafnað niður með 5%-10% umfram, samkv. 15. gr. samþ. um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 17. nóv. 1888, staðfest af landshöfðingja 14. desbr. s.á. | | 39252.74 | 47502.74 |
| Tekjur samtals | | | 59086.24 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# G J O L D

| | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| I. Skattar og gjöld af eignum kaupstaðarins | | | 80.00 |
| II. Útgjöld í þarfir kaupstaðarins: | | | |
| 1. Stjórn kaupstaðarins og umsjón: | | | |
| a. Laun gjaldkera | 1500.00 | | |
| b. Skrifstofuhald, ritföng, hreinsun þinghúss og fleira | 800.00 | | |
| c. Manntalskostnaður | 500.00 | | |
| d. Laun sótara: | | | |
| 1. Benedikts Jónssonar kr. 700.00 | | | |
| 2. Þórðar Breiðfjörð - 600.00 | 1300.00 | | |
| e. Umsjón kaupstaðarins og varzla | 280.00 | | |
| 2. Til löggæzlu: | | | |
| a. Laun næturvarða: | | | |
| 1. Laun hins fasta næturvarðar kr. 700.00 | | | |
| 2. Til yfirhafnar - 20.00 | | | |
| 3. - aukanæturvörzlu - 300.00 | 1020.00 | | |
| b. Laun lögregluþjóna: | | | |
| 1. Þorvaldar Björnssonar, þar í húsaleigustyrkur fyrir að búa í miðjum bænum ..................Kr. 817.00 | | | |
| 2. Sigurðar Péturssonar - 660.00 | | | |
| 3. Aukaþjóns - 300.00 | 1777.00 | | |
| c. Eftirlaun: | | | |
| 1. Til Árna Gíslasonar - 100.00 | | | |
| 2. - Jóns Borgfirðings - 280.00 | | | |
| 3. - M. Helgesen - 200.00 | 580.00 | | |
| d. Önnur útgjöld | 100.00 | 7857.00 | |
| 3. Til heilbrigðisráðstafana o.fl.: | | | |
| a. Laun yfirsetukvenna | 200.00 | | |
| b. Önnur gjöld, þar í gæzla á sigurverki | 65.00 | 265.00 | |
| 4. Til vegabóta, aðgjörða á strætum o.fl.: | | | |
| a. Til vegabóta | 6500.00 | | |
| b. - mælingar kaupstaðarlóðarinnar | 2100.00 | 8100.00 | |
| 5. Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahögg og renna | | 1400.00 | |
| 6. Til vatnsbólanna | | 1000.00 | |
| 7. Til slökkvitóla og slökkviliðs, þar í laun slökkviliðsstjóra | | 500.00 | |
| 8. Til að lýsa götur bæjarins | | 1800.00 | |
| 9. Afgjald af Hlíðarhúsum og Ánanaustum | | 204.55 | |
| 10. Vextir og afborganir af lánum: | | | |
| a. Lán úr hafnarsjóði til ljóskera samkv. skbr. 19/12'98, upphaflega 2000 kr., nú 1500 kr., ársvextir 4% | 60.00 | | |
| b. Lán úr sama sjóði til barnaskólabyggingar samkv. skbr. 25/1'86, 9900 kr. afborgast og ávaxtast með 6% í 28 ár, 19. afborgun | 594.00 | | |
| c. Lán úr sama sjóði til leikfimishúsbyggingar samkv. skbr. 25/1'86, 884 kr.78 a.; afborgast og ávaxtast með 6% í 28 ár, 19. afb. | 50.69 | | |
| d. Lán úr sama sjóði samkv. skbr. 5/5'87, 3000 kr. 4% ársvextir | 120.00 | | |
| e. Lán úr sama sjóði til að kaupa Selseign samkv. skbr. 5/11'88, 2000 kr., 4% ársv. | 80.00 | | |
| f. Lán úr sama sjóði til Laugavegarins samkv. skbr. 3/12'89, 2800 kr.; 4% ársvextir | 116.00 | | |
| g. Lán úr sama sjóði til Kaplaskjólsvegarins samkv. skbr. 18/4'90, 2000 kr., afborgast og ávaxtast með 6% í 28 ár, 14. afborgun | 120.00 | | |
| h. Lán úr landssjóði samkv. skbr. 11/12'82 18000 kr., ávaxtast og afborgast með 6% í 28 ár; 22. afborgun | 1080.00 | | |
| i. Lán úr sama sjóði samkv. skbr. 4/6'86 2700 kr.; afborgast og ávaxtast með 6% þangað til skuldarinnar verður krafizt; 18. afborgun | 162.00 | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjöld-

| | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| Flutt # | | | |
| j. Lán út af kaupum á Laugarnesi og Kleppi: | | | |
| 1. Vextir af handhafaskuldabr. 5100 kr. Kr. 204.00 | | | |
| 2. - - landssjóðsláni - 128.00 | | | |
| 3. Til afborgunar - 100.00 | 432.00 | | |
| k. Lán úr landssjóði til Kringlumýrar samkv. skbr. ´92 1000 kr., ávaxtast með 4%, afborgast með 1/20 á ári, 12. afborg. | 68.00 | | |
| l. Lán úr brunabótasjóði til Hafnarfjarðarvegarins 3500 kr. samkv. skbr. 31/12´97 4% ársvextir | 140.00 | | |
| m. Lán til barnaskólabygginar af gjafasjóði Hannesar Árnasonar. Upphaflega kr. 35000.00 samkv. skbr. 5/5´98, vextir 4%, 6. afborg. 1000 kr. | 2200.00 | | |
| n. Lán úr hafnarsjóði til sama kr. 7650.00 samkv. skbr. 16/2´99, vextir 4% | 306.00 | | |
| o. Lán úr sama sjóði til að kaupa Sveinsstaði samkv. skbr. 2/9 1901, 1000 kr. 4% ársvextir | 400.00 | | |
| p. Lán úr sama sjóði til Laugahúsbyggingar samkv. skbr. 31/12 1901, 1800 kr.; ávaxtast með 4%, afborgast með 1/15 á ári 3. afborgun | 182.40 | | |
| q. Lán úr sama sjóði til að innleysa lán úr fiskimannasjóði samkv. skbr. 2/9 1902; 4% vextir af 6400 kr. | 256.00 | | |
| r. Lán úr sama sjóði til umbóta á laugunum 2600 kr. samkv. skbr. 1. nóv. 1902; 4% vextir | 104.00 | | |
| s. Lán úr sama sjóði til lokræsis frá Landakoti 2600 kr. samkv. skbr. 1/11 1902 4% vextir | 104.00 | | |
| t. Til afborgunar | 2000.00 | 8214.69 | |
| 11. Til áhalda og aðgjörða á þeim | | 150.00 | |
| 12. Óvænt og óviss útgjöld | | 2000.00 | 31291.24 |
| III. Útgjöld til fátækrasjóðsins: | | | |
| 1. Til ómaga og þurfamanna: | | | |
| a. Framfæri sveitarómaga | 8000.00 | | |
| b. Til þurfamanna, lán og styrkur | 7500.00 | | |
| c. Til greftrunar ómaga | 200.00 | | |
| d. Lögflutningur þurfamanna | 120.00 | | |
| e. Önnur útgjöld, þar í fátækralyf | 600.00 | 16420.00 | |
| 2. Lán til annara sveita | | 600.00 | 17020.00 |
| IV. Gjöld til barnaskólans: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Laun yfirkennara, þar í persónuleg viðbót handa núverandi yfirkennara | 1200.00 | | |
| b. Laun aðstoðarkennara | 900.00 | | |
| c. Til aukakennara, þar í sundkennsla | 6000.00 | | |
| d. Til héraðslæknis fyrir heilbrigðiseftirlit í skólanum | 25.00 | 7925.00 | |
| 2. Hús skólans, áhöld o.fl.: | | | |
| a. Áhöld | 200.00 | | |
| b. Viðhald á húsinu | 300.00 | | |
| c. Brunabætur og kirkjutíund | 170.00 | | |
| d. Til eldiviðar og ljósa | 900.00 | 1570.00 | |
| 3. Önnur útgjöld, t.a.m. hreinsun, ritföng o.fl. | | 1100.00 | 10595 |
| Gjöld samtals # | | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S K R Á

yfir börn, sem njóta kennslustyrks eða ókeypis kennslu að nokkru eða öllu leyti í barnaskóla Reykjavíkur skólaárið 1901-1902.

---

I. Kennslustyrks úr Thorkilliisjóði njóta 60 börn (sjá fátækranefndar bók).

II. Ókeypis kennslu njóta:
a. Að öllu leyti:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Guðmundur Jónsson, Vesturgötu 36 | 13 ára |
| 2. | Jón Otti Vigfús bróðir hans | 10 - |
| 3. | Friðfinnur Gíslason Nýjabæ við Bakkastíg | 9 - |
| 4. | Jón Alexender Ólafsson, Stóra-Seli | 7 - |
| 5. | Sigurlína Diðriksdóttir, Selsholti | 12 - |
| 6. | Jón bróðir hennar | 10 - |
| 7. | Júlíus M. Guðmundsson, Bergstaðastræti 26 | 8 - |
| 8. | Theodór Magnússon, Höltersbæ | 10 - |
| 9. | Björg Friðrika systir hans | 9 - |
| 10. | Greta María Þorsteinsdóttir, Laugaveg 38 | 11 - |
| 11. | Sigríður Sigurðardóttir, Þingholtsstræti 12 | 9 - |
| 12. | Guðrún systir hennar | 8 - |
| 13. | Ferdínanda Grímsdóttir, Mjóstræti 10 | 10 - |
| 14. | Stefán Ólafsson, bróðir hennar | 7 - |
| 15. | Jónína Jónsdóttir, Laufásvegi 41 | 10 - |
| 16. | Ólafía Þórunn Jónsdóttir, Klöpp | 10 - |
| 17. | Guðmundur Júlíus, bróðir he nar | 9 - |
| 18. | Markús Magnússon, Sellandi | 13 - |
| 19. | Ingólfur bróðir hans | 11 - |
| 20. | Margrét systir hans | 9 - |
| 21. | Guðbjörn Jóhannsson, Melnum | 13 - |
| 22. | Sigurður bróðir hans | 10 - |
| 23. | Sigríður Jóhannesdóttir, Brekkuholti | 11 - |
| 24. | Bryndís Guðrún systir hennar | 9 - |
| 25. | Theodór Friðriksson, Laufásvegi 39 | 12 - |
| 26. | Jón Guðmundsson, Bergstaðastræti 33 | 9 - |
| 27. | Hólmfríður Jóhannsdóttir, Mýri | 9 - |
| 28. | Guðrún Ágústa Jóhannsdóttir, Bjarnaborg | 10 - |
| 29. | Ásgeir bróðir hennar | 9 - |
| 30. | Þórdís Magnea, Jónsdóttir, Ánanaustum | 8 - |
| 31. | Lilja Jóhannesdóttir, Laugavegi 50 | 13 - |
| 32. | Kristfríður Tómasdóttir, Norðurbæ | 12 - |
| 33. | Gróa Pétursdóttir, Laugavegi 50 | 11 - |
| 34. | Finnur Þórðarson, Klapparstíg 10 | 11 - |
| 35. | Ragnheiður Ólafsdóttir, Laugavegi 35 | 10 - |
| 36. | Magnús Þorkelsson, Skólavörðustíg | 9 - |
| 37. | Guðrún Ágústa systir hans | 8 - |
| 38. | Jóhanna Kristín Ingibjörg Einarsdóttir, bergstr.39 | 10 - |
| 39. | Halldóra Jóhanna Sveinbjarnard., Skólavörðustíg 33 | 10 - |
| 40. | Einar Ágúst Guðmundsson, Skáholti | 9 - |
| 41. | Haraldur Þórðarson, Kaplaskjólsvegi | 9 - |
| 42. | Þórður Sigtryggsson, Suðurgötu 10 | 13 - |
| 43. | Ragnar bróðir hans | 10 - |
| 44. | Kristín Guðrún Stefánsdóttir, Grímsstaðaholti | 11 - |
| 45. | Regína Guðrún Jónsdóttir, Stuðlakoti | 9 - |
| 46. | Friðrik Aðalsteinn Friðriks on, næturvarðar | 7 - |
| 47. | María Jónína Pálsdóttir, Bergsstr., Bjarnabæ | 9 - |
| 48. | Haraldur Þorkelsson, Bergstaðastr. 21 | 9 - |
| 49. | Ástríður Ólafía Símonardóttir, Pálshúsum | 8 - |
| 50. | Anna María Gísladóttir, Nýjabæ | 10 - |
| 51. | Magdalena Margrét Pétursdóttir, Bergskoti | 12 - |
| 52. | Bjarni bróðir hennar | 10 - |
| 53. | Kristín Jónsdóttir, Litlaholti | 11 - |
| 54. | Ingvar Pálmason, Holtastöðum | 11 - |
| 55. | Ingibjörg Láretta Eiríksdóttir, Melshúsum | 11 - |
| 56. | Guðrún Jónsdóttir, Litlubrekku | 12 - |
| 57. | Jónína Sigríður systir hennar | 11 - |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

58. Páll Ásmundsson, Sólheimum 9 ára
59. Sigríður Dagfinnsdóttir, Brúarenda 12 -
60. Guðmundur bróðir hennar 10 -
61. Helga Berthelsen Bergstaðastræti 10 -

b. Að hálfu leyti:

1. Jón Vilhjálmur Þorsteinsson bróðir 1. lo 8 ára
2. Jónina Sigríður Sigurðardóttir Klapparstíg 3 10 -
3. Brynjólfur Björgvin Guðmundsson, Kröggólfsstöðum 12 -
4. Pétur Sigurðsson, Hákoti 7 -
5. Jóhann Oddur Jónsson, Litlabæ 11 -
6. Ólafur Guðjónsson, Klapparstíg 20 11 -
7. Einar bróðir hans 10 -
8. Þuríður Erlendína systir hans 8 -
9. Kristín Guðmundsdóttir, Ívarsseli 13 -
10. Pálína systir hennar 12 -
11. Einar bróðir hennar 9 -
12. Anna Jónsdóttir, Pálshúsum 8 -
13. Daníel Oddsson, Norðurbæ 13 -
14. Guðmundur Marteinsson, Stuðlakoti 9 -
15. Jón Guðmundur Jónsson, Bókhlöðustíg 11 -
16. Ragnhildur systir hans 10 -
17. Eyjólfur Ólafsson, Miðhúsum 12 -
18. Ingibjörg Ágústa Einarsdóttir, Lágholti 10 -
19. Þorlákur bróðir hennar 9 -
20. Magn. Vilhelm Jóhannesson, Nýlendugötu 13 12 -
21. Jóhanna Pálsdóttir, Vesturgötu 50 10 -
22. Lilja systir hennar 9 -
23. Soffía Ólafsdóttir, Vesturgötu 26 b 11 -
24. Emilía systir hennar 9 -
25. Anna Gísladóttir, Vesturgögu 26 b 9 -
26. Þorkell bróðir hennar 7 -
27. Guðm. Helgi Björnsson, Suðurgötu 10 10 -
28. Sigurlaug Eyjólfsdóttir, Smiðjustíg 7 9 -
29. Ásta Jónsdóttir, Eiðsstöðum 8 -
30. Jón Helgason, Vesturgötu 57 13 -
31. Jóna Ólafía Jónsdóttir, Bergstaðastr. 13 13 -
32. Páll bróðir hennar 9 -
33. Gísli Erlendsson, Lindargötu 7 11 -
34. Þórður Hermann bróðir hans 9 -
35. Þorsteinn Sigurðsson, Lindartúni ~~11~~ 11 -
36. Margrét systir hans 10 -
37. Sigurður Sigurðsson, Litlaseli 12 -
38. Gyða systir hans 10 -
39. Ólafía Hólmfríður Gróa Einarsdóttir, Klapparstíg 14 9 -
40. Valdimar Árnason Hansbæ, Bakkast. 10 -
41. Guðbjörg Alexandersdóttir, Sellandi 12 -
42. Sigríður Gróa Þorsteinsdóttir, Frostastöðum 12 -
43. Guðjón bróðir hennar 10 -
44. Krisjana Erlendsdóttir, Melshúsum 9 -
45. Ásta Jónsdóttir, Bergstaðastræti 3 11 -
46. Þóra Ásmundsdóttir Garðbæ 11 -
47. Ásta Ásgeirsdóttir, Nýlendugötu 10 10 -
48. Ásgeir bróðir hennar 9 -

III. Þurfamannabörn:

1. Magn. Magnússon, Móabæ í Kaplaskjóli 13 ára
2. Kristín Jórunn Emilía Þorkelsdóttir, Nýlendugötu 22 9 -
3. Þórdís Ragnheiður systir hennar 11 -
4. Guðrún Valgerður Árnadóttir, Bakka 12 -
5. Árni bróðir hennar 10 -
6. Guðm. Kristinn Magnússon, Pósthússtræti 17 8 -
7. Kristjana Tómasdóttir, Laugavegi 29 11 -
8. Marten Sörensen , Lindargötu 7 8 -
9. Jón Árnason 13 -
10. Vigfús Ludvig bróðir hans 12 -
11. Sofus Alexander bróðir hans 10 -
12. Elín Alexandra Þorleifsdóttir, Hólakoti 12 -



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| 13. | Þorsteinn Lárus Einarsson Vesturgötu 8 | 9 ára |
| 14. | Jóhannes Magnússon, Grettisgötu 1 | 10 - |
| 15. | Jónína Guðrún Pálsdóttir, Melshúsum | 13 - |
| 16. | Pálína systir hennar | 10 - |
| 17. | Kristjana Sigríður Gísladóttir | 12 - |
| 18. | Kristján bróðir hennar | 8 - |
| 19. | Július Ólafsson, Smiðjustíg 11 | 13 - |
| 20. | Sumarliði bróðir hans | 10 - |
| 21. | Karólína systir hans | 8 - |
| 22. | Sigríður Guðmundsdóttir Doktorshúsi | 12 - |
| 23. | Karl bróðir hennar | 7 - |
| 24. | Þórður Björnsson, Laugavegi 61 | 11 - |
| 25. | Jóhann Vilhelm Stefánsson, Ráðagerði | 12 - |
| 26. | Oktavía Sigríður Einarsdóttir, Skálholtskoti | 11 - |
| 27. | Nikulás Kristinn Jónsson, Brunnstíg | 8 - |
| 28. | Gunnar Einarsson, Laugavegi 61 | 9 - |
| 29. | Júlíus Valdimar Runólfsson, Vitastíg 8 | 11 - |
| 30. | Sigurlaug Jónína Jóhannsdóttir, Litlaseli | 12 - |
| 31. | Kristinn Oddfreðsson | 10 - |
| 32. | Dýrfinna systir hans | 8 - |
| 33. | Finnbogi Marteinsson, Traðarkoti | 12 - |
| 34. | Lilja systir hans | 10 - |
| 35. | Gunnþóra Brunjólfsdóttir, Breiðagerði | 12 - |
| 36. | Tryggvi Ásgrímsson | 10 - |
| 37. | Þorbjörg systir hans | 8 - |
| 38. | Egill Jónasson | 13 - |
| 39. | Þórður Jóhannesson | 10 - |
| 40. | Magnús Þorsteinsson, Hverfisgötu 24 | 12 - |
| 41. | Guðmundur bróðir hans | 10 - |
| 42. | Þórarinn Jónsson frá Sauðagerði | 11 - |
| 43. | Guðmundur Markússon, Skuld | 12 - |
| 44. | Kristinn Júlíus bróðir hans | 9 - |
| 45. | Gestur Hansson, Seli | 12 - |
| 46. | Guðm. Halldór Guðnason, Veðramóti | 9 - |
| 47. | Laufey Þoroddsdóttir, Suðurgötu 10 | 10 - |
| 48. | Emmy Jensína Sörensen | 9 - |
| 49. | Magnúsína Ágústa Ólafsdóttir, Kirkjubóli | 11 - |
| 50. | Björn Ragnar bróðir hennar | 10 - |
| 51. | Kristín Oddsdóttir, Einholti | 9 - |
| 52. | Aðalbjörg Þorkelsdóttir, Sauðagerði | 12 - |
| 53. | Valdimar Brynjólfsson, Nýjabæ | 12 - |
| 54. | Guðmundur bróðir hans | 10 - |
| 55. | Þóranna Rósa Sigurðardóttir, Hverfisgötu | 11 - |
| 56. | Finnur Jónsson, Garðhúsum | 13 - |
| 57. | Kristjana systir hans | 10 - |
| 58. | Þorgrímur Hermannsson, Bakka | 10 - |
| 59. | Ágúst Magnússon, Fúlutjörn | 12 - |
| 60 - | Sigurlaug Guðmundsdóttir, Skólavörðustíg 11 | 9 - |
| 61. | Jón Stefán Magnússon, Garðbæ | 13 - |
| 62. | Margrét systir hans | 10 - |
| 63. | Sigurður Sigurðsson, Þormóðsstöðum | 12 - |
| 64. | Þórdís Halldóra Pétursdóttir, Hrísakoti | 10 - |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, fimmtudaginn 1. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Erfðafestumál:
a. Jóni Valdasyni veitt lóðarviðbót, alls um 2/3 úr dagsláttu, 10-14 faðma breið með erfðafestulandi hans hjá Brúarenda, móaræma fyrir ofan erfðafestulandið. Afgjaldið miðast við 10 álnir af dagsláttunni.
b. Oddbjörgu Sigurðardóttur veitt viðbót við erfðafestuland sitt, uppi í holtinu meðfram erfðafestulandi hennar. Viðbótin er um 10 faðma á breidd og 300 ferfaðma að flatarmáli, áföst við viðbótina við erfðafestuland Jóns Valdasonar. Eftirgjaldið ákveðið 3 áln. meðalv.
c. Beiðni M.Th.Jensens um c. 30 dagsláttur til erfðafestu vestur af Bráðræðistúni - synjað.

2. Veganefndarmál - Bygginganefndarmál:
a. Samþykkt að taka eignarnámi lóð undir endann á Garðastræti af Dúkskotslóð og Grímsbæjarlóð.
b. Bréfi brunabótafélags kaupstaðanna hins almenna, um útborgun á brunabótaupphæð Glasgow skyldi svara á þá leið, að bæjarstjórnin finni ekki ástæðu til að brugðið sé út af hinni almennu reglu, að því er snertir útborgun þessa fjár.

3. Bæjarfógeti skýrði frá því, að hann í umboði bæjarstjórnar og fyrir hönd bæjarsjóðs, að fengnu samþykki landshöfðingja, hafi keypt jörðina Eiði á Seltjarnarnesi fyrir 3800 kr.

4. Samþykkt að framlengja Ingólfsstræti suður að Spítalastíg, og gjöra ráðstafanir þær, sem þar til eru nauðsynlegar, svo að vegurinn verði lagður í haust. Veitt þar til allt að 350 kr.

5. Guðrúnu Daníelsdóttur gefið eftir aukaútsvar manns hennar Hinriks Jónssonar Thorsteinsens fyrir síðastliðið ár, 8 kr.

6. Beiðni Guðbjargar Einarsdóttur um niðurfærzlu aukaútsvars hennar frestað, þangað til fengið væri álit niðurjöfnunarnefndar.

7. Beiðni Gunnars snikkara Gunnarssonar um niðurfærzlu á útsvari hans synjað.

8. Beiðni frá Sigurði Jónssyni, Ara Ar~~n~~asyni, Guðmundi Bjarnasyni og Árna Nikulássyni um ókeypis kennslu í barnaskólanum fyrir börn sín, vísað til skólanefndar til ályktunar.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Einars Bjarnasonar | 1435 kr. |
| b. | - | Matthíasar Þórðarsonar skipstjóra | 5684 - |
| c. | - | Einars Guðmundssonar | 1123 - |
| d. | - | Þorsteins Þorsteinssonar skipstjóra | 11925 - |
| e. | - | Jóns Guðmundssonar trésmiðs | 4257 - |
| f. | - | Arinbjarnar Sveinbjarnarsonar | 12606 - |
| g. | - | Guðmundar Þorleifssonar og Gísla Jóhannssonar | 24336 - |
| h. | h | Hallgríms Jónssonar kennara | 5329 - |
| i. | - | Jóhannesar Jónssonar | 1905 - |
| j. | - | Guðjóns Jónssonar og Guðmundar Brynjólfssonar | 9534 - |
| k. | - | Einars Einarssonar skipstjóra | 5934 - |
| l. | - | Jóns Jónssonar | 2322 - |
| m. | - | Jóhanns T. Egilssonar snikkara | 6172 - |

10. Beiðni um lokræsi í Bankastræti, vísað til veganefndar.

11. Beiðni frá alþýðufyrirlestranefnd Stúdentafélagsins um leyfi til að nota stofu í barnaskólahúsinu, til fyrirlestra, ókeypis eins og áður.

12. Beiðni frá lúðrafélaginu um 166 kr. 66 aur.. styrk. Málinu frestað, til þess að fram gæti komið nánari upplýsingar um hag félagsins.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Dregið út nr. 52 af Laugarnes skuldabréfunum, sem verður innleyst þ.á.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Þórh. Bjarnason.
Björn Kristjánsson. Sig. Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson.
Magnús Einarsson. Ólafur Ólafsson. Jón Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, fimmtudaginn 15. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Breyting á erfðafestuskilmálum. Málinu frestað til næsta fundar.

2. Úthlutun styrks af alþýðustyrktarsjóði. Bæjarstjórnin samþykkti þá úthlutun styrksins, sem fátækranefndin hafði gjört tillögur um. Hafði hún lagt til að styrkurinn væri veittur 26 konum og 2 karlmönnum (skrá yfir styrkþiggjendur verður færð inn í gjörðabókina).

3. Styrkbeiðni Lúðrafélagsins. Bæjarstjórnin lofaði að veita félaginu 166 kr. 67 a. styrk fyrir árið 1904.

4. Beiðni um útvísun erfðafestulands frá Einari Zöega, Sigurði Guðmundssyni og Einari Finni Jónssyni, var vísað til erfðafestunefndarinnar.

5. Beiðni um rennu frá Edilon Grímssyni, um gangstíg í Hlíðarhúsamýri og um brunn á Bræðræðisholti var vísað til veganefndar.

6. Samþykkt var að borga lóðareiganda 150 kr. 85 a. fyrir lóðarnám undir Fríkirkjuveginn; var metið af dómkvöddum mönnum.

7. Samþykkt var að greiða Páli Jónssyni vegfræðing 237 kr. 20 ÷ 43.13 = kr. 194.07 fyrir lóð, er frá honum hefur verið tekin undir Hverfisgötu.

8. Byggingarnefndarmál frá 3. þessa mán. lesnar upp og samþykktar.

9. Beiðni frá Þórði Þórðarsyni í Laugarnesi um, að fella burtu útsvar Kristins Jóhannssonar, , var ekki tekin til greina.

10. Útsvar Kristjáns Bjarnasonar skipstjóra, er drukknaði á síðastliðnu vori, var fellt burtu.

11. Tryggvi Matthíasson bauð forkaupsrétt á erfðafestulandi sínu, Þorsteinstúni, norður og vestur af Grímsstaðakoti, er hann vill selja fyrir 600 kr. Bæjar(Hér er lesmálið máð burtu, en gizka má á að þar hefði staðið):-in vill ekki nota forkaupsrétt, en áskilur sér rétt til að leggja vegi eða þess háttar,þá er þörf gerist.

12. Lagt fram reikningságrip yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1. júlí til 30. sept. þ.á., svo og yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs fyrir sama tímabil.

13. Til útgjalda til áhalda handa barnaskólanum var veitt sem aukafjárveiting 120 kr. til að kaupa fyrir harmonium handa skólanum. Fyrri umræða.

14. Aukafjárveiting til lengingar Ingólfsstrætis (4. mál í gjörðabók síðasta fundar) var samþykkt við síðari umræðu.

15. Bæjarstjórnin fól þeim 3 bæjarfulltrúum, Kristjáni Jónssyni, Jóni Magnúsyni og séra Þórhalli Bjarnasyni að sjá um, að konungi sé send hamingjuósk á 40 ára ríkisstjórnarafmæli hans. Kostnaður við það greiðist úr bæjarsjóði.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson og Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Sig. Thoroddsen. Magnús Einarsson. G.Björnsson. Jón Magnússon. Björn Kristjánsson. Hannes Hafliðason. Sighvatur Bjarnason. Ólafur Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, laugardaginn 17. október var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Húseign Jóns Guðmundssonar Laugavegi (Vegna þess að blaðið er rifið er ekki hægt að skrifa tölurnar, nema þær, sem hér eru ritaðar) | 19.. |
| 2. - | Jóns Felixsonar s. vegi | 33.. |
| 3. - | Sigurðar Jónssonar Aðalstræti | 18.. |
| 4. - | Sjómannafél. Basar, Vonarstræti | 1810 |
| 5. - | Guðmundar Einarssonar, Austurstræti | 17.. |
| 6. - | Lárusar Benediktssonar, Þingholtsstræti | 9335.- |
| 7. - | Bjarna Jónssonar við Klapparstíg | 9091- |
| 8. - | Guðm. Hannessonar, Grettisgötu | 3640. - |
| 9. - | Helga Hannessonar, Bankastræti | 2935.- |
| 10. - | Einar Zöega í Stekkjarholtstúni | 1101.- |
| 11. - | Hjörleifs Þórðarsonar, Hverfisgötu | 1620.- |

Bæjargjaldkerinn hafði í bréfi til bæjarstjórnarinnar óskað eftir, að hann yrði losaður við lögtak bæjargjalda.
Bæjarstjórnin vildi ekki taka beiðnina til greina.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson og Guðmundur Björnsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Halldór Jónsson. Jón Magnússon. Björn Kristjánsson. Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Sig. Thoroddsen. Sighvatur Bjarnason. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason. Þórh. Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, mánudaginn 19. októbermánaðar kl. 12 á hádegi var haldið framtalsþing Reykjavíkurbæjar á bæjarþingstofunni.

Þessir menn töldu fram:

1. M. Matthíasson taldi: 5 kýr leigufærar, 2 hesta, 1 hryssu.
2. Þorsteinn Tómasson: 1 kú, 1 hryssu.
3. Jón Valdason: 3 kýr, 3 hesta.
4. Sverrir Ólafsson: 12 ær með lömbum, 1 hest, 1 tryppi v.g.
5. Jón Árnason, Grettisgötu 43: 2 hesta.
6. Jóm Jóhannsson, Lv. 69: 2 hesta.
7. Þorl. Guðmundsson: 2 kýr leiguf., 2 tímab., 35 ær, 6 ær lambsg., 19 vgl., 10 sauðirfull., 3 hestar, 2 tryppi.
8. B. Teitsson: 1 kvíga mylk, 3 hestar, 5 ær.
9. Þ. Pétursson : 1/4 úr þilskipi, 1 6 manna far, 1 hestur.
10. Kjartan Runólfsson: 3 ær með lömbum, 5 lambsg., 6 geml.,
11. Jón Jenswon: tíundar tvær kýr.
12. Þ. Þórðarson Laugarnesi: 18 ær, 6 lambsg., 14 vgl., 3 kýr, 3 hesa.
13. Sigurður Jónsson, fangavörður: 2 kýr.
14. Gunnl. Pétursson: 4 ær, 1 hest.
15. Jón Tómasson: 1 kú, 1 hest, 1 hryssu, 2 tryppi, 2 ær, með lömbum, 3 lamb~~lambs~~gimbrar.
16. Stgr. Jónsson, Sölfhól: 1 hryssa 4v., 1 sexmannafar, gékk ekki.
17. Guðm. Ingimundarson: 4 kýr, 1 kýr, 3 hestar, 2 tryppi, 4 ær með lömbum.
18. Jóhann Þorsteinsson, Lv. 84: 1 hestur. Leigur af landeign: 60 áln. ⁄ 40 ..........
26 - ⁄ 2 -
19. Andrés Þorleifsson: 2 kýr.
20. Jón Magnússon, landritari: 2 hesta.
21. P. Vídalín: 2 kýr, 3 hesta, 24 ær.

Fleiri töldu ekki fram.

Framtalsþinginu slitið.

G.Guðmundsson.

Vottar:
Jónas Jónsson.
Ól.Jensson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, fimmtudaginn 5. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Um breytingu á erfðafestuskilmálum: Í stað 8. liðs í erfðafestuskilmálunum var samþ. svolátandi liður:
Eigandi er skyldur að láta af hendi endurgjaldslaust lóð á hinu afsalaða landi til gatna, vatnsbóla og annara álíka bæjarþarfa, svo og til hússtæða, ef og að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin og byggingarnefndin álítur þess þörf, og skal sá lóðarmissir endurgoldinn eftir óvilhallra manna mati.

2. Vegarnefndarmál - vatnsból.
Eftir tillögu veganefndar var sþ. að verja 300-400 kr. til aðgerða Sellandsbrunni, og enn var veganefnd falið að semja um við brunneiganda, Bjarna Jónsson, um afnot af brunni hans fyrir almenning.
Bréf frá Sveini Sigfússyni um vegalagning. Samþykkt var að fela veganefnd að framlengja Lindargötu upp á Vitatorg.
Veganefnd lagði til að fresta ráðstöfun um brunn á Bráðræðisholti og var það samþykkt.
Veganefnd falið að semja um kaup á lóðum undir framhald Frakkastígs.
Samþykkt var að setja 2 luktir við laugarnar, 1 lukt við Laufásveg og 1 lukt við Klapparstíg.
Erindi frá Guðm. Þorkelssyni um endurgjald fyrir lóðarnám. Bæjarstjórnin vildi ekki taka þá kröfu til greina.

3. Magnús Vigfússon á Miðseli á að fá endurgjald samkv. mati 2 manna fyrir nám á Miðselstúni, 20 kr. á ári. Samþ. var að greiða Magnúsi 20 kr. í skaðabætur á ári úr bæjarsjóði gegn endurgjaldi úr landssjóði

4. Byggingarnefndargjörðir ~~fyrir~~ frá 17/10 -og 26/10 lesnar upp og samþykktar.

5. Erindi frá Jul Schau um húsbygging niður við sjó á lóð sinni, er byggingarnefnd hafði ekki viljað leyfa, og beiðni um endurgjald fyrir kostnað við grunnbygging.
Bæjarstjórnin samþykkti gjörðir byggingarnefndar, og óskaði eftir yfirlýsingu hennar um, hvort hún áliti ástæðu til að greiða skaðabætur.

6. Vilh. Bernhöft og Þorl. Ó. Johnsen tilkynna að þeir ætli að selja Tjarnarbrekkuna fyrir 3000 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt en áskildi sér rétt sinn óskertan til vegalagningar á sínum tíma.

7. Sömu tilkynna að þeir ætli að selja sneið af Skólabæjartúni hr. Ingvari Vilhjálmi Ingvarssyni. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt og hafði sama fyrirvara um rétt sinn óskertan til lóðarinnar til vegalagninga.

8. Kristján Guðnason tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt "Hjallaland" fyrir 2000 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt en áskildi sér vegalagningarrétt sinn óskertan.

9. Landsbankinn tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt "Laugaland" með húsi fyrir 3000 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt, en áskildi sér vegalagningarrétt sinn óskertan.

(10. Beiðni frá Ønnu Þóru Pétursdóttur á Selsholti um eftirgjöf á aukaútsvari sakir veikinda. - Frestað til að fá frekari upplýsingar.)

10. Beiðni frá Þórarni Jónssyni á Selsholti um eftirgjöf á aukaútsvari sakir veikinda. Frestað til að fá betri upplýsingar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Beiðni frá Onnu Þóru Pétursdóttur um lækkun á útsvari úr 18 kr. í 6 kr. sakir þess hún kostar systur sína á spítala. Beiðnin var samþykkt.

12. Niðurjöfnunarnefnd gaf upplýsingar um útsvar Guðbjargar Einarsdóttur að það væri 4 kr.

13. Veittar 120 kr. til kaupa á harmóníum til barnaskólans samþ. við aðra umræðu.

14. Beiðni um hálft skólagjald eftirgefið fyrir Guðrúnu Snæbjarnardóttur var samþykkt.

15. Guðmundi Jafetsyni veitt leyfi til vegalagningar að erfðafestulandi sínu undir umsjá veganefndar.

16. Einari Zöega veitt viðbót við erfðafestuland nálægt 1 1/2 dagsláttu fyrir norðan og austan erfðafestuland sitt, gegn sama árgjaldi og hin fyrri viðbót.

17. Sigurði Guðmundssyni og Einari Finni Jónssyni veitt til erfðafestu land það, er Sveini Jónssyni var ætlað á fundi bæjarstjórnar 4. júní þ.á., eftir mælingu um 7 dagsláttur gegn 7 álna eftirgjaldi fyrir dagsláttuna. Sveinn Jónsson hafði afsalað sér landi þessu.

18. Beiðni frá Jóni Þorlákssyni og Þórarni Þorlákssyni um erfðafestuland í Rauðarárholti vildi bæjarstjórnin ekki veita.

19. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Sturla Jónssonar við Smiðjustíg | 14650.- |
| b. | - | Kristjáns Kristjánssonar við Frakkastíg | 9659.- |
| c. | - | Sveins Sigfússonar við Lindargötu | 2111?.- |
| d. | - | Frostastaðir, brunabóta nr. 268.- | 1805.- |
| e. | - | , fiskigeymsluhús á Frostastaðalóð | 5265.- |
| f. | - | Rdilons Grímssonar við Bakkastíg | 3176.- |
| g. | - | Kristjáns Þorgrímssonar Kirkjustræti | 14491.- |
| h. | - | Árna Nikulássonar í Pósthússtræti (nýtt) | 10045.- |
| i. | - | Guðmundar Stefánssonar, við Lindargötu | 4750.- |
| j. | - | Þorsteins Þórðarsonar við Hverfisgötu | 3504.- |
| k. | - | Gunnl. Ó. Bjarnasonar, við Vatnsstíg | 3128.- |
| l. | - | Pálma Pálssonar í erfðafestulandi hans | 2795.- |
| m. | - | Björns Guðmundssonar í Skólastræti | 2500.- |
| n. | - | Halldórs Þórðarsonar við Ingólfsstræti | 14901.- |

20. Beiðni frá Jóni Guðmundssyni Laugalandi um nýtt erfðafestuland var vísað til erfðafestunefndar.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Þórh. Bjarnason. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Sig. Thoroddsen. Magnús Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Jón Magnússon. Björn Kristjánsson. Sighvatur Bjarnason. G. Björnsson. Hannes Hafliðason. Ólafur Ólafsson. Tryggvi Gunnarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, fimmtudaginn 19. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Veganefndarmál:
a. Beiðni frá Bjarna Jónssyni o.fl. um lagning Grettisgötu vestur og um vatnsból. Vísað til veganefndar.
b. Beiðni um 2 ljósker við Spítalastíg og Ingólfsstræti vísað til sömu nefndar.
c. Veganefnd skýrði frá, að Bjarni Jónsson gæfi kost á að láta vatn úr brunni sínum, á þann hátt, að lögð væri pípa úr brunninum út fyrir port og sérstakur maður fenginn til að pumpa. 50 kr. á mánuði vildi hann og fá í leigu fyrir ~~brúnninn~~ not brunnsins. Veganefnd vildi ekki upp á eindæmi ganga að þessum kjörum.
Bæjarstjórnin frestaði að taka ákvörðun um brunngjörðir í austurbænum þangað til veganefnd kæmi með tillögur sínar um hvernig skyldi verja næsta árs vegafé og vatnsbólafé.
d. Veganefnd tilkynnti að kaup væri gjörð á lóð undir part af Frakkastíg fyrir 3 kr. 26 a. ferfaðminn, eins og henni hefði verið falið á síðasta fundi.
e. Veganefnd gat um, að það mundi kosta um 150 kr. að færa girðingu norð an Amtmannsstígs sunnar meðfram lóð Guðm. Björnssonar læknis. Ákvörðun var frestað.

2. Bæjarfógeti tilkynnti, að vatnsleiðslufélag það í Englandi, er bæjarstjórn hafði verið í samningum við um vatnsverksrannsókn og vatnsverksgerð í bænum hefði nú svarað, að það væri sér ekki fært að leggja út í það lengra.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 10. þ.m. lesnar upp og samþykktar með þeirri athugasemd, að skúr sá,(~~vestan~~/við geymsluhús verzl. Edinborgar) er Ásg. kaupmanni Sigurðssyni var heimilað að byggja vestan við geymsluhús verzl. Edinborgar nr. 11 í Hafnarstræti, fái aðeins að standa þar til vorsins.

4. Erindi frá "Framfarafélagi Reykjavíkur" um stofnun sjóðs í minning 40 ára ríkisstjórnarafmælis konungs. Bæjarstjórnin samþykkti í einu hljóði þessa tillögu. Bæjarstjórnin lýsir yfir því, að hún er í alla staði hlynnt því, að sjóður verði stofnaður af Reykvíkingum í minningu 40 ára ríkisstjórnarafmælis konungs vors.

5. Helmingur aukaútsvars Þórarins Jónssonar í Selsholti þ.á. var fellt burtu eftir beiðni hans sakir lasleika hans.

6. Aukaútsvar Einars Þórðarsonar (lausam.) lækkað um 3 kr., ef hann sýnir fullnægjandi skilríki fyrir því, að hann hafi greitt 3 kr. á Akureyri í aukaútsvar fyrir yfirstandandi ár.

7. Aukaútsvar Kristmanns Tómassonar fyrir þ.á. 5 kr. fellt burtu, með því að hann fluttist ekki til bæjarins fyrr en 10. okt. þ.á.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Hesthús og fjós Guðm. Ingimundarsonar Bergstaðastræti | 1224.- |
| b. | Geymsluhús Guðjóns Gamalíelssonar sama str. | 774.- |
| c. | Húseign Þorsteins Einarssonar Akurgerðislóð | 1197.- |
| d. | Skúr Jóns Jenssonar Þingholtsstræti | 304.- |
| e. | Húseign Jóhannesar Sigurðssonar við Lindargötu | 3279.- |

9. Bæjarstjórnin samþykkti að ráða verkfræðing Knud Zimsen til næstu 5 ára talið frá 1. janúar 1904, til að taka að taka að sér byggingarfulltrúastörf og brunabótavirðingu - eftirlitsstörf; jafnframt skal hann halda áfram mælingum og kortgjörð bæjarins, sem hann hefur nú á hendi, og hafa lokið því, að því er miðhluta bæjarins snertir, innan aprílloka næsta ár. Þá er aðal mælingarstarfinu er lokið skal hann hafa á hendi framkvæmd veganefndarmála og framkvæma þær mælingar og gjöra þær áætlanir, sem bæjarstjórnin þarf að láta framkvæma sakir verka er hún ætlar að láta vinna.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á sínum tíma skal hann og hafa eftirlit með heilbrigðissamþykkt. Laun hans skulu vera 2700 kr. á ári.

10. Bæjarstjórnin samþykkti að innheimta með lögsókn, ef á þarf að halda, tillög, sem ógreidd kunna að vera, til nýrra vega, frá eigendum lóða, er að hinum nýju vegum liggja.

11. Lögð fram skýrsla um hluttöku bæjarins í framfærzrslukostnaði Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkurbæjar frá 1900 tel 1903.

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. G. Björnsson. Magnús Einarsson. Sig. Thoroddsen. Þórh. Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Sighvatur Bjarnason. Tryggvi Gunnarsson. Jón Magnússon. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903 fimmtudaginn 3. des. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Um lóðasölu:
Bæjarstjórnin ákvað að selja lóðir eftir þeim taxta er hér segir, er gilda skal til ársloka 1904 fyrst um sinn:
a. Hver feralin á Skólavörðuholti 20 - 30 aura, feralin.
b. - - í Þingholtum 15 - 25 aura.
c. - - við Rauðarárstíg 10 - 20 -
d. - - - Laugaveg fyrir sunnan Mjölnir 10-15 aura
e. - - á Selsholti 5 - 15 aura.
f. - - - Bráðræðisholti 5 - 10 aura.
g. - - - Grímsstaðaholti og í Kaplaskjóli allt að 5 aura.
h. - - - Melunum 5 - 15 aura.

2. Beiðni frá Ólafi Ólafssyni Fríkirkjupresti um veg yfir Miðvöll vísað til veganefndar.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 21. nóvember lesnar upp og samþykktar.

4. Samkv. tillögum byggingarnefndar var Jul. Schou steinhöggvara heimilað að byggja hús á lóðinni norðan við íbúðarhús hans með þeim skilmálum og þeirri kvöð á húseigninni, að eigandi skuli skyldur til að taka húsið burtu á sinn kostnað endurgjaldslaust, þá er bæjarstjórnin krefst þess.

5. Gatan yfir Miðvöll milli Bókhlöðustígs og Skálholtskotsstígs skírð Miðstræti. Gatan suður frá Laugavegi innan Rauðarár skírð Rauðarárstígur.

6. Kosnir til að semja alþýðustyrktarsjóðsskrá fyrir næsta ár: Magnús Einarsson, Hannes Hafliðason, Krisján Þorgrímsson.

7. Beiðni um erfðafestuland frá Eiríki Filippussyni meðfram Laugavegi vestantil við landareign Páls Vídalíns, var ekki tekin til greina.

8. Aukaútsvar Þórhalls Þórhallssonar gefið eftir fyrir yfirstandandi ár sakir langvarandi sjúkleika hans.

9. Síðari hluti aukaútsvars Benedikts Pálssonar prentara 5 kr. gefið eftir af sömu ástæðum.

10. Aukaútsvar Stefáns Þórðarsonar Grettisgötu 37, fyrir yfirstandandi ár fellt burtu, með því að hann fluttist ekki til Reykjavíkur fyrr en síðast í október.

11. Beiðni frá Sigmundi Thorlacíus um eftirgjöf á 10 kr. aukaútsvars. Frestað til betri upplýsingar.

12. Erindi frá Jochum Þórðarsyni um útsvarsskyldu hans hér í bæ frestað til að leita álits niðurjöfnunarnefndar.

13. Stefán Egilsson tilkynnir að hann ætli að selja lóðarspildu af erfðafestulandi sínu ca. 300 ferálnir fyrir 40 aura hverja feral. Byggingarnefnd var falið að rannsaka hvort bærinn þurfi á landspildu þessari að halda.

14. Samþykkt að gefa dr. Jónassen /landlækni vottorð um jarðabætur hans.

15. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Verksmiðjan "Iðunn" | 69685.- |
| b. | Steinbær Eyþórs Oddssonar við Bergstaðastræti | 1249.- |
| c. | Húseign Jóns kaupmanns Magnússonar við Laugaveg | 6377.- |
| d. | - Péturs Hjaltested við Klapparstíg | 32956.- |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

e. Húseign Bárufélagsins við Vonarstræti 27431.-
f. - Magnúsar Stephensen landsh. við Þingholtsstræti 25049.-
g. - Sigurðar Oddssonar og Helga Magnússonar við Bankastræti ........... 18310.-
h. Útihús Matth. Matthíassonar við Skólavörðustíg 7201.-
i. Geymsluhús Eyjólfs Ófeigssonar við Laugaveg 480.-
j. - Þorsteins Tómassonar við Lækjargötu 300.-
k. Smíðahús Guðjóns Einarssonar við Kalkofnsveg 456.-

16. Guðm.Guðmundsson fátækrafulltrúi tilkynnir að hann ætli að ~~hann~~ selja erfðafestuland sitt Norðurmýrarblett nr. 4 fyrir 1800 kr. Bæjarstjórnin vill ekki nota forkaupsrétt, en áskilur sér allan rétt sinn óskertan til lóðarinnar í þarfir bæjarins.

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Jón Magnúswon. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Sig. Thoroddsen. Sighvatur Bjarnason. G.Björnsson. Kristján Þorgrímsson. Þórh. Bjarnason. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason. Magnús Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, fimmtudaginn hinn 17. des. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Áætlun veganefndar hvernig verja skuli vegafé 1904, var til umræðu. Féð er 6500 kr.

Þessar fjárveitingar voru samþykktar:

| | |
|---|---|
| 1. Amtmannsstígur: 150 kr. til lögunar á veginum frá Skólastræti niður að Læk / 150 kr. til Guðmundar Björnssonar fyrir lóð og girðingu, með þeim skilmálum að viðhald girðingar meðfram lóð hans hvíli framvegis á eiganda og að bærinn eignist einnig lóðarræmu undir suðurenda geymsluhúss hans - og fái til afnota þá er geymsluhúsið verður rifið. | 300.- |
| 2. Styrkur til Félagsbakarísins | 130.- |
| 3. Styrkur til Rauðarárstígs | 50.- |
| 4. Ingólfsstræti: Lóðarkaup af Halldóri Þórðarsyni og ~~Gunnari Tómássyni~~ undir framhald strætisins . NB.Tóm-Gunnarss. | 330.- |
| 5.(Vegarkafli næst Lindargötu) Frakkastígur: Vegarkafli næst Lindargötu: Lóðarkaup: 50.ferf. á 3/25- til vegarins 1750 | # 180.- |
| 6. Grettisgötu frá Frakkastíg niður á Klapparstíg, lóðarkaup, girðingar, vegalagning allt að | 400.- |
| 7. Klapparstígur, framhald upp að Grettisgötu, lóðarkaup og vegalagning allt að | 650.- |
| 8. Vitastígur, vegalagning | 35.- |
| 9. Miðstræti til Bókahlöðustígs, lóðarkaup og vegagerð /allt að | 420.- |
| 10. Brú yfir lækinn við Bókahlöðustíg | 200.- |
| 11. Tjarnargata, breikkun og lögun og lóðarkaup alltað | 400.- |
| 12. Vesturgata, stétt og steinlímd renna 130 kr. | 1000.- |
| 13. Vegarlagning frá Vesturgötu til húss Jóns Sveinssonar | 200.- |
| 14. Til ofaníburðar | 1500.- |

~~15~~ Liðirnir 5-10 voru samþykktir með þeim fyrirvara, að bæjarstjórnin veiti það fé, sem kann að vanta upp á hinar áætluðu upphæðir.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 5. þ.m. lesnar upp og samþ.

3. Guðm. Guðmundssyni fátækrafulltrúa veitt lausn frá því starfi eftir ósk hans. Kosinn í hans stað Samúel Ólafsson söðlasmiður.

4. Fellt í burtu aukaútsvar Sigm. Thorlacius, 10.- ~~fyrir~~ 1903. Kom eigi til bæjarins fyrr en 8. október. Og fellt burtu aukaútsvar hr. Jokhums Þórðarsonar, ~~fyrir á~~ s.á. með því að hann hefur átt lögheimili annarsstaðar.

5. Beiðni Teits Jónssonar um burtnám aukaútsvars hans fyrir 1903 var frestað til að fá betri upplýsingar.

6. Bæjarstjórnin samþykkti að gera þá breytingu á bæjarstjórnarsamþykktinni að 4. gr. 1. málsgrein orðist þannig: "Í fátækranefndinni eiga sæti 5 bæjarfulltrúar og kýs hún sjálf formann sinn".

7. Útsvar Helgu Guðmundsdóttur frá Vatnsdal fyrir 1903 fellt burtu 10 kr. með því hún greiddi útsvar annarsstaðar fyrir s.á. Kom hingað um miðjan okt.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| a. Skúr Jóhannesar Lárussonar við Laugaveg | 954.- |
| b. Húseign Páls Ingva Nielssonar við Klapparstíg | 3590.- |
| c. - Gísla Jóhannessonar við Grettisgötu | 5252.- |
| d. - kolavarzla Timburverzl. Reykjavík | 1010.- |
| e. - dr. Jóns Þorkelssonar við Suðurgötu | 15300.- |
| f. - Helga Sigurðssonar við Njálsgötu | 3727.- |
| g. - Guðm. Guðmundssonar á Ánanaustalóð | 5949.- |
| h. - "Mjölnir"við Laugaveg | 15355.- |
| i. - Steingr. Guðmundssonar í Bergstaðastræti | 19674.- |
| j. - Eyþórs Oddssonar s. str. | 1749.- |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Tilkynnt bréf frá ráðgjafa Íslands til landshöfðingja út af heillaósk Reykvíkinga til konungs vors á 40 ára ríkisstjórnarafmæli hans.

10. Laun Brynjólfs Þorlákssonar fyrir söngkennslu í barnaskólanum hækkuð úr 50 a. í 75 a. fyrir klukkutímann og kennslu í íslenzku í 2 efstu bekkjum sama skóla heimilað 75 a. fyrir klukkutímann.

11. Skólanefndinni falið að ráðstafa ókeypiskennslubeiðni fyrir eitt barn.

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson, og Guðmundur Björnsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Magnús Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Sig. Thoroddsen. Jón Magnússon. Þórh. Bjarnason. Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, hinn 7. janúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Erindi frá Goodtemplara stúkunum hér í bænum um lóð til að reisa á Temlarahótel var vísað til byggingarnefndar til álita.

2. Til að undirbúa Alþingiskosningar-skrá 1904-1905 voru kosnir: Halldór Jónsson með 9 atkv., Kristján Jónsson með 8 atkv.

3. Landshöfðingi beiðist umsagnar bæjarstjórnar út af áfrýjun Jul. Schou steinhöggvara á úrskurði hennar um bygging á lóð hans.
Bæjarstjórnin ákvað að svara því, að hún héldi fast við það skilyrði, sem hún hefur sett fyrir bygging á nefndri lóð, þó með þeirri rýmkun, að eigi þurfi að taka burtu hús, er kann að verða byggt á lóðinni, fyrri en gata yrði lögð yfir lóðina meðfram sjónum.

4. Ákveðið að selja lóð, er Gísli sál. Kolbeinsson átti við Brekkustíg Jóni Gíslasyni í Hala fyrir 130 kr.

5. Eftir tillögum fátækranefndar var samþykkt að kaupa húseignina "Sólheima" fyrir 1770 kr.

6. Eftir tillögum sömu nefndar var samþykkt að selja Halldóri Jónssyni í Hlíðarhúsum lóðarblett er bærinn á áfast við lóð nefnds Halldórs, milli 200- og 300 feral. á stærð, fyrir 100 kr.

7. Eftir tillögu veganefndar samþykkti bæjarstjórn, að á árinu séu framkvæmdar eftirfarandi vegagerðir, er lóðareigendur eiga samkvæmt ákvæði bæjarstjórnar að borga með kr. 4.50 pr. hlaupandi faðm.

| | |
|---|---|
| 1. Vitastíg 70 faðma á kr. 4.50 | 315.- |
| 2. Njálsgötu 80 faðma - - | 360.- |
| 3. Frakkastíg niður að Lindargötu 30 faðmar | 135.- |
| 4. Grettisgötu vestur frá Frakkastíg að Klapparstíg 124 faðmar á 4.50 | 558.- |
| 5. Lindargötu frá Frakkastíg að Vitatorgi 60 f. | 270.- |
| 6. Klapparstíg frá Laugavegi að Grettisgötu 30 f. | 135.- |
| 7. Miðstræti 28 f. | 126.- |

Athugasemd sú, er sett er á síðasta fundi undir staflið l. 14 á við þessar vegagerðir, en ekki um fé það, er þar var veitt.

8. Beiðni frá Vilh. Kr. Jakobssyni og Jóni Stefánssyni um veg frá Laugavegi niður að húsi þeirra var vísað til veganefndar til álita.

9. Eftir tillögum veganefndar var samþykkt að verja 300 kr. af brunafé til aðgerða á Móakotslind.

10. Samþykkt var að lengja rennuna norðan við barnaskólagirðinguna niður í læk.

11. Eftir tillögum veganefndar var samþykkt að setja þessar nýjar luktir: Á hús Páls Hafliðasonar og þar sem mætist Grundarstígur og Spítalastígur.
Ennfremur var samþykkt að verja af ljóskerafé 200 kr. til að kaupa eitt götu- Kitsons ljós, og skal það ljósker sett í Templarasund fram undan kirkjunni.

12. Eftir tillögum sömu nefndar var samþykkt að fela verkfræðing bæjarins að gjöra sem allra fyrst uppdrátt yfir og áætlun um lagning Hverfisgötu austur og vestur svo og Þingholtsstræti og Ingólfsstræti ásamt afrennsli úr Þingholtunum.

13. Byggingarnefndargjörðir frá 19.12'03 og 2.1.'04 lesnar upp og samþykktar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Erindi frá Stefáni B. Jónssyni um forkaupsrétt á lóð fyrir sunnan lóð hans við Laugaveg var vísað til byggingarnefndar.

15. Beiðni frá steinsmiðafélaginu um 3-4 dagsl. grjótland útvísað vestan við land Páls Vídalín í Rauðarárholti var vísað til erfðafestunefndar.

16. Birt bréf landshöfðingja um staðfesting breytingar á bæjarstjórnarsamþykktinni.

17. Bréf frá amtinu um að ákveða meðalfúlgu með óskilgetnum börnum í næstu 5 ár frá 14. maí 1904 að telja.
Bæjarstjórn tók til upphæðina 80 kr., sem venjulega í bænum.

18. Samþykkt að endurborga Elínu Snorradóttur 5 kr. aukaútsvar fyrir 1903, sem hún hefur ofborgað.

19. Beiðni frá Árna Gíslasyni vestanpósti um allt að 6 dagsl. viðbót við erfðafestuland hans, vísað til erfðafestunefndar.

20. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Magnúsar Einarssonar við Vesturgötu | 1557.- |
| b. | - Sturlu Jónssonar við Hverfisgötu | 21335.- |

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Tryggvi Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson. Magnús Einarsson. Þórh. Bjarnason. Kristján Jónsson. Jón Magnússon. Sighvatur Bjarnason. Ólafur Ólafsson. Sig. Thoroddsen. Hannes Hafliðason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 21. janúar var reglulegur fundur haldinn af bæjarstjórninni.

1. Lesið bréf landshöfðingja, dagsett 15. s.m., út af erindi Jul. Schous steinhöggvara um útmælingu undir hús hans og úrskurð bæjarstjórnarinnar þar að lútandi. Látið sitja við úrskurð bæjarstjórnar.

2. Erindi frá ~~kennurum/ nemendum~~ kennendum læknaskólans um aðstoð bæjarstjórnarinnar að fá lík til æfinga við læknisfræðikennslu. Samþykkt að vísa málinu til 3 manna nefndar, og kosnir í nefndina: Jón Magnússon með 10 atkv., Kristján Jónsson með 8 atkv. Guðmundur Björnsson með 7 atkv.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 16. janúar 1904 lesnar upp og samþykktar, að því undanteknu að frestað var að kveða á um breidd Brekkugötu og Holtsgötu.

4. Veganefnd falið að láta rannsaka safngryfju við hús Einars Gunnarssonar, til þess að fá vitneskju um það, hvort þaðan komi spilling á vatni Skálholtskotslindarinnar.

5. Beiðni frá M. Th. Jensen um erfðafestuland vísað til erfðafestunefndarinnar.

6. Beiðni frá Guðmundi Guðmundssyni við Vatnsstíg um eftirgjöf á skólagjaldi fyrir 2 sonu sína, og beiðni um sama frá Sigurði Bjarnasyni við Klapparstíg fyrir son sinn. Erindum þessum vísað til skólanefndarinnar til frekari aðgerða.

7. Brunabótavirðingar samþykktar með þeim fyrirvara, að eftirlitsmaður bæjarins hafi ekkert við þær að athuga:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Hannesar Sigurðssonar í Ánanaustum | 1494.- |
| b. | - Guðjóns M. Helgasonar við Laugaveg | 5113.- |
| c. | - Kristjáns Jónssonar við Kaplaskjólsveg | 2903.- |

8. Kosinn Kristján Þorgrímsson í stað Halldórs Jónssonar í nefndina til að undirbúa kjörskrá til Alþingis.

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson. og Halldór Jónsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. G.Björnsson. Sighvatur Bjarnason. Jón Magnússon. Tryggvi Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson. Sig. Thoroddsen. Kristján Jónsson. Þórh. Bjarnason. Ólafur Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 4. febrúar var reglulegur fundur haldinn af bæjarstjórninni.

1. Erindi frá sjómannafélaginu "Báran" um leyfi til að fylla upp Tjörnina fyrir austan hús félagsins. Vísað til byggingarnefndar til álita.

2. Lagður fram alþýðustyrktarsjóðsreikningurinn fyrir árið 1903. Kosnir til a endurskoða hann: Jón Magnússon með 6 atkv. og Sighvatur Bjarnason. Sighvatur Bjarnason og Sigurður Thoroddsen fengu 5 atkv. hvor, og var hinn fyrrnefndi kosinn með hlutkesti.

3. Tilkynning frá brunabótafélagi dönsku kaupstaðanna um að Þorvaldur Bjarnason sé leystur frá að byggja upp aftur nr. 5 í Vesturgötu (Glasgow).

4. Tilkynning frá sama félagi um viðauka við samþykkt félagsins.

5. Beiðni um lóðarafsal frá Magnúsi Vigfússyni í Miðseli. Vísað til byggingarnefndarinnar til álita.

6. Byggingarnefndarmál: Samþykkt að Brekkugata og Holtsgata skuli vera 20 álna breiðar.

7. Brunabótavirðingar, er eftirlitsmaður hefir ekkert fundið athugavert við:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign Eyjólfs Ófeigssonar | | 6645.- |
| b. | - | Jens Jörgens Jenssonar | 3627.- |
| c. | - | Guðmundar Magnússonar Laugaveg 8 | 2028.- |
| d. | - | C. Zimsens, nr. 2 í Pósthússtræti (endurbætt) | 5877.- |
| e. | - | Guðjóns Ólafssonar og Bjarna Jónssonar | 5882.- |
| f. | - | Breikkun og viðbót útbyggingarinnarlitn C við austurenda húss Bárufélagsins í Vonarstræti og geymsluhús | 903.- |

8. Beiðni um undanþágu frá gjaldi í bæjarsjóð fyrir sjónleiki. Fellt með 6 móti 3.

9. Erindi frá Guðmundi Þorkelssyni í Pálshúsum um veg heim að húsi sínu. Vísað til veganefndar.

10. Útsvarskæra frá verzlunarm. E. Jacobsen ekki tekin til greina.

11. Erindi frá Gunnari snikkara Gunnarssyni um niðurfærzlu á útsvari fyrir 1903 eigi tekið til greina, en vísað til fyrri úrskurðar um það atriði.

Björn Kristjánsson, G.Björnsson og Halldór Jónsson fjærverandi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Þórh. Bjarnason. Jón Magnússon. Kristján Þorgrímsson. Sigurður Thoroddsen. Magnús Einarsson. Tr. Gunnarsson. Hannes Hafliðason. Sighvatur Bjarnason. Ólafur Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 18. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Erindi frá Þorl. Ó. Johnsen og V. Bernhöft um að eigi verði tekin lóð af Tjarnarbrekkunni til að breikka Suðurgötu, eða að bæjarstjórnin kaupi að öðrum kosti Tjarnarbrekkuna af þeim fyrir 3000 kr.
Tillaga um að vísa málinu til byggingarnefndar var felld.
Tillaga um að vísa því til fjárhagsnefndar til umsagnar.

2. Byggingarnefndargjörð frá 6. febrúar lesnar upp og samþykktar með þessum breytingum:

3. Höggni Finnsson hafði beiðst, að fá undanþágu frá ákvæðum byggingarsamþykktarinnar í því: a, að nota veggpípur til loftskiftingar í stað þess að hafa glugga á hjörum, og b, að hafa innanmál á reykháf 13" x 9" í stað 18x18", og hafði byggingarnefnd gefið því meðmæli sín. Bæjarstjórnin vildi ekki gefa meðmæli með því, að þessar undanþágur frá byggingarsamþykktinni væru veittar.

4. Eftir tillögum byggingarnefndar var ákveðið að Grettisgata skyldi á sínum tíma verða lögð vestur á Vegamótastíg. Beiðni frá Benedikt Sveinssyni o.fl. um lagning Grettisgötu frá Klapparstíg að Vegamótastíg á komandi vori var vísað til veganefndar.

5. Beiðni frá Bárufélaginu um útvísun til uppfyllingar og síðan til byggingar svæði það af Tjörninni, er liggur frá lóð Báruhússins að vestan og að lóð iðnaðarmanna að austan frá hinu fyrirhugaða Vonarstræti að norðan og suður að beinni línu úr kálgarðsvegg Eiríks járnsmiðs Bjarnasonar og austur eftir. Svæðið er 150 faðmar á lengd og 30 ál. á breidd.
Byggingarnefnd hafði lagt á móti beiðninni. Málinu frestað til næsta fundar.

6. Beiðni frá Guðmundi Jakobssyni um lenging Barónsstígs upp að Grettisgötu vísað til veganefndar.

7. Guðm. Þorkelssyni í Pálshúsum heimilað eftir tillögum veganefndar að gjöra hlið í girðinguna norðab við Lágholtsveg frá lóð sinni til þess að geta komizt þann veg út á veginn.

8. Numin úr eftirstöðvum ýms ófáanleg gjöld fyrir 1903 samkvæmt skrá frá bæjargjaldkeranum; þó var ákveðið að láta þessa menn standa með gjöldum óburtnumdum:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Nr. | 108 | Bjarni Símonarson járnsmiður | | 10. kr. |
| Nr. | 126 | Björn Jóhannsson frá Grettisgötu | | 8.- |
| Nr. | 322 | Guðjón Bjarnason frá Melbæ | | 8.- |
| Nr. | 444 | Guðm. Ól. Pétursson frá Landakoti | | 12.- |
| Nr. | 663 | Jón Bergsson stýrimaður | | 12.- |
| Nr. | 644 | Jón Einarsson eldri | | 8.- |
| Nr. | 820 | Kristján Sigurðsson frá Hólakoti | | 26-96.- |
| Nr. | 958 | Ól. Rögnv. Rögnvaldsson | | 12 .- |
| Nr. | 960 | Ólafur Sigurðsson, skipstjóri (1/2) | | 12-50.- |
| Nr. | 1038 | Runólfur Þorsteinsson | (1/2) | 10.- |
| Nr. | 1064 | Sigtr. Sigurðssonar dánarbú | (1/2) | 5.- |
| Nr. | 1252 | Þórarinn Jónsson Selsholti | | 22-88.- |
| " | " | Knudtzons verzlun | | 17-34.- |
| Nr. | 194 | Einar ólafsson | | 12.- |

9. Út af erindi frá kennendum læknaskólans kom nefndin, er kosin var, með álit sitt og samþ. bæjarstjórnin þannig hljóðandi tillögu hennar:
Bæjarstjórnin samþykkir að fátækranefndin skuli hafa heimild til að afhenda læknaskólanum til uppskurðar lík þeirra fátæklinga, sem við andlát þeirra að öllu leyti eru á fátækraframfæri, svo framarlega sem nánustu aðstandendur þeirra (s.s. eiginmaður eða eiginkona, foreldrar eða börn) eigi sjálf kosta útförina - gegn því að læknaskólinn kosti útförina. - Jafnframt lætur bæjar-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórnin í ljósi, að hún treystir því, að fátækranefndin beiti svo heimild þessari, að eigi séu særðar réttmætar tilfinningar náinna aðstandenda (hinna framliðnu) hins framliðna.

10. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Guðmundar Jakobssonar við Barónsstíg | 5456.- |
| b. | - Sölva Víglundssonar við Mýrargötu | 3619.- |
| c. | - Jóns Jóns Guðmundssonar við Bækkastíg | 3848.- |

11. Bæjarstjórnin fól formanni sínum, að flytja eða láta flytja mál þau, er höfðuð eru til innheimtu.

Tillaga til vegalagninga nýrra gatna sbr. 18. nóv. f.á. 10. tölulið.

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson og Magnús Einarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Halldór Jónsson. Tryggvi Gunnarsson. Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Sig. Thoroddsen. Þórh. Bjarnason. Sighvatur Bjarnason. G. Björnsson. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason. Jón Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 3. marz var fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Lagður fram bæjarreikningur 1903.
Lagður fram hafnarsjóðsreikningur 1903.
Lagður fram brunabótasjóðsreikningur 1903.

2. Bárufélagið biður nú einnig um svæðið í Tjörninni fyrir norðan Vonarstræti, sem óuppfyllt er.
Bæjarstjórnin synjaði Bárufélaginu um beiðni þessa, um, að fylla upp í Tjörnina fyrir sunnan Vonarstræti, en fól 5 manna nefnd hinn annan hluta beiðninnar til íhugunar. Kosningu hlutu:
Sighvatur Bjarnason, Halldór Jónsson, Jón Magnússon, Kristján Jónsson og Þórhallur Bjarnason.

3. Erindi frá Þorláki Ó. Johnsen og Vilhelm Bernhöft um Tjarnarbrekkuna (sjá síðasta fund 1. mál).
Fjárhagsnefnd hafði haft málið til athugunar og íhugunar. Hún lagði til að beiðninni yrði synjað og samþykkti bæjarstjórnin það.

4. Beiðni steinsmiðafélagsins um útvísun 3-4 dagsl. grjótlands vestan lands Páls Vídalíns við Laugaveg, (sjá bæjarstjórnarfund 7. janúar þ.á. 15. mál). Erfðafestunefndin lagði til að beiðnin yrði veitt. Bæjarstjórnin samþykkti að heimila þeim allt að 4 dagsláttu(landsvæði) grjótsvæði á hinum umbeðna stað, allt að 60 faðma meðfram Laugavegi, ekki nær veginum en 45 álnir og 20 faðma vestanvert við tún Páls Vídalíns - til 10 ára - þó þannig, að útvísunin kæmi ekki í bága við áður útvísað land.

5. Stjórnarráðið leitar álits bæjarstjórnarinnar um áætlun yfir ferðir gufubátsins Reykjavík næsta sumar. Bæjarstjórnin fól formanni sínum í samráði við Þórhall Bjarnason og Halldór Jónsson að afgreiða málið fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

6. Stjórnarráðið tilkynnir, að það sendi jarðabótasjóðsávísun fyrir 20 kr., sem er uppbót fyrir síðastliðið ár handa ábúandanum í Miðseli fyrir þær 8280 ferálnir, er af honum var tekið undir sóttvarnarhús.

7. Samþykkt að bæta á kjörskrá samkv. kröfu hlutaðeiganda:
Benidikt Sveinsson cand. philos., 26 ára.
Sigurmund Sigurðsson cand philos. 26 ára.
Þórð Sveinsson cand philos. 28 ára
svo og að breyta á kjörskránni bústaðarákvæði Jónasar Jónssonar trésmiðs.

8. Byggingarnefndargjörðir frá 20. febrúar lesnar og samþykktar.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign Samúels Ólafssonar við Laugaveg | | 12394.00 |
| b. | - | Björns Björnssonar við Njálsgötu | 1614.00 |
| c. | - | Steingr. Guðmundsson við Bergstaðastræti | 2825.00 |
| d. | - | Einars Zöega við nr. 17 Vesturgötu | 1076.00 |

10. Skýrsla kom fram frá Aldamótagarðinum um verk unnin á síðastliðnu ári, unnið fyrir fjárstyrk úr bæjarsjóði.

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson og Magnús Einarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson.
Sig. Thoroddsen. Tryggvi Gunnarsson. Þórh. Bjarnason. Hannes Hafliðason. G. Björnsson. Ólafur Ólafsson. Jón Magnússon.
Sighvatur Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, laugardaginn hinn 12. marz, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni:

Lesið upp bréf frá ensku verkfræðingafélagi viðvíkjandi vatnsleiðslu um bæinn o.fl. (Willey & Co., Exeter).

Kosnir voru Guðmundur Björnsson og Sigurður Thoroddsen til þess, ásamt formanni bæjarstjórnar til að gefa umbeðnar upplýsingar og svara fyrir hönd bæjarstjórnar. Bæjarstjórnin samþykkti að lofa 1800 kr. tillagi til rannsóknar kostnaðar eftir uppástungum verkfræðingafélagsins.

Allir á fundi nema Magnús Einarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Þorgrímsson. Halldór Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Sig. Thoroddsen. Kristján Jónsson. Þórh. Bjarnason. Björn Kristjánsson. Tr. Gunnarsson. Hannes Hafliðason. Jón Magnússon. Ólafur Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 17. marz var fundur (reglulegur) haldinn í bæjarstjórninni:

1. Nefnd sú, er kosin var á fundi 3. þ.m. til að gefa álit um beiðni Bárufélagsins um fylling Vonarstrætis og tjarnarhlutans norðan við það.

Nefndinni hafði borizt tilboð frá lóðareigendum að norðan, Indriða Einarssyni og Kristjáni Þorgrímssyni um, að þeir vildu fylla upp að kostnaðarlausu fyrir bæinn Vonarstræti fram undan lóðum sínum, gegn því að eignast það svæði er þeir fylla upp frá lóðum sínum nú suður að Vonarstræti og hafa lokið verkinu innan þriggja ára.

Bæjarstjórnin samþykkti að taka boði þessara tveggja lóðareigenda.

2. Til að segja álit sitt um áskorun frá Jarðræktarfélagi Reykjavíkur um að girða Fossvog til kúabeitar voru kosnir: Jón Magnússon með 6 atkv. Ólafur Ólafsson með 6 atkv. og Þórh. Bjarnason með 5 atkv.

3. Áskorun frá Ingibjörgu Guðbrandsdóttur um að gjöra við sundlaugina, er hún óskar að nota til sundkennslu á næsta vori, var vísað til veganefndarinnar til álita og umsagnar.

4. Byggingarnefndargjörðir frá 5. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

5. Veganefnd kom með tillögu um að bæjarsjóður tæki um 2000 kr. lán til að leggja Hverfisgötu niður að læk og austur að Laugavegi. Bæjarstjórnin fól formanni sínum að leita heimildar landsstjórnarinnar til lagningar Hverfisgötu yfir Arnarhólstún og fól veganefnd að rannsaka að öðru leyti hvað bæjarsjóð muni kosta lóðarnám undir alla götuna austur að Laugavegi.

6. Beiðni frá Haraldi Árnasyni og fleirum um heimild til að nota leikfimishús barnaskólans til leikfimisæfinga var vísað til skólanefndarinnar til ákvörðunar.

7. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Húseign Kristjáns E. Hannessonar við Frakkastíg | | 3925.- |
| 2. | - | Gísla Gíslasonar við Grettisgötu | 2944.- |
| 3. | - | Tryggva Halldórssonar við Laugaveg | 3010.- |

8. Bæjarstjórnin tilnefndi séra Eirík Briem sem prófdómara við stýrimannspróf í apríl næstkomandi.

9. Ákveðið að endurgreiða Níels Pálssyni ofborgað lóðargjald 2.88 á ári frá 1899 - 1903.

10. Sigurjón Sigurðsson biður um, að húseign sín í Lækjargötu fái nr. 14. Norðurhelmingur hússins hefur nr. 12. Bæjarstjórnin áleit sig ekki geta gjört hina umbeðnu breytingu; nyrðri helmingur hússins hefur nr. 12A, hinn syðri 12B.

Allir á fundi nema Magnús Einarsson og séra Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Tryggvi Gunnarsson. Halldór Jónsson. Björn Kristjánsson. Kristján Þorgrímsson. Sighvatur Bjarnason. Jón Magnússon. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason. Sig. Thoroddsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 7. apríl var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Erfðafestunefndin kom fram með álit sitt um 3 beiðnir um erfðafestulönd frá kaupmanni Th. Jenssen, pósti Árna Gíslasyni og pósti Jóni Guðmundssyni.

a. Erfðafestulandsbeiðni kaupm. Th. Jensens var frestað til nánari upplýsingar.

b. Beiðni Árna Gíslasonar frestað til rannsóknar um, hvort sé móland.

c. Beiðni Jóns Guðmundssonar frestað af sömu ástæðum.

2. Tilnefndir þessir 4 menn til þess að vera í kjöri sem sáttanefndarmenn: Séra Þórhallur Bjarnason með 10 atkvæðum. Séra Jóhann Þorkelsson með 8 atkv. Séra JónHelgason með 8 atkv. Bankabókari Sighvatur Bjarnason með 4 atkv.

3. Nefndin, er kosin hafði verið til þess að íhuga girðing um Austurvöll kom fram með álit sitt.
Bæjarstjórnin samþykkti þá tillögu nefndarinnar að setja girðing úr járni um völlinn, er kosta mundi rímar 2000 kr. og taka lán til þess. Var sömu nefnd falin framkvæmd verksins.

4. Erindi frá Kristjáni Þorgrímssyni bæjarfulltrúa um, að ákvörðun yrði tekin um að aldrei yrði fyllt upp fyrir húsbyggingar í Tjörninni fyrir sunnan Vonarstræti milli Bárubúðar og Iðnaðarhússins var vísað til nefndar þeirrar, er áður hafði mál þetta til meðferðar, að því er snertir svæðið fyrir norðan Vonarstræti.

5. Skjali viðvíkjandi útfyllingu suður af lóð Halldórs Kr. Friðrikssonar út í Tjörnina var vísað til sömu nefndar.

6. Byggingarnefndargjörðir frá 2. þ.m. samþykktar að því er snertir útmæling Haraldar Möllers, Árna Jónssonar, Jóns Þórðarsonar, Vilhjálms Bjarnasonar, félagsins Mjölners og Jes Zimsen, en frestað að samþykkja útmæling Daníels Daníelssonar.

7. Byggingarnefnd kom með frumvarp til breytingar og viðauka við Byggingarsamþykktina. Málinu var vísað til nefndar þeirrar, er hafði samþykktina til meðferðar og kosin var á fundi bæjarstjórnar 16. apríl f.á.

8. Bæjarstjórn samþykkti svohljóðandi ákvörðun: Allar lóðir, sem ekki eru nýttar 31. desember þ.á., en hafa þó verið útmældar fyrir 2 árum eða meira skulu þá falla aftur til bæjarins, og þar eftir falla allar lóðamælingar úr gildi jafnskjótt sem þær eru orðnar tveggja ára gamlar án þess að hafa verið nýttar.
Þá er sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur bæjarstjórnin veitt undanþágu frá þessari reglu, ef byggingarnefnd mælir með því.
Bæjarstjórnin lýsti jafnframt yfir þeim skilningi sínum á orðinu "nýting", að það þýddi þá er um bygging er að ræða, að grunnur sé byggður og hús reist á honum.

9. Lóð undir framlenging Miðstrætis að Bókahlöðustíg, er taka þarf af Hirti Hjartarsyni og Ragnheiði Guðjónsen var ákveðið að láta meta af óvilhöllum mönnum.

10. Sama ákvörðun var tekin um lóð, er taka þarf undir Tjarnargötu G. Zoëga skólakennara.

11. Tilkynnt bréf stjórnarráðsins, þar sem það heimilar vegarlagning um Arnarhólstún, beint framhald Hverfisgötu vestur yfir túnið alla leið að læknum. Þó er leyfi þetta því skilyrði bundið, að vegurinn verði 24 álnir á breidd og að gripaheld girðing verði sett fram með honum beggja megin.

12. Samþykkt var að lengja Barónsstíg upp að Grettisgötu,



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en mest af því verki verður unnið fyrir fé er lóðareigendur leggja til, þeir er þar að liggjandi lóðir eiga.

13. Veganefnd falið að leita samninga við Pétur Hjaltested úrsmið um lóðaskipti.

14. Bæjarstjórn ákvað að breiddin á allri Hverfisgötu skuli vera 24 álnir og tillit skuli tekið til þess jafnan, þegar um útmælingar er að ræða meðfram þeirri götu.

15. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Sveins Gíslasonar við Hverfisgötu | 6763.- |
| b. | - Guðmundar Brynjólfssonar við Grettisgötu | 5888.- |
| c. | - Skúla Jónssonar Grettisgötu | 5154.- |
| d. | - Guðjóns Sigurðssonar við Hafnarstræti | 69395.- |

16. Til að taka sæti í nefnd þeirri, er undirbýr heilbrigðissamþykkt var kosinn í stað Magnúsar Einarssonar, sem er fráverandi í lengri tíma: Kristján Jónsson.

17. Sighvatur Bjarnason og Andrés Bjarnason tilkynna að þeir ætli að selja erfðafestutún sitt Elsumýrarblett fyrir 6000 kr. og vildi bæjarstjórnin ekki nota forkaupsrétt.

Allir á fundi nema Magnús Einarsson og Kristján Jónsson..

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Sig. Thoroddsen. Halldór Jónsson.
Áttunda lið ósamþtkkur-Björn Kristjánsson. Tr. Gunnarsson.
Sighvatur Bjarnason. G. Björnsson. Þórhallur Bjarnason.
Kristján Þorgrímsson. Hannes Hafliðason. Jón Magnússon.
COlafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn hinn 21. apríl var rehlulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Um fylling í norðurenda Tjarnarinnar. Nefndin, er mál þetta hafði til meðferðar, kom fram með tillögur sínar. Bæjarstjórnin samþykkti: að ekki skyldi verða útmælt til byggingar sunnan Vonarstrætis andspænis lóð Kristjáns Þorgrímssonar í næstu 13 - þrettan - ár, en Kristján skal á næstu 3 árum hafa lokið uppfylling götunnar og tjarnarsvæðis þess, er hann hefur fengið heimild til að fylla upp. Um uppfylling suður af lóð ekkju Halldórs Kr. Friðrikssonar til Vonarstrætis ákvað bæjarstjórnin, að réttinn til uppfyllingar skyldi nota á þann hátt, að hafa fullgert uppfyllinguna innan eins árs.

2. Bæjarstjórnin synjaði kaupmanni Thor Jensen um það 15 dagsláttu erfðafestuland, er hann hafði beðið um.

3. Erindi frá formanni Búnaðarfélags Íslands um lóð hússtjórnarskólans var vísað til byggingarnefndarinnar.

4. Um breytingar á byggingarsamþykktinni. Nefndin er málið hafði til meðferðar, kom með álit sitt.
Frumvarp til breytingar á byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík 7. sept. 1903 og viðauka við hana - sem ritað er hér á eftir - samþykkti bæjarstjórn.

5. Byggingarnefndargjörðir frá 16. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

6. Veganefnd kom með tillögur sínar út af erindi ungfrú Ingibjargar Guðbrandsdóttur um sundlaugina.
Kosnir í nefnd til að gjöra áætlun um kosnað við að gjöra nýja sundlaug: Björn Kristjánsson með 7 atkv.
Guðm. Björnsson með 6 atkv.
Sighvatur Bjarnason með 4 atkv.

7. Bæjarstjórnin samþykkti að veita það fé, sem talið er til vegagerðar undir 1-8. á fundi bæjarstjórnar 7. janúar þ.á. tölulið 7. Fyrri umræða.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Mölunarhús Stefáns B. Jónssonar við Laugaveg | 2900.- |
| b. | Húseign hlutafélagsis "Mjölnis" á lóð sinni | 795.- |
| c. | - P. Péturssonar við Smiðjustíg | 1280.- |
| d. | - Guðlaugs Torfasonar við Vesturgötu | 3860.- |
| e. | Svitakista Slippfélagsins við Mýrargötu | 1244.- |

9. Samþykkt var beiðni hlutafélagsins "Völundur" að leita samninga við landsstjórnina, um nýtt mat á lóð þeirri, (Klapparlóð), er liggur við sjóinn austanvert við Klapparstíg.

10. Samþykkt var að taka boði Sturlu kaupmanns Jónssonar um, að hann lætur af hendi land undir Hverfisgötu af Steinsstaðabletti fyrir ekkert, en fær greitt 936 kr. fyrir spildu þá af Elsumýrarbletti, um 6240 ferálnir, sem taka þarf undir götuna.

11. Samþykkt var að taka 15000 kr. lán til Hverfisgötu og annara vegagerða.

12. Samþykkt var að kaupa af Hirti Hjartarsyni og frú Ragnheiði Guðjohnsen lóð undir Miðstræti fyrir 1 kr. feral. ef hlutaðeigandi vilja því una; annars láta yfirmatsmenn meta.

13. Samþykkt var að láta yfirmatsmenn meta lóðina undir Tjarnargötu breikkun..

Allir á fundi nema Hannes Hafliðason.

Fundi slitið.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Daníelsson. G.Björnsson. Halldór Jónsson. Tr.Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson. Kristján Jónsson. Björn Kristjánsson. Sighvatur Bjarnason. Sig. Thoroddsen. Ólafur Ólafsson. Jón Magnússon. Þórh. Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FRUMVARP TIL BREYTINGA Á BYGGINGARSAMÞYKKT FYRIR REYKJAVIK 1. SEPT. 1903. OG VIÐAUKA VIÐ HANA.

1.gr. Í 18. gr. samþykktarinnar orðist 4. málsgr. þannig: "Milli allra stafa skulu vera þverbönd eða þiljur í hverjum vegg eigi minna en 2 sniðbönd, er hafi eigi minna horn en 20° við lóðrétta línu. Ef byggingarnefndin veitir sérstakt leyfi til, má binda húsgrind með sterkum járnhnjám í hornum grindarinnar í staðinn fyrir með sniðböndum.

2.gr. Í 21. gr. orðist 1. málsgr. þannig: "Trébitar í gólfum íbúðarhúsa skulu ekki vera grennri en 5x6 þuml., og í loftum eigi grennri en 5x5 þuml. þegar hafið er allt að 5 álnir. Við hverja alin, sem hafið vex þar fram yfir skulu bitar vera 1/2 þuml. breiðari og 1 þumlingi hærri unz hafið er orðið 10 álnir. Sé hafið meira ákveður byggingarnefnd í hvert skipti gildleika bitanna.

3. gr. Í 23. gr. orðist síðari málsgrein þannig: "Kvist- og loftherbergi má hafa til íbúðar, þó að hæð þeirra undir loft sé eigi meiri en 3 1/2 al.; sé herbergið undir súð, skal meðalhæðin undir loftir ~~þþþþþ~~ yfir hálfu gólfinu minnst yfir 15 ferálnir eigi vera minni en 3 1/2 alin. Í öllum þesskonar herbergjum skal þiljað innan á sperrur og pappi hafður á milli, eins og skipað er fyrir um útveggi í 17. gr.

4. gr. Fyrir byggingarleyfi og störf byggingarfulltrúans skal greiða gjöld er hér segir:

I.a. fyrir leyfi til að reisa ný hús 1 eyrir fyrir hverja teningsalin í húsinu, mælt frá kjallaragólfi eða ytri jarðarflöt ef eigi er kjallari, að efri bitabrún, þó eigi minna en 2 kr. fyrir einstakt leyfi.

b. fyrir að stækka eldra hús greiðist sama gjald af rúmmáli viðbótarinnar.

II. Fyrir önnur byggingarleyfi greiðist 2 kr.

III. fyrir störf, er byggingarfulltrúinn leysir af hendi samkvæmt stöðu sinni eftir beiðni einstakra manna, greiðist 1 kr. fyrir hverja kl.stund eða hluta úr klukkustund, er til starfsins gengur.

Gjöld þessi falla í bæjarsjóð.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 5. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Um girðingu kring um Austurvöll. Samþykkt var að auka fjárveitinguna ~~að~~ til girðingar um Austurvöll upp í 3000 kr., til þess að sett verði steinstétt ~~að/utanverðu/alla~~ undir girðinguna alla.

2. Um viðgerð á sundlauginni og nýja sundlaug. Nefnd sú er kosin var á síðasta fundi kom með tillögur sínar.
Samþykkt var við fyrri umræðu að gjöra nýja sundlaug, skammt fyrir neðan laugahúsin, 30 álna langa, 15 álna breiða, 4 álna djúpa í annan endann og 2 álna í hinn. Öll skal laugin vera yfirbyggð og baðklefar meðfram öðrum vegg. Kostnaður áætlaður 4 - 5000 kr. samkvæmt áætlun um teikning, og tilboðum, sem fram eru komin, er taka skal að láni.

3. Tilkynnt bréf stjórnarráðsins, þar sem veitt var bænum heimild til, að fá lánið úr viðlagasjóði.

4. Samþykkt var að verja 20 - 30 kr. til stéttarlagningar meðfram lóð Bjarna Jónssonar við Klapparstíg.

5. Beiðni frá Guðm. Guðmundssyni og Guðjóni Helgasyni um þóknun fyrir ræktun erfðafestulands, er af þeim er tekið undir veg. Bæjarstjórnin vildi ekki taka beiðnina til greina.

6. Beiðni frá Thor Jensen kaupmanni um 5-8 dagsl. erfðafestuland í Bráðræðismýri - vísað til erfðafestunefndar.

7. Beiðni frá Þorbirni Finnssyni bónda á Kleppi um styrk til húsabóta. Samþykkt var að gefa honum eftir eins árs eftirgjald jarðarinnar (60 kr.) í þessu skyni.

8. Beiðni um lækkun á bæjargjaldi frá Jens Jónssyni sakir veikinda í 4 kr. í stað 16 kr., var samþykkt.

9. Beiðni frá Oddrúnu Jóhannesdóttur um eftirgjöf á bæjargjaldi (hún hefur 4 ára barn fyrir að sjá) var samþykkt.

10. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Þorsteins T. Péturssonar við Kaplaskjolsveg | 2874.oo |
| b. | - Höggna Finnssonar við Bjargarstíg | 6208.oo |
| c. | Lyfjageymsluhús H. Lunds í Thorvaldsensstræti | 6069.oo |
| d. | Húseign Valdimars Loftssonar við Vitastíg | 3200.oo |
| e. | - Gests Björnssonar o.fl. við Hverfisgötu | 6618.oo |

11. Beiðni Sigurðar Péturssonar lögregluþjóns um launaviðbót var tekin til greina á þann hátt, að honum var veitt 50 krþ þóknun til fatakaupa..

12. Samþykkt að ávísa leikfélagi Reykjavíkur styrk þeim, sem því var heitið ~~á~~/ úr bæjarsjóði 3. sept. f. á.

13. Beiðni frá Þorsteini Þorsteinssyni um eftirgjöf á barnaskólagjaldi sakir veikinda barnsins - frá 1. janúar til skólaársloka var samþykkt.

14. Bæjarfógeti tilkynnti, að nú væru komnir til bæjarins þeir 2 sendimenn frá verkfræðingafélaginu enska, sem getur um á bæjarstjórnarfundi 12. marz þ.á.

Allir á fundi nema Magnús Einarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. Tryggvi Gunnarsson. Þórh. Bjarnason. Sig. Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson. G.Björnsson. Sighvatur Bjarnason. Jón Magnússon. Hannes Hafliðason. Ólafur Ólafsson. Björn Kristjánsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, þriðjudaginn 17. maí var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Um vatnsverk í bænum eða vatnsveitu þangað og um bæinn. Samþykkt að bera mál þetta undir borgarafund, samþykkt í einu hljóði.

Fundi slitið.

Kristján Þorgrímsson. Tryggvi Gunnarsson. Þórh. Bjarnason. Jón Magnússon. Kristján Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Björn Kristjánsson. Magnús Einarsson. Hannes Hafliðason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 19. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni,

1. Um kaup á Klapparlóð: Í bréfi ráðherra 13. þ.m., er skýrt frá, að stjórnarráðið sjái sér ekki fært að selja lóðina minna en 65 a. feralin, eins og hún hefur verið virt af dómkvöddum mönnum.

Bæjarstjórnin samþykkti að kaupa nú Klapparlóðina væntanlega fyrir verð það, er hún hefur verið virt fyrir, í þeim tilgangi að selja hana aftur með sömu kjörum félaginu "Völundur", en áskilur sér þó rétt til að fá vegarstæði fyrir sama verð feralin, sem selt er nú.

2. Bæjarstjórnin lét í ljósi það álit, að hæfilegt sé að Reykjavík greiði 85 kr. af þurfamannaflutningakostnaði árið 1903, sem alls hefur verið 243 kr. 35 aurar.

3. Byggingarnefndarmál:
a. Stjórnarráðið tilkynnti, að staðfest væri 16. þ.m. samþykkt um breytingar á byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík 7. sept. 1903 og viðauka við hana, sem bæjarstjórn hefur gjört í fyrra mánuði.
b. Byggingarnefndargjörðir frá 7. þ.m. samþykktar, en þó frestað um óákveðin tíma ákvörðun um álmu frá Hverfisgötu til Hafnarstrætis.
c. Erindi frá Jóni Sveinssyni um undanþágu frá ákvæðum byggingarsamþykktarinnar. Bæjarstjórnin vildi ekki mæla með undanþágu þeirri, er hann fer fram á.

4. Vilhjálmur Bjarnason tilkynnir, að hann hafi í hyggju að selja 1000 ferálnir af Rauðarártúni, sem er erfðafestuland fyrir 20 a. feralin. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

5. Samþykkt var að kaupa fyrir 679 kr. lóð undir Tjarnargötu og fyrir 672 kr. 50 a. lóð undir Miðstræti.

6. Erindi frá Jóhannesi Jónssyni um lóðarnám, vísað til veganefndar.

7. Erindi frá M. Lund apótekara um rennu yfir Kirkjustræti var vísað til veganefndar til aðgerða.

8. Erindi frá Sveini Sigfússyni um óþverra í kring um hús hans í Skuggahverfi. Veganefnd falið að hreinsa Vitatorg og gera nauðsynlega fráfærzlurennu.

9. Aukning á lántöku til Hverfisgötu til grjótkants í stað graskants, svo og til að minnka halla hennar, samþykkt við fyrri umræðu.

10. Um sundhús og sundlaugargerð: Samþykkt var við síðari umræðu, að veita allt að 5000 kr. til þessa fyrirtækis, sbr. 2. mál á fundi bæjarstjórnarinnar 5. þ.m.

11. Rannveigu Gissurardóttur veitt eftirgjöf á skólagjaldi með barni hennar Majendínu Kristjánsdóttur.

12. Fellt niður tiltölulegt ~~gjald~~ skólagjald fyrir Þóru dóttur Magnúsar Vigfússonar fyrir þann tíma skólaársins, sem hún gat ekki sótt skólann sakir veikinda.

13. Beiðni um eftirgjöf á 1/2 skólagjaldi 2 barna Sigurðar Jónssonar í Lindargötu vísað til skólanefndar.

14. Brunabótavirðingar samþykktar :

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Sigurðar Þórðarsonar við Norðurstíg | 2862.- |
| b. | - Jörgens Þórðarsonar | 7134.- |
| c. | - Páls og Hannesar Guðmundssonar við Garðastræti | 4831.- |
| d. | - Þórarins Gunnarssonar í Þingholtsstræti | 5802.- |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frestað að samþykkja virðing á húsi Jóns Þórðarsonar við Grettisgötu.

15. Beiðni frá Glímufélagi um leikfimishús barnaskólans til æfinga var vísað til skólanefndarinnar.

16. Vatnsleiðslumálið:
Samþykkt var að leggja fyrir borgarafund þá spurningu, hvort bæjarstjórnin ætti að bindast fyrir því, að lagt sé út í vatnsleiðslu til bæjarins og um bæinn, samkvæmt þeim upplýsingum, sem nú eru fengnar um málið - (enda þótt fyrirtæki þetta kosti allt að því 1/2 miljón krónur); var formanni bæjarstjórnarinnar og Guðmundi Björnssyni bæjarfulltrúa falinn flutningur málsins á fundinum.

Allir á fundi nema Sigurður Thoroddsen og Kristján Jónsson..

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Halldór Jónsson. Jón Magnússon. Kristján Þorgrímsson. Björn Kristjánsson. Tryggvi Gunnarsson. Þórh. Bjarnason. Sighvatur Bjarnason. Hannes Hafliðason. G.Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn hinn 2. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Vatnsleiðslumálið. Til þess að hafa mál þetta til meðferðar, voru kosnir í nefnd með formanni bæjarstjórnarinnar: Guðmundur Björnsson, Sighvatur Bjarnason, Kristján Jónsson og Björn Kristjánsson.

2. Erfðafestumál: Samþykkt var að veita ArnaGíslasyni pósti allt að 6 dagsláttu erfðafestuland í neðri hluta Kringlumýrar fyrir 10. ál. eftirgjald dagsláttuna. Land þetta er c. 60 faðmar austur og vestur og um 90 faðmar norður og suður.
Samþykkt var að veita Jóni Guðmundssyni pósti erfðafestuland ca. 5 1/2 dagsláttu að stærð fyrir norðan Laugalæk, 70 faðma á hvern kannt fyrir 8 álnir dagsláttuna í eftirgjald. Áskilinn er réttur, bænum að kostnaðarlausu að nota hindrunarlaust landið beggja vegna við í Laugalæknum til þeirra mannvirkja, sem bæjarstjórnin kann að óska til að nota vatnið í læknum.
Samþykkt var að veita Thor Jensen kaupmanni 4 dagsláttur erfðafestuland í Kaplaskjólsmýri fyrir 12 álna eftirgjald dagsláttuna, með því skilyrði, að þurfi bærinn á landi þessu að halda, eða öðru landi við Góðstjorn til skipakvíar, hafnargerðar eða annara mannvirkja, skal erfðafestueigandi láta það af hendi endurgjaldslaust.

3. Byggingarnefndargerðir frá 21. maí lesnar upp og samþykktar með þeirri viðbót, að 6. liður er bundinn því skilyrði, að áburðarfélaginu er skylt, að taka burtu gryfjuna og hús á sinn kostnað þegar bæjarstjórn krefst þess sakir þess, að götur eða byggingar fara að nálgast gryfjuna

4. Veganefndarmál. Erfðafestuland er taka þarf undir Hverfisgötu og vegna Hverfisgötu af Rauðarártúni, hefur verið metið af útnefndum mönnum á 12,89 aura feralinin. Bæjarstjórnin vill fyrir sitt leyti sætta sig við það mat.
Samþykkt var að kaupa lóð af Daníel Daníelssyni undir Hverfisgötu 60 aura fyrir feralin, af Jóni Magnússyni fyrir 100 aura pr. feral. og Guðmundi Guðmundssyni fyrir 100 aura pr. feralin.
Samþykkt var að kaupa 160 ferhyrningsálnir af lóð af Jóhannesi Jónssyni á Litluklöpp meðfram Klapparstíg fyrir 1 kr. ferhyrningsalin, með því skilyrði, að hann kalli þá ekki til meira endurgjalds fyrir(ofborgað lóðargjald) lóðarnám undir þá götu, né endurgjalds fyrir ofborgað lóðargjald að undanförnu.

5. Erindi frá húsfrú Bríeti Bjarnhéðinsdóttur um rennu og rennuhreinsun í Þingholtsstræti - vísað sumpart til lögreglustjórnarinnar og sumpart til aðgerða veganefndar.

6. Aukning um lán til Hverfisgötu um allt að 1000 kr. samþykkt við síðari umræðu.

7. Framkvæmd Sundlaugarbyggingarinnar og húss falin nefnd þeirri, er farið hafði með það mál, nl. Guðmundur Björnsson, Björn Kristjánsson og Sighvatur Bjarnason.

8. Beiðni um eftirgjöf á lóðargjaldi frá Jósep Jónssyni á Suðurklöpp. Samþykkt var að taka veð í bæ hans fyrir þessum gjöldum og öðru því er hann þarf að fá frá bænum.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Jóns Þórðarsonar við Grettisgötu | 2845.- |
| b. | - Guðmundar Hallssonar við Njálsgötu | 3443.- |
| c. | Heyhús Guðmundar Ingimundarsonar Bergstöðum | 780.- |
| d. | Húseign Einars J'Pálssonar vi Miðstræti | 18264.- |
| e | - Jóh. Frederiksen við Fischerssund | 10885.- |
| f. | Fiskihús Þorsteins þorsteinssonar við Lindargötu | 7780.- |
| g. | Húseign Helga Helgasonar o.fl. við Hverfisgötu, /yfirmat . . . | 11120.- |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Amtmaður tilkynnir, að hann hafi ákveðið fátækraflutningskostnað Reykjavíkurkaupstaðar árið 1903 75 kr.

11. Fellt burtu kennslugjald fyrir barn Guðmundar Guðmundssonar Blómsturvöllum fyrir tímann 18/2 - 14/5 1904 sakir veikinda barnsins.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Þórh. Bjarnason, Halldór Jónsson.
G.Björnsson. Kristján Jónsson. (Ósamþ. við nr. 2, síðastalið)-
xBjörn Kristjánsson.
Sighvatur Bjarnason. Sig. Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson.
(ósamþ. síðasta lið í nr. 2).
Hannes Hafliðason Tryggvi Gunnarsson=ósamþykkur í mesta máta nr. 2, síðasta lið.
Magnús Einarsson. Jón Magnússon. Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, þ. 15. júní var framtalsþing fyrir Reykjavíkurkaupstað haldið á bæjarþingstofunni.

Þessir menn mættu og töldu fram, sem hér segir:

1. Sigurður Jónsson fangavörður: 2 kýr, önnur þeirra tímalaus.
2. Steingrímur Jónsson Klöpp: 1 sexmannafar, 1 fola 3 vetran.
3. Guðmundur Ingimundarson: 6 kýr, 3 hesta, 2 hryssur, 4 ær.
4. Magnús Guðmundsson Bergss.: 1 tryppi veturgamallt.
5. Jónas Jónsson Þingholtsstræti 8: 4 ær.
6. Jónas Jónsson, Steinsholti: 2 kýr.
7. Hermann Guðmundsson, Smiðjustíg: 1 kýr, 2 hestar.
8. Halldór Daníelsson, bæjarfógeti: 1 kýr.

Fleiri töldu ekki fram.

Þinginu slitið.

Halldór Daníelsson.

Vottar:
Páll Árnason.
Þ.Björnsson.

Ennfremur taldi fram:
Ól. Stefánsson: 3 hesta.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 16. júní var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Um kaup á Klapparlóð. Stjórnarráðið tilkynnir í bréfi dags. 13. þ.m., að ekki fáist hluti af Klapparlóðinni, heldur hún öll fyrir 65 aura pr. ferhyrningsalin. Bæjarstjórnin samþykkti að kaupa alla lóðina með þeim kjörum, sem stjórnarráðið gefur kost á í nefndu bréfi sínu.

2. Erindi frá formanni skógræktarfélagsins, um styrk úr bæjarsjóði þ.á. til félagsins. Bæjarstjórnin samþykkti að veita félaginu 200 kr. styrk úr bæjarsjóði fyrir yfirstandandi ár.

3. Erindi frá Magnúsi Vigfússyni í Miðseli, um lóðir á Miðselstúni. Bæjarstjórnin samþykkti að gefa honum kost á, að borga lóðina á 6 árum með 40 kr. í afborgun auk 4% vaxta af eftirstöðvum lóðarverðsins.

4. Byggingarnefndargjörðir frá 4. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

5. Samþykkt var að kaupa lóðarræmu af Gunnari Gunnarssyni kaupmanni við Austurstræti fyrir sama verð sem hann keypti ferhyrningsalin í lóð sinni af bankanum.

6. Samþykkt var að verja allt að 175 kr. til þess að gjöra norðurkannt Amtmannsstígs beinan frá Þingholtsstræti niður eftir.

7. Erindi frá Sturlu kaupmanni Jónssyni o.fl. um aðgerð að nyrðri rennunni í Austurstræti. Vísað til veganefndar.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign bókb. Guðbjarnar Guðbrandssonar | 3081 kr. |
| b. | - Kristjáns Jónssonar | 2113 - |
| c. | - Magnúsar R. Jónssonar | 3500 - |
| d. | - Jóns söðlasmiðs Þorsteinssonar | 4112 - |
| e. | - Torfa trésmiðs Vigfússonar | 3014 - |

Frestað var að ákveða um virðing á húsi Haraldar Sigurðssonar við Laugaveg.

9. Erindi frá Sigurbjarti Hróbjartssyni um eftirgjöf útsvars: Samþykkt.

10. Erindi frá Slippfélaginu um að halda eigi áfram lagningu á Mýrargötu. Vísað til byggingarnefndar.

11. Erindi frá Birni Guðmundssyni o.fl. um sandtöku í Kirkjusandi. Vísað til veganefndar.

12. Erindi frá Benedikt S. Þórarinssyni, Jes Zimsen, Jóni Ólafssyni og Ásgeiri Sigurðssyni um 25 ára einkarétt til að leggja telefón miðstöð, og telefoner þar út frá. Kosin 3 manna nefnd: Kristján Jónsson með 10 atkv., Jón Magnússon með 9 atkv. og Sighvatur Bjarnason með 5 atkvæðum.

13. Erindi frá M. Th. Jensen um að fella burtu hin sérstaklegu skilyrði, sem sett voru á síðasta fundi fyrir útmæling á erfðafestulandi handa beiðanda í Bráðræðismýri. Samþykkt sú breyting á skilmálunum, að orðin: "eða öðru landi við Eiðstjörn" falli burtu.

14. Erindi frá Íslandsbanka um bygging á bankahúsi í Melstedsgarði. Vísað til byggingarnefndar.

15. Tilkynnt mat á jarðarhúsum á Bústöðum, sem felld verða niður - baðstofu, búri og bæjardyrum. Matið var alls að viðlögðu



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Álagi 165 kr. Bæjarstjórnin hafði ekkert við mat þetta að athuga.

Allir á fundi nema Sigurður Thoroddsen.

Halldór Jónsson/ fór af fundi, er lokið var 6. málinu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Jón Magnússon.
Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Björn Kristjánsson.
Sighvatur Bjarnason. Þórh. Bjarnason. Ólafur Ólafsson.
Hannes Hafliðason. Tryggvi Gunnarsson. G. Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 7. júlí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Nefnd sú, er kosin var til að athuga telefón einkarétts-beiðnina, er kom fram á síðasta fundi, kom með tillögur sínar. Bæjarstjórnin samþykkti að mæla með því, að beiðendunum yrði veittur um 15 ár einkaréttur til, að hafa telefónmiðstöð með telefónsamböndum um bæinn við þá miðstöð, með þeim kjörum, sem ekki séu lakari fyrir bæjarbúa en til eru tekin í bónarbréfinu.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 18. júní og 2. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

3. Kom fram yfirmat yfir verð lóðarinnar úr Rauðártúni, en taka þarf undir Hverfisgötu og vegna hennar.( ~~Yfirmatsmenn hafa komizt~~) Yfirmatsmenn höfðu komizt að sömu niðurstöðu með verð á feralin, sem hinir fyrstu matsmenn höfðu komizt, nfl. 12.89 aura.

4. Erindi frá Haraldi Sigurðssyni um leyfi til að grafa holræsi í gegn um gangstétt hjá húsi hans nr. 44 við Laugaveg. Samþykkt að veita þetta leyfi undir umsjá veganefndar.

5. Veganefnd fór þess á leit að fá samþykki bæjarstjórnar til að leita þess hjá búendum við Austurstræti, hvort þeir vildu veita styrk til þess, að gjört yrði við rennuna að norðanverðu í götunni og koma svo fram á næsta fundi með tillögur sínar um þetta mál. Bæjarstjórnin samþykkti það.

6. Erindi frá Jóni Hannessyni í Austurkoti í Kaplaskjóli um varnargarð fyrir sjáfargangi, vísað til veganefndar.

7. Beiðni frá Guðmundi Kr. Eyjólfssyni um erfðafestuland - vísað til erfðafestunefndar.

8. H.Th.A.Thomsen tilkynnir, að hann ætli að selja erfðafestuland sitt Norðurmýrarblett nr. 8, fyrir 715 kr. Bæjarstjórn vildi ekki nota forkaupsrétt.

9. Birt bréf stjórnarráðsins um sölu Klapparlóðar. Bæjarstjórnin samþykkti, að ganga að þeim kjörum, sem stjórnarráðið hefur sett um lóðarkaupin, með þeim fyrirvara, að félagið Völundur gangi inn í kaupin með þeim skilmálum, sem áður hafa verið ráðgerðir.

10. Frumvarp til heilbrigðissamþykktar fyrir bæinn. Fyrsti kaflinn var borinn undir atkvæði og samþykktur.

11. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Sölubúð Jóns Eyjólfssonar við Laugaveg nr. 79 | 2368.- |
| b. | Geymsluhús Gróðrarstöðvarinnar | 3135.- |
| c. | Húseign Jóhannesar Magnússonar við Bræðraborgarstíg | 5972.- |
| d. | - Vilhjálms Ingvarssonar við Suðurgötu | 4459.- |

12. Verkfræðingur Knud Zimsen æskir siglingaleyfis sakir veikinda konu hans, er sigla þarf til holskurðar. Býst hann við að vera burtu frá 9. júlí til 7. ágúst. Getur hann þess, að Guðmundur Jakobsson sé fús að gegna byggingarfulltrúastarfi hans í fráveru hans. Bæjarstjórnin samþykkti þá ráðstöfun og veitti leyfið.

Allir á fundi nema Sigurður Thoroddsen, og Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Tryggvi Gunnarsson. Kristján Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Magnús Einarsson. Jón Magnússon. Björn Kristjánsson. Hannes Hafliðason. Kristján Þorgrímsson. G. Björnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 21. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Kosnir kjörstjórar við alþingismannskosningu 10. sept. þ.á., Kosnir í yfirkjörstjórn: Eiríkur Briem prestaskólakennari og Jón Magnússon skrifstofustjóri.
Varamenn:
Kristján Jónsson yfirdómari og Hannes Thorsteinson cand. jur.
Samþykkt var að kjósa 3 kjördeildir: Kosnir voru í 1. deild: Sighvatur Bjarnason, bankastjóri, Lárus Sveinbjörnsson háyfirdómari, Magnús Einarsson, dýralæknir. Í 2. deild: Eggert Briem, skrifstofustjóri, Halldór Jónsson, bankaféhirðir, Björn Jónsson ritstjóri. Í 3. deild: Morten Hansen, skólastjóri, Ásgeir Sigurðsson, kaupmaður, Sigurður Briem, póstmeistari.

2. Beiðni frá Guðmundi Jakobssyni, Magnúsi Blöndal og Jóni Thorsteinson um erfðafestulönd, svo og beiðni frá Carl Frederiksen, Ólafi Th. Guðmundssyni og Einari Finnssyni um leirbakkann vestan við Markalækinn í Kleppslandi til tígulsteinsbrennslu - vísað til erfðafestunefndarinnar.

3. M. Th. Jensen tilkynnir, að hann gangi að þeim skilmálum, sem bæjarstjórnin hefur sett fyrir erfðafestulandi, er hann hafði beðið um.

4. Vilhjálmur Bjarnason Rauðará tilkynnir, að hann ætli að selja hluta þann af erfðafestulandi sínu, er liggur sunnan við Laugaveg fyrir 4500 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

5. Dánarbú Sigtryggs Sigurðssonar, að það ætli að selja fyrir 300 kr. erfðafestuland þess á Melunum. Bæjarstjórn vildi ekki nota forkaupsrétt.

6. Byggingarnefndargjörðir frá 16. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

7. Beiðni frá C. Frederiksen bakara, um aukavatnsleiðslu úr Skálholtskotslindinni - vísað til veganefndar.

8. Samþykkt var að taka framkomnum tilboðum frá búendum við Austurstræti um styrk til rennugerðar þar, kaupa nauðsynlega lóðarræmu af Ólafi Sveinssyni fyrir 2 kr. feralin og gjöra nú þegar rennuna. Kosnaður er áætlaður um 1000 kr. og verja má nauðsynlegu fé til verksins af fjárhæð þeirri er bærinn á í vændum af Hlutabankanum fyrir lóðarkaup.

9. Rætt um lóðarnám undir Hverfisgötu af Pétri Péturssyni bæjargjaldkera og samþykkt tillaga frá Jóni Magnússyni bæjarfulltrúa þar að lútandi.

10. Bæjarstjórnin vildi ekki að sinni banna sandtöku inn á Kirkjusandi, en fól veganefnd að hafa eftirlit með því og veita því eftirtekt hvort landspjöll geti orðið af því sandnámi.

11. Jóni Hannessyni í Austurkoti í Kaplaskjóli heimilað að taka möl í fjörunni suðurundan kálgarði hans til varnargarðsgerðar. Að öðru leyti vildi bæjarstjórnin ekki sinna beiðni hans.

12. Til úthlutunar af alþýðustyrktarsjóðsfé kemur í ár nálægt 320 kr.

13. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign Páls Árnasonar og Árna Jónssonar við Lindargötu | | 6706.- |
| b. | - | Sæmundar Sveinssonar við Holtsgötu | 3668.- |
| c. | - | Sigurðar Þórðarsonar við Framnesveg | 4140.- |
| d. | - | Árna Gíslasonar, Lækjarbakka við Laugaveg | 6877.- |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Frumvarp til heilbrigðissamþykktar fyrir bæinn. II. kaflinn var ræddur og samþykktur með viðbót við 1. málsgrein 8. greinar: "eða valdið óþef eða óheilnæmi", og breyting á 11. gr. 4.. línu 2þ málsgreinar. Í stað: "ræsi" komi: "steinlímdu lokuðu ræsi".

15. Nefndin er kosin hafði verið út af uppástungu um girðing Fossvogs til kúabeitar, skýrði frá, að hún hefði leitað álits kúaeigenda um málið, og aðeins einn þeirra látið í ljósi, að hann mundi nota þar kúabeit. Var því ákveðið að það mál félli niður.

16. Bréf um vatnsverk frá firmanu "Holst & Möller" í Kaupmannahöfn borizt bæjarstjórn og var afhent vatnsleiðslunefndinni.

Allir á fundi nema Þórhallur Bjarnason, Sig. Thoroddsen og Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Tr.Gunnarsson. Jón Magnússon. Hannes Hafliðason. Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, Miðvikudaginn 27. júlí var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Samþykkt var að fá frá útlöndum borunarmenn, er gjöra ø skulu hér ýtarlegar borunartilraunir eftir vatni, og má verja til þessara borunartilrauna allt að 5000 kr. úr bæjarsjóði.

2. Samþykkt var að skipta kjósendum í kjördeildir á þennan hátt:

Í.I. kjördeild þeir kjósendur, sem eru í stafrófinu frá A - G að báðum stöfum meðtöldum

- II. kjördeild frá H - N á sama hátt og

- III. kjördeild frá O - Ø á sama hátt.

Allir á fundi/ nema Þórh. Bjarnason, Sigurður Thoroddsen og Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Sighvatur Bjarnason. Tryggvi Gunnarsson/ Magnús Einarsson. G.Björnsson. Jón Magnússon. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 4. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Lagður fram reikningur Brunabótafélags hinna dönsku kaupstaða (Kjöbstadernes almindelige Brandforsikring) frá 1. apríl 1903 til 31. marz 1904.

2. Hafnarnefndarmál: Kaupmaður Th. Thorsteinson sækir um, að setja bygginguí Grófina. Málinu frestað.

3. Byggingarnefndarmál: Erindi frá Ingen. Petersen um að fá heimild til að byggja á erfðafestulandi því, er hann hefur keypt af Vilh. Bjarnasyni. - Bæjarstjórnin heimilaði bygging þar.

4. Veganefndarmál: Erindi frá Bjarna Jónssyni um framræslu var vísað til veganefndar.

5. Sveinn Jónsson snikkari tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt Norðurmýrarblett nr. 15, fyrir 4500 kr. Bæjarstjórn vildi ekki nota forkaupsrétt.

6. Formaður bæjarstjórnar skýrði frá, að þeir samningar væru gjörðir við Pétur Pétursson bæjargjaldkera, sbr. 9. mál á bæjarstjórnarfundi 21. júlí, að hann fengi í skiptum fyrir lóð undir Hverfisgötu, austurhluta Traðarkotslóðar, þó þannig, að eigandi Traðarkots er heimillt að nota hús sitt svo lengi sem hann þarf eða kona hans. Svo það sem vantar til að feralin borgi feralin af lóðarnámi af Pétri skal honum bætt með 1.50 aurum fyrir feral.

7. Samþykkt að kaupa 2 eintök af "Danmarks kommunale efterretninger".

8. Heilbrigðissamþykktin:
III. kafli samþykktar óbreyttur.
IV. kafli samþykktur með þessum breytingum:
í 17. gr. fyrir "forum" komi "safngrifjum".
- - - - "járnleggur" komi "járnpípa".
- - - orðið íðjan í 5. málsgr. fellt burtu.
- - orðin í enda greinarinnar: "en upp með dælunni" o.s.frv. fellt burtu.
V. kafli samþykktur með þessum breytingum.
í 20. gr. 5. málsgrein orðað þannig::
"Bannað er að safna áburði í haug á húslóðinni; en á erfðafestulöndum/og í nánd við bæinn getur heilbrigðisnefnd leyft það.
í bænum
í 21. gr. í stað "áburðargryfjur" komi "safngryfjur".

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| Húseign Steingríms Torfasonar við Hverfisgötu | 2468.- |
| - Odds Oddssonar við Njálsgötu | 1534.- |
| Viðbót við húseign Jóh. Lárussonar við Laugaveg | 3678.- |

Allir á fundi nema Þórh. Bjarnason og Sigurður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson.
Sighvatur Bjarnason. Tr. Gunnarsson. Björn Kristjánsson.
G.Björnsson. Ólafur Ólafsson. Magnús Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Hannes Hafliðason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 18. ágúst var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Erindi frá Th. Thorsteinsson kaupmanni um, að bæjarstjórnin hlutist til um að hann fái að nota Fischersbryggju. Bæjarstjórnin samþykkti að gjöra tilraun til, að samningar kæmist á milli nefnds kaupmanns og bryggjueigenda og þessu til framkvæmda voru kosnir Kristján Jónsson, Jón Magnússon og Björn Kristjánsson. Þeir eiga og að rannsaka réttindi bryggjueigenda.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 6. þ.m. lesnar upp og samþykktar, með þeirri athugasemd, að Jóhannesi Lárussyni var ~~veitt~~ heimilað að slá saman í eitt, það sem eftir verður af hornlóð hans við Hverfisgötu og lóð, er hann á þar fyrir sunnan og útmælingin á hinni skertu lóð sé úr gildi runnin, gegn því að hann láti endurgjaldslaust af hendi nauðsynlega ræmu af lóð sinni undir Hverfisgötu.

3. Eftir beiðni Magnúsar Vigfússonar Miðseli, sleppti bæjarstjórnin að gjöra tilkall til, að hann borgi kaupgjald fyrir lóð þá, sem hús hans í Miðselstúni stendur á.

4. Eftir tillögum veganefndar var samþykkt, að veita til framlengingar Hverfisgötu niður fyrir lækinn og yfir garð Jes Zimsen ásamt upphleðslu á lækjarkanntinum að vestanverðu undir tilvonandi brú, - þær fjárhæðir, sem hér segir:

| | |
|---|---|
| a, til lengingar vegarins | 117.oo |
| b, til lækjarkantsins | 248.oo |
| c, til hækkunar á lækjarkanti o.fl. | 32.oo |
| d, til kaupa af Jes Zimsens garði | 770.oo |
| e, til steinbogabrúar yfir lækinn, 10 áln. breiðrar, er Tr. Gunnarsson tekur að sér að byggja fyrir | 291.oo |

5. Þorl. O. Johnson og V. Bernhöft tilkynna sölu erfðafestulands til sóknarnefndar fyrir 4458 kr. 35 a. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

6. Vilhjálmur Bjarnason tilkynnir, að hann ætli að selja húslóð í Rauðarártúni fyrir 1 kr. feralin, og býður bæjarstjórn að ganga inn í kaupið. Bæjarstjórn svaraði því, að hann þyrfti að útvega sér heimild hennar til þess, að geta breytt hluta af erfðafestulandi sínu í byggingarlóð, þar sem erfðafesturéttur hans er bundinn við grasrækt, og var leyfið veitt.

7. Beiðni Þorvaldar Björnssonar lögregluþjóns um launaviðbót, vísað til fjárhagsnefndar til íhugunar, því er fjárhagsáætlun næsta árs verður samin.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| a. Húseign Árna Þórðarsonar við Laugaveg | 6821.- |
| b. - Vilhjálms Bjarnasonar Rauðará | 5302.- |
| c. - Ól. Gunnlaugssonar við Laugaveg | 3165.- |
| d. - Bjarna Jónssonar við Njálsgötu | 3529.- |
| e. - Jóhannesar Magnússonar Bræðraborgarstíg | 6197.- |

9. Heilbrigðissamþykkt:
6. kafli samþykktur með þessum breytingum:
22. gr. Fellt burtu orðin: "gólfið steinsteypt" á fyrri staðnum og orðin: "nær dyrum - og ekki". Í stað "hefur til sýnis" lætur í té. 2. málsgrein felld burtu.
23. gr. Í stað: "tekur að sér að láta" samþ.: "getur látið".
Í stað: "Slík hreinsun" samþ.: hreinsun salerna.
Í stað: "frá kl. 12 - 5 frá 1. apríl til 30 sept. en á öðrum tíma árs frá kl. 9 síðdegis til kl 7 árdegis.
Orðin: "fyrir utan bæinn" felld burtu.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. kafli samþykktur með þessum breytingum:
25. gr. Bætt um orðunum: "sem ekki hefur safngryfju".
Í stað: "hefur til sýnis" sþ. "lætur í té".
- - : "tekið að sér að láta" sþ.: "látið".
26. gr. Í stað fyrri málsgr. (upphaf) Samþ. svohljóðandi grein: "Svo framarlega sjómenn eigi fleigja slori öllu í sjóinn svo að út taki, skal því safnað o. s. frv."
8. kafli samþ. með þeirri breytingu:
27. gr. felld burt: "tólgarbræðsl".
28. gr. Í stað"hverri vinnandi manneskju" komi: "hverjum vinnandi manni".

Allir á fundi nema Þórh. Bjarnason, Sighvatur Bjarnason og Sigurður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Björn Kristjánsson. Magnús Einarsson. Kristján Þorgrímsson. G.Björnsson. Jón Magnússon. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason. Krisján Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 1. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Lögð fram og rædd við fyrri umræðu áætlun yfir tekjur og gjöld bæjarins fyrir 1905.

2. Lagður úrskurður á athugasemdir endurskoðenda við bæjarreikninginn 1903.

3. Lagður úrskurður á athugasemdir endurskoðenda við hafnarreikninginn 1903.

4. Byggingarnefndargjörðir frá 20. ágúst lesnar upp og samþykktar.

5. Samþykkt lóðaskipti við verkfræðing A.L.Petersen samkvæmt uppdrætti, er beiðninni fylgdi.

6. Samþykkt að selja Slippfélaginu lóðarblett 1050 ferálnir aðstærð austan við lóð félagsins nú, fyrir 20 aura feral.

7. Af lóð Ernenreks Jónssonar við Vitastíg á að taka á sínum tíma 8 álna breiða ræmu undir Hverfisgötu. Bæjarstjórnin leyfði honum samkvæmt tilmælum hans að umgirða og nota þessa lóðarræmu, sem sína eign, þangað til bærinn þarf á henni að halda, - gegn því að bærinn fái þá þessa lóðarræmu, 8x25 $al^2$ endurgjaldslaust og að þessi kvöð á húslóðinni verði þinglesin og færð í veðbækurnar.

8. Samþykkt til bráðabirgða að flytja grjótgarðinn við Rauðarárlóðir sunnanvið Hverfisgötu og hlaða hann upp norðan við götuna.

9. Fyrir hönd nokkurra kaupmanna í Hafnarstræti býður kaupmaður D.Thomsen allt að 1500 kr. styrk til lóðarkaupa af Jes Zimsen undir vegararm milli Hverfisgötu og Hafnarstrætis, en lóð sú, er kaupa þarf af Zimsen til vegagerðarinnar á að kosta 3000 kr. Bæjarstjórnin tók þakklátlega tilboði þessu og ákvað að láta gjöra vegarm þennan,(sem fljótast) svo fljótt sem kringumstæður leyfðu.

10. Erindi kom frá verkfræðingum Voughan & Dymond í New Castle on Tyn um hafskipabryggju í bænum, er kosta mundi 180.000 kr., byggð á sama stað og hafnarbryggjan, 80 feta löng. Málinu frestað til að fá nánari upplýsingar frá útlöndum um hafskipabryggju.

11. Beiðni frá Ólafi Stefánssyni, Jóni Jóhannssyni og Hjálpræðishernum um erfðafestulönd, var vísað til erfðafestunefndarinnar.

12. Brunabótavirðingar samþykktar:

a. Húseign Þorkels Hreinssonar o.fl. við Lindargötu 7877.-
b. - Stefáns Eiríkssonar við Grjótagötu 7526.-
c. - D. Thomsens nr. 18 í Hafnarstræti 20518.-
d. - Jóns Guðmundssonar við Laugarnes 6003.-

13. Samþykkt að taka 10.000 kr. lán, er fæst úr landsjóði með 4% vöxtum og borgun eftir uppsögn. Láninu á að verja til undirbúnings vatnsleiðslu um bæin.

14. Kosnir í undirkjörstjórn í stað Magnúsar Einarssonar, er getur ekki verið í bænum 10. þ.m. Þórhallur Bjarnason bæjarfulltrúi.

15. Samþykkt var að ávísa af óvissu fé 600 kr. fyrir gamla kirkjugarðinn.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Heilbrigðissamþykktin:
IX. kafli.
var samþykktur með þessum breytingum:
30. gr. Í stað "heilbrigðisnefnd" sett "bæjarstjórnin".
33. gr. Greinin þannig: "Ekki má etl". (br.)
34. gr. "Réttir skal virtur etc. (kr.).
Viðbætir (br.
Heilbrigðisn. komi: "Bæjarstjórnin".
35. gr. Br. M.S sþ.
36. gr. bætt inn í "ófrosið"
bætt inn: " reykt eða niðursoðið fiskmeti".
S.Þ. aftur að 39. gr.

Allir á fundi nema Jón Magnússon og Sigurður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Hannes Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónswon..
Björn Kristjánsson. Þórhallur Bjarnason. Magnús Einarsson.
Sighvatur Bjarnason. G.Björnsson. Tr. Gunnarsson. Ólafur Ólafsson
Hannes Hafliðason. Kristján Þorgrímsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn þ. 15. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Fjárhagsáætlun 1905. 2. umræða. Bæjarstjórin samþykkti þessar breytingar við áætlunina:

| | |
|---|---|
| 2.g. 3. Til aukanæturvörzlu verði | 600 kr. |
| II. 2. b. 1. Laun Þirst. Björnssonar lögregluþ. verði | 1000.- |
| 5. Til þrifnaðar, klakahögg o.fl. | 2000.- |
| 8. Til að lýsa götur bæjarins | 2200.- |
| 10. bætist inn: vextir 4% (nýtt lán) | 400.- |
| 10. v. Verði (afborgunar) | 3000.- |
| 12. Til óvissra útgjalda | 3000.- |
| III. 1. a. Laun skólastjóra | 1500.- |
| 2. a. Til áhalda | 300.- |
| 2. b. - viðhalds skólahúss | 400.- |

2. Byggingarnefndargjörðir frá 3. þ.m. lesnar upp og samþykktar, og veitti bæjarstjórnin fyrir sitt leyti samþykki til þess, að Helga Zöega yrði veitt undanþága frá 25. gr. byggingarsamþykktarinnar að því er snertir breidd á stigaþrepum.

3. Erindi frá nokkrum kaupmönnum um bryggju í vestur hluta bæjarins vísað til hafnarnefndar.

4. Umsóknir um ókeypis kennslu og eftirgjöf á kennslugjaldi. Málinu frestað með því að skorti undirbúning.

5. Beiðni frá Ingibjörgu Guðbrandsdóttur um not leikfimishúss barnaskólans - vísað til skólanefndar til úrslita.

6. Beiðni frá Kristínu Árnadóttur um aukna borgun fyrir tímakennslu vísað til skólanefndar til umsagnar.

7. Erindi frá Haraldi Möller og Gunnari Einarssyni um rennu vísað til veganefndar.

8. Sömuleiðis erindi um 2 ljósker við Framnesveg.

9. Sömuleiðis erindi frá Bjarna Jónssyni snikkara um hluttöku í skólpræsi neðanjarðar frá húsi hans við Vitatorg til sjávar.

10. Erindi frá konsúl D. Thomsen um vegararminn frá Hverfisgötu til Hafnarstrætis. - Samþykkt að fela veganefnd vegagerð þessa til framkvæmda nú í haust.

11. Þessi erfðafestulönd voru veitt:
a. Magnúsi Blöndal um 4 dagsláttu land norð-austan við Hafnarfjarðarveg upp af landi Jóh. T. Egilssonar, 50 faðma meðfram veginum, en austur og norður að vegi, er liggur upp eftir mýrinni. Gjald 8 álnir fyrir dagsláttuna.
b. Guðm. Kr. Eyjólfssyni um 4 dagsl. meðfram sama vegi ofar og austar 40 faðma meðfram veginum og áfast við land M.Blöndals og norður að sama mýrarvegi. Gjald 7 álnir fyrir dagsláttuna.
Bæði þessi lönd séu 10 álnir frá Hafnarfjarðarvegi.
c. Frelsishernum tæpl. 1/2 dagsl. í viðbót við erfðafestuland hans á Melunum. Land þetta var áður útvísað Svend Svendsen, en hann hefur farið af landi burt og eigi ráðstafað bletti þessum.
Vesturtakmörk stefnulína úr erfðafestulandi Einars Finnssonar að vestan. Opinn vegur milli þessara landa.
Gjald 5 álnir dagsláttuna.

12. Út af beiðni Carl Frederiksen o.fl. um leirbakkann að vestanverðu við Markalækinn, samþykkti bæjarstjórnin, að veita þeim heimild til að nota sér allan þennan umbeðna leirbakka endurgjaldslaust í 30 ár. Land annað, sem þeir þurfa að nota til verksmiðjureksturs, mun þeim standa til boða eftir nákvæmari samningi við byggingarnefnd og bæjarstjórn..



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heimild þessi fellur burtu ef eigi er byrjað á verki fyrir alvöru innan þriggja ára.

13. Samþykkt var að erfðafestunefndin sæi framvegis um mæling erfðafestulanda.

14. Brunabótavirðingar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Sigurðar Ámundasonar við Lindargötu | 1000.- |
| b. | - Ólafs Jónssonar | 6497.- |
| c. | - Gunnars Gunnarssonar við Grettisgötu | 2707.- |
| c. | Skúr við hús Jóns Teitssonar við Bergstaðastræti | 732.- |
| e. | Geymsluhús Sam. Guðmundssonar o.fl. við Laugaveg | 1672.- |
| f. | Húseign Sveinbj. Björnssonar við Lindargötu | 1956.- |
| g. | - Gunnl. Ólafssonar o.fl. við Vatnsstíg | 4525.- |
| h. | - Jóns Arnórssonar við Njálsgötu | 1708.- |

15. Bæjarstjórnin samþykkti að reyna að selja að skaðlausu þær grindur, sem nú hafa komið til girðingar um Austurvöll, með því að þær þykja of veikar, en takist það ekki, er nefndinni falið að láta rannsaka hvort gjörlegt sé, að styrkja þær svo, að þær álítist brúklegar.

Allir á fundi nema Sig. Thoroddsen, Guðmundur Björnsson og Magnús Einarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór D~~aníelsson~~ Jónsson.
Jón Magnússon. Björn Kristjánsson. Kristján Þorgrímsson.
Þórh. Bjarnason. Tryggvi Gunnarsson. Sighvatur Bjarnason.
Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# ÁÆTLUN
um
tekjur og gjöld Reykjavíkur kaupstaðar fyrir árið 1905.

| Tekjur: | Al. | Kr. | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|---|---|
| A. Sérstakar tekjur kaupstaðarins: | | | | | |
| 1. a. Leigur af túnum og lóðarblettum eftir samningi 4140 1/2 áln. á 0.55 a. = kr. 2277.19 | | | | | |
| og í peningum .... ....." ... 341.oo | | | 2618.19 | | |
| nefnilega: | | | | | |
| Skálholtskotstún og Stöðlakotstún: | | | | | |
| 1. Útnorðurvöllur | 28 | | | | |
| 2. Útsuðurvöllur | 43 2/3 | | | | |
| Vesturtún bæjarins: | | | | | |
| 3. Ullarstofutún | 97 | | | | |
| 4. Biskupsstofutún | 63 | | | | |
| 5. Melshúsatún | 73 | | | | |
| 6. Melkotstún | 110 | | | | |
| Hlíðarhús og Ánanaust: | | | | | |
| 7. Bletturinn nr. 1 | 60 | | | | |
| 8. - - 2 | 92 1/2 | | | | |
| 9. - - 3 | 88 | | | | |
| 10. - - 4 | 43 | | | | |
| 11. Ánanaust | 20 | | | | |
| Ýms tún og blettir: | | | | | |
| 12. Sefið í tjarnarendanum | 25 | | | | |
| 13. Móhúsatún með viðauka | 86 | | | | |
| 14. Thomsenstún | 60 | | | | |
| 15. Grænuborgarblettur | 10 | | | | |
| 16. Efraholt | 40 | | | | |
| 17. Viðaukablettur við Grund | 4 | | | | |
| 18. Litlaholtsblettur | 18 | | | | |
| 19. Neðraholtsblettur | 18 | | | | |
| 20. Viðaukablettur við Sauðagerði | 17 | | | | |
| 21. Stekkjarkotstún | | 40.oo | | | |
| 22. Viðaukablettur við Garðana | 20 | | | | |
| 23. Melblettur nr. 1 | | 10.oo | | | |
| 24. Nýjabæjarblettur | 4 | | | | |
| 25. Gamli kirkjugarðurinn | | 23.50 | | | |
| 26. Móakotsblettur | | 10.oo | | | |
| 27. Grímsbæjarblettur | 17 | | | | |
| 28. Pálsbæjarblettur | 12 | | | | |
| 29. Garðhúsablettur | 5 | | | | |
| 30. Bræðrablettur | 20 | | | | |
| 31. Norðurgarður og Suðurgarður | | 5.oo | | | |
| 32. Hjallalandsblettur | 20 | | | | |
| 33. Steinsholtsblettur eystri | 10 | | | | |
| 34. Grænuborgarblettur nr. 20 | 20 | | | | |
| 35. Mógrafarblettur | 20 | | | | |
| 36. Þorvaldarblettur | 5 | | | | |
| 37. Bráðræðisblettur | | 14.50 | | | |
| 38. Garðamýri | | 10.oo | | | |
| 39. Helgastaðablettur | 8 | | | | |
| 40. Frostastaðablettur | 10 | | | | |
| 41. Norðurmýrarblettur nr. 1 | 40 | | | | |
| 42. - - 2 | 12 | | | | |
| 43. Garðaholtsblettur nr. 1 | 21 | | | | |
| 44. Tjarnarendabl. nr.1 með viðauka | 27 1/3 | | | | |
| 45. Bjarna Gunnlaugssonar blettur | 32 | | | | |
| 46. Viðauki við Rauðarártún | 82 1/2 | | | | |
| 47. Póstblettur | 30 | | | | |
| 48. Kaupmannstún með viðauka | 54 | | | | |
| 49. Rauðarármýri | 100 | | | | |
| 50. Norðurmýrarblettur nr. 3 | 29 | | | | |
| 51. - - 4 | 56 | | | | |
| 52. - - 5 | 50 | | | | |
| 53. Hallsbæjartún | 20 | | | | |
| 54. Tjarnarendablettur | 28 | | | | |
| Flyt# | | | | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Al. | Kr. | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|---|---|
| Flutt | | | | | |
| 55. Bjarna Grímssonar. bl. með viðauka | 41 1/6 | | | | |
| 56. Stekkjarholtsbl. með viðauka | 63 1/2 | | | | |
| 57. Sandvíkurblettur | 90 | | | | |
| 58. Signýjarblettur | 12 | | | | |
| 59. Jaðarstún | 16 | | | | |
| 60. Schoustún | 129 | | | | |
| 61. Selsmýri | 58 | | | | |
| 62. Melstaðarblettur | 10 | | | | |
| 63. Steinsholtsblettur vestri | | 10.00 | | | |
| 64. Elsumýrarblettur | 23 | | | | |
| 65. Þorsteinstún | 15 | | | | |
| 66. Suðurholtsblettur | 13 1/5 | | | | |
| 67. Norðurholtsblettur | 13 1/4 | | | | |
| 68. Holtstún | 24 | | | | |
| 69. Sauðagerðisblettur nyrðri | 22 2/5 | | | | |
| 70. Byggðarendablettur | 16 | | | | |
| 71. Guðmundarblettur | 10 | | | | |
| 72. Félagstún | 16 1/3 | | | | |
| 73. Sauðagerðisblettur syðri | 17 1/3 | | | | |
| 74. Meistaravöllur | 75 | | | | |
| 75. Norðurmýrarbl. nr. 6 með viðauka ...................... | 83 2/3 | | | | |
| 76. Skólavörðublettur | 12 1/2 | | | | |
| 77. Sandvíkurblettur nyrðri | 77 5/9 | | | | |
| 78. Syðstigarður | 5 | | | | |
| 79. Melblettur nr. 2 | 10 | | | | |
| 80. Hólabrekkutún með viðauka | 22 2/5 | | | | |
| 81. Melbæjarblettur | 10 | | | | |
| 82. Garðaholtsblettur nr. 2 | 10 | | | | |
| 83. Björns Sveinssonar blettur | 15 | | | | |
| 84. Skothúsblettur nr. 1 | 10 | | | | |
| 85. Smiðjublettur með viðauka | 13 | | | | |
| 86. Þormóðsstaðabl. með viðauka | 28 2/3 | | | | |
| 87. Litlubrekkublettur | 7 | | | | |
| 88. Melblettur nr. 3 | 6 | | | | |
| 89. Austurkotsbl. m viðauka | 20 | | | | |
| 90. Bergsblettur | 5 | | | | |
| 91. Skothúsblettur nr. 2 | 5 | | | | |
| 92. - - 3 | 5 | | | | |
| 93. Garðaholtsblettur nr. 3 | 10 | | | | |
| 94. Garðaholtsblettur nr. 4 | 10 | | | | |
| 95. Vatnsmýrarblettur nr. 1 með viðaukum .................... | 90 3/5 | | | | |
| 96. Garðbæjarblettur | 22 2/9 | | | | |
| 97. Votivöllur með viðauka | 71 1/3 | | | | |
| 98. Arablettur | 20 | | | | |
| 99. Félagsgarður | 76 | | | | |
| 100. Holtastaðablettur nr. 1 | | 22.00 | | | |
| 101. Rauðará | | 120.00 | | | |
| 102. Lækjarbakki | | 20.00 | | | |
| 103. Melblettur nr. 4 | 7 | | | | |
| 104. Norðurmýrarblettur nr. 7 | 20 | | | | |
| 105. - - 8 | 18 | | | | |
| 106. - - 9 | 23 | | | | |
| 107. Sauðagerðisblettur vestri | 16 | | | | |
| 108. Laufásblettur | 40 | | | | |
| 109. Eiríksblettur | 5 (5) | | | | |
| 110. Norðurmýrarblettur nr. 10 | 51 | | | | |
| 111. - - 11 | 28 5/12 | | | | |
| 112. - - 12 | 28 5/12 | | | | |
| 113. Spítalalóðin | 186 | | | | |
| 114. Vatnsmýrarblettur nrþ 2 með viðauka ................... | 35 | | | | |
| 115. Grafarblettur eystri | 34 1/2 | | | | |
| 116. - vestri | 24 | | | | |

Flytt



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tekjur frh.

| | | Al.Kr. | Kr.aur. | Kr.aur. | Kr.aur. |
|---|---|---|---|---|---|
| Flutt | | | | | |
| 117. Lækjarbakkablettur vestri | | 19 1/2 | | | |
| 118. Holtastaðablettur nr. 2 | | 13 4/5 | | | |
| 119. Lambhólsblettur | | 10 | | | |
| 120. Kirkjusandur vestri (30 ár frá 5/3 1900) | | | 20.00 ÷ 150 kr. | | |
| 121. Kirkjus. eystri (30 ár frá 1/10 199) | | | 29.00 | | |
| 122. Melblettur nr. 5 | | 25 | | | |
| 123. Norðurmýrarblettur nr. 14 | | 22 | | | |
| 124. Einholtsblettur | | 9 | | | |
| 125. Laugarnesblettur | | 100 | | | |
| 126. Samtún (J.J. og V. Bj.) | | 57 | | | |
| 127. Norðurmýrarblettur nr. 15 með viðbætir ............ | | 58 2/3 | | | |
| 128. Lækjarblettur eystri (M.V.) | | 40 | | | |
| 129. Fúlutjarnargrandi (10 ár frá /1903) | | | 10.00 | | |
| 130. Bráðræðisgrandi (5 ár frá 1903) | | | 6.00 | | |
| 131. Melblettur nr. 6 (Sv. Sv.) | | 5 | | | |
| 132. Norðurmýrarblettur nr. 16 | | 24 5/9 | | | |
| 133. Vatnsmýrarblettur nr. 3 | | 48 | | | |
| 134. - - 4 | | 42 | | | |
| 135. Norðurmýrarblettur nr. 17 | | 42 2/3 | | | |
| 136. - - 18 | | 30 1/3 | | | |
| 137. - - 19 | | 53 2/3 | | | |
| 138. - - 20 | | 35 | | | |
| | | # 4140 1/3 | 341.00 | | |
| Bæjarsjóður á í vændum afgjald af: | | | | | |
| a. Laugahúsabletti, sem er leigulaus í 15 ár frá fardögum 1892. | | | | | |
| b. Viðauka við Þormóðsstaðablett 1906 | | 10 | | | |
| c. Viðauka við Hólabrekkutún 1906 | | 3 | | | |
| d. Viðauka við Stekkjarholtstún 1906 | | 12 | | | |
| e. Norðurmýrarblettur nr. 21, 1906 | | 49 | (Einar Jóns. og Sig Sig) | | |
| f. Kringlumýrarbl. 1906 | | 60 | | | |
| g. Laugalækjarbletti 1906 | | 44 | | | |
| h. Viðauka við Votavöll 1906 | | 48 | | | |
| b. Laugarnes og Kleppur: | | | | | |
| 1. Landsskuld af Laugarnesi | 75.00 | | | | |
| 2. - - Kleppi | 60.00 | | | | |
| 3. Hagatollur | 400.00 | | | | |
| 4. Seglfestugjald | 70.00 | | | | |
| 5. Laugatollur | 40.00 | | 645.00 | | |
| c. eftirgjald af Seli | | | 70.00 | | |
| d. - - Bústöðum | | | 60.00 | | |
| e. - - Eiði | | | 152.00 | | |
| f. Tollur af mó | | | 50.00 | | |
| g. Tekjur af Vatnsbólum bæjarins | | | 10.00 | 3605.19 | |
| 2. Tekjur af lóðasölu | | | | 1000.00 | |
| 3. Sótaragjald | | | | 1900.00 | |
| 4. Tekjur eftir byggingarsamþykktinni | | | | 500.00 | |
| 5. Óvissar tekjur bæjarsjóðs | | | | 2000.00 | |
| B. Sérstakar tekjur fátækrasjóðsins: | | | | | |
| 1. Tíund til fátækra: | | | | | |
| a. Fasteignatíund | | | 50.00 | | |
| b. Lausafjártíund | | | 130.00 | 180.00 | |
| 2. Hundaskattur | | | | 50.00 | |
| 3. Endurgoldin lán af innansveitarmönnum | | | | 1000.00 | |
| 4. Endurgjald frá öðrum sveitum | | | | 800.00 | 11035.19 |
| C. Sérstakar tekjur barnaskólans: | | | | | |
| Væntanlegir skólapeningar | | | | | 4500.00 |
| D. Niðurjöfnuð gjöld á lögákveðna fjárstofna: | | | | | |
| 1. Lóðargjald samkv. lögum 9/10 1877 og 19/7 1897: | | | | | |
| a. Af byggðri lóð | | | 6000.00 | | |
| b. - óbyggðri lóð | | | 2600.00 | 8600.00 | |

Flyt



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Gjald eftir efnum og ástæðum jafnað niður með 5% - 10% umfram, samkvæmt 16. gr. samþ. um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 28. júlí 1902, staðfest af landshöfðingja 1. ágúst s.á/ .. .......þ 43998.65 52598.65

Tekjur samtals kr. 68133.84

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|---|
| I. Skattar og gjöld af eignum kaupstaðarins | | | | 90.00 |
| II. Útgjöld í þarfir kaupstaðarins: | | | | |
| 1. Stjórn kaupstaðarins og umsjón: | | | | |
| a. Laun gjaldkera | | 1500.00 | | |
| b. Laun verkfræðings bæjarins | | 2700.00 | | |
| c. Skrifstofuhald, ritföng, hreinsun þinghúss o.fl. | | 700.00 | | |
| d. Manntalskostnaður | | 500.00 | | |
| e. Laun sótara: | | | | |
| 1. Benedikts Jónssonar | 700.00 | | | |
| 2. Þórðar Breiðfjörð | 600.00 | 1300.00 | | |
| f. Umsjón kaupstaðarins og varzla | | 280.00 | 6980.00 | |
| 2. Til löggæzlu: | | | | |
| a. Laun næturvarða: | | | | |
| 1. Laun hins fasta næturvarðar | 700.00 | | | |
| 2. Til yfirhafnar | 20.00 | | | |
| 3. Til aukanæturvörzlu | 600.00 | 1320.00 | | |
| b. Laun lögregluþjóna: | | | | |
| 1. Þorvaldar Björnssonar með skyldu til að búa í miðjum bænum | 1000.00 | | | |
| 2. Sigurðar Péturssonar | 800.00 | | | |
| 3. Aukaþjóns | 400.00 | 2200.00 | | |
| c. Eftirlaun: | | | | |
| 1. Til Árna Gíslasonar | 100.00 | | | |
| 2. Til Jóns Borgfirðings | 280.00 | | | |
| 3. Til M. Helgesen | 200.00 | 580.00 | | |
| d. Önnur útgjöld | | 100.00 | 4200.00 | |
| 3. Til heilbrigðisráðstafana o.fl.: | | | | |
| a. Laun yfirsetukvenna | | 200.00 | | |
| b. Önnur gjöld | | 100.00 | 300.00 | |
| 4. Til vegabóta | | | 8000.00 | |
| 5. Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs og renna | | | 2000.00 | |
| 6. Til vatnsbólanna | | | 1000.00 | |
| 7. Til slökkvitóla og slökkviliðs, þar í laun slökkviliðsstjóra | | | 500.00 | |
| 8. Til að lýsa götur bæjarins | | | 2200.00 | |
| 9. Afgjald af Hlíðarhúsum og Ánanaustum | | | 204.55 | |
| 10. Vextir og afborganir af lánum: | | | | |
| a. Lán úr hafnarsjóði til ljóskera samkv. skbr. 19/12'98, upphaflega 2000 kr. nú 1500 kr.; ársvextir 4% | | 60.00 | | |
| b. Lán úr sama sjóði til barnaskólabyggingar, samkv. skbr. 25/1'86, 9900 kr., afborgast og ávaxtast með 6% í 28 ár; 20. afborg. | | 594.00 | | |
| c. Lán úr sama sjóði til leikfimishússbyggingar, samkv. skbr. 25/1'86, 884 kr. 78 a. afborgast og ávaxtast með 6% í 28 ár; 20. afborgun | | 50.69 | | |
| d. Lán úr sama sjóði samkv. slbr. 5/5'87, 3000 kr.; 4% ársvextir | | 120.00 | | |
| e. Lán úr sama sjóði til að kaupa Selseign, samkv. skbr. 5/11'88, 2000 kr., 4% ársvextir | | 80.00 | | |
| f. Lán úr sama sjóði til Laugavegarins, samkv. skbr. 3/12'89, 2900 kr. 4% vextir | | 116.00 | | |
| g. Lán úr sama sjóði til Kaplaskjólsvegarins, samkv. skbr. 18/4'90; 2000 kr. afborgast og ávaxtast með 6% í 28 ár; 15. afborgun | | 120.00 | | |
| h. Lán úr landssjóði, samkv. skbr. 11/12'82 18000 kr.; ávaxtast og afborgast með 6% í 28 ár; 23. afborgun | | 1080.00 | | |
| i. Lán úr sama sjóði, samkv. skbr. 4/6'86, 2700 kr; afborgast og ávaxtast með 6% í ~~28/ár/~~ þangað til skuldarinnar verður krafist:, 19. afborgun. | | | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|---|
| i///... 19. afborgun | Flutt # | 162.00 | | |
| j. Lán út af kaupum á Laugarnesi og Kleppi | | | | |
| 1. Vextir af handhafaskuldabréfum 5000kr. # | 200.00 | | | |
| 2. Vextir af landssjóðsláni | 128.00 | | | |
| 3. Til afborgunar | 100.00 | 428.00 | | |
| k. Lán úr landssjóði til Kringlumýrar, samkv. skbr. ´92, 1000 kr. ávaxtast með 4%; afborgast með 1/20 á ári; 13. afb. | | 66.00 | | |
| l. Lán úr brunabótasjóði til Hafnarfjarðarvegarins; 3500 kr.; samkv. skbr. 31/12 ´97, 4% ársvextir | | 140.00 | | |
| m. Lán til barnaskólabyggingar af gjafasjóði Hannesar Árnasonar. Upphaflega kr. 35000 samkv. skbr. 5/5´98; vextir 4%; 7. afb. 1000 kr. | | 2160.00 | | |
| n. Lán úr hafnarsjóði til sama, kr. 7650.00 samkv. skbr. 16/2´99; vextir 4% | | 306.00 | | |
| o. Lán úr sama sjóði til að kaupa Sveinsstaði samkv. skbr. 2/9´01; 1000 kr. 4% ársvextir | | 40.00 | | |
| p. Lán úr sama sjóði til Laugahússbyggingar samkv. skbr. 31/12´01; 1800 kr.; ávaxtast með 4%, afborgast með 1/15 á ári; 4. afborgun | | 177.60 | | |
| q. Lán úr sama sjóði til að innleysa lán úr fiskimannasjóði, samkv. skbr. 2/9´02; 4% vextir af 6400 kr. | | 256.00 | | |
| r. Lán úr sama sjóði til umbóta á Laugunum 2600 kr. samkv. skbr. 1/11´02, 4% vextir | | 104.00 | | |
| s. Lán úr hafnarsjóði til lokræsis frá Landakoti 2600 kr. samkv. skbr. 1/11´02 4% vextir | | 104.00 | | |
| t. Lán úr landssjóði til Hverfisgötu o.fl. samkv. skbr. 5/5 1904, 17000 kr.; ávaxtast með 4% | | 680.00 | | |
| u. Lán úr sama sjóði, samkv. skbr. dags. 16/9 1904, 10000 kr., 4% vextir | | 400.00 | | |
| v. Til afborgunar | | 3000.00 | 10244.29 | |
| 11. Til áhalda og aðgerða á þeim, þar í gæzla á sigurverki | | | 200.00 | |
| 12. Óvænt og óviss útgjöld | | | 3000.00 | 38828.84 |
| III. Útgjöld til fátækrasjóðsins: | | | | |
| 1. Til ómaga og þurfamanna: | | | | |
| a. Framfæri sveitarómaga | | 9000.00 | | |
| b. Til þurfamanna, lán og styrkur | | 7000.00 | | |
| c. Til greftrunar ómaga | | 200.00 | | |
| d. Lögflutningur þurfamanna | | 120.00 | | |
| e. Önnur útgjöld, þar í fátækralyf | | 800.00 | 17120.00 | |
| 2. Lán til annara sveita | | | & 800.00 | 17920.00 |
| IV. Gjöld til barnaskólans: | | | | |
| 1. Laun: | | | | |
| a. Laun yfirkennara, þar í persónuleg viðbót handa núverandi yfirkennara | | 1500.00 | | |
| b. Laun aðstoðarkennara | | 900.00 | | |
| c. Til aukakennslu, þar í sundkennsla | | 6000.00 | | |
| d. Til héraðslæknis fyrir heilbrigðis~~eftirlit/í~~ eftirlit í barnaskolanum | | 25.00 | 8325.00 | |
| 2. Hús skólans, áhöld o.fl.: | | | | |
| a. Áhöld | | 300.00 | | |
| b. Viðhald á húsinu | | 400.00 | | |
| c. Brunabætur og kirkjutíund | | 170.00 | | |
| d. Til eldiviðar og ljósa | | 900.00 | 1770.00 | |
| 3. Önnur útgjöld, t.a.m. hreinsun, ritföng o.fl. | | | 1100.00 | 11295.00 |
| | | | Gjöld samtals kr. | 68133.84 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, miðvikudaginn 21. september, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Um kauplausa kennslu og eftirgjöf skólagjalds að einhverju leyti
Bæjarstjórnin veitti kauplausa kennslu samtals 91 barni, samkv. skrá, er fær verður síðar inn í gjörðabókina. 90 / 1 # 91
Ennfremur veitt 1/2 eftirgjöf skólagjalds 58 börnum.

2. Skólanefndin tilkynnti, að hún hefði leyft ungfrú Ingibj-Guðbrandsdóttur afnot leikfimishússhússins með tilteknum skilmálum.

3. Veganefnd lagði til að bæjarstjórnin veitti þann 300 kr. styrk,(er Bjarni Jón) til lokræsagerðar, er Bjarni Jónsson snikkari hafði sótt um, samkv. 9. lið síðasta fundar.
Bæjarstjórnin samþykkti það, og skal féð tekið af næsta árs áætlun.

4. Sundlauganefndin skýrir frá hvernig á því stæði að bygging nýrrar sundlaugar, sem samþykkt var í sumar, hefur enn ekki framkvæmt verkið, og lagði það til að verkið yrði nú framkvæmt með dálitlum breytingum frá því, sem fyrirhugað var. - Málinu frestað til næsta fundar með 5 atkv. gegn 4.

5. Saamþykkt að kjósa nýjan mann í fjærveru Sigurðar bæjarfulltrúa Thoroddsen í nefnd til að annast girðingu Austurvallar. Í nefndina var kjörinn Halldór Jónsson eftir hlutkesti milli hans og 3ja annara bæjarfulltrúa.

Fundi slitið.

Jón Magnússon. Kristján Jónsson. Tr.Gunnarsson. Þórh.Bjarnaon. Sighvatur Bjarnason. Björn Kristjánsson. G.Björnsson. Ólafur Ólafsson. Kristján Þorgrímsson. Hannes Hafliðason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## S K R Á

yfir börn, sem njóta kennslustyrks að hálfu eða öllu leyti í barnaskóla Reykjavíkur árið 1904 - 1905.

---

Ókeypis kennslu njóta:
A. - að öllu leyti:

1. Benedikt Jóhannsson, Ásmundss. Klapparstíg 18 — 11 ára.
2. Jóna Ása Eiríks Helgadóttir, Eiríkssonar, Selkoti — 10 -
3. Kristín Friðsteinsdóttir, Grundarstíg — 9 -
4. Hannes Friðsteinsson - — 10 -
5. Ragnh. Árnadóttir, hjá Ólafi Ólafssyni Hverfisg. 31 — 12 -
6. Halldóra Jóhanna Sveinbjörnsdóttir, Skólavörðust. 33 — 11 -
7. Jóhanna Kristín Ingibj. Einarsd. Árnasonar, Bergst.s stræti 39 — 11 -
8. Karl Bjarnason og — 12
9. Málfríður Jónsdóttir, börn Sigr.Ásbjörnsd. Grettisg.40 18 ára
10. Guðmundína Tómasd., Breiðfjörðskóla.(ef annað barn kemur) 8 -
11. Páll Jónsson, Teitssonar, Bergsta astr. 15 (ef Jóna kemur) — 9 ára
12. Magnús og — 10 -
13. Guðrún Ágústa börn Þorkels Benjamínssonar Skólavörðustíg — 9 -
14. Jón Guðmundss.,barn Þórdísar Tómasd. Smiðjustíg 7 — 10 -
15. Rósa — 7 -
16. Ólafur, börn Jóns Runólfssonar Stöðlakoti — 12 -
17. Einar Ágúst- — 10 -
18. Margrét, börn Guðmundar í Skáholti — 9 -
19. Þórdís Magnea, Jónsdóttir, Ánanaustum — 9 -
20. Tómas Þórðarson, barn Guðrúnar Finnsd. Klapparst.10 — 12 -
21. Guðrún Ágústa — 11 -
22. Ásgeir, börn Jóhanns Árnasonar, ~~Klapparstíg~~/Bjarnaborg 9 ára
23. Theodór Friðriksson (vaktara) Doktorshúsi — 13 -
24. Friðfinnur Gíslason. Þórðarsonar, Nýjabæ, Bakkast. — 10 -
25. Hólmfríður Johannsdóttir Mýri — 10 -
26. Ástríður Ólafía Símonard.Ólafssonar Bergstaðastræti13 10 ára
27. Gróa Pétursdóttir, Ornólfssonar, Laugaveg 50 — 12 ára
28. Sigurjón Oddsson, Brautarholti — 13 -
29. Anna María Gíslad., hjá Gunnari Hafliðasyni Nýjabæ — 11 -
30. Jónína og — 12 -
31. Oddbjörg, Jónsdætur Litlubrekku — 10 -
32. Ólafur Jósefsson prests Hjorleifssonar, Reykjavík — 7 -
33. Þuríður Guðrún Þórðard. Magnússonar, Brekkuholti — 9 -
34. Helgi Ebenezersson, Ebenezarbæ — 13 -
35. Þorbjörg Gíslad.Guðmundssonar, Bjarnaborg (fyrr í Brennu) — 8 -
36. Sigríður — 13 -
37. Guðmundur — 11 -
38. Sigfús Ingimar, börn Dagfinns á Brúarenda — 9 -
39. Sólrún Jónsdóttir, barn Guðbjargar Einarsdóttur Laugavegi 49 — 7 -
40. Kristjana — 10 -
41. Þórunn Elín — 9 -
42. Jóhanna- börn Jóns Kristjánssonar, Laugaveg 25 fyrr á Laugalandi — 8 -
43. Emelía Þórlaug — 13 -
44. Anna Ágústa - Börn Einars Guðmundssonar, Vesturg. 53 fyrr í Ánanaustum — 8 -
45. Helga Bertelsen, Vesturgötu 41 — 10 -
46. Sigurjón Júlíus Sigurðsson, Oddgeirssonar, Oddgeirsbæ 8 ára
47. Markús Guðm.- — 13 ára
48. Inólfur — 12 -
49. Margrét Ágústa — 10
50. Óskar Gísli, börn Magnúsar Einarssonar, Litlaseli — 7 -
51. Jóhanna Gísladóttir, fósturb.Þórðar Andréss. Bjargarstíg 10 ára.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

52. Guðrún Guðmundsd.?barn Þorunnar Ingimundsd. Bröttug. 12 ára
53. Guðrún Sigurðard.?.i. 8 ára
54. Iðunn Elín - / börn Gróu Helgad. Amtmannsstíg 7 -
55. María Jónína Pálsd.(snikkara) hjá Guðm. gullsm. 11 -
56. Jón Otti Vigfús/ 11 -
57. Rósa/ börn Jóns Þórðarsonar, skipst. Vesturg. 36 8
58. Kristfríður Tómasd. stjúpbarn Guðjóns Þórðars. Hlíðarh. 13 ára
59. Sigríður/ 12 -
60. Bryndís/ dætur Jóhanns í Brekku 10 -
61. Björn Þórðarson, Þorkelssonar (frá Grjóta) 10 -
62. Kristín Guðrún Stefánsd.,Hanness. Grímsstaðaholti 11 -
63. Kristjana Erlendsd. Þorleifssonar, Vesturgötu 55 10 -
64. Jónína Jónsd., hjá Magnúsi Pálss. Laufásvegi 41 10 -
65. Guðbjörn/ 13 -
66. Sigurður/ Jóhannessynir, Þorbjarnarsonar á Melnum 10 -
67. Geir Backmann/ 12 -
68. Stefán Ólafur/ 8 ára
69. Árni/ börn Gríms Ólafssonar, bakara 7 -
70. Jórunn Sigríður Sigurðard. Bjarnasonar, Klapparst. 3 11 -
71. Jón Páll Sigurðsson, Bjarnasonar, Klapparstíg 3 9 -
72. ~~XX.~~ Ragnhildur og/ 11 -
73. Sigr. Guðný/börn Jóns E. Jónssonar prentara 8 -
74. Sigurður Þorbergur ~~Jónsson~~ Sveinsson Jónssonar
Vesturgötu 50 10 -
75. Helgi Ágúst Helgason, Hinrikssonar Lindargötu 40 11 -
76. Jóhann Bjarnason Guðmundssonar, Þorgrímsholti 9 -
77. Ragnar Sigtryggsson (apótekaraþjónn) Reykjavík 11 -
78. Magdalena Margrét/ 13 -
79. Bjarni/ börn Benedikts Daníelssonar, Hverfisg. 53 11 -
80. Ágústa Friðsteinsdóttir, Grundarstíg (í Friðs.húsi) 13 -
81. Kristinn Frímann/ 9 -
82. Haraldur/ Börn Jóns Eiríkssonar á Mörkum 8 -
83. Frímann Valdimar/ 12 -
84. Guðm. Júlíus/ synir Brynjólfs Ögmundssonar, Nikulás-
arkoti 10 -
85. Gróa Þórarinsdóttir, Jónssonar, Selsholti 11 -
86. Halldór Jóhann/ 11 -
87. Ragnar Sveinn/ börn Ole J. Haldorsen, Laugaveg 8 -
88. Þorsteinn/ 13 -
89. Jón/ börn Sigurðar Jónssonar, Lindargötu 17 10 -
90. Þorsteinn Jónsson, Jónssonar, Grettisgötu 31 13 -
91. Páll Ágúst/ 10 -
92. Guðbjörn/ börn Páls Hafliðasonar, skipstjóra 8 -

B. Að hálfu leyti:

1. Ásta/
2. Ásgeir/ 11ára
3. Ragnar/ börn Ásgeirs Eyþórssonar 10 -
4. Jón Vilhjálmsson, Þorsteinssonar, slátrara 9 -
5. Guðm.Jónsson, barn Steinunnar Guðmundsd. Vg. 16 10 -
6. Anna Jónsd., jarðskjálptabarn hjá Guðmundi í Pálshús 11 -
7. Anna Sigurjónsd./ 9 -
8. Þrúður/ - börn Sesselju ljósm. Ólafsdóttur 12 -
9. Gísli Erlendsson, Þórðarsonar/ 10 -
10. Þórður Hermann Erlendss. - / Lindargötu 7 12 -
11. Pétur Sigurðsson, lögregluþjóns 10 -
12. Aðalsteinn Björnsson, systurson Snæbjörns Jakobss. 8 -
13. Valdimar Árnason, Árnasonar, Bakkastíg 8 -
14. Margrét Guðmundsd., Bjarnasonar, Stóraseli (frá
Hraunstöðum) 11 -
15. Pálína/ 9 -
16. Einar/ börn Guðm. Einarssonar Laugavegi 34 10 -
17. Jórunn Ásta/ (fyrr í Höfnum) 10 -
18. Helgi Helgason, Runólfssonar, Klapparstíg 15 9 -
19. Guðbrandur Sveinn Þorkelsson, Helgasonar, Bræðraborg-
arstíg 25 8 -
20. Björn Benediktsson, Jóhannessonar, Hverfisgötu 21 9 -
21. Ingibjörg Gróa Sveinbjörnsd., Sauðagerði 10 -
10 -

-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. Eyþór/ börn Tómasar Eyvindssonar, Skothúsum-
Ingvar Kristinn/ . (hefur 2 ár kostað þau sjálfur á skóla) 12 ára
24. Eiríkur Óskar Þorsteinsson, slátrara, Laugav. 35 b 9 -
25. Sigríður Gróa/. börn Þorsteins Þórðarsonar, Hverf- 12 ára
26. Guðjón/ isgötu 35 (fyrr á Frostastöðum) 13 -
27. Guðrún Vigdís Ásmundsdóttir, Vesturgötu 50 11 -
28. Sigurlaug Eyjólfsdóttir, Ófeigssonar, snikkara 9 -
Bráðræði
10 -
29. Guðbjörg Alexandersd., stjúpdóttir Jóhanns Björns-
sonar Sellandi
13 -
30. Guðm. Marteinsson, Teitssonar (Guðrún Erlendsd. ) 10 -
31. Brynjólfur B. Magnússon, stjúps. Guðm. á Kröggólfss. 12 -
32. Bjarni Árnason, Guðmundssonar, Vesturgötu 53 9 -
33. Ásta Jónsdóttir Guðmundss, Eiðsstöðum 9 -
34. Jón Halberg/ Einarssyni, Einarssonar Vatnsstíg 4 11 -
35. Siggeir/ (fyrr í Vorhúsum) Vatnsstíg 4 10 -
36. Ólafía H.Þ.Einarsd./og Guðleif Erlendd: frá Breiða-
bólstöðum
10 -
37. Soffía Margrét/ 13 -
38. Emelía Gróa/ 11 -
39. Kristín Valgerður/ börn Ólafs Eiríkss. snikkara 8 -
40 . Júlíus Magnús Guðmundsson, snikkara Bergstaðastr. 33 9 -
41. Guðbergur Ágúst Magnússon, Einarss. Litlasteinsst 9 -
42. Oddur Jóhann Jónsson, Oddssonar, Litlsbæ 12 -
43. Guðm.Helgi Bjarnason, Jakobssonar snikkara 12 -
44. Gísli Gíslason, fósturbarn Kristínar Gíslad. Efri-
vegamót 12 -
45. Ólafur/ 12 -
46. Einar/ 10 -
47. Þuríður Erlendína/ börn Guðjóns Einarss.Klapparst.20 9 -
48.Ásta Jónsd.fósturbarn Kristjáns Þorsteinss.
Bergstaðastræti 3
12 -
49. Haraldur/ 9 ?
50. Hrefna/ börn Þorkels Bergsveinssonar 7 -
51. Karl Gunnar Ágúst Magnússon, Gunnarssonar 9 -
52. Sigurður/ 13 -
53. Gyða / börn Sigurðar Einarssonar Litlaseli 12 -
54. Jóhann Grímur Guðmundsson, Nýjabæ við Bakkastíg 13 -
55. Sveinn/ 9 -
56. Margrét/börn Jóns Sveinssonar, Hákoti 12 -
57. Ingibjörg/ 11 -
58. Þorlákur/ börn Einars Ág. Einarssonar, Lágholti 9 -
59. Jóna/ 13 -
60. Halldóra/ börn Þórðar Guðmundssonar, Hverfisgötu 10
(frá Hól) 12 -



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 6. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Eftir tillögum sundlaugarnefndarinnar var samþ. að fresta bygging sundlaugarinnar til næsta vors, og falið nefndinni framkvæmd alls undirbúnings.

2. Veittar voru 150 kr. til aukanæturvörzlu fyrir 3 síðustu mánuði ársins - við fyrri umræðu.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 10. og 17. f.m. og 1. þ.m. lesnar upp og samþykktar, með þeirri viðbót við 15. lið, að bæjarstjórnin áskilur sér aðgang að Rauðarárlæk óhirndraðan, með því að hann fylgir ekki með í kaupinu.

4. Beiðni frá búendum við Grettisgötu um ljósker vísað til veganefndar.

5. Beiðni frá Erlendi Guðmundssyni í Gíslaholti um breikkun á gangstíg heim að húsi hans, vísað til sömu nefndar.

6. Eftir tillögum skólanefndar veitti veitti bæjarstjórnin ókeypis kennslu að öllu leyti:
1. Eiríku Helga Eiríkdsyni, Selkoti 9 ára.
2. Theódór Magnússyni, skósmiðs, Hverfisgötu 7, 10 ára
3. Björgu Friðriku systur hans, 8 ára.
4. Ólafi Þorbirni Ólafssyni, Bakka, 12 ára.
5. Guðrúnu Jakobínu Snæbjörnsdóttur, Jakobssonar 13 ára.
6. Karli J.J.L.Rüder 12 ára og
7. Guðmundi Jónssyni Vitastíg 16, 11 ára.
en að hálfu leyti:
Önnu og Þorkeli (10 ára og 8 ára) börnum Gísla Þorkelssonar (frá Ormstöðum).

7. Skólanefndin lagði til, að Kristín Aradóttir skyldi hafa borgun fyrir réttritunarkennslu í barnaskólanum yfirstandandi skólaár 75 aura fyrir tímann og í viðbót 60 kr. fyrir allan tímann í þóknunarskyni fyrir heimavinnu. Bæjarstjórnin samþykkti það, og veitti henni enn umfram 30 kr. uppbót fyrir síðastliðið skólaár.

8. Beiðni frá Leikfimisfélaginu Island, um heimild til að halda æfingar sínar í leikfimishúsi barnaskólans - vísað til skólanefndar til úrskurðar.

9. Beiðni frá Guðmundi Jakobssyni um viðbót við erfðafestuland hans vísað til erfðafestunefndar.

10. Páll Vídalín tilkynnir, a hann ætli að selja erfðafestuland sitt með húsi fyrir 3800 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt sinn.

11. Baldur Benediktsson tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt fyrir 76 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt sinn.

12. Þorl. O. Johnson og V. Bernhöft tilkynna, að þeir ætli að selja 2261 feralin á 0/65a. hverja feralin úr Skólabæjartúni. Bæjarstjórnin vil i ekki nota forkaupsrétt, en áskilur sér hér sem altið rétt sinn óskertann til vegarstæðis ókeypis.

13. Eftir beiðni ekkjufrú Breiðfjörð var felldur niður 1/4 af útsvari W.Ó. Breiðfjörð fyrir þetta ár.

14. Fellt var burtu síðari helmingur Þórðar Jasonssonar, sem drukknaði í maí, með 9 kr.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Fellt burtu 6 kr. aukaútsvar þ.á. Friðsteins Jónssonar, sem dó í febrúar.

16. Guðlaug Oddsdóttir biður um að fá bæinn Þorgrímsholt með tilheyrandi lóð til kaups. Bæjarstjórnin vildi ekki selja að sinni bæ né lóð.

17. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Guðjóns Sigurðssonar við Hafnarstræti | 78338 kr. |
| b. | - Júl. Schou (geymsluhús) við Norðurstíg | 3864.- |
| c. | - Guðmundar Jónssonar í Sauðagerði | 1910.- |
| d. | - Eyjólfs Eyjólfssonar 9bær) á Grímsstaðaholti | 1015.- |
| e. | - Jóns Þórðarsonar við Lindargötu | 3010.- |
| f. | Geymsluhús við holdsveikraspítalann | 3872.- |
| g. | Húseign Eiríks H. Sigurðssonar við Skólavörðustíg | 8003.- |
| h. | - Guðmundar Einarssonar við Vitastíg | 2770.- |
| i. | - Sigurjóns Einarssonar við Grettisgötu | 3044.- |
| j. | - Haraldar Möller við Tjarnargötu | 14684.- |
| k. | - Helga Zöega við Bröttugötu | 13695.- |
| l. | - Guðmundar Jakobssonar við Laugaveg | 2897.- |
| m. | - Ingimundar Jónssonar við Holtsgötu | 4085.- |
| n. | - Gunnlaugs Guðmundssonar við Hverfisgötu | 5711.- |
| p. | - Gríms Grímssonar við Bergstaðastræti | 2097.- |
| q. | - Guðmundar Magnússonar við Frakkastíg | 2701.- |

19. Bréf frá slökkviliðsstjóra (brunamálastjóra), þar sem hann óskar að fá lausn, vísað til brunamálanefndar.

20. Tilboð frá Haraldi Möller um sölu á lóðarræmu, vísað til veganefndar.

21. Kosinn aukanæturvörður Jónas Jónasson í Steinsholti.

Allir á fundi nema Magnús Einarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. ~~Halld~~
Björn Kristjánsson. Kristján Þorgrímsson. Sig. Thoroddsen.
Þórh. Bjarnason. G.Björnsson. Ólafur Ólafson. Sighvatur Bjarnason. Hannes Hafliðason. Jón Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, 17. október var framtalsþing í Reykjavíkurkaupstað haldið á bæjarþingstofunni af Halldóri Daníelssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Þessir menn töldu fram:

1. Jón Valdason, Skólabæ: 3 kýr, 3 hestar.

2. Kjartan Runólfsson, Jaðri: 3 ær með lömbum, 3 ær geldar, 4 gemlingar, engan hund.

3. L.E.Sveinbjörnsson, justitiaríus: telur ekkert fram til tíundar - atvinnutekjur 5800 kr. mínus 5 kr.

4. Ólafur Ólafsson Fríkirkjuprestur: 2 hestar. -

5. Þórður Þórðarson Laugarnesi: 3 kýr, 1 kvíga að 2. kálfi, 2 hross, 20 ær með lömbum, 4 geldar, 15 gemlingar, 1 hrútur.

6. Halldór Daníelsson, bæjarfógeti: 1 kýr.

7. Gunnlaugur Pétursson, Framnesvegi 1: 1 hestur, 6 ær.

8. Lárus Pálsson, smáskemmdalæknir: 1 kýr, 1 hestur.

9. Vernharður Féldsted: 2 kýr, 2 hestar.

10. Sigurjón Jónsson Laugavegi: 3 hestar, 1 hryssa, 2 ær.

11. Sigurður Jónsson fangavörður: 2 kýr.

Ennfremur töldu fram:

1. Godthaab:
13 kýr, 2 hesta.

Framtal Þorl. Guðmundssonar: 2 kýr leigufærar, 1 kýr tímalaus, 34 ær með lömbum, 2 lambsgotur, 19 gemlingar, 6 sauðir 3ra vetra, 5 sauðir 2 vetur, 2 hestar.

Fleiri töldu eigi fram.

Framtalsþinginu slitið.

Halldór Daníelsson.

Þ.Björnsson.
Sig. Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 20. október, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Heilbrigðissamþykkt:

39. gr. Í stað "af heimili" samþ. "á eða frá heimili" og fellt burt orðin: "í búðum" og bætt við "eða hreinlæti í fjörunni og hirðing kúnna er í svo löku lagi, að erfitt verði að forðast að mjólkin óhreinkist".

41. gr. Felld burtu orðin: "sem hægt er að þvo".

43. gr. Upphaf greinarinnar orðist: "Ef kvartað er yfir því við heilbrigðisnefnd að herbergi í íbúðarhúsi séu svo full" o.s.frv.

46. gr. Orðið "allir" fellt burtu.

50. gr. Í síðari málsgrein sþ. að kúm "má" í stað "skal".

51. gr. Bætist inn: 1 jan. 1905.

8. gr. Önnur málsgrein bætt inn orðunum: "eða resi". 3. málsliður felldur burtu.

Samþykktin síðan samþykkt í heild sinni.

2. Úthlutun úr alþýðustyrktarsjóði: Eftir tillögum fátækranefndar úthlutaði bæjarstjórnin styrkjum 27 kvenmönnum og 3 karlmönnum.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 15. þ.m. samþykktar að öðru en því, að frestað var málinu um lóðarskipti við félagið "Mjölni".

4. Eftir beiðni Gísla Guðmundssonar samþykkti bæjarstjórnin að veita honum byggingarfrest til fardaga 1906 gegn því, að fá ókeypis nauðsynlega ræmu af lóð hans undir breikkun Hverfisgötu.

5. Beiðni frá Þorsteini Rögnvaldssyni um frest á byggingu var synjað.

6. Beiðni frá Guðmundi Jakobssyni um skipti á lóð, sem hann á austan Barónstígs fyrir lóð, er bærinn á vestan sama stígs, var samþykkt, gegn því að hann greiði 50 a. fyrir feralin af stærðarmun lóðanna.

7. Veganefnd veitti heimild til að fjölga ljóskerum í bænum eftir því sem efni eru til og bráð nauðsyn krefur.

8. Jóhann Þorbjörnsson tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt á Bráðræðisholti fyrir 320 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

9. Guðmundi Jakobssyni synjað um viðbót við erfðafestuland hans sunnan í Öskjuhlíð.

10. Veittar 150 kr. við síðari umræðu til aukanæturvörzlu.

11. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Jóns Sveinssonar við Templarasund | 11099.- |
| b | - Sigurgeirs Torfasonar vi, Laugaveg | 16811.- |
| c. | - Ólafs Magnússonar við Skólavörðustíg | 2457.- |
| d. | Geymsluhús Jörgens Þórðarsonar við Spítalastíg | 576.- |
| e. | - Helga Jónssonar við Bókahlöðustíg | 560.- |
| f. | Húseign erf. Kr. Bjarnadóttur, Lækjargötu | 12506.- |
| g. | - Þorsteins Egilssonar við Vesturgötu | 4984.- |
| h. | - Einars Einarssonar í Háholti | 2158.- |
| i | - Jónatans Þorsteinssonar við Vatnsstíg | 12239.- |
| j. | - sama við Laugaveg | 4449.- |
| k. | - Jóhannesar Guðmundssonar við Njálsgötu | 2239.- |

12. Erindi frá Talsímahlutafélagi Reykjavíkur um heimild til að grafa fyrir stólpum við götur bæjarins og á landi hans. Bæjarstjórnin veitti hið umbeðna leyfi þannig, að veganefnd hafi eftirlit með því, hvar slíkir staurar séu settir, og að félagið taki



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá aftur burtu á sinn kostnað ef bæjarstjórn álítur nauðsynlegt.

13. Felldur burt helmingur af aukaútsvari Þorleifs S. Jónssonar snikkara sakir veikinda.

14. Erindi frá maskínumeistara E. Pfaff um rafmagnsstöð við Laugarnar svarað á þá leið, að hann verði að leggja fyrir bæjarstjórn nákvæma lýsing á, hvernig hann hugsi sér að koma vélunum fyrir, útreikning er sýni hve mikinn kraft hann geti framleitt og hve dýrt hann hugsi sér að selja bæjarbúum rafmagnið - áður én hann geti fengið endanlegt svar frá henni.

15. Landfógeti A. Thorsteinson tilkynnir, að samningur hans við bæinn um Effersey sé nú upphafinn, með því að hann hafi lagt niður embættið. Falið var fjárhagsnefnd að íhuga, hvað gjöra skuli út af því.

16. Gunnlaugi Péturssyni veitt lausn frá fátækrafulltrúastarfi eftir beiðni hans. Kosnir í stað hans Ólafur Pétursson Ánanaustum og Arinbjörn Sveinbjarnarson bókbindari.

Allir á fundi nema Magnús Einarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Jón Magnússon. Halldór Jónsson. Tryggvi Gunnarsson. Þórh. Bjarnason. G. Björnsson. Kristján Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Sig. Thoroddsen. Björn Kristjánsson. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason. Kristján Þorgrímsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn hinn 3. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Tillaga frá fjárhagsnefnd um gjald af erfðafestulóðum, sem breytast í húslóðir. Málinu frestað til næsta fundar.

2. Beiðni frá búendum í Ingólfsstræti um breikkun og lenging strætisins og breikkun Amtmannsstígs - vísað til veganefndar.

3. Stjórnarráðið tilkynnir, að lagt hafi verið fyrir vegfræðing landsins að afhenda bæjarstjórninni vegkaflann frá Rauðará inn að verzlunarlóðarmörkum við Brynjólfstún til viðhalds framvegis.

4. Beiðni frá Helga Jónssyni um frest á húsabyggingu. Bæjarstjórnin veitti frest til 6. maí 1905 af sérstökum ástæðum.

5. Beiðni frá H.J.Bartels og meðmæli Ásgeirs Sigurðssonar um frest á byggingu sunnan stakkstæðis Ásgeirs kaupmanns. Bæjarstjórnin vildi ekki veita frestinn.

6. Beiðni frá Guðm. Krþ Eyjólfssyni um viðbót á erfðafestulandi vildi bæjarstjórnin ekki veita.

7. Guðjón Helgason tilkynnir, að hann hafi áformað að selja erfðafestuland sitt - svonefnt Félagstún norðan Grettisgötu fyrir 1900 kr..
Bæjarstjórnin fól veganefnd að koma fram með tillögur um, hvort bæjarstjórn skyldi nota forkaupsrétt.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Páls Guðmundssonar við Grettisgötu | 5009.- |
| b. | - Þorgeirs Pálssonar við Bergstaðastræti | 5843.- |
| c. | - Benedikt Stefánsson vi sama stíg | 4843.- |
| d. | - félagsins "Högna" við Laugaveg | 400.- |
| e. | - Ingibjargar Jónsdóttur við Laufásveg | 8724.- |

9. Erindi frá Magnúsi Magnússyni H. A. um að bæjarstjórnin láti hreinsa sundlaugina gömlu, með því að hann hafi í hyggju að kenna nemendum stýrimannaskólans sund í vetur. Bæjarstjórnin vildi ekki verða við þessari beiðni.

10. Eftir tillögum byggingarnefndar samþykkti bæjarstjórnin, að láta hlutafélaginu "Mjölnir" í té lóðarræmu meðfram Laugaveginum með sömu kjörum og hið annað land, er félagið hefur fengið, að stærð 50 ál. meðfram veginum og 45 aln. á breidd, en félagið sleppir í staðinn öllum notkunarrétti á lóðarhorbi því, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi 1. sept. þ.á., að afhenda skyldi í skiptum við verkfræðing Petersen. Frestað var til næsta fundar að ákveða um byggingarlóð Kn. Zimsen verkfræðings.

11. Fjárhagsnefnd kom með tillögur sínar um Effersey. Bæjarstjórnin samþykkti tillögurnar með lítilli breytingu.

12. Í stað Matthíasar Matthíassonar kaupmanns, sem óskar eftir lausn frá slökkviliðsstjórastarfi frá 1. janúar næstkomandi kaus bæjarstjórnin Hannes Hafliðason bæjarfulltrúa með 480 kr. launum á ári.

13. Í tilefni af bréfi frá verkfræðing bæjarins Kn.Zimsen ákvað bæjarstjórnin að lengja enn frest þann, sem hann hefur haft til að teikna uppdrátt bæjarins til marzmánaðarloka n.á.

Allir á fundi nema Magnús Einarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Jón Magnússon. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. G.Björnsson. Þórh. Bjarnason. Tr.Gunnarsson. Björn Kristjánsson. Sighvatur Bjarnason. Sig. Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson. Ólafur Ólafsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S K Ý R S L A -

yfir þá menn, er styrk fengu úr "Styrktarsjóði handa alþýðufólki" í Reykjavíkurkaupstað, samkvæmt lögum 11. júlí 1890, - árið 1904.

| Tala: | Nöfn og heimili: | Styrkurinn Kr. aur. |
|---|---|---|
| 1. | Elín Björnsdóttir | 10.00 |
| 2. | Elín Magnúsdóttir, Suðurgötu 13 | 10.00 |
| 3. | Guðmundur Jónsson, Laugaveg 20 | 10.00 |
| 4. | Guðni Einarsson, Hverfisgötu 44 | 15.00 |
| 5. | Guðríður Guðmundsdóttir, Laugaveg 27 | 10.00 |
| 6. | Guðrún Gísladóttir, Bergstaðastræti 33 | 10.00 |
| 7. | - Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 13 | 10.00 |
| 8. | Halldóra Ólafsdóttir, Miðdal | 10.00 |
| 9. | Helga Nikulásdóttir | 10.00 |
| 10. | Herdís Magnúsdóttir, Vesturgötu 55 | 10.00 |
| 11. | Ingibjörg Eyjólfsdóttir, Doktorshúsi | 10.00 |
| 12. | - Eyjólfsdóttir, Nýlendugötu | 10.00 |
| 13. | - Petersen | 15.00 |
| 14. | Jóhann Jónsson, Vindheimi | 10.00 |
| 15. | Jóhanna Jónsdóttir, Spítalastíg 4 | 10.00 |
| 16. | Kristín Guðmundsdóttir Hólskoti | 10.00 |
| 17. | Kristjana L. Kristjánsdóttir, Bergstaðastræti 12 | 10.00 |
| 18. | Margrét Erlendsdóttir, Vesturgötu 20 | 10.00 |
| 19. | Marta Lárusdóttir, Tjarnargötu 6 | 10.00 |
| 20. | Ólöf Halldórsdóttir, Vegamótum | 15.00 |
| 21. | Ragnheiður Þorleifsdóttir, Vegamótum | 10.00 |
| 22. | Ragnhildur Þorláksdóttir, Bakka | 15.00 |
| 23. | Rannveig Jónsdóttir, Gíslaholti | 10.00 |
| 24. | - Þórðardóttir, Laufásveg 51 | 10.00 |
| 25. | Rósa Guðmundsdóttir, Vegamótum | 10.00 |
| 26. | Salgerður Magnúsdóttir, Bakka | 10.00 |
| 27. | Sigríður Guðmundsdóttir, Laugaveg 24 | 10.00 |
| 28. | Sigurlaug Guðmundsdóttir, Hverfisgötu 27 | 10.00 |
| 29. | Þorbjörg Illugadóttir, Amtmannsstíg 5 | 10.00 |
| 30. | Þórunn Pálsdóttir, Bergsstöðum | 10.00 |
| | Kr. | 320.00 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 17. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Tillaga fjárhagsnefndar um gjald í bæjarsjóð fyrir leyfi til að breyta erfðafestulöndum í byggingarlóðir.
Svo hljóðandi ályktun var samþykkt:
Leyfi bæjarstjórnarinnar til þess að breyta erfðafestulandi eða einhverjum hluta þess, í byggingarlóðir, skal frá 1. janúar 1905 vera því skilyr,i bundið að greitt sé í bæjarsjóð 20% af verði lóðarinnar. Sé lóðin seld öðrum skal gjaldið miðað við kaupverðið.
Byggi eigandi sjálfur í erfðafestulandinu skal gjaldið talið eftir mati óvilhallra manna á lóðinni.
Eigi má taka minni lóð en 1000 ferálnir úr erfðafestulandi til bygginga, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.
Þessi ákvæði ná þó eigi til þess, þá er eigandi erfðafestulands byggir þar fjós, hesthús, heyhlöðu, áburðarhús eða bæ handa þeim, sem hefur á hendi ræktun og umsjón landsins.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 5. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar.

3. Eftir tillögum félagsins "Mjölnir" samþykkti bæjarstjórnin að selja félaginu lóðarræmu 42 álnir frá norðri til suðurs og nær suður að götu þeirri, sem fyrirhugað er að komi jafnhliða Laugavegi og frá austri til vesturs er hún 100 áln. - fyrir 10 a. gjald feralin, en félagið lætur þá af hendi aftur notkunarrétt á lóðarræmu þeirri meðfram Laugavegi, er því var veittur á síðasta fundi (10. mál) og einnig sleppir félagið notkunarrétti á lóðarhorni því, er verkfræðing Petersen hefur verið mælt í skiptum.

4. Erindi frá búendum við Laugaveg, um aðgerðir á veginum var vísað til veganefndar.

5. Veganefnd lýsti því áliti sínu á erfðafestulands-sölutilkynning Guðjóns Helgasonar, að bæjarstjórnin ætli ekki að nota forkaupsrétt sinn og samþykkti bæjarstjórn þá tillögu.

6. Ásgeir kaupmaður Sigurðsson tilkynnir, að hann í umboði Gísla Þorkelssonar ætli að selja erfðafestuland hans Skothúsblett nr. 1,-fyrir 400 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

7. Erindi frá konsúl D. Thomsen um breikkun grjótpalls milli vörugeymsluhúsa hans o.fl. var vísað til byggingarnefndar.

8. Erindi frá landlækni og erindi frá Sesselju Ólafsdóttur um að hún verði skipuð framvegis, sem ljósmóðir í bænum með 100 kr. launum á ári. Málinu frestað til næsta fundar og héraðslækni Guðmundi Björnssyni falið að leita upplýsinga um yfirsetukvennaefni fyrir bæinn, ef auðið væri hinni þriðju yfirsetukonu.

9. Beiðni frá Benedikt Jónssyni sótara um launaviðbót - vildi bæjarstjórnin ekki taka til greina.

10. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| a. Húseign Guðmundar Jakobssonar við Laugaveg | 18827.- |
| b. - Benónýs Benediktssonar | 8379.- |
| c. Geymsluhús Sigurðar Hjaltested við Klapparstig | 919.- |
| d. Húseign Jóns Guðmundssonar Eiðstöðum | 4123.- |

11. Kosnir til að semja alþýðustyrktarsjóðsskrá:

| | |
|---|---|
| Björn Kristjánsson | 9 atkv. (yfirstrykað). |
| Hannes Hafliðason | 8 - |
| Magnús Einarsson | 8 - |
| Kristján Þorgrímsson | 7 - |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Tilnefndur mælingamaður jarðabóta fyrir jarðræktarfélag Reykjavíkur: Gísli Þorbjarnarson.

13. Erindi frá nokkrum stúdentum um leikfimishús barnaskólans til leikfimisæfinga - vísað til skólanefndar til úrskurðar.

14. Beiðni um ókeypis kennslu fyrir barnið Önnu Sesselju var vísað til úrskurðar skólanefndar.

15. Út af girðingu Austurvallar var samþykkt að fela nefndinni að selja hinar komnu járngrindur og leggja fyrir bæjarstjórn hið fyrsta tillögur sínar um nýjar grindur.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Þórh. Bjarnason. Halldór ~~Daníelsson~~ Jónsson. Björn Krisjánsson. Kristján Jónsson. Jón Magnússon. Sighvatur Bjarnason. G.Björnsson. Kristján Þorgrímsson. Magnús Einarsson. Sig.Thoroddsen. Hannes Hafliðason. Ólafur Ólafsson. Tr.Gunnarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, Fimmtudaginn 1. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Bréf stjórnarráðsins um frumvarp til heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík.
Stjórnarráðið hafði bent á þrjú atriði í frumvarpinu, sem breyta þyrfti.
Nefnd sú er hafði undirbúið frumvarpið kom með nokkrar breytingartillögur við það. - Málinu var frestað til næsta fundar.

2. Bréf stjórnarráðsins um Laugarnesspítalaveginn.
Bæjarstjórnin samþykkti að taka að sér viðhald þess helmings vegarins - frá Laugavegi niður að girðingunni við Laugarnes - er nær er Laugavegi jafnskjótt sem vegurinn hefur verið afhentur í sæmilegu ástandi.

3. Bréf stjórnarr'aðsins um kaup á Klapparlóð. Bæjarstjórnin hafði ekkert að athuga við uppköst þau til afsalsbréfs og skuldabréfs, sem stjórnarráðið sendir og gaf formanni bæjarstjórnar umboð til, að undirskrifa skuldabréfið fyrir sína hönd.
Bæjarstjórnin fól byggingarnefnd aðíhuga og gjöra tillögur um hve mikið af lóðinni selja skuli félaginu "Völundi" "og hvernig samningurinn við það félag" skuli að öðru leyti vera hagað.

4. Byggingarnefndargjörðir frá 19. nóvember lesnar upp og samþykktar að öðru leyti en því, að ákveðeðitxx var, að hið nýja hús, sem kaupmaður Braun ætlar að byggja á lóð sinni við Austurstræti skuli ekki standa norðar né austar en gamla húsið (Har. Holters hús) stendur nú.
Tillaga byggingarnefndar um breyting á útmæling hins fyrirhugaða hlutabankahúss var samþykkt með 7 atkv. gegn 3.
Tillaga - sem nefndin um byggingar við fyrirhugaða götu meðfram Tjarnarbrekkunni var samþykkt án atkvæða.
Tillögur sömu nefndar út af málaleitan konsúls D.Thomsen samþykkti bæjarstjórn einnig án atkvæða.

5. Beiðni frá Einari Finni Jónssyni um lenging byggingarleyfis var vísað til byggingarnefndar.

6. Byggingarnefnd var falið að gjöra tillögur um verð lóða ári 1905.

7. Eftir ósk formanns bæjarstjórnar var hann leystur frá formannsstarfi fátækranefndar frá næsta nýjári.
Kosnir voru í viðbót við þá 3 bæjarfulltrúa, sem nú eru í fátækranefnd:
Kristján Jónsson með 10 atkv., Hannes Hafliðason með 5 atkv.
Samþykkt var við fyrri umræðu að veita væntanlegum formanni fátækranefndar 600 kr. þóknun á ári.

8. Beiðni um veg frá búendum við Grundarstíg var vísað til veganefndar.

9. Samþykkt að borga reikning Ólafs Jónssonar 41 kr. 18 a. fyrir aðgerðir og kveiking Kitsons-ljóskersins.

10. Beiðni um ókeypis kennslu í barnaskólanum fyrir 2 börn vísað til skólanefndar til afgreiðslu.

11. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | |
|---|---|
| a. Húseign Þórðar Pálssonar við Brekkustíg | 1368.- |
| b. Bæt Guðrúnar Árnadóttur í Brautarholti | 1691.- |
| c. Íshúsið á Zimsenslóð | 26305.- |
| d. Húseign Guðmundar Björnssonar og Sigurðar Stefánssonar við Barónsstíg | 6906.- |
| e. Húseign Dr. Ingvars Nikulássonar við Laugaveg | 4067.- |

12. Samþykkt að borga fyrir prentun niðurjöfnunarnefndarskrár 30 kr.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Dregið út nr. 20 af Laugarnesskuldabréfum til innlausnar.

Allir á fundi nema Sighvatur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson.
Þórh. Bjarnason. Björn Kristjánsson. Kristján Þorgrímsson.
Magnús Einarsson. Tryggvi Gunnarsson. G.Björnsson.
Sig. Thoroddsen. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason.
Jón Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, fimmtudaginn 15. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Breytingar við frumvarp til heilbrigðissamþykktar.
Bæjarstjórnin samþykkti 5 breytingar við frumv. eftir tillögum nefndar þeirrar, sem samdi frumvarpið upphaflega.
Samþykkt var að heilbrigðissamþykktin skyldi koma í gildi 1. apríl 1905.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 5. þ.m. lesnar upp og samþykktar.
Sömuleiðis byggingarnefndargjörðir frá 12. þ.m. lesnar upp og samþykktar að öðru en því að frestað var samþykkt á vegarstefnu meðfram Tjarnarbrekkunni og byggingarnefnd og veganefnd falið að útvega upplýsingar um dýpt Tjarnarinnar á svæði þessu, áætlun yfir kostnað vegagerðarinnar, stærð þeirrar lóðar er bæjarstjórn lætur af hendi o.fl. máli þessu viðvíkjandi, og að frestað var samþykkt á lóðarsölu til Völundar.

3. Bæjarstjórnin vildi ekki endurborga Hlutabankanum neitt af svæði því, er hann hafði greitt fyrir lóðarkaup við Austurstræti, enda þótt bankinn noti hana ekki alla til bygginga.

4. Áætlun veganefndar hafði gengið milli bæjarfulltrúa milli funda. Vegafénu var ráðstafað á eftirfarandi hátt:

| | |
|---|---|
| 1. Ofaníburður í götur og vegi | 2000.- |
| 2. Hverfisgata frá Klapparstíg að Barónsstíg | 2000.- |
| 3. Ingólfsstræti | 1400.- |
| 4. Amtmannsstígur | 550.- |
| 5. Vesturgata 70 faðmar | 1000.- |
| 6. Tjarnargata | 200.- |
| 7. Steinsteypubrú yfir Lækinn við Bókahlöðustíg | 200.- |
| 8. Njálsgata umfram vegagjald | 100.- |
| 9. Barónsstígur sömul. | 40.- |
| 10. Vitastígur sömul. | 30.- |
| 11. Ýmsar smáaðgerðir | 480.- |
| Alls | 8000.- |

allt samkvæmt nákvæmari útlistun veganefndar og með því skilyrði, sem hún hafði tiltekið.
Af vegagjaldsfé ennfremur samþykkt að gjöra þessar vegagerðir:

| | |
|---|---|
| 1. Njálsgata austur að Barónsstíg 88 faðmar | 396.- |
| 2. Vitastígur milli Laugavegs og Hverfisgötu 18 f. | 81.- |
| 3. Barónsstígur milli Grettisgötu og Njálsgötu 34 f. | 153.- |

5. Bæjarstjórn samþykkti að fela veganefnd að koma fram með áætlun yfir kostnað við gagngerða aðgerð á Hafnarstræti og Aðalstræti og Þingholtsstræti - innan vordaga.

6. Hafnarnefndargjörðir frá 13. des. lesnar upp og samþykktar, að því er beiðni Ásgeirs kaupmanns Sigurðssonar snertir. Að öðru leyti var hafnarmálum frestað.

7. Daníel Bernhöft tilkynnir að hann ætli að selja hálfa dagsláttu af erfðafestulandi sínu, Melkotstúni, fyrir 1350 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt sinn, en áskilur sér rétt til ókeypis vegarstæðis yfir land þetta; samþykkir þvíaðeins breyting erfðafestulandsins í lóð.

8. Samþykkt við síðari umræðu 600 kr. þóknun fátækranefndarformanns.

9. Beiðni frá Jóhanni Þorbjörnssyni um kauplausa kennslu fyrir son sinn, Guðmann Júlíus. vísað til skólanefndar til úrskurðar .

10. Aukaútsvar Ben. sal. Pálssonar fyrir 1904 kr. 5.- fellt burtu.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Jósefi Jónssyni, blindu gamalmenni veitt eftirgjöf á hagatolli fyrir 1904, 6 kr.

12. Árni Árnason, söðlasmiður, telur sig eigi eiga að greiða aukaútsvar fyrir 1904 hér í bæ, með því að hann hafi verið vinnumaður til vordag þ.á. Vísað til niðurjöfnunarnefndar til umsagnar.

13. Samskonar erindi frá Jóni Sigurðssyni járnsmið, vísað til sömu nefndar til umsagnar.

14. Fyrirspurn frá Bergsteini Björnssyni, um óskir bæjarmanna um rafmagnsljós gat bæjarstjórnin ekki sinnt.

15. Beiðni frá Benedikt Jónssyni sótara um launaviðbót vildi bæjarstjórnin ekki taka til greina.

16. Oddur Arnórsson afsalar sér lóð sinni við Framnesveg.

Allir á fundi nema Þórhallur Bjarnason og Björn Kristjánsson. Bæjarfógetinn var ekki á fundi þá er málin 4-16 voru til meðferðar. Bæjarfulltrúi Jón Magnússon stýrði þa fundi í forföllum hans.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Jón Magnússon. Halldór Jónswon. Sig. Thoroddsen. Kristján Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Tr. Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson. Hannes Hafliðason. Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, janúar 5. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórn-
inni.

1. Um sölu á Klapparlóð. Formaður skýrði frá að fengið væri
frá stjórnarráðinu afsal fyrir lóðinni. Samþykkt var að afhenda
félaginu Völundi það af Klapparlóð, er liggur milli tveggja vænt-
anlegra þvervega og lóðarræmu sunnan við hinn væntanlega syðri
þverveg með þessum skilyrðum:

a. að Völundur borgi alla lóðina að undanskildum vegarstæðum og
strandlengjunni með öllum sömu réttindum og skyldum, sem bæjar-
stjórnin hefur keypt hana af landssjóði.

b. Völundur borgar fyrstu afborgun í landsjóð til bæjarstjórnar-
innar um leið og samningurinn er undirskrifaður, en afborgun á
10 árum með sjálfsskuldar ábyrgð 12 manna, er bæjarstjórnin tekur
gilda.

c. Völundur annast um fluttning á kolunum úr vegarstæðunum bæjar-
sjóði að kostnaðarlausu, þá er bæjarstjórn krefst þess, en bæjar-
stjórn leggur báða vegina, efri veginn frá Klapparstíg austur á
næstu þvergötu og fremri veginn frá Klapparstíg svo langt austur,
sem land leyfir án upphleðslu í fjörunni, félaginu að kostnaðar-
lausu, jafnskjótt sem kotunum er rýmt burt.

d. Völundur hefur heimild til að nota strandlengjuna og fjöruna
fram undan lóðinni og gjöra þar lendingarstað og önnur mannvirki
sem með þarf til uppskipunar gegn leigu, er miðast við kaupverð
lóðarinnar.

e. Bærinn skuldbindur sig til að borga Völundi eftir óvilhallra
manna mati öll þau mannvirki er hann lætur gjöra við sjóinn, að
svo miklu leyti sem bærinn telur sér hag við að nota þau, þegar
hann telur ströndina til almenningsnota.

2. Byggingarnefnd og veganefnd komu fram með upplýsingar þær,
er þeim var falið að útvega viðvíkjandi kostnaði við vegagerð með-
fram Tjarnarbrekkunni o.fl. því máli viðvíkjandi. Með því að upp-
lýst var að vegur sá, er hér er um að ræða, mundi kosta 4000 - 5000
kr. vildi bæjarstjórnin ekki taka að sér slíka vegarlagningu, þótt
eigendur Tjarnarbrekkunnar legðu 800 kr. til slíkrar vegagerðar,
en það höfðu þeir stungið upp á í erindi til bæjarstjórnarinnar.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 17. des. f.á. lesnar upp og
samþykktar.

4. Eftir tillögum veganefndar var byggingarnefnd falið að
láta afmarka Tjörnina með greinilegum og föstum merkjum og sem
fyrst leggja fyrir bæjarstjórnina tillögur um skemmtistíg kring
um Tjörnina.

5. Erindi frá búendum við Nýlendugötu um endurbót á vatnsbóli
þar - vísað til veganefndar.

6. Erindi frá Gísla Magnússyni í Hlíð um lóð til erfðafestu
vísað til byggingarnefndar.

7. Sama gefinn eftir hundatöllur 1904 fyrir einn hund, með
því að hann notaði hundinn við vörzlu í bæjarlandi síðastliðið
sumar.

8. V.Bernhöft og Þ.O.Johnsen tilkynna að þeir ætli að selja
Jóni Valdasyni stykki úr Skólabæjartúni, 1050 feráln. á stærð
fyrir 65 a. feralin og bjóða bæjarstjórn forkaupsrétt. Bæjar-
stjórnin leit svo á, að hér væri að ræða um að breyta erfðafestu-
landi í byggingarlóð, vildi hún ekki nota forkaupsrétt en samþykkti
fyrir sitt leyti söluna með því skilyrði, að 1/5 hluti lóðarverðs-
ins greiðist í bæjarsjóð.

9. Davíð Jóhannesson kosinn fátækrafulltrúi í stað Magnúsar
Magnússonar er veitt var lausn frá því starfi samkvæmt beiðni hans.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Erindi frá Jóni Þorlákssyni o.fl. um útmæling svæðis í Hlíðarhúsamýri til bygginga og upplagspláss fyrir sand til afnota við múrsteinsgjörð o.fl. var vísað til byggingarnefndar.

11. Samþykkt var eftir tillögum héraðslæknis, Guðmundar Björnssonar, að auka við hinu þriðja yfirsetukvennaembætti í bænum frá næsta hausti.

12. Kosnir til að búa undir kjörskrá þ.á. :
Halldóe Jónsson með 10 atkv.
Kristján Jónsson með 9 -

13. Stjórnarráðið tilkynnir, að verkfræðing landsins hafi verið falið, að afhenda þann kafla af Lauganesspítalaveginum, er bæjarstjórnin framvegis ætlar að annast, - í forsvaranlegu standi.

14. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Jóns Setbergs o.fl. við Laufásveg | 20396.oo |
| b. | - Guðmundar Guðmundssonar við Skálholtsstíg | 2876.oo |

15. Erindi frá Edilon Grímssyni um lóð til afnota falin formanni að veita, ef sú er notar lóðina nú, vill láta hana af hendi.

16. Erindi frá Sigurði Briem póstmeistara, um leyfi til að leggja veg yfir Melana vísað til veganefndar. Sama heimilað að að setja telefónstaura meðfram þessum fyrirhugaða vegi.

17. Beiðni Jóns Sigurðssonar járnsmiðs um að fella burtu 8 kr. útsvar hans vildi bæjarstjórn ekki taka til greina.

18. Útsvar Árna Árnasonar söðlasmiðs, 12 kr., fellt burtu að hálfu leyti, sem því nemur að hann var hér til 14. maí.

19. Af útsvari Björns Jenssonar skólakennara fyrir 1904 fellt burt 3/4 hlutar, þar sem hann dó 19. febrúar.

20. Útsvar Guðlaugar Jensdóttur fyrir 1904 fellt burtu, með því hún dó 5. janúar.

21. Erindi frá Ola Haldorsen um byggingarlóð vísað til byggingarnefndar.

22. Erindi frá Jóni Vigfússyni og Ólafi Einarssyni um lóðarnám - vísað til byggingarnefndar.

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson.
Tr. Gunnarsson. Magnús Einarsson. Sig.Thoroddsen. G. Björnsson.
Ólafur Ólafsson. Þórh. Bjarnason. Jón Magnússon. Sighvatur
Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Hannes Hafliðason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 19. janúar, var regluiegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Um breyting á lögum um lóðargjald í Reykjavík. (Erindi frá Framfarafélaginu). Kosnir í nefnd til að íhuga málið: Halldór Jónsson 9 atkv. Kr. Jónsson 6 atkv. Þórhallur Bjarnason 5 atkv.

2. Erindi frá cand. Helga Péturssyni um skaðabætur fyrir flutning á húsi. Samþykkt var að gera við hús þetta á kostnað bæjarsjóðs svo vel, að það megi teljast jafngott og áður en það var flutt.

3. Lagður fram alþýðustyrktarsjóðsreikningur fyrir 1904. Kosnir endurskoðunarmenn: Jón Magnússon og Sighvatur Bjarnason.

4. Byggingarnefndargjörðir frá 7. þ.m. samþykkt ar að öðru en því, að samþykkt var að Gísli Magnússon í Hlíð fengi ókeypis 1000 ferálnir af lóð þeirri, er hann hefur fengið útmældar af því að húsið var áður lóðarlaust, en greiði 5 a. fyririr feralin fyrir hinn hluta lóðarinnar; má lóðarverðið standa sem lán gegn veði í lóðinni rentulaust, þar til eignaskifti verða húseignarinnar.

5. Lögð var fram skrá yfir lóðir, er hafa verið útmældar fyrir 1. janúar 1903, en sem ekki var búið að reisa á hús 1. jan. 1905.
Lóðir þessar eru 10 að tölu .
Bæjarstjórnin samþykkti, að Stefán Jónsson við Hverfisgötu og Runólfur Guðmundsson við Vitastíg héldu lóðum sínum, með því að húsagrindurnar eru smíðaðar, þótt veðrátta hafi valdið því, að húsin hafa eigi orðið reist. En þeir skulu hafa byggt hús sín fyrir júnílok þ.á.
Hinar aðrar (8) lóðir falla til bæjarins.

6. Jón Thorsteinsen á Grímsstöðum veitt eftir beiðni hans lausn frá fátækrafulltrúastarfi, og Jón Tómasson á Grímsstaðaholti skipaður fátækrafulltrúi í hans stað.

8. Sigurður Thoroddsen kosinn í brunamálanefnd í stað Hannesar Hafliðasonar, sem nú er slökkviliðsstjóri.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Ármanns Jónssonar við Hverfisgötu | 6373.- |
| b. | - Björns Kristjánssonar nr. 4 í Vesturgötu | 19948.- |
| c. | - Þórðar Ólafssonar við Njálsgötu | 2742.- |

9. Erindi frá Hein & Möller-Holzt um sýnishorn af vatni úr hinum nýju borholum við Öskjuhlíð var vísað til vatnsnefndarinnar.

10. Fellt burtu helmingur af aukaútsvari frú Þórhildar Tómasdóttur fyrir 1904 vegna frávistar úr bænum.

11. Erfðafestunefnd falið að láta mæla á ný erfðafestuland Jóns kaupmanns og Þórðar Þórðarsona á Laugavegi, samkvæmt beiðni þeirra.

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson og Guðmundur Björnsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Jón Magnússon. Halldór Jónsson. Magnús Einarsson. Kristján Jónsson. Þórh.Bjarnason. Sig.Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson. Tryggvi Gunnarsson. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason. Sighvatur Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 2. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Erindi frá Þorsteini Þorsteinssyni og Birni Símonarsyni kaupmanni um kaup á stakkstæði Jóhannesar Jósefssonar norðan við Elsumýrarblett.
Bæjarstjórnin vildi ekki selja stakkstæði þetts.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 21. janúar lesnar upp og samþykktar að öðru en því, að svæði það, er iðnaðarfélagið fær að fylla upp af Tjörninni, skal látið endurgjaldslaust, með því að félagið ætlar að ~~láta~~ nota svæðið til byggingar fyrir iðnaðarskóla.
Lóð sú, er selja á Einari Finnssyni og þeim félögum fyrir vestan Slipplóðina verður ekki fullar 77 álnir frá austri til vesturs.
Húslóðina úr Litlaselstúni var ákveðið að selja fyrir 20 aura hverja feralin.

3. Beiðni frá Bárufélaginu um stækkun lóðar sinnar við Vonarstræti var vísað til byggingarnefndar.

4. Frestað var til næsta fundar að gefa nýjum götum nöfn, en veganefnd var falið, að láta hið fyrsta setja tölunúmer á hús við götur bæjarins þar sem þau vanta.

5. Út af erindi frá Jóni Vigfússyni og Ólafi Einarssyni upplýsti veganefnd, að vegur hefði verið lagður yfir erfðafestuland þeirra, og var formanni bæjarstjórnarinnar falið að svara þeim því, að þeim bæri þessvegna ekki endurgjald fyrir lóðarnám.

6. Edvald Möller sápugerðarmaður sækir um svæði við Laugarnar til sápugerðar. Málinu vísað til veganefndar.

7. Hans Hannesson póstur tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt "Steinholtsblett" fyrir 2000 kr. og býður bæjarstjórn forkaupsrétt. Bæjarstjórn vildi ekki nota forkaupsrétt.

8. Landlæknir J.Jónassen skýrir frá, að ~~hann hafi að selja~~ Fríkirkjusöfnuðinum hér í bænum hafi falað kaup á 462 ferálnum af erfðafestulandi hans austan Tjarnarinnar og hafi boðið sér 924 kr. fyrir erfðafesturéttindi sín spyr hvort bæjarstjórnin vilji nota forkaupsrétt sinn.
Bæjarstjórnin svaraði því, að hún gæti ekki veitt leyfi til þess, að svona lítið land væri gjört að sérstöku erfðafestulandi, en sé hugsunin sú að breyta erfðafestulandi þessu í byggingarlóð þá falli hún frá forkaupsrétti, og samþykki með skilyrði breytinguna, að 1/5 hluti kaupverðsins renni í bæjarsjóð.

9. Ekkja Magnúsar Markússonar sækir um lækkun á útsvari þ.á. er lagt hafði verið á mann hennar í 4 kr. úr 16 kr. Bæjarstjórn samþykkti það.

10. Stjórnarráðið tilkynnir að heilbrigðissamþykktin hafi verið staðfest 30. f.m.

11. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign verkfræðings Petersens við Laugaveg | 6271.- |
| b. | - Völundar við Klapparstíg | 7952.- |
| c. | - Haraldar Möller við nr. 855 við Tjarnargötu | 1400.- |
| d. | Spítalahús Hjartar Hjartarsonar við Miðstræti | 2696.- |
| e. | Prentsmiðjan "Gutenberg" við Þingholtsstræti | 34515.- |

12. Úrskurði á útsvarskærum var frestað til næsta fundar sakir vantandi upplýsinga.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Allir á fundi nema Jón Magnússon, Sighvatur Bjarnason, Guðmundur Björnsson, Þórhallur Bjarnason og Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson.
Tryggvi Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson. Magnús Einarsson.
Sig.Thoroddsen. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 16. febrúar var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Út af tillögum hafnarnefndar um breikkun og lenging hafnarbryggjunnar var samþykkt að fresta málinu og fela hafnarnefnd að útvega upplýsingar um, fyrir hve mikið verð hægt mundi að fá hvert fyrir sig af þessum verkum unnin:
1. að breikka bryggjuna um 9 álnir.
2. að breikka og lengja bryggjuna um 9 álnir.
3. að breikka og lengja bryggjuna um 9 álnir og hækka hana framanverða um 2 álnir.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 4. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar að öðru en því, að frestað var að samþykkja útfylling Bárufélagsins í Tjörnina.

3. Beiðni frá Samúel Jónssyni um að fá lóð við Njálsgötu til byggingar ókeypis vildi bæjarstjórnin ekki taka til greina.

4. Beiðni frá Vilhjálmi Ingvarssyni um húsnúmer og ýmsum búendum við Hverfisgötu um afrennsli frá húsum þeirra var vísað til veganefndar.

5. Eftir tillögum brunamálanefndar var samþykkt að skipa í bjarglið Guðjón Sigurðsson úrsmið og Jón Magnússon Framnesvegi (frá Skuld), í stað Ólafs Rósinkranz og Guðlaugs Torfasonar; í húsrifrildisliðið: Guðmund Jakobsson trésmið og og Magnús Blöndal trésmið í stað Jóns Sveinssonar og Sigurðar Árnasonar; við sprautu na nr. 1 Þorstein Þorsteinsson skipstjóra og Pál Stefánsson verzlunarmann í stað Jes Zimsen og Guðmundar Sigurðssonar, við sprautu nr. 3: Jóhannes Hjörtsson skipstjóra í stað Einars Árnasonar, og við sprautuna nr. 4 Níels Bjarnason verzlunarstjóri í stað Andrésar Bjarnasonar.

6. Samkvæmt tillögum sömu nefndar var samþykkt að þilja að innan og setja ofn í brunamálahús bæjarins upp við Bergstaðastræti, en nefndinni var falið að íhuga hvar hentugan stað væri að finna fyrir nýtt brunamálahús hér í miðbænum.

7. Bæjarstjórnin samþykkti reglur þær, er brunamálanefnd hafði sett um trésmíðaverksmiðju Eyvindar Árnasonar og Jóns J. Selberg.

8. Svari upp á bréf landlæknis J.Jónassens um sölu á 462 ferálnum af erfðafestulandi hans var frestað til að fá eftirrit af erfðafestubréfi hans og málinu að öðru leyti vísað til fjárhagsnefndar.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Sveins Einarssonar við Njálsgötu | 2317.- |
| b. | Geymsluhús Slippfélagsins við Mýrargötu | 3321.- |
| c. | Svitakistuskúr sama á sama stað | 1274.- |
| d. | Bakhús Eiríks Einarssonar við Grettisgötu | 2405.- |
| e. | - Skúla Jónssonar við Njálsgötu | 3317.- |
| f. | Skúr við hús Jóns Guðmundssonar við Laugaveg | 300.- |
| g. | Húseign Sigurðar Ámundasonar við Vatnsstíg | 4493.- |

10. Samþykkt var við fyrri umræðu, að hækka fjárveitinguna til hinnar nýju sundlaugar úr 5000 kr. upp í 6000 kr.

11. Nefndin sem úthlutar styrk úr Blómsveigasjóði Þorbjargar Sveinsdóttur tilkynnir að hún hafi veitt styrk 1904:

| | |
|---|---|
| Vilborgu Sigurðardóttur | 15 kr. |
| Guðrúnu Finnborgadóttur | 10 - |
| Ingveldi Magnúsdóttur | 10 - |

12. Jón Þorláksson verkfræðingur gjörir kröfu um að útsvar sitt sé fært úr 100 kr. niður í 70 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki færa útsvarið niður.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Þorgrímur Jónsson Bræðraborgarstíg gjörir kröfu um að útsvar sitt sé fært úr 25 kr. niður í 16-20 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki færa útsvarið niður.

14. Fjárhagsnefnd var falið að yfirfara skrá yfir ófáanleg bæjargjöld 1903 og 1904 og nema úr eftirstöðvum það, sem ófáanlegt væri eftir hennar áliti.

Allir á fundi nema Þórhallur Bjarnason, Sighvatur Bjarnason, Sigurður Thoroddsen og Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Jón Magnússon. G.Björnsson. Hannes Hafliðason. Kristján Þorgrímsson. Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 2. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Heilbrigðisnefndin lagði fram frumvarp til reglugjörðar um kjötskoðun. Frestað að útkljá málið og ákveðið að frumvarpið gangi, meðal fulltrúanna til næsta fundar.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 18. febrúar lesnar upp og samþykktar.

3. Bárufélaginu var leyft að fylla upp í Tjörnina suður að stefnu þeirri, fyrir sunnan hús félagsins er takmarkar uppfylling þá, er Iðnaðarmannafélaginu hefur verið leyft, og eignast hina uppfylltu lóð með þeim skilyrðum, að félagið gjöri á sinn kostnað steinlímdan kant sunnan við uppfyllinguna og að austan allt að Vonarstræti.

4. Beiðni frá Birni Guðmundssyni o.fl. um rýmkun fiskiverkunarsvæðis á Kirkjusandi vísað til byggingarnefndar.

5. Búendur við Skólavörðustíg biðja um rennu og gangstétt meðfram veginum. Málinu vísað til veganefndar.

6. Eftir umkvörtun frá leigjendum Kirkjusands lagði veganefnd til, að bannað væri að taka sand í fjörunni þar fyrir neðan. Bæjarstjórnin vildi ekki banna sandtökuna.

7. Veganefnd kom fram með tillögur um, að bæjarsjóður legði veg frá kirkjugarðinum suður að Vellejusarminni (Björnshól), mundi kosta 800 kr. Póstmeistari Sigurður Briem býðst til að leggja 200 kr. í veginn. Bæjarstjórn vildi ekki leggja veg þennan.

8. Kristján Þorgrímsson tilkynnir, að hann ætli að selja eign sína Sauðagerði, sem lítill hluti af er erfðafestland, fyrir 5576 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt að erfðafestupartinum.

9. Fjárhagsnefnd lagði til, að bæjarstjórn svaraði landlækni dr. J.Jónassen upp á bréf það, er til hennar var vísað á síðasta ~~fu~~ fundi, að bæjarstjórn geti alls ekki viðurkennt þann skilning á erfðafestuskilmálum hans, sem bréf hans byggir á, og vísi að öðru leyti til svars þess, sem bæjarstjórnin samþykkti á fundi 2. febr. að gefa honum, og sem hann hefur fengið.

10. Hafnarnefnd skýrði frá, að hún hefði falið Jóni Þorlákssyni verkfræðingi að gjöra áætlun um kostnað við aukning hafnarbryggjunnar, en sú áætlun væri enn eigi til.

11. Upp á erindi Sigurðar Halldórssonar Grettisgötu 34 um undanþágu frá bæjargjaldi var samþykkt að leita álits formanns niðurjöfnunarnefndar.

12. Tilkynnt að 2 lóðir við ~~Ø/Ø~~ Njálsgötu, útvísaðar 17. febr. 1903, væru fallnar aftur til bæjarins með því að eigi væri reist hús á þeim.

13. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Sigríðar Bjarnadóttur við Njálsgötu | 2882.- |
| b. | - Magnúsar Magnússonar við Vitastíg | 2488.- |
| c. | - Elís Péturssonar við Njálsgötu | 2661.- |
| d. | - Þorsteins Rögnvaldssonar við Bergstaðastræti | 2618.- |
| e | - Sveinbjörnssons Jónssonar o.fl. við Skólavörðustíg | 4277.- |
| f. | - Guðm. Guðmundssonar við Skálholtsstíg | 3323.- |

14. Girðingarnefnd Austurvallar tilkynnti, að nú með næstu ferð yrði pöntuð ný girðing um völlinn, 4' há og gildleiki teina



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/8",. Sömu nefnd falið að setja bráðabirgðagirðing um völlinn til vörzlunar með vorinu.

15. Samþykkt að setja barnaskólann í telefónsamband bæjarins.

16. Bæjarstjórnin fól formanni sínum, að fara þess á leit við brunabótavirðingarmennina, að þeir í virðingargjörðunum virði einnig                húsanna.

17. Ákveðin voru laun handa heilbrigðisfulltrúa 800 kr. á ári. Samþykkt var að fela starf þetta verkfræðing A. Petersen með 3 mámaða uppsagnarfresti.

Allir á fundi nema Sighvatur Bjarnason og Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson.
Þórh. Bjarnason. Sig. Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson.
G.Björnsson. Jón Magnússon. Hannes Hafliðason. Ólafur Ólafsson.
Magnús Einarsson. Tryggvi Gunnarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 16. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Lagður var fram bæjarreikningur og hafnarreikningur 1904.

2. Erindi frá vélastjóra Pfaff um notkun Lauganna til að framleiða rafmagn, og erindi frá H.S.Hansen um rafmagnsstöð í sama tilgangi.
Verkstjóri Pfaff óskar, að fá einkaleyfi veitt nú þegar til 30 ára. Samþykkt var að svara honum, að sakir ónógs undirbúnings geti bæjarstjórnin eigi nú þegar veitt einkaleyfið. Kosnir í nefnd út af þessum málaleitunum:
Sigur ur Thoroddsen, Halldór Jónsson,
Kristján Jónsson.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 4. þ.m. lesnar upp og samþykktar með þessum viðauka:
a. Birni Guðmundssyni og þeim félögum veittar tvær landspildur, resp, 8835 ferálnir og 8465 ferálnir til viðbótar við stakkstæði þeirra á Kirkjusandi til jafnlangs tíma og hið eldra gegn 40 kr. viðbótargjaldi á ári.
b. Tillögur byggingarnefndar um að færa hús það, er baróninn ætlar að byggja austur í línu við bankagirðinguna og norður í línu við Hótel Ísland var samþykkt með 6 atkv. gegn 4.
Atkvæði sitt á móti því ákvæði heimtuðu bókað Guðm. Björnsson, Halldór Jónsson, Sigurður Thotoddsen og Magnús Einarsson.
c. Eggert Briem skrifstofustjóri gjörir í bréfi dags. í dag tilboð fyrir hönd eigenda Tjarnarbrekkunnar um að leggja helming til vegar meðfram brekkunni. Vegurinn áætlaður 2000- 2500 kr. Bæjarstjórnin samþykkti að veita fyrir sitt leyti hinn helminginn - allt að 1250 kr. - til vegarins. Vegurinn skal gjörður með kanti úr klofnu grjóti undir eftirliti veganefndar að verkið sé forsvaranlega af hendi leyst. Hús mega eigi standa nær götunni en 5 álnir og skal sú ræma vera frjáls ókeypis til gangstéttarlagningar á sínum tíma.

4. Skólastjóri Morten Hansen fer fram á að 93 álnir af girðing þeirri, sem keypt var til Austurvallar, en verður eigi notuð þar, verði sett vestan lóðar barnaskólans. Bæjarstjórnin samþykkti þessa tillögu, og ákvað að hafa eitt hlið á girðingunni.

5. Beiðni frá Jóni Guðmundssyni um útvísun erfðafestulands, vísað til erfðafestunefndar.

6. Sturla kaupmaður Jónsson tilkynnir, að hann ætli að selja erfðafestuland sitt Elsumýrarblett fyrir 15000 kr. Bæjarstjórnin afsalaði sér forkaupsrétti í þetta sinn .

7. Sveinn Sigfússon kaupmaður tilkynnir, að hann hafi selt erfðafestuland sitt Frostastaðablett fyrir 20000 kr. Bæjarstjórnin afsalaði sér forkaupsrétti í þetta sinn.

8. Guðjón H. Helgason tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt "félagstún", sem nú er að eftirstöðu um 1100 ferálnir. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt, en verði erfðafestulandi þessu breytt í byggingarlóð skal greiða 20% af söluverðinu í bæjarsjóð.

9. Ólafur Runólfsson æskir fyrir hönd Fríkirkjusafnaðarins að útvísað sé til stækkunar kirkjunni spildu úr erfðafestulandi dr. med. J. Jónassens, svo og til vegar þaðan upp að Laufásvegi. Bæjarstjórnin vísaði máli þessu til byggingarnefndar.

10. Útsvar Sigurðar Halldórssonar sett niður í 6 kr. úr 16 kr. sakir heilsulasleika hans.

11.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Erindi barst um, að bæjarstjórn leitaði kaupa á Kópavogi og Digranesi.
Bæjarstjórnin vildi ekki leita þessara kaupa.

12. Reglur um kjötskoðun í Reykjavík, eftir frumvarpi er heilbrigðisnefnd hafði samið, voru samþykktar.

13. Erindi frá Jóni Þórðarsyni um slátrunarleyfi vísað til heilbrigðisnefndar.

14. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Geymsluhús Björns Guðmundssonar Skólastræti | 4200.- |
| b. | Húseign Halldórs Sigurðssonar við Laufásveg | 5958.- |
| c. | - Jens Jenssonar við Njálsgötu | 2711.- |
| d. | - Steindórs Ólafssonar við Grettisgötu | 3026.- |
| e. | - Guðm. Björnssonar og Sigv. Bjarnasonar við Laugaveg | 1107.- |

15. Bæjarstjórnin mælti með, að Eiríkur Briem prestaskólakennari verði skipaður af stjórnarráðinu prófdómari við próf stýrimanna nú í vor við Stýrimannaskólann.

16. Stjórnarráðið skýrir frá, að það sjái sér eigi fært að veita kaupstaðnum 6000 kr. lán til sundlaugar, en samþykki lántökuna.

17. Leikfélagi Reykjavíkur var veittur 300 kr. styrkur fyrir árið 1905 og gefið eftir það 5 kr. gjald í bæjarsjóð, sem vandi hefur verið að greiða fyrir þá fyrir hvert kveld.

18. Samþykkt var að taka með sóknarnefndinni að hálfu leyti þátt í rennugjörð meðfram austurhlið kirkjugarðsins, er nú skal lengja norður, en bæjarstjórnin vildi ekki leggja neitt til rennugjörðar meðfram norðurhlið hans.

19. Falið veganefnd að semja við Martein Finnbogason um endurgjaldsupphæð, sem honum ber úr bæjarsjóði fyrir lóðarnám til Hverfisgötu.

20. Stúdentafélagið óskaði, að bæjarstjórnin tæki að sér forstöðu þjóðhátíðahalds 2. ág. árlega, en hún fann ekki ástæðu til aðð verða við þeim tilmælum.

21. Hafnarnefnd lagði fram áætlun verkfræðings Jóns Þorlákssonar yfir breikkun, hækkun og lengingu hafnarbryggjunnar.
Bæjarstjórnin samþykkti að hækka ~~þess~~ bryggjuna um 9 álnir Hafnarnefnd falin framkvæmd verksins þannig, að hún bjóði mönnum að gera tilboð um, og ef viðunanlegt tilboð fæst, þa setja það á akkorð. Sömu nefnd falið að láta gjöra rannsóknir og möguleg skilyrði hér við bæinn fyrir skipakví.

Allir á fundi nema Jón Magnússon, Sighvatur Bjarnason og Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Halldór Jónsson. Þórh. Bjarnason. Sig.Thoroddsen. G.Björnsson. Kristján Jónsson. Ólafur ÓlafssonTryggvi Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson. Hannes Hafliðason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, miðvikudaginn 29. marz var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Stjórnarráði hefur skrifað bæjarstjórn 20. þ.m. og til-
kynnt, að það vilji ekki ganga að tilboði bæjarstjórnar um leigu
Efferseyjar fyrir 150 kr. á ári né að mæla með sölu hennar fyrir
4500 kr., en býðst til að leigja bæjarstjórn eyna fyririr 200 kr.
eitt ár og leggja fyrir næsta Alþing frumvarp um sölu hennar fyr-
ir 6000 kr.

Bæjarstjórnin samþykkti að svara stjórnarráðinu því, að hún vildi ganga að því, að leigja eyna fyrir 200 kr. um eitt ár, og kaupa hana fyrir allt að 6000 kr., ef þing og stjórn ekki fáist til að selja hana fyrir minna.

2. Stjórnarráðið gjörir í bréfi dags. 21. þ.m. fyrirspurn um, hvort bæjarstjórnin óski breytingar á hafnarreglugjörðinni.

Eftir tillögum hafnarnefndar samþykkti bæjarstjórnin að æskja þessarar breytingar á reglugjörðinni:

1. Að fella burtu 2. málsgrein IV. kafla.
2. Að bætt sé aftan við fyrri málsgrein V. kafla svohljóðandi málsgrein:

   Eigi má kasta út atkerum eða öðrum áhöldum eða leifum af skipum, sem slott er upp á höfninni, heldur skal flytja slíka hluti í land og afhenda lögreglustjóra til lagalegrar meðferðar.
3. Að lagðar séu sektir við 10 - 100 kr. frestum á nefndu ákvæði, ef lög heimila.

Allir á fundi nema Guðm. Björnsson, Björn Kristjánsson, Kristján Þorgrímsson og Sigurður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. Þórh. Bjarnason. Sighvatur Bjarnason. Tr. Gunnarsson. Magnús Einarsson. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 6. apríl var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Um breyting á lóðargjaldalögunum. Nefndin sem kosin var til að íhuga það mál, kom með álit sitt í frumvarpsformi.
Samþykkt var að láta prenta frumvarpið og útbýta því meðal bæjarfulltrúanna og annara borgara bæjarins, sem óska kynnu.
Málinu að öðru leyti frestað til næsta fundar.

2. Hafnarnefndarmál:
Eitt tilboð um að breikka hafnarbryggjuna hafði komið til hafnarnefndar, en óhæfilega hátt; og var samþykkt að bíða enn til næsta fundar eftir tilboðum.
Th. Thorsteinsen kaupmaður skýrir frá, að H.P.Duus og I.P.T. Bryde hafi sagt sér upp afnotum bryggju þeirra frá 1. júlí, sækir hann því um, að bæjarstjórnin gjöri bryggju í Grófinni, eða leyfi sér að gjöra þar bryggju sjálfum.
Bæjarstjórnin samþykkti að heimila kaupmanni Th. Thorsteinson að byggja bryggju í Grófinni, austan við verzlunarhús Björns Kristjánssonar, eins og hann biður um, en sem skuli vera til afnota einnig fyrir almenning, og hann skal taka hana burtu aftur, ef hún kann að verða til hindrunar mannvirkjum, sem bærinn þarf að gjöra á þessum stað.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 18. marz lesnar upp og samþykktar.
(Byggingarnefndargjörðir frá 1. þ.m. lesnar upp og samþykktar að öðru en því, að stjórn Íslandsbanka var leyft að byggja bankahúsið á þeim stað, sem ákveðið var 25. nóvember síðastliðið.)
Eftir beiðni Eggerts Briem skrifstofustjóra fyrir hönd Tjarnarbakkaeigenda féll bæjarstjórn frá kröfu þeirri, er gjörð var á bæjarstjórnarfundi 16. f.m. um frjáls not til stéttarlagningar yfir 5 álna breiða ræmu vestan væntanlegs vegar meðfram brekkunni.-
Gísli Magnússon við Hafnarfjarðarveg æskir viðbótar við lóð sína. Málinu vísað til byggingarnefndar.

4. Veganefndarmál.
Erindi frá Ingjaldi Sigurðssyni um aðgerð á Kaplaskjólsvegi vísað til veganefndar til aðgerða.
Erindi frá Guðríði Tómasdóttur um ræsi frá húslóð hennar vísað til sömu nefndar.
Erindi frá Vilhjálmi Jakobssyni o.fl. um veg meðfram húsi þeirra milli Hverfisgötu og Laugavegar. Bæjarstjórnin vildi ekki leggja veg þennan. Bæjarstjórn falið að bjóða þeim milligöngu sína í því, að þeir geti fengið vegarstæði frá Hverfisgötu heim að húsi sínu hjá eiganda hlutaðeigandi lóðar.
Bæjarstjórnin samþykkti að borga Marteini Finnbogasyni 1 kr. fyrir feralin hverja, er tekið hefur verið af lóð hans vegna Hverfisgötu.

5. Heilbrigðisnefndarmál.
Heilbrigðisnefndargjörðir frá 31. marz lesnar upp og samþykktar.

6. Lagður fram reikningur bæjarsjóðs og hafnarsjóðs fyrir janúar ársfjórðung þ.á.

7. Helgi Zöega tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestulönd sín Sauðagerðisblett nyrðri og Einholtsblett fyrir samtals 2500 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

8. Gunnar Hafliðason tilkynnir að hann ætli að selja 800 - 1000 ferálnir af erfðafestulandi Páls Hafliðasonar fyrir 55 aura feralin. Bæjarstjórnin samþykkti að selja mætti nefnt land, sem breyta á í byggingarlóð, en greiða skal þá 20% af kaupverðinu í bæjarsjóð.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Sami tilkynnir að hann ætli að selja Gunnari Gunnarssyni kaupmanni 2600 ferálnir fyrir 1200 kr. Bæjarstjórnin samþykkti að selja mætti nefnt land, sem breytt verður í byggingarlóð en greiða skál þá 20% í bæjarsjóð af kaupverðinu.

10. Stjórn Aldamótagarðsins tilkynnir, að hún fyrir sitt leyti vilji láta Áburðarfélagið fá part af landi sínu 1650 ferálnir fyrir ekki neitt. Málinu vísað til byggingarnefndar.

11. Erindi frá Eggert Briem um burtfelling eða niðurfærzlu aukaútsvars Páls Briem, er andaðist í desember s.l. Bæjarstjórnin samþykkti að færa útsvarið niður í 20 kr.

12. Sigurður Pétursson lögregluþjónn segir af sér starfi sínu frá lokum þessa mánaðar. Bæjarstjórnin samþykkti að þriðji lögregluþjónn fái starf þetta, en auglýsa skyldi laust þriðja lögregluþjónsstarfið.

13. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Íshús M. Lund & Co. á Melkotstúni | 6470.- |
| b. | Húseign Jóels Þorleifssonar við Skólavörustíg | 2906.- |
| c. | - Jóns Bjarnasonar við Grettisgötu | 7127.- |
| d. | Skúr Gunnþórunnar Halldórsdóttur við Amtmannsstíg | 1477.- |
| e. | Húseign Helga Helgasonar við Skólavörðustíg | 3861.- |
| f. | - Guðmundar Jakobssonar við Njálsgötu | 2158.- |

14. Tilkynnt bréf stjórnarráðsins, þar sem það sendir undirritaðan samning um leigu eyðijarðarinnar Effersey fyrir eitt ár.

15. Erindi frá Birni Guðmundssyni o.fl. um að fá viðbótarlandið, sem þeim var heimilað á fundi bæjarstjórnar 16. f.m. fyrir 40 kr. fyrir 10 ál. dagsláttuna. Bæjarstjórnin samþykkti að legja þeim land þetta fyrir 20 kr. á ári.

16. Verkfræðingur bæjarins Kn. Zimsen tilkynnir í bréfi dags. í dag, að við borunina eftir vatni hér í bænum, sem hann hefur umsjón með, hafi um síðastliðna helgi fundizt málmur, jafnvel eitthvað lítið eitt af gulli, í c. 118 feta dýpt í borunnarholunni. Efnafræðileg rannsókn borduftsins hafi leitt þetta í ljós. Hann leggur því til, að bæjarstjórnin láti víkka borholuna í þeim tilgangi að rannsaka þetta betur.
Nefnd var kosin í málið til rannsóknar: Björn Kristjánsson, Guðmundur Björnsson og Halldór Jónsson.

17. Verkfræðingur bæjarins, Kn. Zimsen, tilkynnir með bréfi, dags. í dag, að honum hafi eigi enn tekizt að fullgjöra uppdráttinn af þeim hluta bæjarins, sem samningum samkvæmt átti að vera búinn 1. þ.m. Bæjarstjórnin fól bæjarfulltrúunum Sigurði Thoroddsen og Kristjáni Jónssyni svo og verkfræðingi Petersen heilbrigðisfulltrúa að rannsaka, hve mikið vanti á, að verkfræðingur bæjarins geti fullnægt samningnum, og gefi bæjarstjórn skýrslu um álit sitt í því efni, svo að hún geti gert þær ráðstafanir, er hún kann að álíta viðeigandi út af því.

18. Bæjarstjórnin samþykkti að leita álits sýslunefndar Kjósarsýslu um frumvarp þess efnis, að leggja Skildinganes og Bústaði undir lögsagnarumdæmi bæjarins.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Þórh.Bjarnason. Magnús Einarsson. Kristján Jónsson. Sig.Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson. Jón Magnússon. Sighvatur Bjarnason. Guðm. Björnsson. Björn Kristjánsson. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, þriðjudaginn 25. apríl, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Formanni bæjarstjórnar falið að leigja Effersey fyrir eitt ár þeim er hæst bíði.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 15. þ.m. lesnar upp og samþykktar, með þeirri viðbót, við útmæling G. Zöega, að húsið verði ekki sett niður norðar en í línu við gamla hús G. Möllers og frú Benidiktssen.

3. Erindi frá H.J.Bartels um lóðarkaup var vísað til byggingarnefndar.

4. Eftir tillögum veganefndar var samþykkt að kaupa lóðir til breikkunar Ingólfsstræti ef þær fengjust fyrir 75 aura feralin.

5. Tillögum veganefndar um aðgerð á Aðalstræti, Hafnarstræti og Þingholtsstræti frestað til næsta fundar.

6. Erindisbréf heilbrigðisfulltrúa, samið af heilbrigðisnefnd, lesið upp og samþykkt.

7. Lagðar fram tillögur um safngryfjur og teikning þeirra, er bæjarstjórn samþykkti að fara skyldi eftir og hafa skal sem fyrirmynd.

8. Heilbrigðisnefndargjörðir frá 18. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

9. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign Magnúsar Magnússonar við Grettisgötu | | 2704.- |
| b. | - Guðmundar Jakobssonar við Njálsgötu | | 2317.- |
| c. | - sama | s. g. | 2317.- |
| d. | - sama | Vitastíg | 2461.- |
| e. | - sama | Barónsstíg | 5290.- |
| f. | - sama | Laugaveg | 3600.- |
| g. | - Ermenrks Jónssonar við Hverfisgötu | | 7492.- |
| h. | - Guðmundar Halldórssonar við Vitastíg | | 2638.- |
| i. | - Jóhanns Hafliðasonar, Njálsgötu | | 3477.- |
| j. | - Árna Jósefssonar við Grettisgötu | | 3582.- |
| k. | Smíðahús Sigurjóns Sigurðssonar við Vonarstræti | | 7579.- |
| l. | Geymsluhús Sig. Sigurðssonar við Barónsstíg | | 2214.- |
| m. | Húseign Völundar við Njálsgötu | | 3360.- |

10. Samkvæmt ósk lögreglustjóra var honum veitt heimild til að ráða mann til næturvörzlu til viðbótar til haustsins.

11. Jóhann Hallgrímsson Laugavegi 61, skipaður lögregluþjónn og aukanæturvörður.

12. Álit kom frá nefnd þeirri, er bæjarstjórnin fól á síðasta fundi, að rannsak hvað liði mæling og kortgerð bæjarins.
Bæjarstjórnin samþykkti, að gjöra og framfylgja þeim kröfum, að hlutaðeigandi mælingamaður kosti kapps um að ljúka verkinu sem allra fyrst, fái ekki nein laun úr bæjarsjóði unz verkinu er lokið að fullu og greiði sjálfur þóknun þá, er greiða þarf fyrir störf sem byggingarfulltrúi og fela þarf öðrum manni nú um hríð.

13. Málinu um erfðafestulandsnám frá drþ Jónassen vísað til fjárhagsnefndar.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Magnús Einarsson. Þórh. Bjarnason. Sig. Thoroddsen. Jón Magnússon. Sighvatur Bjarnason. Kristján Jónsson. Björn Kristjánsson. G.Björnsson. Kristján Þorgrímsson. Hannes Hafliðason. Ólafur Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 4. maí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavík. Frumvarpið var til 2. umræðu og frestað úrslitum til næsta fundar.

2. Byggingarnefnd lagði til, að hlutabankabyggingin yrði sett niður á þann hátt, að hún yrði samhliða yztu brún Austurstrætis, en svo norðarlega að anddyri og (inngangur) tröppur kæmu eigi út fyrir götulínuna, en til vara, að suðvesturhorn byggingarinnar verði fært inn um 1 1/2 alin og suðausturhorn út (suður) um sömu lengd. Bæjarstjórnin samþykkti aðaltillöguna.

3. Erindi frá formanni Fríkirkjusafnaðarins um götulagning, vísað til veganefndar.

4. Erindi frá Hróbjarti Péturssyni um vegarlagning, vísað til sömu nefndar.

5. Eftir áætlun veganefndar (sbr. síðasta fund) kostar aðgerð á Aðalstræti c. 2000 kr.
aðgerð á Hafnarstræti alls 3200 kr. (ef púkklagt er) og
- - Þingholtsstræti 5000 kr.
Samþykkt var að taka 1900 kr. lán til að gjöra við Aðalstræti og 3200 kr. lán til aðgjörðar á Hafnarstræti á þessu ári.

6. Veganefnd skýrði frá, að eigendur lóða við Ingólfsstræti hefðu flestir gengið inn á, að láta af hendi lóð sína fyrir verð það, sem samþykkt var á síðasta fundi, nema Jón Þórðarson kaupmaður. Samþykkt var að láta óvilhalla menn meta lóðarræmu hans, en byrja á verkinu.

7. Samþykkt var að heita skyldi Hverfisgata alla leið frá Lækrnum og inn að Laugavegi.

8. Beiðni Jóns Guðmundssonar um erfðafestuland á melnum sunnan og austan við Sauðagerði vildi bæjarstjórnin ekki veita.

9. Ekkja W.O.Breiðfjörð spyr, hvort bæjarstjórnin vilji nota forkaupsrétt að Sandvíkurtúni, er hún ætlar að selja fyrir 10000 krónur svo og Björns Sveinssonar bletti austanvert við sama tún fyrir 1000 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

10. Jes Zimsen og aðrir eigendur Norðurmýrarbletts nr. 2 tilkynna, að þeir ætli að selja hann fyrir 15000 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

11. Sveinn Sveinsson tilkynnir, að hann ætli að selja erfðafestublett sinn, Norðurmýrarblett nr. 11 fyrir 1825 kr. auk ýmislegra annara kvaða. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

12. Einar Finnsson tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt á Melunum fyrir 300 kr. Bæjarstjórnin samþykkti að kaupa sjálf blett þennan fyrir það verð.

13. Effersey var leigð Kristjáni Þorgrímssyni kaupmanni fyrir 275 kr. í eitt ár.

14. Ekkju Þorsteins sál. Þórðarsonar var gefið eftir 1/2 skólagjald fyrir 2 börn, svo og aukaútsvar fyrir þ.á. 10 kr.

15. Edilon Grímsson sækir um eftirgjöf á 1/2 skólagjaldi fyrir Viggó Snorrason sakir veikinda hans. Vísað til skólanefndar til úrslita.

16. Tilboði frá Bergsteini Björnssyni, Akureyri, um að raflýsa kaupstaðinn, var vísað til nefndar þeirrar, er slík mál hefur til meðferðar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Sigurðar Thoroddsen við Fríkirkjuveg | 14067.oo |
| b. | - | Vigfúsar Jósefssonar við Bergstaðastræti | 4140.oo |
| c. | - | Hjörleifs Guðmundssonar við Njálsgötu | 2732.oo |
| d. | - | Þorvaldar Eyjólfssonar við s. g. | 6142.oo |
| e. | - | Vilhjálms Ingvarssonar við Suðurgötu | 5149.oo |
| f. | - | félagsins "Steinar" við Nýlendugötu | 3600.oo |
| g. | - | Sigurjóns Grímssonar við Njálsgötu | 2981.oo |

18. Bæjarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti, að kaupmanni G. Zöega og Th. Thorsteinsen mættu næsta ár eins og hingað til nota svæði úr Effersey til lýsisbræðslu með sömu skilmálum og áður.

19. Lagðir fram 3 dómar í málum bæjarins út af vegatillagi. Bæjarstjórn vildi ekki skjóta málunum til hæstaréttar, en ákvað að fylgja kröfum sínum samkvæmt dómum þeim, sem fallið hafa, hjá hlutaðeigendum og öðrum þeim, sem eins stendur á fyrir.

20. Hafnarnefndin tilkynnti, að til hennar hefði komið tilboð um breikkun hafnarbryggjunnar fyrir 15200 kr. Hafnarnefnd skýrir á næsta fundi frá tillögum sínum út af tilboðinu.

21. Sundlaugarnefndin skýrir frá, að verkið viðgjörð sundlaugarinnar hafi hætt um sinn. Með því að lánið er tekið og féð nútil, samkvæmt upplýsingum formanns bæjarstjórnarinnar, verður verkinu haldið áfram.

22. Skólanefnd fer fram á, að meiga setja steinstétt undir girðing vestan skólalóðarinnar; áætlað að kosti um 150 kr.
Bæjarstjórnin samþykkti það.

23. Sama nefnd fer fram á, að kennendur barnaskólans fengju laun fyrir próf við skólann, þótt eigi verði af prófi sakir ráðstafana vegna mislingahættu. Áætlað alls 220 kr. Bæjarstjórnin samþykkti það.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. Björn Kristjánsson. Jón Magnússon. G.Björnsson. Kristján Þorgrímsson. Magnús Einarsson. Þórh. Bjarnason. Sighvatur Bjarnason. Tr. Gunnarsson. Sig. Thoroddsen. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 18. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Frumv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík var til annarar umræðu.
Br. till. G.Björnssonar og Jóns Magnússonar var samþykkt með þeirri breyting að 5 komi í stað 6.
Fellt burtu úr 4. gr. orðin "eða hverju sem helzt".
Úr 5. gr. fellt burtu "til 5 ára", en bætt aftan við: "Kosningin gildir til 6 ára" sbr. (eins og breyting bæjarfóg.).
Úr 8. gr. "5" verði 6.
Fellt úr 10. gr. síðasta málsgrein.
Að öðru leyti var frumvarpið samþykkt.
Ákveðið var að leita álits borgarafundar um frumvarpið.

2. Frumvarp til laga um ágang búfjár sent til umsagnar frá stjórnarráðinu.
Nefnd falin athugun frumvarpsins. Kosnir:
Kristján Jónsson með 7 atkv.
Magnús Einarsson.með 7 -
Jón Magnússon með 7 atkv.

3. Erindi frá hreppsnefnd Mosfellshrepps um ágang af skepnum bæjarmanna. Bæjarstjórn áleit ekki ástæðu til, að gjöra neina að gjöra neina ákvörðun út af erindi þessu.

4. Byggingarnefndargjörðir frá 6. og 10. maí lesnar upp og samþykktar, þó með þeirri breytingu, að Aldamótsgarðinum var heimilað að leyfa áburðarfélaginu ókeypis afnot, af tilteknu svæði garðsins, svo lengi sem félagið þyrfti þess með vegna safnhúss síns.

5. Jón Stefánsson og Vilhj. Jakobssen skósmiðir o.fl. bjóðast til að leggja lóð til og leggja veg 6 áln. breiðan milli Laugavegs og Hverfisgötu fram með húsum þeirra gegn því að fá í staðinn traðir þær, er bærinn á þarna nálægt.
Bæjarstjórnin gekk að boði þessu.

6. Erindi frá stjórn fríkirkjusafnaðarins um vegarlagning niður frá Laufásvegi (sbr. 3. mál. síðasta fundar) var frestað í þeim tilgangi að vegarstefnan yr,i athuguð betur.

7. Erindi frá Sigurði Thoroddsen um endurborgun vegargjalds, er af honum var tekið 1903, 51 kr. með vöxtum, var vísað til fjárhagsnefndar.

8. Hans Hannesson tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestulönd sín Steinsholtsblettina báða fyrir 5500 kr.. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

9. Gunnar Gunnarsson tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt Skothúsblett nr. 2 fyrir 500 kr.

10. Séra Jóhann Þorlelsson tilkynnir, að hann ætli að selja erfðafestuland sitt Garðbæjarblett fyrir 1000 kr.

11. Ari B. Antonsson tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt (4-5 dagsl. sbr. fund 4/6'03) í Norðurmýri fyrir 300 kr..
Bæjarstjórn vildi ekki nota forkaupsrétt að löndum þessum.

12. Séra Þórhallur Bjarnason óskar að fá breytt í lóðir ræmu af norðanverðum Syðsta-garði og selt Ingibjörgu Jensdóttur fyrir fyrir 50 aura feralin, og efri hluta af nefndum garði, um 1100 ferálnir á 55 aura feralin Ólafi Daníelssyni bankabókara.
Bæjarstjórn samþykkti söluna með þeim skilyrðum að borgaður yrði 1/5 kaupverðsins í bæjarsjóð.

13. Einar Finsson óskar að þurfa ekki að selja bæjarstjórn erfðafestuland sitt á Melunum, sem bæjarstjórn samþykkti á síðasta fundi að kaupa.
Bæjarstjórn vildi ekki gefa kaupin eftir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.14. Bæjargjaldkerinn óskar eftir að sleppa við lögtak bæjargjalda. Vísað til fjárhagsnefndar.

15. Jón Magnússon óskar að verða leystur frá sáttanefndarstörfum. Bæjarstjórnin tók þessa ósk til greina og nefndi til að vera í kjöri:

Klemens Jónsson landritara.
Eggert Briem, skrifstofustjóra.
Þórhall Bjarnason, lektor.
Magnús Stephensen, landshöfðingja.

16. Fyrir fardagaár 1903 - 04 á bæjarsjóður að greiða til Seltjarnarneshrepps 65 kr. 50 aura og refaveiðakostnaður fyrir sama ár 22 kr. 92 a. samkv. framlögðum skýrslum. Bæjarstjórnin hafði ekkert við skýrslur þessar að athuga.

17. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Edinborgar við Hafnarstræti | 29333.- |
| b. | - Haraldar Möller við Tjarnargötu | 4778.- |
| c. | - Jóns Jónssonar og Þór.B.Þorlákssonar við Laufásveg | 12890.- |
| d. | - Guðjóns Jónssonar við Grettisgötu | 5973.- |
| e. | - Sveinbj. Erlendssonar við Vitastíg | 2432.- |
| f. | - Árna Hallgrímssonar við Njálsgötu | 2558.- |
| g. | - Jóns Magnússonar við Njálsgötu | 2681.- |
| h. | - OOlafs Ólafssonar við Njálsgötu | 2737.- |
| i. | - Jónasar Þorsteinssonar við Njálsgötu | 2839.- |
| j. | - Jóns Jónssonar við Lindargötu | 4896.- |
| k. | - Jóns Jónssonar við Lindargötu | 4196.- |
| l. | - Jóns Þorsteinssonar við Barónsstíg | 2609.- |
| m. | - Bjarna Jónssonar við Njálsgötu | 3250.- |
| n. | - Guðm. Ásbjörnssonar við Njálsgötu | 5801.- |
| o. | - Egils Diðrikssonar við Laugaveg | 3186.- |
| p. | - Hákonar Grímssonar við Brekkustíg | 3373.- |
| q. | - Péturs Bjarnasonar við Bræðraborgarstíg | 6393.- |
| r. | - Daníels Þorsteinssonar við Mýrargötu | 3673.- |
| s. | - Guðm. Einarssonar við Austurstræti | 2636.- |
| t. | - Magnúsar Vigfússonar við Hverfisgötu | 1078.- |
| u. | Uppgöngustig Péturs Péturssonar við Smiðjustíg | 600.- |

18. Samþykkt að veita hinum nýja lögregluþjóni 50 kr. styrk til einkennisbúnings.

19. Erindi frá Th. Thorsteinson og B. Kristjánssyni um bryggjugjörð vísað til hafnarnefndar.

20. Erindi frá Sturlu Jónssyni kaupmanni um að flýta svari upp á tilboð hans, um námugrjót, vísað til námunefndarinnar.

21. Erindi frá Eyjólfi Ófeigssyni o.fl. um leigu eða kaup á landi til fiskverkunar - vísað til byggingarnefndar.

22. Erindi frá Benidikt Stefánssyni kaupmanni um kostnað til gangstéttar vísað til veganefndar.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Þórh. Bjarnason. Halldór Jónsson.
Tr.Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson, ósamþykkur 1.málinu. Sig.Thoroddsen, ósamþykkur 1. máli. Kristján Jónsson.
Magnús Einarsson. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason. Björn Kristjánsson. Jón Magnússon. G. Björnsson. Sighvatur Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, laugardaginn 27. maí var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Tilefni fundarins var, að ákvæði um, hve mikið skyldi lækka Ingólfsstræti, þar sem það er hæst norðan Amtmannsstígs.
Var samþykkt að gjöra enga breyting í því efni á því, er formaður veganefndar hafði fyrirhugað.
Samþykkt var að taka lóðarræmu undir breikkun Amtmannsstígs neðan Þingholtsstrætis.
Út af fyrirspurn þeirri er byggja Hlutabankann, um hvort hækkuð mundi verða gangstéttin norðan Austurstrætis svaraði bæjarstjórn því, að þar megi búast við að jarðarflöturinn upp við hið fyrirhugaða bankahús muni hækka um allt að því 16 þumlunga frá því, sem nú er.

2. Björn Guðmundsson tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt Mógrafarblett fyrir 7500 kr.
Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

Allir á fundi nema Guðmundur Björnsson, Ólafur Ólafsson og Jón Magnússon.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Björn Kristjánsson. Halldór Jónsson.
Sighvatur Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Kristj´an Jónsson.
Magnús Einarsson. Tryggvi Gunnarsson. Þórh. Bjarnason. Hannes Hafliðason. Sig. Thoroddsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, föstudaginn 2. júní var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Erindi frá Jóni Þórðarsyni kaupmanni og Einari Helgasyni um girðingar bæjarlandsins vísað til veganefndar.

2. Byggingarnefndargjörðir frá 20. maí lesnar upp og samþykktar, að öðru en því, a ályktað var að leyfað til Gunnars Gunnarssonar til að setja það yfir svæðið milli geymsluhúss hans og sölubúðar Sturlu Jónssonar skyldi aðeins veitt til bráðabyrgðar.

3. Verkfræðingur landsins tilkynnir, að sá hluti Laugarnesspítalavegarins, sem bærinn á framvegis að kosta viðhald á, sé nú í gildu standi. Samþykkt var að fela veganefnd, að veita því eftirtekt, hvort vegurinn væri í gildu standi.

4. Samþykkt var að greiða Sveini Sveinssyni 15 kr. fyrir festing girðingar meðfram lóð hans.

5. Erindi frá Sigurði Kristjánssyni, um sprenging klappar í við Bankastræti. Samþykkt var að endurborga honum kostnaðinn við sprenging klapparinnar.

6. Beiðni um aðgjörð á Norðurstíg var vísað til veganefndar.

7. Fjárhagsnefnd lagði til að Sigurði Thoroddsen yrðu endurborgaðar þær 51 kr. (vaxtalaust), er ræðir um á síðasta fundi, sjá 7. lið. Bæjarstjórn samþykkti það.

8. Tilkynnt bréf stjórnarráðssins, þar sem send er ný hafnarreglugjörð, staðfest 1. apríl þ.á.

9. Hafnarnefndargjörðir frá 27. maí (um bryggjugjörð í Grófinni) lesnar upp og samþykktar.

10. Erindi frá C. Zimsen konsúl um bryggjugjörð frá lóð sjóliðsráðuneytisins frakkneska við Frakkastíg, var vísað til hafnarnefndar.

11. Þorsteinn Tómasson tilkynnir, að hann ætli að selja erfðafestuland sitt við suðurenda Tjarnarinnar 6500 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki ~~velja að~~ nota forkaupsrétt.

12. Kristján Kristjánsson tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt Litlaland í Norðurmýri fyrir 1600 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

13. Erindi frá Jóni Þórðarsyni og Þórði Þórðarsyni um viðbót við erfðafestulönd, var vísað til erfðafestunefndar.

14. Erindi frá Jarðþrúði Bjarnadóttur um að taka sveitabörn til uppeldis og fósturs; erindi þetta kom frá fátækranefnd. Bæjarstjórnin vildi ekki sinna málinu.

15. Erindi frá búendum á Grímsstaðaholti um stækkun kaupstaðarlóðarinnar. Bæjarstjórnin vildi ekki verða við beiðninni.

16. Fjárhagsnefnd kom fram með tillögur sínar út af erindi bæjargjaldkerans um að losna við lögtak bæjargjalda.
Bæjarstjórnin samþykkti að losa hann ekki við lögtökin, en veita honum 150 kr. þóknun á ári til aðstoðar. Upphæðin veitist full fyrir þetta ár.

17. Beiðni Guðmundar Halldórssonar um eftirgjöf á aukaútsvari 1905, 8 kr. Samþykkt að leita álits niðurjöfnunarnefndar.

18. Beiðni frá Sigríði Davíðsdóttur um samskonar eftirgjöf (10 kr.) vísað til sömu nefndar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Brunabótavirðingar samþykktar:
a. Húseign Gísla Þorbjarnarsonar við Bergstaðastræti 4553 kr.
b. - Ól. Þórarinssonar o.fl. við Njálsgötu 3034.-

20. Stjórn kvenfélagsins sendir skipulagsskrá fyrir sjúkrasjóð hins íslenzka kvenfélags.
Bæjarstjórnin samþykkti að takast á hendur starf það, sem henni er ætlað í skipulagsskránni.

21. Námanefndin lagði fram álit sitt um námurekstur í landi bæjarins.

Allir á fundi nema Ól.Ólafsson, Sigurður Thoroddsen og Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Halldór Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Kristján Jónsson. Björn Kristjánsson. Hannes Hafliðason. Jón Magnússon. Tryggvi Gunnarsson. Sighvatur Bjarnason. G. Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 15. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:

1. Bæjarstjórnin samþykkti að Sturla kaupmaður Jónssyni og félögum hans verði gefinn kostur á að gjöra göng og prófboranir niður í jörðina í Vatnsmýrinni til rannsóknar á málmum og á síðan forgangsgsréttur að námagreftri í landi bæjarins, því svæði, er um gæti samizt, þó eigi minna en frá Hafnarfjarðarveginum og suður að Skerjafirði og milli Skildinganeslands og Öskjuhlíðar að henni meðtaldri, innan nánari takmarka, er síðar yrðu ~~ákv~~ ákveðin með þessum höfuðskilyrðum:

1. að byrjað sé á reglulegum námagreftri innan tveggja ára frá því prófgreftri og prófborun er lokið, en því skal lokið innan tveggja ára.
2. að Sturla kaupmaður Jónsson og félagar hans gangist fyrir stofnun hlutafélags með takmarkaðri ábyrgð, í þeim tilgangi að nota námuréttinn, og sé öllum bæjarbúum fyrst og fremst, gefinn kostur á að skrifa sig fyrir hlutum í 3 mánuði, en fáist eigi á þann hátt nægilegt hlutafé þá öðrum Íslendinum, sem búsettir eru hér á landi í 6 mánuði þar á eftir. Fáist enn eigi nægilegt fé með þessu móti, er heimilt að bjóða hlutabréfin til sölu í útlöndum. Minnstu hlutabréf skulu eigi nema meiru en 50 krónum.
3. að félagið hagi sér eftir fyrirmælum löggjafarvaldsins eða bæjarstjórnar um hvernig haga skuli vinnunni.
4. að félagið og reikningar þess sé jafnan háðir eftirliti af hendi bæjarstjórnar.
5. að félagið greiði bæjarsjóði Reykjavíkur 500 kr. árlegt gjald fyrir réttindi sín, meðan samningurinn við það er í gildi.
6. að félagið greiði í leigu fyrir einkaréttinn frá því byrjað er á námagrefti, árlegt gjald það er hér segir:
   a. Ef hreinn ársgróði félagsins nemur ekki meiru en 5%, greiðir það ekkert gjald.
   b. Ef hreinn ársgróði nemur meiru en 5% greiðist bæjarsjóði 1/5 af ágóðanum frá 5% og upp að 25%, en 1/3 af ágóðanum frá 25% upp í 50%.
   c. Ef hreinn ársgróði fer fram úr 50% skal það, sem eftir er skiptast jafnt á milli bæjarins og hluthafa.
7. að mannvirki félagsins rýri ekki notagildi neyzlu~~ftdi~~vatnsbrunna, er bæjarstjórn kynni að láta gera í grennd við bæinn!

2. Vegna undirtekta sýslunefndar Kjósar- og Gullbringusýslu ákvað bæjarstjórn að hætta við að leggja fyrir næsta Alþingi lagafrv. um , að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 3. þ.m. lesnar upp og samþykktar, að öðru en því, að frestað var 26. málinu um breidd Barónsstígs.

4. Samþykkt var að láta virða lóðarræmur, sem taka þarf af lóðum Helga Helgasonar, Einars Sveinssonar og Sveins Sigfússonar til breikkunar Hverfisgötu.

5. Samþykkt var að hlýta mati á lóðarræmu Jóns Þórðarsonar til breikkunar Ingólfsstrætis, og borga honum 1.50 fyrir feralin.

6. Bæjarstjórn vildi ekki taka þátt í kostnaði~~i~~ við stéttarlagning við hús Benedikts Stefánssonar..

7. Hans Sigurhjartarson tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt við Grettisgötu fyrir 5300 kr.

8. Einar Helgason tilkynnir að hann ætli að selja hálft erfðafestuland sitt, Vatnsmýrarblett nr. 3 fyrir 5000 kr.

9. Sigurður Guðmundsson og Einar Finnur Jónsson tilkynna að þeir ætli að selja erfðafestuland sitt fyrir resp. 1100 kr. og 500 kr.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt til landa þessara, en áskildi að sjálfsögðu öll réttindi sín yfir landinu óskert.

10. Tilboði frá Hirti Hjartarsyni um kaup á erfðafestulandi á Melunum var frestað.

11. Samþykkt að leyfa sjóliðsstjórn Frakka að gjöra bryggju í sjó fram undan lóð þeirra við Frakkastíg með þeim nánari skilyrðum, sem hafnarnefnd álítur nauðsynleg.

12. Beiðni frá félaginu "Mjölni" um grjóttöku var vísað til veganefndar.

13. Beiðni frá Guðm. Guðmundssyni um eftirgjöf á 14. kr. bæjargjaldi sakir veikinda samþykkti bæjarstjórn.

14. Tillögum um breytingar á lögreglusamþykktinni frestað með því, að í ráði er að taka lögreglusamþykktina alla til endurskoðunar.

15. Samþykkt var að láta mæla lóðarræmu er taka þarf af Kristni Jónssyni undir Frakkastíg.

16. Heilbrigðisnefndargjörðir frá 14. þ.m. lesnar upp og samþykktar. Heimilað nefndinni að láta gjöra við salernin á stakkstæðinu.

17. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Skúr við hús Jóns Bjarnasonar við Grettisgötu | | 384.- |
| b. | Húseign Marteins Haldórssen við Bergstaðastræti | | 4235.- |
| c. | - | Ólafs Péturssonar við Vesturgötu | 4011.- |
| d. | - | Guðm. Magnússonar við Hverfisgötu | 4816.- |
| e. | - | Guðjóns Björnssonar Mýrargötu | 4783.- |
| f. | - | Stefáns Jónssonar við Hverfisgötu | 6542.- |
| g. | - | Einars Finns Jónssonar, Vitastíg | 4881.- |
| h. | - | Ingvars Sveinssonar við Grettisgötu | 2655.- |

18. Úrskurðaður alþýðustyrktarsjóðsreikningur 1904.

Allir á fundi nema Jón Magnússon og Þórhallur Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. Tr. Gunnarsson. Magnús Einarsson. Sig.Thoroddsen. Ólafur Ólafsson. Kristján Þorgrímsson. Hannes Hafliðason. Björn Kristjánsson. Sighvatur Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, þ. 19. júní var framtalsþing fyrir Reykjavíkurkaupstað haldið á bæjarþingstofunni og töldu þessir menn fram sem hér segir:

1. Jón Guðmundsson trésmiður Sauðagerði: 3 kýr.

2. Guðm. Ingimundarson, Bergstöðum: 5 kýr, 4 hestar, 1 hryssa, 2 tryppi veturg. og tvævett, 5 ær, 4 gemlingar.

3. Jónas Jónasson Steinsholti : 2 kýr.

4. Jóhann Hallgrímsson, lögregluþjónn : 2 hestar.

5. Sigurður Jónsson fangavörður: 2 kýr.

6. Jónas Jónsson, Þingholtsstræti 8: 4 ær, 5 gemlingar, 1 kýr.

7. Jón Thorarensen, Vesturgötu, skrifari : 2 hestar.

8. Halldór Danielsson, bæharfógeti : 1 kýr.

Fleiri töldu eigi fram.

Framtalsþinginu slitið.

Halldór Daníelsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fodtudaginn 23. júní var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Lóðargjaldamálið var til umræðu. Bæjarstjórnin samþykkti að halda málinu áfram með einhverjum breytingum, og vísaði því til frumvarpsnefndarinnar til athugunar.

2. Bæjarstjórnin samþykkti að fá lagt fyrir alþing í sumar frumv. um skifting bæjarfógetaembættisins í 2 embætti, þannig að bæjarmálefnin sjálf o.fl. sé falið sérstökum borgmeistara. Kosnir í nefnd til að hafa málið til meðferðar:

Kristján Jónsson,

Jón Magnússon,

Halldór Jónsson..

Allir á fundi nema Björn Kristjánsson og Sig. Thoroddsen.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Halldór Jónsson. G. Björnsson. Þórh. Bjarnason. Ólafur Ólafsson. Magnús Einarsson. Kristján ~~[illegible]~~ Þorgrímsson. Hannes Hafliðason. Sighvatur Bjarnason. Jón Magnússon.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 6. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Nefndin í lóðargjaldamálinu kom fram með breytingartillögur sínar.
Bæjarstjórnin samþykkti að lækka gjaldið af lóðum niður í 1/2 % af virðingarverðinu. Var frumv. þannig samþykkt í heild sinni með öllum atkv. fulltrúa þeirra er á fundi voru nema Kr. Þorgrímssonar og Ólafs Ólafssonar, og afhent þingmönnum bæjarins til flutnings.

2. Út af bréfi stjórnarráðssins dags. 24. júní þ.á. um greiðslu þurfamannaflutningsgjalds frá Reykjavík árið 1904 var samþykkt að leggja til, að bærinn greiddi 90 kr., sem hæfilegt gjald í þessu skyni fyrir nefnt ár.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 17. júní og 1. júlí lesnar upp og samþykktar.

4. Hugsað fyrirkomulag með uppdrætti yfir breiðan veg frá sjó suður í kring um Skólavörðuhæð og vestur í Bráðræðisholt var samþykkt, þó með þeirri athugasemd, að tekið sé til nánari yfirvegunar, hvort eigi sé auðið að hafa veginn 40 álna breiðan frá sjó og upp að hinu fyrirhugaða torgi.

5. Bæjarstjórnin samþykkti mat á lóðarræmu við Hverfisgötu, eig Sveins Sigfússonar og smiðanna Einars Sveinssonar og H.Helgasonar, er taka þarf undir Hverfisgötu. Matið var kr. 1.30 feral.

6. Mati á lóðarræmu er taka þarf af lóð Gunnþórunnar Halldórsdóttur undir Amtmannsstíg, samþykkti bæjarstjórn að leita yfirmats á.

7. Erindi frá ýmsum borgurum um nýja vatnsdælu í Skálholtskotslindina var vísað til veganefndar.

8. Veganefnd heimilað að leyfa "Mjölni" nú í sumar eftir beiðni félagsins.

9. Veganefnd heimilað að gjöra nauðsynlegar umbætur á Lækjartorgi og lækjarkantinum. Áætlað að kosti 200 - 300 kr. Þetta er fyrri umræða, með því að hér er um aukafjárveiting að ræða.

10. Guðm. Guðmundsson, Grettisgötu 1, var heimilað að breyta 1375 ferálnum af erfðafestulandi sínu í lóð, gegn því, að greiða 20% af matsverði í bæjarsjóð.

11. Einar Magnússon Holtastöðum tilkynnir, að hann vilji selja og breyta í lóð erfðafestulandi sínu Holtastaðablett nr. 2 fyrir 2000 kr. Bæjarstjórn samþykki söluna og breyting í lóð með því skilyrði að hann borgi 20% (400 kr. ) af söluverðinu í bæjarsjóð nú þegar.

12. Bæjarstjórn ákvað að selja ekki að svo stöddu erfðafestuland það, er hún keypti af Einari Finnssyni.

13. Beiðni Thor Jensen um Eiðstjörn til erfðafestu var vísað til erfðafestunefndar.

14. Ólafur Stefánsson tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt fyrir 1600 kr.

15. Carl Frederiksen tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt við Grænuborg fyrir 550 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt að löndum þessum.

16. Ingibjörg Eiríksdóttir óskar að breyta í lóð því sem eftir er ótekið af erfðafestulandi hennar, um 1100 ferálnir og sem



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hún ætlar að selja fyrir 800 kr. Bæjarstjórnin veitti hið umbeðna leyfi gegn því, að greitt sé 20% af söluverðinu í bæjarsjóð.

17. Bæjarstjórnin ákvað, að eigi skuli útmæla byggingar á lóðum, er seldar eru úr erfðafestulöndum, fyrr en gjald það hefur greitt verið í bæjarsjóð, sem bæjarstjórn hefur ákveðið að greiða bæri.

18. Páll Jónsson vegfræðingur óskar endurgjalds á kr. 43.13, sem hann hefur ofborgað til vegalagningar meðfram húslóð hans. Bæjarstjórnin samþykkti að endurgreiða honum þá upphæð.

19. Árna Þórðarsyni gefið eftir 8 kr. af aukaútsvari hans þ.á. sakir veikinda hans.

Allir á fundi nema Þórhallur Bjarnason, Tr. Gunnarsson, Sigurður Thoroddsen og Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason. Kristján Þorgrímsson. Jón Magnússon. Magnús Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, miðvikudaginn 12. júlí var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni. Allir á fundi nema Halldór Jónsson, Kristján Þorgrímsson og Sigurður Thoroddsen.

1. Til umræðu kom erindi frá nefnd þeirri er neðri deild alþingis hafði skipað til að athuga frv. til laga um stofnun geðveikrahælis, þar sem spurzt er fyrir um það, hvort bæjarstjórnin mundi tilleiðanleg til að láta í té byggingarlóð handa hælinu og ca. 100 dagsláttur af landi á erfðafestu úr landi jarðarinnar Klepps þar í talið Kleppstún og með hvaða kjörum.
Samþykkt að leigja hið umbeðna land fyrir 100 kr. eftirgjald á ári auk lóðargjalds af byggðri lóð, svo lengi sem geðveikrahæli er haft þar á landssjóðs kostnað, með því skilyrði, að landsjóður kaupi hús núverandi ábúanda á jörðinni eftir mati ef samkomulag ekki fæst, og þess jafnframt látið getið, að bæjarstjórnin lætur landið þannig falt í þeirri og með þeirri ósk, að geðveikrahælið verði byggt fyrir 40 sjúklinga að minnsta kosti.

2. Lagðar fram hafnarnefndargjörðir frá 6. þ.m. um leyfi handa frakknesku sjóliðsstjórninni til að gjöra bryggju út frá lóð hennar austan við Frakkastíg. Samþykkt að veita leyfið með þeim skilyrðum er hafnarnefnd setti.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Jón Magnússon. Björn Kristjánsson. Sighvatur Bjarnason. G. Björnsson. Magnús Einarsson. Hannes Hafliðason. Ólafur Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 20. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Erindi frá cand. Ásgeir Torfasyni um rannsókn á mómýrum bæjarins. Málinu var vísað til veganefndar.

2. Til að undirbúa kjörskrá og taka sæti í kjörstjórn við kosning niðurjöfnunarnefndar í ágústmánuði þ.á. Voru kosnir: Kristján Jónsson og Halldór Jónsson.

3. Byggingarnefndargjörðir ~~Ísúnír/úúú~~ frá 15. júlí lesnar upp og samþykktar.

4. Yfirmat á lóðarræmu, er taka þarf undir Amtmannsstíg af lóð Gunnþórunnar Halldórsdóttur, hefur farið fram og var hver ☐ feralin metin á 1 kr. 60 aura.

5. Samþykkt að breikka Suðurgötu um 4 álnir, Tjarnarbrekkumegin frá húsinu nr. 13 suður að Melkoti. Veganefnd falið verkið og skal hún útvega áætlun um það og leggja fyrir bæjarstjórn.

6. Samþykkt að setja upp vatnsdælu á Lækjargötu og verja til þess 300 kr., samkvæmt tillögum veganefndar.

7. Veganefnd falið að koma með tillögur um fyrirkomulag á ræsing bæjarins.

8. Umsögn niðurjöfnunarnefndar um beiðnir Guðmundar Halldórssonar og Sigríðar Davíðsdóttur um eftirgjöf á bæjargjaldi lá fyrir bæjarstjórn. Bæjarstjórn fann ekki ástæðu til að fella burtu bæjargjald Guðm. Halldórssonar en samþykkti að fella burtu hálft aukaútsvar Sigríðar Davíðsdóttur.

9. Eftir beiðni Gísla Halldsonar felldi bæjarstjórn burtu hálft aukaútsvar hans fyrir þetta ár sakir sjúkleika hans.

10. Af sömu ástæðum var Karitas Þorsteinsdóttur gefið eftir 8 kr. aukaútsvar hennar þ.á.

11. Samþykkt að bjóða upp slægjur í Bakaragröfunum.

12. Beiðni Hjartar Hjartarsonar og Þorsteins Tómassonar um erfðafestuland í Vatnsmýrinni vildi bæjarstjórn ekki taka til greina.

13. Útnefndir menn höfðu virt þann hluta af erfðafestulandi Guðm. Guðmundssonar Grettisgötu nr. 1, er breyta á í byggingarlóð á 5[illegible] a. feralin.

14. Beiðni H.Thor Jensen um Eiðstjörn til erfðafestu, vildi bæjarstjórnin ekki taka til greina.

15. Í tilefni af frumvarpi um stofnun kennaraskóla í Reykjavík, er nú er fyrir alþingi, lýsti bæjarstjórnin yfir því, að hún gjörði sömu boð, er gerð voru síðasta þingi, sem sé ókeypis hæfilega stóra lóð handa stofnuninni og heimila bekk eða 2 í barnaskólanum til æfinga og greiða sama gjald fyrir kennsluna, sem hún annars greiðir.

16. Búnaðarfélag Íslands fer í bréfi dags. 19. þ.m. fram á, að fá breyting á byggingarútmæling á lóð þess við Lækjargötu og frest til byggingar lengdan til sumars 1906, ef byggt verður úr steini. Bæjarstjórnin samþykkti beiðnina.

17. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Ármanns Jónssonar við Hverfisgötu | 2296 kr. |
| b. | - Kristjáns Kristjánssonar við Grettisgötu | 4011 - |
| c. | - Einars J. Pálssonar við Lindargötu | 7619 - |

Allir á fundi nema Tr.Gunnarsson, Sigurður Thoroddsen og Ólafur Ólafsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Halldór Jónsson.
Sighvatur Bjarnason. Kristján Jónsson. Kristj´n Þorgrímsson.
Jón Magnússon. G.Björnsson. Hannes Hafliðason. Þórh. Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 3. ágúst var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 29. f.m. lesnar upp og samþykkt stefna Hafnarstrætis vestan Pósthússtrætis svo og stefna strætisins að austanverðu.

2. Beiðni frá Gunnari Gunnarssyni um 12 - 20 dagsláttu erfðafestuland meðfram Laugalæknum að norðan vildi bæjarstjórnin ekki veita.

3. J.G.Halberg krefst, að renna sé svo gjörð að hún geti tekið á móti vatni frá húsi hans. Bæjarstjórnin áleit sér ekki skylt að taka kröfu þessa til greina.

4. Beiðni frá P.Brynjólfssyni o.fl. um rennu var vísað til veganefndar.

5. Sveinn Sigfússon tilkynnir að hann uni mati á lóðarræmu, er tekin hefur verið af honum lögnámi undir Hverfisgötu.

6. Beiðni frá Jóni Sveinssyni snikkara um rennu, var vísað til veganefndar.

7. Brunamálanefnd skýrði frá, að hún hefði falið Magnúsi Árnasyni snikkara aðgerð á slökkvitólahúsinu í Austurbænum fyrir 268 kr.
Sama nefnd skýrði frá, að hún áliti hentugastan stað hér í miðbænum fyrir slökkvitólahús svæðið norðan barnaskólans, austan Lækjarins.

8. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Sigurðar Jónssonar við Laufásveg | 10599 kr. |
| b. | - Bjarna Jónssonar við Laufásveg | 2890 - |
| c. | - Kristjáns Kristjánssonar við Bergstaðastræti | 3017 - |

9. Gísli Jónsson beiðist lausnar úr niðurjöfnunarnefnd sakir heilsubrests. Bæjarstjórnin samþykkti það, og verður leitað álits niðurjöfnunarnefndar um, hvort nauðsynlegt sé að kjósa mann í nefndina í hans stað.

10. Lagður fram reikningur brunabótafélags hinna dönsku kaupstaða.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson, Þórh. BjarnasonSig.Thoroddsen og Guðm. Björnsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Magnús Einarsson. Halldór Jónsson.
Kristján Jónsson. Sighvatur Bjarnason. Kristján Þorgrímsson.
Ólafur Ólafsson. HannesHafliðason. Jón Magnússon. Björn Kristjánsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, þriðjudaginn 15. ágúst var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

Fundarefni var frumvarp það, er nú liggur fyrir Alþingi, um skipting bæjarfógetaembættisins í Reykjavík.

Samþykkt var að halda fast við frumvarpið, eins og það kom í upphafi frá bæjarstjórninni.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Jón Magnússon. G.Björnsson. Kristján Jónsson. Björn Kristjánsson. Magnús Einarsson. Ólafur Ólafsson. Kristján Þorgrímsson. Hannes Hafliðason. Sighvatur Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 17. ágúst var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Erindi frá D. Thomsen konsúl um lóðarnám. Málinu var vísað til fjárhagsnefndar.

2. Erindi frá eigendum Tjarnarbrekkunnar um breikkun Suðurgötu o.fl. var einnig vísað til fjárhagsnefndar, en veganefnd var falið að athuga, hvernig veginn þurfi að byggja og hve langt hann þurfi að ganga austur í brekkuna.

3. Erindi frá Páli Hafliðasyni um veg að húsi sínu, var vísað til veganefndar .

4. Samþykkt var að veita Ásgeir Torfasyni 200 kr. fyrir rannsókn mós í Kringlumýri, er til er tekið nákvæmar í bréfi hans til veganefndar dags. 16. þ.m.

5. Byggingarnefndargjörðir frá 5. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

6. Niðurjöfnunarnefnd tilkynnir, að hún álíti nauðsynlegt að kosinn sé nú í haust maður í nefndina í stað Gísla Jónssonar.

7. Einari Zöega leyft að auka við bygging sína við Austurstræti samkv. beiðni hans í bréfi dags. 14. þ.m. með eftirliti byggingarnefndar.

8. Beiðni Þórðar Thoroddsen um aukning erfðafestulands hans í Kaplaskjóli var vísað til erfðafestunefndar.

9. Erindi frá Sigurði Jónssyni bókbindara um eftirgjöf á skólagjaldi barna hans síðastliðið skólaár, var vísað til skólanefndar til úrslita.

10. Tilboð erfingja Egils Jónssonar bókbindara um 800 kr. greiðslu frá nefndu búi, sem fullan föðurarf Elísabetar dóttur hans var samþykkt, bærinn sleppir frekari kröfum.

11. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Jóns Jakobssonar við Vesturgötu | 2931.- |
| b. | - Slippfélagsins Mýrargötu | 20184.- |
| c. | - Thorvaldsensfélagsins í Veltusundi | 8051.- |
| d. | - við brunaboða nr. 472 við Austurstræti | 3555.- |
| e. | - Sigurðar Ásbjörnssonar við Hverfisgötu | 2680.- |
| f. | - Þorsteins Þorsteinssonar 8C við Lindargötu | 3420.- |

12. Eftir fengnum upplýsingum vildi bæjarstjórnin ekki auka við erfðafestuland Jóns Þórðarsonar og Þórðar Þórðarsonar.

Allir á fundi nema Sigurður Thoroddsen og Hannes Hafliðason. Ýmsir bæjarfulltrúar voru ekki út allan fundinn.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Sighvatur Bjarnason. Halldór Jónsson. Björn Kristjánsson. Kristján Jónsson. Magnús Einarsson. Ólafur Ólafsson. Kristján Þorgrímsson. Þórh.Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 7. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1906.

2. Kom fram tillaga fjárhagsnefndar um samkomulag við konsúl D. Thomsen um lóðarnám af stakkstæðum hans 834 ferálnir til breikkunar Hafnarstrætis, þannig að hann sleppi þessari lóð endurgjaldslaust gegn því:
1. að hann fái hjá bænum skýlausa yfirlýsingu um, að hann hafi fulla eignarheimild yfir ~~þessari lóð~~ allri þeirri lóð, sem liggur norðanvert við suðurhlið hússins nr. 17 í Hafnarstræti og þaðan óslitin bein lína eftir stakkstæðisgirðingunni, sem nú eru meðfram Hafnarstræti a, norðanverðu austur í stein merktan D.T., sem verður fluttur beint suður undan su austurhorninu á vörugeymsluhúsi herra konsúls Zimsens.
2. að bæjarstjórnin greiði honum fullt verð eftir óvilhallra dómkvaddra manna mati fyrir það stykki af svæðinu milli stakkstæðisgirðinga hans, sem bærinn hefur viðurkennt eignarheimild hans fyrir, en sem nú er tekið undir götuna, alls um 75-80 ferálnir, eftir uppdrætti hr. Knuds Zimsen.
3. að bæjarstjórnin veiti honum heimild til að byggja vörugeymsluhús fyrir almenning í fjörunni frá bæjarbryggjunni eða 10 álnum fyrir austan hana, austur í kolapakkhús hans, með því skilyrði, að hann sé skyldugur til að taka bygginguna burt, þegar bæjarstjórnin krefst þess, ennfremur að hann taki til geymslu í því sem pláss leyfir með sanngjarnri leigu fragtgóss, sem kemur með skipunum, og að hann láti yfirbyggja svæði, 10 álnir á breidd, sunnan við hús þetta eftir endilöngu, sem hann noti einnig til geymslu á fragtgóssi, sem skipað verður land á bryggjuna, gegn sanngjarnri leigu.

Bæjarstjórnin samþykkti fyrstu 2 atriði tillögunnar, en hin 3. var vísað til hafnarnefndar.

4. Veganefnd falið að taka til íhugunar Tjarnarbrekkumálið í heild sinni og þó sérstaklega breikkun Suðurgötu og samtengingu milli Tjarnargötu og hinnar fyrirhuguðu götu suður með Tjörninni. Bæjarfulltrúi Tryggvi Gunnarsson hefur tekið að sér lögun á brekkunni lýsti yfir því, að hann skyldi ekki grafa þverhnýpt niður frá kantinum á Suður götu frekar en orðið er, fyrr en veganefnd hefði lokið rannsókn sinni og leitað samkomulags við eigendur Tjarnarbrekkunnar.

4. Byggingarnefndargjörðir frá 2. þ.m. lesnar upp og samþykktar með þeirri breytingu einni að bæjarstjórnin leyfir Jóhannesi Jósefssyni að nota fiskverkunarstæði það, er honum hefur verið heimilað við Barónstíg, til timburgeymslu, og reisa þar skúr yfir timbrið. Þetta leyfi stendur til 14. maí 1906.

5. Erindi frá Sveini Sigfússyni um gangstétt við hús hans út að Hverfisgötu - vísað til veganefndar.

6. Ásgeiri Sigurðssyni leyft að setja ljósker á stakkstæðinu fram undan verzluninni "Edinborg".

7. Beiðni frá sama og A.Andréssyni um ljósker við húsin nr. 10 og 12 í Suðurgötu. Vísað til veganefndar.

8. Erindi frá Eiríki Bjarnasyni um leyfi til að rista ofan af neðri hluta vegstæðis þess, sem ætlað er undir Skothúsveg. - Vísað til veganefndar.

9. Jóni Sveinssyni leyft að gera trérési frá húsi hans út í Tjörnina undir umsjón veganefndar og með 25 kr. styrk úr bæjarsjóði.

10. Samþykkt að laga Fischerssund, ef Duus-verzlun vill greiða 1/2 af kostnaðinum .



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Til viðbótar við vegaféð til Vesturgötu voru veittar 200 kr. Þessi fjárveiting og næsta á undan eru aukafjárveitingar og verða teknar til 2. umræðu á næsta fundi.

(12. Veganefnd falið að íjuga vegalagningar frá Klapparstíg, með sérstöku tilliti til húss, sem verið er að reisa við götuna vestanverða neðantil)

12. Veganefnd falið að íhuga vegalagningar frá Klapparstíg, að húsi Páls Hafliðasonar.

13. Byggingarnefnd falið að yfirvega húsaskipan við Klapparstíg með sérstöku tilliti til húss, sem verið er að reisa að vestanverðu við götuna neðantil.

14. Lesið upp bréf frá stjórnarráðinu um námugröft í Eskihlíð og samþykkt öll þau skilyrði er stjórnarráðið setur fyrir samþykki sínu á samningi bæjarstjórnarinnar við Sturla kaupmann Jónsson og félaga hans.

15. Þ.B.Breiðfjörð sækir um lausn frá sótarastarfi sínu frá næstu mánaðamótum og litla þóknun er hann fari frá. Samþykkt að veita honum lausn og 50 kr. þóknun.

16. Gunnar Einarsson sækir um erfðafestuland inn við Laugalæk. Vísað til erfðafestunefndar.

17. Sturla Jónsson tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt - Kaupmannstún - fyrir 16000 kr. Bæjarstjórnin vill ekki nota forkaupsrétt sinn.

18. Stefán Egilsson tilkynnir að hann ætli að selja það, sem hann á eftir af Norðurholtsbletti, 234 ferálnir á 1 kr. 60 aura. Bæjarstjórnin vill ekki nota forkaupsrétt, en áskilur sér 20% af söluverðinu, þar sem breyta á erfðafestulandinu í lóð.

19. Samþykkt að leyfa Gunnari Einarssyni að reisa slátrunarhús við Norðurstíg eftir teikningum, sem heilbrigðisnefnd hefur samþykkt.

20. Heilbrigðisnefnd tilkynnir, að hún hafi veitt Benedikt Stefánssyni og Ámunda Ámundasyni undanþágur frá ákvæðum heilbrigðissamþykktarinnar um slátrunarhús, samkv. 38. gr. samþykktarinnar.

21. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Hús M.A.Matthíassonar við Bröttugötu | 12707 kr. |
| b. | - Steingríms Guðmundssonar við Bergstaðastræti | 4908.- |
| c. | - Bjarna Bjarnasonar við Eskihlíðarveg | 4048.- |
| d. | - Einars Magnússonar við Bergstaðastræti | 2573.- |
| e. | - Múr- og steinsmíðafélagsins við Rauðarárstíg | 4727.- |
| f. | - Haraldar Sigurðssonar, geymsluskúr Laugaveg 44 | 572.- |
| g. | Geymsluhús Jón Jónssonar við Lindargötu 10 | 400.- |
| h. | Hús Páls Hafliðasonar á Nýjabæjarlóð | 5245.- |
| i. | - Th.Gunnh.Thorsteinson & Co við Hverfisgötu | 12803.- |
| j. | - Magnúsar Benjamínssonar | 18720.- |
| k. | - Guðm. Hávarðssonar Hverfisgötu | 5930.- |

Allir á fundi nema Þórhallur Bjarnason, Sighvatur Bjarnason, Sig. Thoroddsen, Björn Kristjánsson og Halldór Jónsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. G.Björnsson. Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Hannes Hafliðason. Magnús Einarsson. Tr.Gunnarsson. Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

Ár 1905, fimmtudaginn 21. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Fjárhagsáætlun 1906 - síðari umræða.
Samþ. að auka gjaldl. II.5. upp í 3000 kr.
- - - - II.12. - - 4000 -
- - - - IV. 1.c.- - 7000 - þar í námsstyrkur til kennslukonu í matreiðslu 400 kr. og til áhaldakaupa 500 kr.
Fjárhagsáætlunin samþykkt með ofannefndum viðaukum.

2. Ókeypis kennsla veitt 86 börnum:
Hálft eftirgjald veitt 45 börnum. Verða innfærð í bókina hér á eftir.

3. Skógræktarfélaginu var veittur 200 kr. styrkur fyrir 1906.

4. Byggingarnefndargjörðir frá 16. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

5. Eftir tillögum veganefndar var Ásgeir Sigurðssyni heimilað að setja niður ljósker í Hafnarstræti.

6. Eftir tillögum sömu nefndar samþykkt ljósker í Suðurgötu milli húsa Ásgeirs Sigurðssonar og Andrésar Andréssonar.

7. Eftir tillögum sömu nefndar var Eiríki Bjarnasyni svarað því upp á beiðni hans er kom fram á síðasta fundi, að hann fái ekki að rista torf af vegarstæði frá Tjörninni upp að Suðurgötu á Melunum fyrr en nefndur vegur verður lagður og þó því aðeins að ekki þurfi á torfinu að halda til vegagjörðarinnar.

8. Eftir tillögum sömu nefndar var Sveini Sigfússyni heimilað að gjöra veg heim að húsi sínu samkv. beiðni hans í bréfi dags. 6. þ.m.

9. Eftir tillögum veganefndar var samþykkt að halda áfram aðgerð Hafnarstrætis, þótt hið veitta fé hrökkvi ekki til.
Nákvæmari áætlun yfir, hve mikla aukafjárveiting þurfi, mun veganefnd koma með á næsta fundi.

10. Hafnarnefndarmeiri hluti lagði á móti því, að Thomsen kaupmaður fengi heimild til byggingar austan Hafnarbryggjunnar, og bæjarstjórn vildi ekki gefa heimild til byggingarinnar.

11. Formaður bæjarstjórnar skýrði frá, að hann hefði látið hætta við vatnsborunina, með því að hin eldri borhola hefði reynzt vatnslítil, vatnsminni við víkkunina, en ætla mátti eftir vatnsmagninu í hinni eldri og mjórri holu.
Bæjarstjórnin samþykkti að hætta vatnsboruninni og láta borunarmanninn fara. Vatnsnefndinni falið málið að öðru leyti til undirbúnings frekari.

12. Eftir tillögum erfðafestunefndar veitti bæjarstjórn Þórði bankaféhirði Thoroddsen viðbót við erfðafestuland hans, Hjallaland, nálega 1 dagsláttu að stærð, norðan við hið eldra erfðafestuland, eftir nánari takmörkum , sem tekin eru fram í álitsskjali nefndarinnar. Gjald 12 áln. fyrir dagsláttu.

13. Beiðni Gunnars Einarssonar kaupmanns, um erfðafestuland við Laugarnar, vildi bæjarstjórnin ekki veita.

14. Daníel Bernhöft tilkynnir að hann ætli að selja erfðafestuland sitt Melkotstún fyrir 8100 kr. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

15. Gísla Þorgilssyni veitt uppgjöf á hálfu aukaútsvari hans þ.á. sakir veikinda hans.

16. Samþykkt var að innheimta ekki lóðargjald þ.á. hjá Jósep Jónssyni á Suður-Klöpp. Bærinn fær veð í húseign hans fyrir gjaldinu.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Beiðni Ingibjargar Guðbrandsdóttur um lán á leikfimishúsi barnaskólans til leikfimiskennslu, eins og að undanförnu, var vísað til skólanefndar til úrslita.

18. Veittar við síðari umræðu 200 kr. til aðgerðar á Fischerssundi og 200 kr. til fullgerðar Vesturgötu.

19. Kosnir í kjörstjórn við niðurjöfnunarnefndarkosningu: Kristján Jónsson, Halldór Jónsson.

20. Samþykkt var að taka ræmu af Þorstini Tómassyni járnsmið til breikkunar götu milli húss hans og húss dr. Jónassons eftir nánari ákvæðum byggingarnefndar gegn endurgjaldi á venjulegan hátt.

21. Formanni bæjarstjórnar falið að fara fram á við stjórnarráðið breyting á skilyrði þess fyrir sölu Klapparlóðar í þá átt, að takmörkuð yrði á litlu svæði hin tiltekna 24 álna breiða ræma, er átti að vera undanskilin sölunni til Völundar.
Uppdráttur hefur verið gjörður er sýnir á hvern hátt bæjarstjórn hugsar sér svæði þa, er Völundur ætti að fá.

22. Beiðni Lúðrafélagsins um styrk úr bæjarsjóði var vísað til nefndar til íhugunar og viðtals við félagið.
Í nefndina voru valdir: Björn Kristjánsson, Kristján Þorgrímsson, Sighvatur Bjarnason.

23. Skipuð yfirsetukona í bænum frá 1. okt. þ.á. Þuríður Bárðardóttir.

24. Sesselju Ólafsdóttur var veitt þóknun fyrir ljósmóðurstörf í bænum frá 1. nóv. 1904 til 30. sept. 1905 11/12 hluta úr 100 kr.

25. Takmörk lands þess, er heimilað var gullfélaginu voru ákveðin af námunefndinni í bréfi dags. 20. þ.m., er lagt var fram í bæjarstjórn.

26. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Jóns Reykdals og Kr. Möller í Þingholtsstræti | 12912.- |
| b. | - | Guðjóns Sigurðssonar Bergstaðastræti | 5758 kr. |
| c. | - | Benedikts Jóhannessonar Frakkastíg | 3034.- |
| d. | - | Jóns Jónssonar, Lindargötu | 4905.- |
| e. | - | Matthíasar Matthíassonar, Austurstræti | 3924.- |
| f. | - | Völundar, Klapparstíg | 23040.- |
| g. | - | Ólafs Eiríkssonar, Vesturgötu | 6095.- |
| h. | - | Péturs Þórðarsonar, Vesturgötu | 1325.- |
| i. | - | Árna Thorlacíusar á Bráðræðisholti | 6231.- |
| j. | - | Jóns Tómassonar á Grímsstaðaholti | 210.- |

Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Magnús Einarsson. Halldór Jónsson.
Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Sighvatur Bjarnason.
Björn Kristjánsson. Þórh. Bjarnason. Tryggvi Gunnarsson.
Hannes Hafliðason. Ólafur Ólafsson. Jón Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

<u>SKRÁ</u> yfir börn sem njóta kennslustyrks eða ókeypis kennslu að öllu eða nokkru leyti á barnaskóla Reykjavíkur skólaárið 1904 - 1906. -

Ókeypis kennslu njóta.

a. að öllu leyti:

1. Jón Otti Vigfús Jónsson, Vesturgötu 36
2. Lára Jónsdóttir s. st. 12 ára
3. Sigurður Magnússon, Fúlutjörn 9 ?
4. Kristinn Magnússon, Skuld 12 -
5. Haraldur Þorkelsson Bergsveinssonar 11 -
6. Hrefna Þorkelsdóttir 10 -
7. Einar Ágúst Guðmundsson, Skáholti 8 -
8. Margrét Guðmundsdóttir s. st. 11 -
9. Þuríður Jóhannesdóttir, Lindargötu 30 9 -
10. Guðrún Sigríður, systir nr. ~~10~~ 9 13 -
11. Frímann Valdimar Brynjólfsson Ögmundssonar, Nýjabæ 11 -
12. Guðmundur Júlíus, bróðir nr. 11 13 -
13. Kristján Jónsson, Kristjánssonar, Laugaveg 25 11 -
14. Þórunn Elín, systir nr. 13 12 -
15. Jóhanna, systir nr. 13 10 -
16. Ástríður Símonardóttir, Ólafssonar, Bræðraborgars. 3 8 -
17. Guðmundur Þorsteinsson, Akurgerði 10 -
18. Þorbjörg Gísladóttir Guðmundssonar Barónsstíg 18 12 -
19. Anna Ágústa Einarsdóttir Guðmundssonar, Vesturg. 53 9 -
20. Bryndís Guðrún Jóhannesdóttir, Brekkuholti 10 -
21. Guðlaug, systir nr. 20 12 -
22. Jónína Sigríður Sigurðardóttir Bjarnasonar 9 -
23. Jón Páll, bróðir nr. 22 11 -
24. Sigurður Jóhannesson, Þorbjarnarson, Seli 10 -
25. Guðmundur Júlíus bróðir nr. 24 12 -
26. Guðmundur Ragnar Oddsson, Brautarholti 10 -
27. Guðmundur Valdimar, Tómásson, Grímsstaðaholti 9 -
28. Ragnhildur og 9 -
29. Sigríður Guðný, Jóns Einarsdætur Jónssonar 12 -
30. Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir, Ráðagerði 9 -
31. Ingólfur Magnússon Einarssonar, Litlaseli 7 -
32. Margrét, systir nr. 30 13 -
33. Óskar, bróðir nr. 30 11 -
34. Magnús Þorkelsson, Benjamínssonar, Skólavörðust. 40 8 -
35. Guðrún Ágústa, systir nr. 34 11 -
36. Þórdís Magnea Jónsdóttir, Ánanaustum 10 -
37. Helga Bertelsen, málara 10 -
38. Jón Ólafsson, Stóra-Seli 12 -
39. Guðjón Þorsteinsson, Þórðarsonar, Hverfisgötu 35 9 -
40. Jóhann Einarsson, Árnasonar, Bergstaðastræti 39 12 -
41. Jóhanna Kr. Ingibjörg, systir nr. 40 8 -
42. Sigurgeir Júlíus Sigurðsson, Oddgeirsbæ 12 -
43. Sólrún Jónsdóttir, Laugaveg 49 9 -
44. Björn Þórðarson, Þorkelssonar (frá Grjóta) 8 -
45. Rósa Jónsdóttir, Runólfssonar, Stöðlakoti 11 -
46. Benedikt Jóhannsson, Ásmundssonar, Klapparstíg 18 8 -
47. Guðbjörg Elín Þórðardóttir, Sigurðssonar, Bræðraborg 12 -
48. Jónína Sigríður Jónsdóttir, Litlubrekku, Grímstaðah. 8 -
49. Oddný, systir nr. 48 13 -
50. Torfi Sigmundsson prentara 10 -
51. Sigríður Guðmundsdóttir, Sigurðssonar, Vesturgötu 15 11 -
52. Karl, bróðir nr. 51 13 -
53. Anna María Gísladóttir, Nýjabæ (hjá Gunnari Hafl.) 8 -
54. Guðrún Ágústa Jóhannsdóttir Árnasonar beykis, /Bjarnaborg 12 -
55. Ásgeir, bróðir nr. 54 12 -
56. Jóhann Bjarnason, Guðmundssonar, Akurgerði 10 -
57. Ingibjörg Gísladóttir, Þórðarsonar, Hausthúsum 10 -
58. Friðfinnur, bróðir nr. 57 13 -
59. Vilhjálmur Þórarinsson, Selsholti 11 -
60. Jóhann Pétursson, Örnúlfssonar, Grettisgötu 43 8 -
61. Guðmundur Dagfinnsson, Brúarenda 11 -
62. Stefán Ingimar, bróðir nr. ~~60~~ 61 12 -
63. Elías Kristjánsson, bróðir nr. 61 10 -

8 -



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

64. Kristjana Erlindsdóttir Þorleifssonar, Bakka 11 ára
65. Guðlaug Magðalena Guðjónsdóttir, Þórðarsonar /Hlíðarhús 10 -
66. Finnur Þórðarson, Klapparstíg 10 12 -
67. Guðrún og 10 -
68. Sigurður og 8 -
69. Kristján - börn Kristjáns Sigurðssonar, Syðstu-Grund 7 -
70. Ólafur Jósafatsson, Laugaveg 19 8 -
71. Gunnar, bróðir nr. 70 7 -
72. Jón Guðmundsson, Smiðjustíg 7 (börn Þórdísar Tómasdóttur ekkju Guðm. sál. Guðmundssonar, dó 1902) 11 -
73. Haldor Johan Haldorsen 12 -
74. Ragnar Sverrir, bróðir nr. 73 9 -
75. María Pálsdóttir hjá Guðm. Símonarsyni 13 -
76. Sigríður Sigurðardóttir og 10 -
77. Guðrún Sigurðardóttir og 9 -
78. Iðunn Sigurðardóttir - börn Gróu Helgadóttur 8 -
79. Sigurlína Ebenezersdóttir, Lindargötu 2 12 -
80. Gunnfríður, systir nr. 79 9 -
81. Erlindur Runólfsson, Helgasonar, Runólfssonar, 11 -
82. Helgi, bróðir nr. 81 9 -
83. Jóhanna Gísladóttir, Njálsgötu 30 11 -
84. Guðmundur Jónsson, Vitastíg 14 (hjá móður sinni) 11 -
85. Ragnhildur Stefánsdóttir Hannessonar 9 -
86. Oddfríður Steinunn Jóhannsdóttir, Sellandi 9 -

b. að hálfu leyti:

1. Pétur Sigurðsson, Péturssonar Hákoti 9 ára
2. Sigtryggur Árnason og 11 -
3. Hólmfríður Árnadóttir - Vatnsstíg 10 B 9 -
4. Ásta Jónsdóttir, Bergstaðastræti 3 (hjá Guðr.Magnúsd.) 13 -
5. Láretta Ingibjörg Eiríksdóttir Þorkelsd. Hvg. 36 13 -
6. Oddur Jóhann Jónsson Oddssonar Litlabæ Btst. 13 -
7. Gísli Erlindsson, Þórðarsonar, Lindargötu 7 13 -
8. Þórður Hermann, bróðir nr. 7 11 -
9. Viggó T. Snorrason Bakkastíg 3 (hjá Ed.Grímssyni) 11 -
10. Ásta Jónsdóttir Guðmundssonar, Brbal 23 10 -
11. Björn Benediktsson, Jóhannessonar, Hverfisgötu 21 10 -
12. Ólafía H.Þ.Einarsdóttir, Bergstaðastræti 11 A. 11 -
13. Guðmundur Marteinsson, Teitssonar og G.Erlindsd. 11 -
14. Guðmundur Helgi Bjarnason snikkara Jakobssonar 13 -
15. Sigurður Guðmundsson, Guðmundssonar, Vesturgötu 59 10 -
16. Helga Jóhannesdóttir Laufásvegi 3 (hjá Aðalb.Bjarnas.)11 -
17. Margrét Guðmundsdóttir Bjarnasonar Stóra-Seli 10 -
18. Einar Guðjónsson Einarssonar, Klapparstíg 14 12 -
19. Þuríður Erlindsína, systir nr. 18 10 -
20. Pálína Pálsdóttir, fósturd. Ben.Jónssonar sótara 8 -
21. Ásta Ásgeirsdóttir, Eyþórssonar 12 -
22. Ásgeir, bróðir nr. 21 11 -
23. Emilía Ólafsdóttir, söðlasmiðs, Eiríkssonar 12 -
24. Kristín, systir nr. 23 9 -
25. Guðbrandur Sveinn Þorkelsson, Skála í Þingholtum 10 -
26. Árna Gísladóttir Þorkelssonar brbst 25 12 -
27. Þorkell, bróðir nr. 26 10 -
28. Ingibjörg og 13 -
29. Haraldur og 11 -
30. Einar Steindór, börn Sig. bókb.Jónssonar Skrbr.5 B 11 -
31. Einar Guðmundsson, Guðmundssonar, Laugav. 34 11 -
32. Jórunn Ásta, systir nr. 10 -
33. Þorsteinn Guðmundsson, Sveinbjörnssonar, Sauðagerði 9 -
34. Ingibjörg Ágústa Einara Ágústsdóttir Einarss.Lágholti 12 ára
35. Þorlákur bróðir nr. 34 11 -
36. Eyþór Tómasson, Skothúsum 13 -
37. Ingvar Kristinn, bróðir nr. 36 10 -
38. Guðmundur Ólafsson, Skuld 9 ára
39. Jóna Þórðardóttir (frá Hól) Hverfisgötu 10 13 -
40. Anna Sigurjónsdóttir Skólav.stíg 11 (Sesselju Ólafs-)13 -
41. Þuríður systir nr. 40 11 -
42. Sigurður Óskar Lárusson hómopata 12 -
43. Guðrún, systir nr. 42 10 -
44. Júlíus Magnús Guðmundsson Guðmundssonar 12 -
45. Guðmundur Eivarð Árnason skósmiðs Helgasonar 8 -
46. Halldóra Þórðardóttir (frá Hól) Hverfisgötu 10 12 -
47. Haraldur og 9 -
48. Ólöf Eirný börn Sigurðar Jónssonar Laugaveg 49 8 -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Á Æ T L U N

um tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar árið 1906. - - - -

| | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| A. Sérstakar tekjur kaupstaðarins: | | | |
| 1. a. Leigur af túnum og lóðarblettum eftir samningi . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | 2905.00 | |
| b. Laugarnes og Kleppur: | | | |
| 1. Landsskuld af Laugarnesi | 75.00 | | |
| 2. Landskuld af Kleppi | 60.00 | | |
| 3. Hagatollur | 400.00 | | |
| 4. Seglfestugjald | 50.00 | | |
| 5. Laugatollur | 40.00 | 625.00 | |
| c. Eftirgjald af Seli | 70.00 | | |
| d. - - Bústöðum | 60.00 | | |
| e. - - Eiði | 152.00 | | |
| f. Tollur af mó | 40.00 | | |
| g. Tekjur af vatnsbólum bæjarins | 10.00 | 333.00 | |
| 2. Tekjur af lóðasölu | | 4000.00 | |
| 3. Sótaragjöld | | 2000.00 | |
| 4. Tekjur af(lóðasölu)byggingarsamþykkt | | 1000.00 | |
| 5. Vextir af skuld hlutaf. Völundur ætl. | | 240.00 | |
| 6. Óvissar tekjur bæjarins | | 2000.00 | 13303.00 |
| B. Sérstakar tekjur fátækrasjóðsins: | | | |
| 1. Tíund til fátækra: | | | |
| a. Fasteignatíund | 45.00 | | |
| b. Lausafjártíund | 120.00 | 165.00 | |
| 2. Hundaskattur | | 40.00 | |
| 3. Endurgoldin lán af innansveitarmönnum | | 1000.00 | |
| 4. Endurgjald frá öðrum sveitum | | 1000.00 | 2205.00 |
| C. Sérstakar tekjur barnaskólans: Væntanlegir skólapeningar | | | 4500.00 |
| D. Niðurjöfnuð gjöld á lögskráða fjárstofna: | | | |
| 1. Lóðargjald, samkv. lögum 9.10 1877 og 19/7 1897: | | | |
| a. Af byggðri lóð | 6800.00 | | |
| b. Af óbyggðri lóð | 2800.00 | 9600.00 | |
| 2. Gjald eftir efnum og ástæðum jafnað niður með 5% - 10% umfram samkv. 16. gr. samþykktar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 28. júlí 1903 staðfest af landshöfðingja 1. ágúst s.á. | | 48295.56 | 57895.56 |
| | | | 77902.56 |
| Tekjur samtals | | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# G J O L D

| | | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|---|
| I. Skattar og gjöld af eignum kaupstaðarins | | | | 90.00 |
| II. Útgjöld í þarfir kaupstaðarins: | | | | |
| 1. Stjórn kaupstaðarins og umsjón: | | | | |
| a. Laun gjaldkera | | 1650.00 | | |
| b. - verkfræðings bæjarins | | 2700.00 | | |
| c. Skrifstofuhald, ritföng, hreinsun þinghúss o.fl. | | 800.00 | | |
| d. Manntalskotnaður | | 500.00 | | |
| e. Laun sótara: | | | | |
| 1. Benedikt Jónsson | kr. 800.00 | | | |
| 2. Jó Sveinsson | - 600.00 | 1400.00 | | |
| f. Umsjón kaupstaðarins og varzla | | 280.00 | 7330.00 | |
| 2. Til löggæzlu: | | | | |
| a. Laun næturvarða: | | | | |
| Tr. 01. Laun hins fasta næturv. | 800.00 | | | |
| 2. Til yfirhafnar | 20.00 | | | |
| 3.- aukanæturvörzlu | 1000.00 | 1820.00 | | |
| b. Laun lögregluþjóna: | | | | |
| 1. Þorvaldar Björnssonar, með skuldb. til að búa í miðjum bænum | 1000.00 | | | |
| 2. Páls Árnasonar | 800.00 | | | |
| 3. Bætist við 1. þjón | 700.00 | | | |
| 4. Aukaþjóni | 400.00 | 2900.00 | | |
| C. Eftirlaun: | | | | |
| 1. Til Árna Gíslasonar | kr. 100.00 | | | |
| 2. - Jóns Borgfirðings | 280.00 | | | |
| 3. - M. Helgesen | 200.00 | 580.00 | | |
| d. Önnur útgjöld | | 120.00 | 5420.00 | |
| 3. Til heilbrigðisráðstafana o.fl.: | | | | |
| a. Laun heilbrigðisfulltrúa | | 800.00 | | |
| b. Laun yfirsetukvenna | | 300.00 | | |
| c. Önnur gjöld | | 100.00 | 1200.00 | |
| 4. Til vegabóta | | | 10000.00 | |
| 5. Til þrifnaðar, snjómosturs, klakahögg og renna | | | 3000.00 | |
| 6. Til vatnsbólanna | | | 1000.00 | |
| 7. Til slökkvitóla og slökkviliðs, þar í laun slökkviliðsstjóra | | | 600.00 | |
| 8. Til að lýsa götur bæjarins | | | 2500.00 | |
| 9. Afgjald af Hlíðarhúsum og Ánanaustum | | | 204.55 | |
| 10. Vextir og afborganir af lánum: | | | | |
| a. Lán úr hafnarsjóði til ljóskera samkv. skbr. 19/12'98 upphaflega 2000 kr., nú 1500 kr., vextir 4% | | 60.00 | | |
| b. Lán úr sama sjóði til barnaskólabyggingar samkv. skbr. 25/1'86, 9900 kr. afborg. og ávaxtast með 6% í 28 ár; 21. afborg. | | 594.00 | | |
| c. Lán úr sama sjóði til leikfimishúsbyggingar samkv. skbr. 25/1'86, 884 kr. 78 a. afborg. og ávaxt. með 6% í 28 ár, 22. afb | | 50.69 | | |
| d. Lán úr sama sjóði til að kaupa Selseign samkv. skbr. 5/11'88, 2000 kr. 4% ársv. | | 80.00 | | |
| e. Lán úr sama sjóði til Laugavegarins, samkv. skbr. 3/12'89, 2900 kr. 4% vextir | | 116.00 | | |
| f. Lán úr sama sjóði til Kaplaskjólsvegarins samkv. skbr. 18/9'90, 2000 kr., afb. og ávaxt. með 6% í 28 ár, 16. afb. | | 120.00 | | |
| g. Lán úr landssjóði samkv. skbr. 11/12 1882, 18000 kr., ávaxt. og afb. með 6% ~~þangað til skuldarinnar verður krafizt~~ í 28 ár; 24. afborgun | | 1080.00 | | |
| h. Lán úr sama sjóði samkv. skbr. 4/6'86 2700 kr., afb. og ávaxt. með 6% þangað til skuldarinnar verður krafizt; 20. afb. | | 162.00 | | |
| i. Lán út af kaupum á Laugarnesi og Kleppi: | | | | |
| 1. Vextir af handhafaskuldabréfi /4900 kr. | 196.00 | | | |
| 2. Vextir af landssjóðsláni | 128.00 | | | |
| 3. Til afborgunar | 100.00 | 424.00 | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| Flutt ≠ | | | |
| j. Lán úr landssjóði til Jringlumýrar samkv. skbr. '92, 1000 kr., ávaxtast með 4% afb. með 1/20 á ári, 14. afborgun | 64.00 | | |
| k. Lán úr brunabótasjóði til Hafnarfjarðarvegarins 3500 kr. samkv. skbr. 31/12'91 4% ársvextir | 140.00 | | |
| l. Lán til barnaskólabyggingar af gjafasjóði Hannesar Árnasonar upphafl. 35000 kr. samkv. skbr. 5/5'98; vext. 4%, 8. afborg. | 2120.00 | | |
| m. Lán úr hafnarsjóði til sama 7650 kr. samkv. skbr. 16/2'99; vextir 4% | 306.00 | | |
| n. Lán úr sama sjóði til að kaupa Sveinsstaði samkv. skbr. 2/9'01, 1000 kr. 4% | 40.00 | | |
| o. Lán úr sama sjóði til laugahúsbyggingar samkv. skbr. 31/12'01, 1800 kr. ávaxt. með 4%, afb. með 1/15 á ári 5. afb. | 172.80 | | |
| p. Lán úr sama sjóði til að innleysa lán úr fiskimannasjóði, samkv. skbr. 2/902 4% vextir af 6400 kr. | 256.00 | | |
| q. Lán úr sama sjóði til umb. á Laugunum 2600 kr. samkv. skbr. 1/11'02, 4% | 104.00 | | |
| r. Lán úr hafnarsjóði til lokræsins frá Landakoti; 2600 kr. samkv. skbr. 1/11'02, 4% | 104.00 | | |
| s. Lán úr landssjóði til ~~Hverfisgötu~~ Hverfisgötu o.fl. samkv. skbr. 5/5'04-17000 kr. 4% vextir | 680.00 | | |
| t. Lán úr sama sjóði samkv. skbr. dags. 16/9-04; 1000 kr. 4% vextir | 400.00 | | |
| u. Lán úr hafnarsjóði til Hafnarstrætis og Austurstrætis 5100 kr. samkv. skbr. 3/8 05 - 4% vextir | 204.00 | | |
| v. Lán úr landssjóði út af kaupum á Klapparlóð 12138 kr. 65 aur. samkv. skbr. 20/12-04, 4% vextir | 485.52 | | |
| x. Til afverzlunar | 3000.00 | 10763.07 | |
| 11. Til áhalda og aðgjörða á þeim, þar í gæzla á sigurverki | | 200.00 | |
| 12. Óvænt og óviss útgjöld | | 4000.00 | 46217.56 |
| III. Útgjöld til fátækrasjóðsins: | | | |
| 1. Til ómaga og þurfamanna: | | | |
| a. framfæri sveitarómaga | 9000.00 | | |
| b. Til þurfamanna, lán og styrkur | 7500.00 | | |
| c. Til greftrunar ómaga | 250.00 | | |
| d. Til Lögflutnings þurfamanna | 150.00 | | |
| e. Önnur útgjöld, þar í fátækralyf | 1000.00 | 17900.00 | |
| 2. Lán til annara sveita | | 1000.00 | 18900.00 |
| IV. Gjöld til barnaskólans: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Laun yfirkennara, þar í persónuleg viðbót handa núverandi yfirkennara | 1500.00 | | |
| b. Laun aðstoðarkennara | 900.00 | | |
| ~~c. Brunabætur og kirkjutíund~~ | | | |
| c. Til aðstoðarkennara, þar í sundkennsla | 6400.00 | | |
| d. Til héraðslæknisins fyrir heilbrigðiseftirlit í skólanum | 25.00 | 8825.00 | |
| 2. Hús skólans, áhöld o.fl. | | | |
| a. Áhöld | 800.00 | | |
| b. Viðhald á húsinu | 800.00 | | |
| c. Brunabætur og kirkjutíund | 170.00 | | |
| d. Til eldiviðar og ljósa | 900.00 | 2670.00 | |
| 3. Önnur útgjöld t. a. m. hreinsun, ritföng o.fl. | | 1000.00 | 12695.00 |
| Gjöld samtals | | | 77902.56 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn þann 5. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Ásgeir Torfason candidat, er fengið hafði 200 kr. styrk til að rannsaka mó í Kringlumýri hefur sent bæjarstjórninni skýrslu sína, ásamt nákvæmum uppdrætti.

2. Brunabótavirðingamenn voru endurkosnir Hjörtur Hjartarson og Sigvaldi Bjarnason.

3. Erindi frá stjórnarráðinu um, að ákveðið verði hið fyrsta hvernig götur skuli leggja um Arnarhólslóð var vísað til byggingarnefndar.

4. Beiðni frá Helga Gíslasyni um heimild til stéttargjörðar meðfram húsi hans, er stendur á horninu milli Frakkastígs og Njálsgötu og ef til vill einhvern styrk til verksins. Samþykkt að beiðandinn megi gjöra stéttina á eiginn kostnað undir eftirliti veganefndar.

5. Magnús Stephensen frá Viðey biður um veg heim að húsi sínu nýbyggðu. Vísað til veganefndar.

6. Erindi frá frú Ragnh. Briem um rennu frá húsi sínu yfir annars manns lóð. Vísað til byggingarnefndar.

7. Erindi frá Hannesi S. Hanson og Ágúst Thorsteinsson, um ljósker við húsið nr. 1 við Grettisgötu. Vísað til veganefndar.

8. Samþykktar virðingar matsmanna á sneið til breikkunar götu af lóð Þorsteins Tómassonar járnsmiðs (nr. 10 við Lækargötu); virðing 2 kr. 50 aura feralin. Sömuleiðis virðing á þeim hluta af sundinu frá Hafnarstræti norður að slátrunarhúsi D.Thomsen konsúls, sem gengið hefur til breikkunar Hafnarstrstrætis. Virðing 1.kr. 50 aur. feralin hverSömuleiðis renning vestan af lóð Guðmundar Guðmundssonar kaupmanns við Laugaveg 22, sem gengur til breikkunar Klapparstígs. Virðing 2 kr.

9. Erindi frá Jóhannesi snikkara Lárussyni, þar sem hann áfrýjar byggingarnefndarúrskurði staðfestum af bæjarstjórn til stjórnarráðsins. Málinu vísað til byggingarnefndar, og einnig skyldi fá álit brunamálanefndarinnar.

10. Veittar 1800 kr. til Hafnarstrætis í viðbót við áður veittar 3200 kr.

11. Samþykkt að hreinsa til á stakkstæðum við Hafnarstræti á þann hátt að selja við uppboð óskilamuni, sem ekki væri teknir þaðan eftir áskorun að gefnum fresti.

12. Samþykkt var að bera Mjölnissand í göturnar á Austurvelli og loka hliðunum á meðan.

13. Samþykkt var, að veita fátækranefnd heimild til að láta gjöra við húseign fátækrasjóðs að Sólheimi og verja til þess allt að 600 kr.

14. Erindi frá Birni Bjarnarsyni í Gröf, þar sem hann bendir bænum á vatnsuppsprettu í Grafarlæk, var vísað til vatnsveitunefndarinnar.

15. Beiðni frá Jóni Jónssyni frá Kvíjavöllum um eftirgjöf á 15. kr. bæjargjaldi sakir langvarandi sjúkdóms var samþykkt, ef skýrsla konu hans um ástæður beiðendans reynast sannar.

16. Beiðni frá Jóni Magnússni um eftirgjöf á bæjargjaldi; var samþykkt að leita álits niðurjöfnunarnefndar um beiðnina.

17. Í fjarveru Guðmundar Björnssonar var kosinn í skólanefnd Sighvatur Bjarnason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Skólanefnd veitt heimild fyrir yfirstandandi skólaár til að borga 75 a. fyrir tímann í náttúrufræðiskennslu.

19. Ókeypis kennsla veitt 5 börnum og hálf eftirgjöf skólagjalds veitt 5 börnum.

20. Rögnvaldur Teitsson í Kaplaskjóli tilkynnir, að hann ætli að selja erfðafestuland sitt, Hólablett, fyrir 700 kr., og býður bæjarstjórn forkaupsrétt. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

21. Samþykkt að borga úr bæjarsjóði 30 kr. fyrir í veikindaforföllum aukanæturvarðar Jóhanns Hallgrímssonar.

22. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Húseign | Karls Nikulássonar við Smiðjustíg | 5406 kr. |
| b. | - | Þórðar Gíslasonar við Njálsgötu | 4207.- |
| c. | - | Hans Hannessonar við Barónsstíg | 6757.- |
| d. | - | Magnúsar Stephensen við Grundarstíg | 5553.- |
| e. | - | Árna Zakaríassonar, Ingólfsstræti | 4658.- |
| f. | - | Árna Sigurðssonar við Sellandsstíg | 2931.- |
| g. | - | Péturs Þórðarsonar, Vesturgötu | 3125.- |
| h. | - | (sláturshús) D.Thomsen við Hafnarstræti | 6910.- |
| i. | - | Sama nr. 1 við Kolasund | 4399.- |
| j. | - | (bær) Marteins Finnbogasonar Hverfisgötu | 1070.- |
| k. | - | (skúr) Jóns Þórðarsonar Grettisgötu | 875.- |

23. Nefndin er kosin var til að íhuga beiðni Lúðrafélagsins kom með álit sitt; hafði ekki komizt að neinni miðlun. Bæjarstjórnin vildi ekki veita hinar umbeðnu 700 kr.

24. Dregið út til innlausnar nr. 65 af skuldabréfum bæjarins út af kaupum Laugarness.

25. Tilboð kom frá eigendum Tjarnarbrekkunnar um, að leyfa ókeypis snið á Suðurgötu að austanverðu gegn því, að gatan verði ekki(breikkuð) gjörð breiðari en 14 al. Bæjarstjórnin hét fastri hinni áður gjörðu ákvörðun sinni um breikkun götunnar um 4 álnir.

Með breytingunni og breikuninni um aðeins 2 álnir greiddu atkvæði Halldór Daníelsson, Jón Magnússon, Tr. Gunnarsson, Þórh. Bjarnason og Sighvatur Bjarnason, en á móti: Kr. Þorgrímsson, Björn Kristjánsson, Magnús Einarsson, Ólafur Ólafsson, Kristján Jónsson og Halldór Jónsson. Samþykkt að taka lögnámi það se m þarf til sniðhalla austan vegarins.

Allir á fundi nema Sigurður Thoroddsen, Guðmundur Björnsson og Hannes Hafliðason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Björn Kristjánsson. Kristján Þorgrímsson. Ólafur Ólafsson. Magnús Einarsson. Þórh.Bjarnason. Sighvatur Bjarnason. Tryggvi Gunnarsson. Jón Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

År 1905, mánudaginn 9. október var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni.

Kom til umræðu Tjarnarbrekkumálið. Samþykkt að breikka ekki Suðurgötu meira en svo að svo stöddu, að hún verði 14 álnir á breidd, gegn því að fá snið á vegarkant götunnar með hallanum 2:3 endurgjaldslaust. Að því leyti, sem eigendur Tjarnarbrekkunnar, Álfheiður Briem ekkjufrú, Eggert Briem skrifstofustjóri og Björn Ólafsson augnlæknir í bréfi, sem lá fyrir bæjarstjórninni á síðasta reglulegum fundi, þar sem þeir lýsa því að þeir fyrir sitt leyti gangi að slíku samkomulagi, er nú nær samþykkt, taka það fram, að þeir halda óskertum rétti þeim, er þeir telji sig eiga til endurgjalds fyrir lóðarspildu þá, er hæluð var af í sumar, að frádregnum þeim 2 álnum, er teknar yrðu aftur af veginum. Þá lætur bæjarstjórnin þess getið, að hún býst við því, í notum þessa samkomulags, - að ekki komi til þess að brekkueigendur gjöri nokkurntíma kröfu á hendur bæjarstjórninni til slíks endurgjalds, en viðurkennir bæjarstjórnin ekki nein slíkan endurgjaldsrétt. Bæjarstjórnin kýs að vegurinn fái þó að halda þeirri breidd, sem hann hefur fengið að sunnanverðu, þannig að hann gangi að sér norður eftir, eftir nánara samkomulagi milli veganefndar og brekkueigenda.

Fleira kom ekki til umræðu.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Jón Magnússon. Kristján Jónsson. Sig. Thoroddsen. Sighvatur Bjarnason. Þórhallur Bjarnason. Björn Kristjánsson. Halldór Hafliðason. Kristján Þorgrímsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 19. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Felldur úrskurður á athugasemdir við bæjargjaldareikning 1904. Tillögur til úrskurðanna voru samdar af fjárhagsnefnd og endurskoðendum í sameiningu.

2. Á sama hátt felldur úrskurður á athugasemdir á hafnarsjóðsreikning 1904.

3. Úthlutað 330 kr. styrk af alþýðustyrktarsjóði 32 konum og körlum, samkvæmt tillögum fátækranefndar.

4. Magnús R. Jónsson sækir um að fá Arnljótsbæ (Hlíð) við Hverfisgötu keyptan. Eftir tillögum fátækranefndar var samþykkt að gefa honum kost á kaupum eignarinnar þannig, að andvirðið fyrir lóðina verði ákveðið eftir mati óvilhallra manna, þó eigi hærra söluverð en 3 kr. fyrir feralin hverja, og er þá ekkert verð heimtað fyrir bæinn sjálfan, - og með því skilyrði, að bærinn verði eigi rifinn fyrr en vorið 1907, svo að Sigurður Frímann megi dvelja þar til þess tíma endurgjaldslaust. -Bæjarstjórnin vildi ekki samþykkja söluna.-

5. Eftir tillögum fátækranefndar var samþykkt að selja Guðjóni Björnssyni lóðarspildu 620 ferálnir að stærð, er bærinn á við Bræðraborgarstíg, áfasta við steinhúsið Móberg, fyrir 310 kr. kaupverð.

6. Byggingarnefndargjörðir frá 7. þ.m. voru lesnar upp og samþykktar, þó þannig, að 2. liður byggingarnefndargjörðanna, útmæling húsbyggingar handa Búnaðarfélagi Íslands var samþykkt með 6 atkv. gegn 4 (J.Magnúss., Sighv.Bjarnas., Sig.Thoroddsen, Halld. Jónsson).

7. Kom fram álit byggingarnefndar á hinu áfrýjaða erindi Jóhannesar Lárussonar svo og álit brunamálanefndar, er útvega skyldi samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á síðasta(fundi) aðalfundi. Álit beggja nefnda var að standa skyldi hinir eldri úrskurðir bæjarstjórnar og samþykkti bæjarstjórnin það.

8. Eftir tillögum brunamálanefndar samþykkti bæjarstjórnin þá breytingu á Reglugjörð um slökkvilið Reykjavíkurbæjar, að 1.gr. yrði orðuð þannig: "Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, að undanskildum kunnuglegum embættismönnum og bæjarfulltrúum eru skildir til þjónustu í slökkviliði bæjarins frá því þeir eru 20 vetra, unz þeir eru 35 vetra, nema sjúkleikur hamli. - Þó skulu allir bæjarbúar - með áminnstum undantekningum - vera skyldir að hafa á hendi fyrirliðastörf í slökkviliðinu allt til 50 ára aldurs, ef þeir verða til þess kjörnir. Verður leitað staðfestingar stjórnarráðsins á þessari breytingu.

9. Erindi frá búendum við Hverfisgötu um rennur var vísað til veganefndar.

10. Erindi frá búendum við Barónsstíg um ljósker var vísað til sömu nefndar.

11. Erindi frá Oddi Gíslasyni um dýpkun rennu við Laufásveg var vísað til sömu nefndar.

12. Erindi frá Guðjóni Sigurðssyni um lenging Bergstaðastrætis var vísað til sömu nefndar.

13. Eftir tillögum veganefndar var kaupmanni Th.Thorsteinsen leyft að gera sporbraut frá fyrirhugaðri bryggju í Grófinni yfir Vesturgötu og inn í port sunnan við verzlunarhús hans með hverfihjóli -drejeskive- vestan við verzlunarhúsið. Skal verkið unnið undir eftirliti veganefndar og eigi hindra keyrslu um götur þær



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er mannvirki þetta liggur yfir.

14. Veittar til fyrri umræðu 550 kr. til vegagerðar frá Laufásvegi niður að Fríkirkjunni.

15. Beiðni frá Gunnari Einarssyni um erfðafestuland, vildi bæjarstjórnin ekki(sinna) veita.

16. Oddbjörg Sigurðardóttir tilkynnir, að hún ætli að selja húseign sína, lóð og erfðafestuland sitt, fyrir 4000 kr., og býður bæjarstjórn forkaupsrétt. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt að erfðafestulandinu.

17. Gunnar Einarsson tilkynnir, að hann ætli að selja erfðafestuland Hlíðarhúsablett nr. 3 er liggur austan við Stýrimannastíg fyrir 3000 kr. og býður bæjarstjórn forkaupsrétt.
Málinu vísað til fjárhagsnefndar til íhugunar.

18. Sami tilkynnir að hann ætli að selja 1180 ferálnir úr erfðafestulandi Hlíðarhúsabletts nr. 3 vestan við Stýrimannastíg á 75 aura feralin.
Bæjarstjórnin svaraði því svo, að hún geti ekki leyft að svo lítill hluti sé partaður út úr erfðafestulandi, nema hugsunin sé að breyta þessum landshluta í lóð; og sé það hugsunin, þá ber að greiða 1/5 hluta söluverðsins í bæjarsjóð. Með þessu skilyrði samþykkit bæjarstjórnin söluna, að því leyti, sem lóð þessi ekki verður vegarstæði.

19. Landlæknir J.Jónassen tilkynnir, að hann ætli að selja tvisvar sinnum 2700 ferálnir úr erfðafestulandi sínu, Útsuðurvelli, fyrir tvennar 4050 kr. og spyr hvort bæjarstjórn vilji nota forkaupsrétt.
Hér er um samskonar mál að ræða, sem málið næst á undan, og getur bæjarstjórn ekki samþykkt, að erfðafestulandið sé þannig partað niður, nema landpörtum þessum sé breytt í byggingarlóðir, en þá ber að greiða 1/5 hluta söluverðsins í bæjarsjóð. Að öðru leyti var erindi þessu vísað til byggingarnefndar til íhugunar.

20. Eigendur Elsumýrarbletts tilkynna, að þeir ætli að selja 1000 ferálnir úr erfðafestulandinu til byggingar fyrir 1 kr. feralin, og óska eftir vitneskju um, hvort hún vill nota forkaupsrétt. Bæjarstjórn samþykkti að svara fyrirspurn þessari á sama hátt, sem erindi Gunnars Einarssonar hér að framan, undir tölulið ~~nr.~~ 18.

21. Frú Þórunn Jónassen gerir fyrirspurn til bæjarstjórnar um það í bréfi dags. 17. þ.m., hvort bæjarstjórn vilji takast á hendur það starf, sem henni er ætlað í skipulagsskrá fyrir Minningarsjóði Sigríðar Thoroddsen, dags. 26. júlí 1905. Bæjarstjórnin samþykkti í einu hljóði að takast starf þetta á hendur.

22. Kvartanir frá 8 borgurum bæjarins út af fyrirkomulagi félagsins "Málmur" samkv. auglýsingum þess í blaðinu Þjóðólfur, kom til bæjarstjórnar í bréfi dags. 19. þ.m. Málinu vísað til námunefndarinnar, en með því að einn nefndarmaður, Guðmundur Björnsson er fráverandi, var hinum nefndarmönnunum heimilað að kjósa mann með sér í nefndina í hans stað. Þeir kusu Kr. Jónsson í nefndina með sér.

23. Stjórn Aldamótagarðsins óskar í erindi dags. 18. þ.m. heimildar bæjarstjórnarinnar til að mega veðsetja garðinn fyrir 2000 kr. lántöku til ræktunar og aðgerðar garðsins.
Bæjarstjórnin samþykkti beiðnina.

24. Brunabótavirðingar samþykktar:
a. Húseign Guðm. Árnasonar og Júl. Árnas. við Lindargötu 8747.-
b. - H.P.Duus Austurstræti 18920.-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| c. | Húseign | Björnd Björnssonar milli Njálsgötu og /Skólavörustígs | 3537.- |
| d. | - | Jóns Jónssonar við Lindargötu | 4354.- |
| e. | - | Ámunda Árnasonar við Hverfisgötu | 12885.- |
| f. | - | Páls Ó. Lárussonar við Spítalastíg (Láruss) | 2932.- |
| g. | - | Gunnars Gunnarssonar vi Austurstræti | 5487.- |
| h. | - | Jóns Magnússonar við Holtsgötu | 10240.- |
| i. | - | Sæmundar Þórðarsonar Barónsstíg | 3144.- |
| j. | - | Gísla Magnússonar við Öskjuhlíðarveg | 2675.- |

Allir á fundi nema Guðmundur Björnsson og Magnús Einarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tryggvi Gunnarsson. Halldór Jónsson.
Björn Kristjánsson. Sig. Thoroddsen. Þórh. Bjarnason. Sighv.
Bjarnason. Jón Magnússon. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason.
Kristján Þorgrímsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, þ. 20. október var framtalsþing fyrir Reykjavíkurkaupstað haldið á bæjarþingstofunni, og töldu menn fram fénað sinn sem hér segir:

1. Jón Valdason, Skólabæ: 3 kýr, 3 hestar.

2. Kjartan Rögnvaldsson Jaðri: 3 ær með lömbum, 4 geldar, 4 kindur veturgamlar.

3. Kristján Þorgrímsson bæjarfulltrúi : 1 hestur.

4. Sigurður Jónsson fangavörður: 2 kýr.

5. Þorlákur Guðmundsson, Eskihlíð: 3 kýr leigufærar, 1 kýr tímalaus, 30 ær með lömbum, 10 lambsgotur, 12 kindur veturgamlar, sauðir 3 vetur 11, 2 vetur 6, hesta 2.

6. Jón Sigurðsson Lindargötu 16: 6 hross tamin, 4 tryppi, 1 vetrungur.

7. Jón Guðmundsson Sauðagerði: 4 kýr.

8. Halldór Daníelsson, bæjarfógeti: 1 kýr.

Fleiri töldu ekki fram.

Framtalsþinginu slitið.

Halldór Daníelsson.

Páll Árnason.
Þ.Björnsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKRÁ UM ÚTHLUTUN STYRKS ÚR ALÞÝÐUSTYRKTARSJÓÐI REYKJAVÍKUR 1905.

| | |
|---|---|
| 1. Elín Björnsdóttir, Skólavörðustíg 4 | 10 kr. |
| 2. Elín Magnúsdóttir, Grjótagötu 9 | 10 - |
| 3. Guðni Einarsson, Hverfisgötu 44 | 15 - |
| 4. Guðríður Guðmundsdóttir, Laugavegi 27 | 10 - |
| 5. Guðrún Jónsdóttir Bræðraborgarstíg 13 | 10 - |
| 6. Halldóra Ólafsdóttir, Bræðraborgarstíg, Miðdal | 10 - |
| 7. Helga Nikulásdóttir, Hverfisgötu 22 | 10 - |
| 8. Herdís Magnúsdóttir, Vesturgötu 55 | 10 - |
| 9. Ingibjörg Eyjólfsdóttir, Doktorshúsi | 10 - |
| 10. Ingibjörg Eyjólfsdóttir, Nýlendugötu 16 | 10 - |
| 11. Ingibjörg Petersen, Nýlendugötu | 15 - |
| 12. Jóhanna Jónsdóttir, Spítalastíg 4 | 10 - |
| 13. Kristín Guðmundsdóttir, Hólakoti | 10 - |
| 14. Kristjana Kristjónsdóttir, Bergstaðastræti 12 | 10 - |
| 15. Margrét Erlendsdóttir, Vesturgötu 20 | 10 - |
| 16. Marta Lárusdóttir, Tjarnargötu 6 | 10 - |
| 17. Ólöf Hannesdóttir, Vegamótum | 10 - |
| 18. Ragnheiður Þorleifsdóttir, Vegamótum | 10 - |
| 19. Rannveig Jónsdóttir, Gíslaholti | 10 - |
| 20. Rósa Guðmundsdóttir, Vegamótum | 10 - |
| 21. Salgerður Magnúsdóttir, Bakka | 10 - |
| 22. Sigríður Guðmundsdóttir, Laugaveg 24 | 10 - |
| 23. Sigurlaug Guðmundsdóttir, Hverfisgötu 27 | 10 - |
| 24. Þórunn Pálsdóttir, Bergsstöðum | 10 - |
| 25. Guðrún Gísladóttir, Bergstaðastræti 10 | 10 - |
| 26. Ennisíana Þorkelsdóttir, Skólavörðustíg 3 | 10 - |
| 27. Auðríka Jóhannsdóttir, Bókhlöðustíg 2 | 10 - |
| 28. Kristbjörg Jónsdóttir, Litlaseli | 10 - |
| 29. Ragnheiður Björnsdóttir, Vesturgötu 30 | 10 - |
| 30. Sigríður Guðmundsdóttir, Ánanaustum | 10 - |
| 31. Þjóðbjörg Þórðardóttir, Laufásvegi 43 | 10 - |
| 32. Anna Ásmundsdóttir, Hverfisgötu | 10 - |
| Samtals | 330 kr. |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 2. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 21. og 28. október lesnar upp og samþykktar að öðru en því, að frestað var að samþykkja fyrirhugaðar götur um Arnarhólstún og uppdráttur hér að lútandi verður látinn ganga meðal fulltrúanna, og einnig var frestað ákvörðun um vegarstefnu austan Tjarnarinnar.

2. Erindi frá stjórn Fríkirkjunnar um stefnu vegarins niður að kirkjunni frá Laufásvegi var vísað til byggingarnefndar.

3. Beiðni frá Birni Hieronymussyni o.fl. um leyfi til grjóttökuréttar um 10 - 12 ár á tilteknu svæði í Öskjuhlíð var vísað til veganefndar.

4. Eftir tillögum veganefndar var samþykkt að setja þessi ljósker upp: 2 við Barónsstíg, 1 við Bergstaðastræti og 2-3 við Njálsgötu.

5. Birt bréf stjórnarráðsins um endurskoðun slökkviliðsreglugjörðar 31. október 1874. Málinu vísað til brunamálanefndar.

6. Kom fram álit námunefndarinnar út af erindi er bæjarstjórninni barzt á síðasta fundi. Eftir tillögum nefndarinnar var samþykkt að skora á stjórn félagsins "Málmur", að bæta 3 viðaukum við lögin, orðuðum eins og nefndin hafði borið fram í tillögum sínum. Till. frá Sig.Thoroddsen um breyting á 11. grþ laganna var felld.

7. Beiðni um útmæling erfðafestulands frá Pétri Bjarnasyni skipstjóra o.fl. var synjað.

8. Til að mæla jarðabætur jarðræktarfélags Reykjavíkur var útnefndur Gísli Þorbjarnarson búfræðingur eftir till. stjórnar félagsins.

9. Umsögn niðurjöfnunarnefndar um beiðni Jóns Magnússonar um uppgjöf aukaútsvars hans, var birt. Bæjarstjórn vildi ekki veita hina umbeðnu uppgjöf.

10. Bætt var í sundlaugarnefndina Sig. Thoroddsen í stað Guðmundar Björnssonar, er dveldur erlendis í vetur.

11. Formaður bæjarstjórnar skýrði frá, að Lúðrafélagið hefði nú afhent bænum lúðrana, með því að félagið hættir nú öllum lúðraþeyting. Bæjarstjórn samþykkti að bjóða fram 300 kr. styrk félagi, er myndast ~~til~~ til þess að halda hér í bænum uppi lúðraþeyting.

12. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Ástráðs Hannessonar við Smiðjustíg | 6298 kr. |
| b. | - Guðmundar Jóelssonar við Hverisgötu | 2591 - |
| c. | - Davíð Ostlunds (samkomuhúsið) | 6014 - |
| d. | - Helgu Hafliðadóttur við Klapparstíg | 4347.- |
| e. | - Þorsteins Sigurðssonar við Laugaveg | 5599.- |
| f. | - Jóns Sveinssonar við Templarasund | 24656.- |
| g. | - Þorsteins Tómassonar Lækjargötu | 14154.- |
| h. | - Jóns Guðmundssonar í Sauðagerði | 7003-- |
| i. | - Guðmundar Þórðarsonar o.fl. við Bergstaðastræti | 9686.- |
| j. | - H.I.Hanssonar o.fl. Klapparstíg (Grettisgötu) | 8079.- |
| k. | - Guðmundar Egilssonar við Laugaveg | 20316.- |

Allir á fundi nema Tr.Gunnarsson og Guðmundur Björnsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Kristján Jónsson. Þórh. Bjarnason. Kristján Þorgrímsson. Sig.Thoroddsen. Jón Magnússon. Magnús Einarsson. Sighvatur Bjarnason. Hannes Hafliðason. Björn Kristjánsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 16. nóvember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórnni. Jón Magnússon stýrði fundi í forföllum formanns.

1. Byggingarnefndargjörðir frá 4. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

2. Ákvæði byggingarnefndar frá 28. okt. um, að húsalínan, sem nú er byrjuð með barnaskólahúsinu og fríkirkjunni austan Tjarnarinnar eigi að halda áfram suður eftir, svo langt sem Útnorðurvöllur nær, var samþykkt að áskildri ókeypis lóð af erfðafestulandinu undir væntanlegan veg þar, 30 ál. breiðan, að áskildu hæfilegu gjaldi frá væntanlegum lóðareigendum til vegalagningarinnar og að áskildu því, að 20% af söluverði erfðafestulandsins sé greitt í bæjarsjóð, þá er hér að lútandi spildum úr erfðafestulandinu er breytt í byggingarlóðir.

3. Veganefnd var falið að koma til bæjarstjórnarinnar með tillögur sínar um vegarlagningar um Arnarhólstún.

4. Erindi frá Júl. Havsteen amtmanni um lagning suðurhluta Ingólfsstrætis, var vísað til veganefndar.

5. Til sömu nendar var vísað erindi frá íbúum við Nýlendugötu um lenging götunnar.

6. Erindi frá mörgum búendum í vesturbænum um aðgerð á brunninum við Mýrargötu og Brunnstíg var vísað til veganefndar til framkvæmda.

7. Óskað var eftir áliti byggingarnefndar um, hvernig laga skuli lenging Tjarnargötu til suðurs eða vegagjörð vestan Tjarnarinnar sunnan Vonarstrætis suður að Tjarnarbrekku.

8. Eftir tillögum veganefndar var Birni Hieronymussyni og félögum hans veitt hið umbeðna svæði í Öskjuhlíðinni til 10 ára til grjóttöku. Leyfið er veitt með því skilyrði, að afnot þess komi ekki í bága við byggingar, námugröft né afnot í bæjarins þarfir.

9. Um lagfæring Lækjartorgs, hreinsun þess o.fl., var vísað til veganefndar.

10. Bæjarstjórn endurnýjaði ákvörðun sína frá 5. janúar 1905 til byggingarnefndar um að afmarka tjörnina með greinilegum og föstum merkjum.

11. Skorað var á veganefnd, að hafa eftirlit með að eigi sé borið sorp og aska í Tjörnina.

12. Vísað var til byggingarnefndar, að íhuga gangstígsgjörð frá Barnaskólabrúnni með Tjörninni yfir á Vonarstræti sunnan Iðnaðarmannahússins.

13. Erindi frá Bárufélaginu um byggingar á lóð sinni var vísað til byggingarnefndar.

14. Bæjarstjórn vildi ekki nota forkaupsrétt sinn að að þeim hluta erfðafestulandsins "Hlíðarhúsablettur nr.3", er liggur austan Stýrimannastígs, er Gunnar Einarsson ætlar að selja fyrir 3000 kr. samkv. bréfi hans dags. 12. okt. þ.á.; sbr. bæjarstjórnarfund 19. okt. þ.á. 17. málslið. Geymir sér að sjálfsögðu rétt sinn til ókeypis vegarstæðis.

15. Ákveðið var að svara erindi Gunnars Einarssonar dags. 14. þ.m. svo, að greiða verði 1/5 hluta söluverðs erfðafestulands jafnskjótt sem salan fer fram, þá er tilgangurinn með sölunni er sá, a hið sela land skuli breytast í byggingarlóðir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. M.Th.Jensen tilkynnir, að hún ætli að selja erfðafestulönd sín:

| | |
|---|---|
| Votavöll fyrir | 5000 kr. |
| Suðurholtsblett fyrir | 2000 - |
| Sjávargötu fyrir | 2000 - |
| Garðbæjarblett fyrir | 4000 - |
| Land í Bráðræðismýri sellt á leigu í júní 1904 fyrir | 2000 - |

Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrétt.

17. Pétri Hjaltested úrsmið var heimilað að að gjöra sementsteypugarð norðanvert við erfðafestuland hans á þann hátt sem hann fer fram á í bréfi sínu dags. 15. þ.m.

18. Magnúsi Árnasyni voru veittar 30 kr. viðbót fyrir aðgjörð sprautuhússins eftir tillögu brunamálanefndar.

19. Eftir tillögum brunamálanefndar voru skipaðir:
1. Undirsveitarhöfðingi vatnsburðarliðsins Hjalti Sigurðsson verzlunarmaður.
2. Flokksstjóri í 1. deild vatnsburðarliðsins Hjalti Sigurðsson verzlunarmaður.
3. Sveitarhöfðingi í bjargliðinu: Guðjón Sigurðsson úrsmið.
4. Undirsveitarhöfðingi í sama liði: Magnús Vigfússon dyravörður.
5. Sveitarhöfðingi í húsrifsliðinu: Hjörtur Hjartarson snikkari.
6. Flokksstjóri við sprautu nr. 3: Kristinn Magnússon, skipstjóri.
7. Eftirlitsmenn við sprauturnar:
   Nr. 1 Ólaf Þórðarson járnsmið,
   - 2 Bjarnhéðinn Jónsson, járnsmið.
   - 3 Eirík Bjarnason, járnsmið,
   - 4 Kristján Kristjánsson járnsmið.

20. Bæjarstjórn berst bréf frá /stjórn félagsins Málmur og var því vísað til námunefndarinnar.

21. Erindi frá Magnúsi Jónssyni verzlunarmanni um niðurfærslu á aukaútsvari vegna 1/2 árs dvalar hans á Ísafirði í ár og útsvarsgreiðslu hans þar, var vísað til niðurjöfnunarnefndar.

22. Erindi frá Jóni Sigurðssyni skipstjóra um endurgreiðslu vegagjalds var vísað til byggingarnefndar.

23. Kaupmannaráðið fer fram á það í bréfi dags. 14. þ.m. að veittar séu 4000 kr. til þess að fá frá útlöndum, t.d.m. Skotlandi eða Noregi mann er þekkingu hefur á hafnarstæðum, til þess að koma hingað og gjöra tillögur um bætur hafnarinnar.
Bæjarstjórn veitti við fyrri umræðu 4000 kr. í þessu skyni.

24. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Guðmundar Magnússonar í Bergstaðastræti | 4848.Kr. |
| b. | - Guðmundar Þorsteinssonar við Nýlendugötu | 4345.- |
| c. | - Guðm. Gissurarsonar við Lindargötu | 2037.- |
| d. | - Jóns Jónassonar Lindarbæ, Vitastíg | 4231.- |
| e. | - Valintínusar Eyjólfssonar við Laugaveg | 792.- |
| f. | - Guðm. Guðmundssonar við Grettisgötu | 11738.- |
| g. | - fél. Völundar við Klapparstíg | 55160.- |
| h. | Smíðahús sama félags | 3840.- |

Allir á fundi nema Tr.Gunnarsson, Guðmundur Björnsson og Halldór Daníelsson.

Fundi slitið.

Jón Magnússon. Magnús Einarsson. Sig.Thoroddsen. Halldór Jónsson. Kristjan Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Björn Kristjánsson. Sighvatur Bjarnason. Þórhallur Bjarnason. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 7. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Erindi frá Eggert Claessen/cand. jur. og Jóni Þorlákssyni indeniör um árlegan styrk úr bæjarsjóði til baðhússtofnunar var vísað til fjárhagsnefndar til íhugunar.

2. Bæjarstjórn samþykkti við síðari umræðu að veita úr hafnarsjóði allt að 4000 kr. til þess að útvega hafnfróðan mann frá Noregi eða Skotlandi, sbr. 23. mál á síðasta fundi.

3. Byggingarnefndargjörðir frá 18. nóvember lesnar upp og samþykkt að öðru en því, að ákveðið var að framlengja skyldi Tjarnargötu beint í suður, með því skilyrði, að flutningur húss Eiríks Bjarnasonar járnsmiðs úr vegi götunnar yrði kostnaðarlaus fyrir bæinn og að vegastæði fengist ókeypis yfir lóðir Pálma Pálssonar, Péturs Hjaltested, Þorsteins Sigurðssonar og Stefáns Egilssonar,

4. Byggingarnefndargjörðir 2. þ.m. lesnar lesnar upp og samþykktar með þeirri breyting, að eigi skuli nú þegar ákveðið að kaupa 178 1/2 feralin ræmu af lóð Kristjáns Kristjánssonar (2. töluliður í byggingarnefndargjörðunum) heldur aðeins að virða hana.

5. Mat á lóð frú Elinborgar Christjanssen, er taka þarf undir veg niður að Fríkirkjunni var 1 kr. 60 feralin. Bæjarstjórnin samþykkti að borga það verð fyrir lóðina.- Sömuleiðis var samþykkt að greiða Sigurði Thoroddsen skólakennara 1.kr. fyrir feralin í 100 ferálma stórri lóð, er af honum þarf að taka undir sama veg, og ennfremur kr. 1.25 fyrir feralin í 60 ferálna stórri lóð, er einnig þarf að taka af lóð hans til sama vegar.

6. Beiðni um veg frá búendum í Ánanaustum var vísað til byggingarnefndar.

7. Beiðni frá búendum við Laufásveg um fullkomnar umbætur á þeim vegi var vísað til veganefndar.

8. Formanni bæjarstjórnar og formanni veganefndar var falið málið um vegi yfir Arnarhólstún til að leita um það samráðs og samkomulags við stjórnarráðið.

9. Bæjarstjórn samþykkti að auka c. 1660 ferálnum af erfðafestulandi Guðm. Guðmundssonar Grettisgötu 4 við lóð hans; skal verð talið 55 aurar fyrir feralin, og greiðir hann 1/5 hluta þess verðs í bæjarsjóð.

10. Jes Zimsen og Sigurjón Sigurðsson tilkynna að þeir ætli að selja erfðafestuland sitt við Grettisgötu fyrir 6000 kr.. Bæjarstjórn vildi ekki nota forkaupsrétt sinn, en áskildi sér að sjálfsögðu allan rétt sinn til ókeypis vegastæðis óskertan.

11. Bæjarstjórnin samþykkti, að sá hluti af Hlíðarhúsabletti nr. 3, sem Jón Eyvindsson og Guðni Egilsson hafa keypt af Gunnari Einarssyni, skuli breytast í byggingarlóð, þó að undanskildu því svæði, sem taka þarf ókeypis undir götur. Greiða skal í bæjarsjóð 1/5 hluta kaupverðs þess lands, sem breytt er í byggingarlóðir.

12. Tilkynnt erindi frá félaginu Skandia um eldsvoðamál.

13. Erindi frá Sau bakara um lausn úr slökkviliðinu var vísað til brunamálanefndar til umsagnar.

14. Málmnefndin kom með tillögur um , að samþykktir yrðu í einu lagi allir skilmálarnir fyrir námurétti félagsins "Málmur" og lagði fyrir bæjarstjórn uppkast að skilmálum þessum.
Samningsuppkast þetta samþykkti bæjarstjórnin með þessum viðauka við 3. gr.
Þó telzt útboðsfrestur ofangreindra 100.000 kr. fyrir Reykjavík frá 1. des. 1905.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Samþykkt að endurborga Jóni Sigurðssyni skipstjóra 18 kr. 75 aur. vegagjald, eftir kröfu hans í bréfi dags. 16. f.m., sjá bæjarstjórnarfund síðast 22. mál.

16. Erindi frá Edilon Grímssyni um niðurfærzlu á skólagjaldi var vísað til skólanefndar.

17. Fellt burtu 1/2 aukaútsvar Magnúsar Jónssonar verzlunarmanns 6 kr. fyrir yfirstandandi ár, með því að hann hefur verið heimilisfastur annarsstaðar hálft árið og greitt þar lögboðið aukaútsvar.

18. Kosnir í kjörstjórn við bæjarfulltrúa kosning 1906:
Kristján Jónsson,
Þórhallur Bjarnason.

19. Ingeniör bæjarins, Kn. Zimsen sendir /nú uppdrátt af miðbænum milli Garðastrætis og Ingólfsstrætis og Smiðjustígs.
Bæjarstjórnin fól mönnum þeim, er hún kaus til líkra athugana á fundi sínum 6. apríl í vor, að rannsaka uppdráttina.

20. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Þórðar Thoroddsen við Grjótagötu | 11318 kr. |
| b. | - Gunnlaugs Péturssonar Framnesvegi | 3753.- |
| c. | - Jóhannesar Magnússonar Bræðraborgarstíg | 7965.- |
| d. | Fríkirkjan austan við Tjörnina | 32078.- |
| e. | Húseign J.E.Jensens bakara við Hverfisgötu | 12308.- |
| f. | - Th. Jensens í Bráðræði | 27393.- |
| g. | - Sesselju Ólafsdóttur við Skólavörðustíg | 5810.- |
| h. | - Páls Guðmundssonar Vatnsstíg | 2358.- |
| i. | Smíðahús Helga Helgasonar og Einars Sveinssonar við Hverfisgötu | 2230.- |
| j. | Geymsluhús Þórðar Guðmundssonar við Klapparstíg | 840.- |
| k. | Safnhús áburðarfélagsins austanvert Barónsstígs | 1760.- |
| l. | - sama félags við Gróðrarstöðina | 1760.- |
| m. | Húseign Jóns Hinrikssonar Klöpp | 3083.- |
| n. | Geymsluhús Jóh. Zöega við Nýlendugötu | 738.- |
| ó. | Húseign Sigurðar Jónssonar Kasthúsum | 2588.- |

Allir á fundi nema Guðmundur Björnsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson.
Björn Kristjánsson. Sig.Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson.
Magnús Einarsson. Sighvatur Bjarnason. Tryggvi Gunnarsson.
Ólafur Ólafsson. Þórh.Bjarnason. Hannes Hafliðason.
Jón Magnússon.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 21. desember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

1. Erindi frá Eggert Claesen cand. jur. og Jóni Þorlákssyni ingeniör um styrk til baðhússstofnunar samkvæmt framlögðum uppdrætti. Eftir tillögum fjárhagsnefndar var samþykkt að veita til stofnunar þessarar 1000 kr. á ári í 3 ár frá því hún tekur til starfa með þessum skilmálum:

-Baðhúsið fullnægi fullnægi kröfum nútímans að því er snertir útbúnað, frágang og hreinlæti.

Ársreikningar þess séu sendir bæjarstjórn til athugunar.

Bæjarstjórn skal heimillt að láta heilbrigðisfulltrúa hafa eftirlit með hreinlæti í baðhúsinu.

Heit steypiböð skulu ekki vera dýrari en 15 aura.

Heitar kerlaugar ekki dýrari en 40 aur.

Börn, sem njóta ókeypis kennslu í barnaskólanum fá ókeypis steypiböð tvisvar á vetri, eftir samkomulagi við skólastjórann um tímann.

2. Leikfélagi Reykjavíkur veittur 500 kr. styrkur úr bæjarsjóði fyrir næstkomandi ár. Styrkveiting þessari fylgir ekki undanþága frá hinu venjulega 5 kr. gjaldi í bæjarsjóð fyrir hvert leikkveld.

3. Byggingarnefndargjörðir frá frá 16. þ.m. lesnar upp og samþykktar.

4. Vísað til veganefndar til íhugunar um kostnað og samninga við hlutaðeigandi félög, hvort gangstétt eða gangstígur væri látinn vera milli húseigna Búnaðarfélagsins og Iðnaðarmannafélagsins annarsvegar og Tjarnarinnar hinsvegar.

5. Ákveðið að prenta frumvarp til endurskoðaðrar reglugjörðar um slökkvilið Reykjavíkur kaupstaðar og frumvarp til reglugjörðar um brunamál í í Reykjavík.

6. Eftir tillögum brunamálanefndar var Faust bakara veitt undanþága frá skyldustörfum við slökkvikiðið meðan hann er einyrki við atvinnu sína.

7. Samþykkt að kaupa 300 strigafötur til slökkviliðsins.

8. Áætlun um notkun varafjárins á árinu 1906. Málinu frestað til næsta fundar.

9. Beiðni frá búendum við Grundarstíg um vegarlagning. Málinu vísað til veganefndar.

10. Hafnarnefndarmál: Samþykkt að fela hafnarnefnd að útvega áætlun og tilboð um aðgerð að plássinu fyrir framan bankapakkhúsið og milli pakkhúss Ásgeirs Sigurðssonar upp af hafnarbryggjunni, og ennfremur að fela sömu nefnd að semja við Tryggva bæjarfulltrúa Gunnarsson um fyrirhugaða aðgerð að hafnarbryggjunni fyrir allt að 15000 kr.

Tillaga um að fresta samningum um aðgerð að bryggjunni til vors felld með 7 atkv. gegn 2.

11. Námumálið: Stjórn námufélagsins Málms tilkynnir, að hún gangi að skilmálum fyrir námuréttinum, samþ. á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar.

Samþykkt að gjöra eftirfylgjandi breyting á skilmálunum, að 3. töluliður þeirra 3. málsgrein orðist þannig:

"Þannig skal og að fara ef hlutaféð verður aukið, þó því að eins að hluthafar félagsins vilji ekki sjálfir hlutfallslega skrifa sig fyrir aukning hlutafjárins".

12. Ákveðið að kjósa eftirlitsmann af hálfu bæjarstjórnar með starfsemi félagsins Málms



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Samþykkt að heimila vatnsveitunefndinni nauðsynlegt fé til umráða til að láta rannsaka jarðveginn til vatbsveitupípulagninga frá Elliðavatni til bæjarins og um götur bæjarins.

14. Samþykkt að veita Jóhanni Hallgrímssyni næturverði og lögregluþjóni stöðuna sem 3. lögregluþjónn bæjarins, og Jónasi vatnsverði Jónassyni þá stöðu sem losnar við skipun Jóhanns, hvorttveggja frá nýjári.

15. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Húseign Sveins kaupmanns Sigfússonar við Hverfisgötu | 27355 kr. |
| b. | - Samúels Jónssonar við Njálsgötu | 9285.- |
| c. | - Magnúsar Einarssonar við Smiðjustíg (uppvirðing) | 1292.- |
| d. | - Kristins Jónssonar o.fl. við Frakkastíg | 31517.- |
| e. | - Jóhannesar Lárussonar við Laugaveg | 23774.- |
| f. | - Guðmundar Jafetssonar í Norðurmýri | 1407.- |

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson. Þórh.Bjarnason.
Jón Magnússon. Magnús Einarsson. Sighvatur Bjarnason.
Kristján Þorgrímsson. Sig. Thoroddsen. Tryggvi Gunnarsson.
Hannes Hafliðason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur